FORNLEIFAR Í SKAFTÁRTUNGU II:

FORNLEIFASKRÁNING Í HLÍÐ, BORGARFELLI, SNÆBÝLI, LJÓTARSTÖÐUM, GRÖF OG HEMRU



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR (RITSTJÓRI)

HÖFUNDAR EFNIS: ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

REYKJAVÍK 2016 **FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES**

FS636-13024

Forsíðumynd er tekin í af leifum gamla bæjarins á Ljótarstöðum SF-184:001
Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir

©2016

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
FAX: 551 1047
NETFANG: fsi@instarch.is
www.instarch.is

Efnisyfirlit

I. Inngangur 5

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 7

III. Skráningaraðferðir 9

IV. Fornleifaskrá 11

SF-176 Hlíð 12

SF-182 Borgarfell 53

SF-183 Snæbýli 77

SF-184 Ljótarstaðir 91

SF-185 Gröf 117

SF-186 Hemra 157

V. Niðurstöður 185

Heimildaskrá 193


Viðauki

Hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93)

Minjakort

I. Inngangur

Upphaf fornleifaskráningar í Skaftártungu má rekja til rannsókna á gjóskulögum og gróðurfari fyrr á öldum á svæðinu (*Tephrochronology and Landscape Change project)* sem þeir dr. Andrew Dugmore hjá Edinborgarháskóla og dr. Richard Streeter hjá St. Andrews-háskóla leiddu. Í framhaldi af þeim rannsóknum var ákveðið að leggja grunn að stærra rannsóknarverkefni þar sem gróðurfar, fornleifar og byggðaþróun yrði í forgrunni. Ljóst var að til að undirbúa slíkar rannsóknir skorti grundvallarþekkingu á minjum á svæðinu og að nauðsynlegt væri að skrá minjar þar áður en ráðist yrði í umfangsmeiri og kostnaðarsamar rannsóknir á svæðinu. Sökum þessa var þess freistað að nota fornleifaskráningu og könnunarskurði á völdum stöðum til að öðlast betri skilning á menningarlandslagi Skaftártungu og samspili manns og náttúru og undirbúa samhliða því umfangsmeiri



Rannsóknarsvæðið í Skaftártungu merkt inn á kortið með rauðu.
Kortagrunnur: Gísli Pálsson.

rannsóknir á svæðinu á sviði fornleifafræði- og umhverfissögu. Til verkefnisins fékkst upphaflega styrkur úr Ameríska vísindasjóðnum (the North-American Science Fund – NSF) til að skrá minjar á afmörkuðu svæði og taka nokkra prufuskurði sumurin 2013 og 2014. Var verkefnið samvinnuverkefni milli áðurgreindra háskóla, Fornleifastofnunar Íslands og

Háskólans í Maryland í Bandaríkjunum. Um niðurstöður þessara rannsókna hefur verið fjallað í þremur útgefnum skýrslum.[1]

Fystu niðurstöður skráningar á svæðinu þóttu gefa mjög spennandi niðurstöður: þær leiddu í ljós talsverðan fjölda áður óþekktra minjastaða, þ.a.m. nokkur býli og skála frá fyrstu öldum. Þær sýndu einnig að mikil hætta steðjaði að minjum á svæðinu og því brýnt að safna upplýsingum um fornleifar sem allra fyrst. Ljóst var að uppblástur og vatnsrof hefði þegar eytt ýmsum minjum á svæðinu og ógnuðu enn fleiri. Var því talið mikilvægt að halda skráningu áfram eftir að framlagi Ameríska vísindasjóðsins lauk. Þess vegna var sótt um styrk til Fornminjasjóðs til að ljúka skráningu á minjum í Skaftártungu í þremur áföngum og skrá um 250 minjar hvert ár. Styrkur fékkst og sumarið 2015 var skráður fyrsti áfangi af þremur. Í skýrslu þessari er að finna niðurstöður skráningar sumarsins 2015.[2] Í þessum áfanga voru skráðar allar þekktar minjar á eftirtöldum sex jörðum: Hlíð, Borgarfelli, Snæbýli, Ljótarstöðum, Gröf og Hemru.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir fornleifafræðingar hjá Fornleifastofnun Íslands unnu fornleifaskráninguna en um skýrsluskrif, uppsetningu og kortagerð sá Elín. Eva Kristín Dal aðstoðaði við hreinteikningu tóftateikninga. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Elínu eða Kristborgu nema að annað sé tekið fram.

Skráningin var sem fyrr segir styrkt með framlagi úr Fornminjasjóði en að auki styrkti sveitarfélagið Skaftárhreppur verkefnið með því að leggja til húsnæði fyrir leiðangursmenn og með fæðisstyrk en þeir veittu einnig aðgang að loftmyndum sveitarfélagsins. Loftmyndirnar sem er að finna í aftast í skýrslunni koma frá Loftmyndum ehf. Skrásetjarar vilja koma á framfæri þökkum til Fornminjasjóðs og sveitarfélagsins fyrir stuðninginn. Að auki vilja þeir færa landeigendum og ábúendum þakkir en þeir veittu allir góðfúslegt leyfi til skráningar og miðluðu af fróðleik sínum og þekkingu á svæðinu af miklum höfðingsskap.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangi er að finna stuttan yfirlitskafla um fornleifaskráningu og löggjöf hér á landi. Í kjölfar hans fylgir kafli þar sem skráningarkerfi Fornleifastofnunar er útskýrt (kafli 3). Í fjórða kafla er að finna sjálfa skráninguna sem skreytt er teikningum og ljósmyndum og í fimmta og síðasta kaflanum eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Allra aftast er að finna heimildaskrá, hnitaskrá á landshnitakerfi (ISN93) og kort.

[1] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Richard Streeter, Andrew Dugmore og George Hambrecht. 2014. Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2014. Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2014.

[2] Ekki var sótt um 2. áfanga árið 2016 þar sem verkefnisstjóri var í barnseignarleyfi en stefnt er því að halda verkefninu áfram sumarið 2017 og ljúka sumarið 2018.

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar hér á landi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 6. kafli 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í menningarminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar

hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.


Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. Skráningaraðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SF-220:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar: auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti minjastaðar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 5 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á




Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað


grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.


Túnakort fyrir Hlíð
Inn á kortið eru færðar allar þekktar fornleifar en sjálft kortið byggir á túnakorti sem teiknað var 1920
0
50
100
metrar
Skýringar
bæjarhóll
horfinn minjastaður
tóft
gömul bygging sem stendur enn
mörk túns og garða skv. túnakorti
garðlag
traðir
þúst
003 fjárhús
004 fjárhús
040 úthús
058 rétt
051 rafstöð
Gvendargil 014
005 útihús
008 kálgarður
009 lambhús
059 garðlag/akur
010 hesthús
Hassgil
001 bæjarhóll
059 garðlag/akur
059 garðlag/akur
061 útihús
011 fjárhús
041 rétt
046 kálgarður
075 samkomuhús
038 áveita
039 traðir
007 kálgarður
044 traðir
066 mylla
006 hesthús
024 þúst
054 lambhús
019 útihús
059 garðlag/akur
047 kálgarður
042 túngarður
kálgarður
048 kálgarður
043 útihús
036 útihús
037 útihús
017 nautakofi

SF-176 Hlíð



Túnakort Dana frá 1904. Öll mannvirki sem eru sýnd á kortinu teljast til fornleifa og voru skráð (sjá minjakort aftast í skýrslu og túnakort á síðunni á undan). Kortið er fengið á vef LMÍ

1847: **12 hdr** Flögujörð. Konungseign.
1340: Fyrst er getið um jörðina í Íslensku fornbréfi frá 1340, í máldaga Þykkvabæjarklausturs í Álftaveri. Þar segir "J hlijd halfur fimti fiordungur smiors. fiordvung ostz i Asa ytri" DI II, 740.
1367: cxciii. Bænhused j hlijd a vj ær; Hítardalsbók DI III, 235
1387: er landamerkjum Eystri Ása og Hlíðar lýst: "að norðan norður ifir floamyrarkrok..." Í neðanmálsgrein kemur eftirfarandi fram: "það [flóamýri] mun vera sama sem Hlöðumýri eða Blautamýri, sem er fyrir norðan merkjagarð þann, er skilr Ása og Hlíðarland; úr því að hér er talið, að Ásar eigi land norðr yfir Hlöðumýrarkrók, þá er þessi forni merkjagarðr yngri en 1387 og hefur því verið gert út um þessi norðrlandamerki Ása síðar" DI II, 402.
1397: Getið í Vilchinsbók, DI IV, 32. "Bænhvisid j Hlijd aa vj ær;" Máld DI IV 237
1523: Jarðarinnar er getið í máldaga Þykkvabæjarklausturs. DI IX, 189. 1598: Bænhús; AM 263 fol. bls. 93
1848: Í Nýrri Jarðabók fyrir Ísland er forn hundraðatala 12 en ný 16.9.
"Í Hlíð eru nú fjögur býli sem standa í röð sunnan undir Hlíðarheiði. Kornmylla var í Hlíð fram yfir aldamótin 1900. Bænhús var í Hlíð í Kaþólskum sið. Um 1907 var byggt þar samkomuhús og var það síðan notað fram undir 1950 fyrir samkomur innan sveitar. Rafstöð fyrir Hlíðarbæi var byggð 1928 en var lögð niður 1977." Sunnlenskar Byggðir VI, 279.
Tún 4,6 ha 1920. Matjurtagarðar 1375 m2.
"Hlíð er ekki talin landstór en land jarðarinnar er að mestu grasi gróið. Þar skiptist gróður í mýrlendis- og þurrlendisgróður. Hagar grasgefnir og skjólgóðir. Skógarkjarr er þar á hluta af landinu. ... Nægjanlegt þurrt land til ræktunar." Sunnlenskar Byggðir VI, 279.
"...í betra lagi til heyskapar, en til útigangs lik næstnefndri. Dálítill skógur fylgir henni." segir í Sýslu- og sóknarlýsingum, 204.



Yfirlitsmynd af elsta íbúðarhúsinu í Hlíð sem enn stendur og hluta túna. Horft til suðurs

SF-176:001 *Hlíð* bæjarhóll bústaður 63°42.260N 18°28.971V
"Bærinn stendur þar sem nefnt er heimatorfa," segir í örnefnaskrá. Íbúðarhúsið í Hlíð er í raun fornleifar þar sem það var byggt 1905 og er það hér skráð með bæjarhólnum. Í Sunnlenskum byggðum segir: Árið 1905 byggðu þeir feðgar Jón Eiríksson í Hlíð og sonur hans Guðjón 2ja hæða timburhús með kjallara undir og þótti það mikil bygging á þeim árum og stendur það enn og sómir sér vel. Það hús smíðaði líka Sveinn Ólafsson." Áður stóð eldri torfbær á svipuðum stað eða fast ofan við (norðan) íbúðarhúsið. Ekki er lengur búið í húsinu en það er notað til sumardvalar. Lítil sem engin ummerki sjást um eldri bæinn.



Þúst A á mynd til vinstri en tóft B á mynd til hægri. Horft til austurs

Svolítill bæjarhóll er merkjanlegur í Hlíð en í austurjaðri hans er stór, steypt útihúsasamstæða, á hólnum er einnig íbúðarhús úr timbri með hlöðnum kjallara frá 1905. Bæjarhóllinn er í halla til suðurs og er mikið raskaður að baki íbúðarhússins og hefur þar verið skorinn fláki úr brekkunni. Ljóst er að bygging yngra íbúðarhús, útihúsasamstæðu og fleiri framkvæmdir hafa raskað talsvert þeim minjum sem annars hefðu kunnað að leynast undir sverði. Bæjarhóllinn og svæðið umhverfis er afgirt og greinilega talsvert notað til beitar á vorin. Það er því nokkuð traðkað. Bæjarhóllinn er fremur ógreinilegur víðast en gróflega má ætla að hann hafi verið 40-50 x 30-35 m stór og snúið austur-vestur. Bygging útihúsasamstæðu í austurjaðri hans gerir þó erfitt að meta hversu langt hóllinn hefur náð til vesturs. Ef allt er talið (líka svæðið þar sem útihúsasamstæðan er) má áætla að hóllinn hafi verið allt að 75 m austur-vesturs. Íbúðarhúsið sem nú stendur í Hlíð og byggt var 1905 er tvílyft timburhús, bárujárnsklætt. Húsið er með djúpum, grjóthlöðnum kjallara. Framan (sunnan við húsið er lítill garður en um 10 m norðaustan við það er stór, steinsteypt útihúsasamstæða. Að baki hússins hefur einnig orðið nokkuð rask en þar sjást tvær tóftir eða



Bæjarhóllinn í Hlíð 001 afmarkaður með appelsínugulri línu. Þúst A og tóft B merktar inn með krossi. Austan í bæjarhólnum má sjá grunn samkomuhúss 075. Mynd tekin með dróna – Gísli Pálsson.

hólf, sem bæði hafa greinilega verið í notkun lengi. Samkvæmt Vali Oddsteinssyni, heimildamanni, stóð gamli bærinn eitthvað eftir að nýja íbúðarhúsið var byggt en mikið var jafnað úr þeim leifum sem enn voru greinilegar um 1950. Að baki íbúðarhússins má greina hleðslur á tveimur stöðum. Annars vegar er þúst innan við 10 m NNV við það. Þúst A er um 8 x 4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Samkvæmt Vali var þústin eldhús og stóð nokkru lengur en bærinn. Ríflega 10 m austan við þúst A er tóft B, fast vestan við útihúsasamstæðuna. Tóftin er um 5 x 4 m stór, einföld og er opin til suðurs. Mikið af grjóti er í henni og einnig talsvert af bárujárnsrusli. Veggir eru þó lágir og óverulegir. Samkvæmt Vali var tóftin smiðja undir lokin en hafði áður verið hesthús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904, Túnakort 1920; Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 1, SB VI, 246

SF-176:002 heimild um bænhús 63°42.258N 18°28.984V
Bænhús var í Hlíð. Ekki er lengur vitað hvar bænhúsið í Hlíð stóð en það var líklega á bæjarhólnum. Samkvæmt Vali Oddsteinssyni, heimildamanni er ekki vitað til þess að menn hafi nokkru sinni komið niður á mannabein eða annað sem gæti gefið vísbendingu um staðsetningu bænhússins á bæjarhólnum eða í næsta nágrenni hans. Lítið er því hægt að fullyrða um staðsetningu bænhússins.Svolítill bæjarhóll er merkjanlegur í Hlíð en í vesturjaðri hans er stór, steypt útihúsasamstæða, á hólnum er einnig íbúðarhús úr timbri með hlöðnum kjallara frá 1905. Í heimildum eru varðveittar eftirfarandi upplýsingar um bænhúsið:
1367: cxciii. Bænhused j hlijd a vj ær; Hítardalsbók DI III 235
1397: aa vj ær; Máld DI IV 237{1598: Bænhús; AM 263 fol. bl. 93
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Sunnlenskar Byggðir VI, 279, Hítardalsbók DI III, 235, Máld DI IV, 237, AM 263 fol. bl. 93

SF-176:003 *Borgartorfa* tóft fjárhús 63°42.281N 18°29.267V
Fjárhústóft er merkt inn á túnakort frá bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá um 1920 um 250 m vestan við bæ 001, vestast á Borgartorfu. Um Borgartorfu segir í örnefnaskrá: "Í túninu austast sker gil túnið. [...] Torfan austan þess heitir Borgartorfa, en er nú alltaf nefnd Fjárhústorfa,"

Fjárhúsin eru á grasi gróinni torfu í halla til suðurs. Torfan er afmörkuð af lækjargiljum til norðausturs og suðvesturs. Á henni eru fjórar tóftir (sjá einnig 004-005 og 040). Fast ofan við (norðan við) húsin tekur við meiri bratti og fast vestan þeirra er lækjargil.

Tóftin er gríðarstór eða 17 X 18 m stór og snýr norður-suður. Hún er að talsverðu leyti byggð inn í brekkuna til norðurs. Húsin voru í notkun til 1960. Sjálf fjárhúsin, eða það sem eftir er af þeim, eru sunnar og er þeim skipt upp með þremur görðum og er steypt kindabað í þeim í miðið, allra syðst. Að baki er hlaða sem virðist tvískipt. Fjárhúsin eru samanlagt 12 x 11 m að stærð og eru garðarnir lengst til austurs og vesturs um 1 m frá veggjum en sá þriðji í miðju húsinu. Op hafa líklega verið fram af öllum görðunum og sést það sem var lengst til vesturs vel. Vesturhluti af suðurvegg er hins vegar horfinn (nema að hann hafi aldrei verið



Fjárhús SF-176:003 í Borgartorfu, á ljósmynd er horf til suðurs

hlaðinn og timburþil hafi verið fyrir austurhluta húsanna) og sjást því ekki fleiri op/dyr. Talsverðar grjóthleðslur eru víða í veggjum en grjót hefur víða hrunið úr veggjum og inn í tóftina. Að baki fjárhúsanna er sem fyrr segir hlaða en veggir hafa að talsverðu leyti hrunið inn í hana. Veggir eru víða um 1 m á hæð en ná allt að 3 m hæð þar sem mest er og byggingin

er niðurgrafin inn í brekkuna. Vestar virðist hafa verið stórt hólf (um 11 x 5 m að innanmáli) en allra austast annað minna (um 5 x 5 m stórt). Sá hluti hlöðunnar sem er norðvestar er mjög djúpur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904 og Túnakort 1920, Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð, 1

SF-176:004 *Efstahús* tóft fjárhús 63°42.294N 18°29.192V
Hús er merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 um 200 m VNV við bæ 001. Tóftir húsanna eru enn mjög greinilegar efst (nyrst) á Borgartorfu, á vesturbrún




Efstahús SF-176:004. Á ljósmyndinni er horf til suðurs

Gvendargils. Um Borgartorfu segir í örnefnaskrá: "Í túninu austast sker gil túnið. [...] Torfan austan þess heitir Borgartorfa, en er nú alltaf nefnd Fjárhústorfa,"

Fjárhúsin eru á grasi gróinni torfu í halla til suðurs. Torfan er afmörkuð af lækjargiljum til norðausturs og suðvesturs og er tóft 004 á vesturbrún Gvendargils sem markar torfuna af til norðvesturs. Á Borgartorfu eru fjórar tóftir (sjá einnig 003, 005 og 040).

Húsin eru mjög stæðileg, eru 17-18 x 7 m stór og snúa NNV-SSA. Þau eru tvískipt og er norðurhluti þeirra (meint hlaða) mikið grafin inn í brekkuna. Lag tóftarinnar bendir eindregið til að hún hafi verið fjárhús og hlaða. Sunnar virðast sjálf fjárhúsin hafa verið. Þau eru um 9 x 4 m að innanmáli og líklega hefur garði gengið eftir þeim miðjum. Mikið torf- og grjóthrun hefur fyllt tóftina að hluta og gerir það erfiðara fyrir að greina innra lag hennar. Veggir eru úr torfi og grjóti og ná mest 1,8 m hæð en eru víða talsvert lægri eða um 0,8-1 m. Op hefur verið á fjárhúsin á miðjum suðurvegg. Að baki fjárhúsanna hefur verið hlaða eða heygryfja. Hún hefur verið um 4-4,5 x 3 m að innanmáli og snúið norður-suður. Hlaðan er talsvert dýpri en fjárhúsin en mikið af veggjum hefur hrunið inn í hana og gróið yfir þannig að erfitt er að ráða í innra lag. Þakhellur liggja víða umhverfis tóftina og í hrúgu austan við miðjan austurvegg hennar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904; Túnakort 1920; Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð, 1

SF-176:005 *Fjárhústorfa* þúst útihús 63°42.236N 18°29.165V
Hús er merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 um 165 m vestan við bæ 001. Þúst sést á þessum stað neðarlega (sunnarlega) á á Borgartorfu, á svæði sem nefnt var Fjárhústorfa. Um Borgartorfu segir í örnefnaskrá: "Í túninu austast sker gil túnið. [...]



Útihúsþúst SF-176:005 í Fjárhústorfu. Á ljósmynd er horft til suðurs.

Torfan austan þess heitir Borgartorfa, en er nú alltaf nefnd Fjárhústorfa,"

Þústin er á grasi gróinni torfu í aflíðandi halla til suðurs. Torfan er afmörkuð af lækjargiljum til norðausturs og suðvesturs Á Borgartorfu eru fjórar tóftir (sjá einnig 003-004 og 040). Umhverfis er sléttað tún.

Þústin er 10-11 x 7 m stór og er mjög greinileg þótt ekki sé hægt að greina innra lag hennar. Hún snýr norður-suður og ytri brúnir hennar eru mjög greinilegar. Þústin er 0,2-0,3 m hærri en umhverfið og algróin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904; Túnakort 1920; Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð, 1

SF-176:006 *Hesthústún* heimild um hesthús 63°42.191N 18°29.093V
"Bærinn stendur þar sem nefnt er Heimatorfa. Niður af henni heitir túnið Hesthústún," segir í örnefnalýsingu. Útihús voru um 160 m SSV við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakorti frá 1920 í umræddu túni og gefur örnefnið án efa vísbendingu um hlutverk húsanna. Valur Oddsteinsson, heimildamaður man ekki eftir húsum á þessum stað. Þar sem húsin stóðu eru nú sléttuð tún skammt suðaustan við Gvendargil. Engin ummerki sjást lengur um húsið en hæð er í túninu á svipuðum stað og þau hafa verið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904, Túnakort 1920; Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 1

SF-176:007 heimild um kálgarð 63°42.219N 18°29.022V
Kálgarður er merktur inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og inn á túnakort frá 1920 um 80 m suðvestan við bæ 001. Samkvæmt teikningu Dananna hefur heimreið að gamla bænum 044 skorið kálgarðinn í tvennt. Á þessum slóðum eru nú sléttuð tún og engin ummerki sjást um kálgarðinn eða heimreið 044. Svæðið er í halla til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904 og Túnakort 1920

SF-176:008 heimild um kálgarð 63°42.240N 18°29.043V
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1920 um 80 m suðvestan við bæ 001en garðurinn er ekki merktur inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og var því líklegast gerður á tímabilinu 1904-1920. Grasi gróið svæði í halla til vesturs að Gvendargili. Ekki sér til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904 og Túnakort 1920

SF-176:009 *"uppi á Ekru"* tóft lambhús 63°42.314N 18°28.881V
Hús er merkt inn á Bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920, efst í Heimatorfu




Lambhústóft „uppi á Ekru“ SF-176:009. Á ljósmynd er horft til austurs

austanverðri og um 125 m NNA við bæ 001. Tóftir húsanna eru mjög greinilegar, fast suðvestan við Rassgil og til móts við þau eru lítill foss í gilinu. Húsin voru alltaf kölluð "uppi á Ekru" og voru lambhús að sögn Vals Oddsteinssonar heimildamanns. Tóftin er efst (allra norðaustast) í brattri torfu. Torfan er mörkuð af Gvendargili til suðvestast en Rassgili til norðausturs.

Tóftin er ofan þeirra túna sem nú (2015) eru slegin og mjög bratt er upp að henni. Húsin eru 11,5 x 6,5 m stór, einföld og snúa nálega austur-vestur. Op er á austurvegg þeirra miðjum þótt nú sé hrunið inn í það. Eftir húsunum miðjum gengur garði og því greinilegt að þau voru fjárhús. Veggir eru talsvert hrundir inn og yfirgrónir. Innanmál tóftar er 6-7 x 2,5 m. Norðvestan við tóftina er hrúga af hellugrjóti sem hlaðið hefur verið upp og hefur væntanlega verið í þaki hússins. Mjög bratt er frá húsinu til norðurs og norðausturs ofan í Rassgilið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904 og Túnakort 1920


SF-176:010 tóft hesthús 63°42.293N 18°28.816V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu Dana frá 1904 var útihús upp með austanverðu Rassgili um 140 m norðaustan við bæ 001. Þar er tóft. Að sögn Vals Oddsteinssonar, heimildamanns, voru folöld höfð í þessu húsi. Tóftin er alveg á gilbrúninni og er snarbratt og djúpt gil fyrir neðan. Hún er á afgerandi litlum stalli í brekku í gömlu túni sem ekki er lengur slegið.



Hesthústóft SF-176:010. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

Tóftin er um 13x10 m að stærð, snýr nálega norður-suður. Hún skiptist í þrjú hólf og er líklega að mestu leyti torfhlaðin. Tóftin er gróin en vel greinileg. Syðst í tóftinni er hólf I. Það er um 6x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Á miðjum innanverðum suðurvegg hólfsins gengur veggbútur tæpan 1 m til norðurs. Norðurhlið hólfsins er grafin inn í brekkuna. Ekki sést skýrt op á því. Í austurenda þess er lítið, niðurgrafið hólf III. Það er afmarkað af mjóum vegg að vestan og norðan en veggir tóftarinnar afmarka það að austan og sunnan. Norðurhluti hólfsins er niðurgrafinn. Hólf II er fast sunnan við hólf I. Norðurhlið þess er grafin inn í brekkuna. Hólfið er um 5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á miðri suðurhlið þess. Mesta hæð veggja er um 1 m.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904 og Túnakort 1920

SF-176:011 tóft fjárhús 63°42.258N 18°28.774V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu Dana frá 1904 var útihús um 160 m austan við bæ 001, í Fjögurrateigatúni. Þar voru fjárhús og sést tóft þeirra enn. Tóftin er á stalli í gömlu túni sem ekki er lengur slegið. Girðing sem afmarkar þann hluta túnsins sem enn er sleginn liggur fast suðvestan við tóftina.



Fjárhústóft SF-176:011. Á ljósmynd er horft til SSV

Tóftin er torf- og grjóthlaðin og virðist vera þrískipt. Hún er um 17x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er að miklu leyti niðurgrafin. Mesta hleðsluhæð er í norðvesturlangvegg sem er 0,8 m á hæð en annarsstaðar eru veggir útflattir. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum því tóftin er gróin og tekin að síga saman. Hólf I er í norðausturenda tóftarinnar. Það er 9x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Framan við það til suðvesturs er óljóst hólf II sem er um 3x2 m að innanmáli. Norðvestan við það virðist hafa orðið eitthvert rask þar sem tóftarveggnum hefur verið ýtt út. Ekki sést op á tóftinni en það hefur að líkindum verið í suðvesturenda eða í vesturhorni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904 og Túnakort 1920


Varða SF-176:012, horft til vesturs

SF-176:012 varða landamerki
Varða er á sunnanverðu Berjaskeri, um 430 m SSV við Berjafellsvörðu 177:062 og 2 km NNV við bæ 001. Skerið stendur hátt og hátt er fram af því til vesturs. Varðan er á mosagrónum hóli, þeim syðsta af þremur í röð. Austan við hann er flatlendi, grasi og mosa vaxið.

Varðan er vel gróin neðst og er um 1 m í þvermál að grunnfleti og 0,6 m á hæð. Í henni eru 4 umför hleðslu sýnileg og er varðan hlaðin úr grágrýti. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan gegndi en mögulega hefur hún verið á merkjum á móti Gröf.
Hættumat: engin hætta

SF-176:013



Varða SF-176:013, horft til vesturs

Grafarhólmsvarða varða landamerki "...í Berjafellsvörðu [177:062] á Berjafellsskeri. Þar er hornmark, svo er línan í Grafarhólsvörðu," segir í örnefnalýsingu þar sem landamerkjum er lýst. Samkvæmt Vali Oddsteinssyni, heimildamanni hefur örnefnið misritast í örnefnaskrá og á að vera Grafarhólmsvarða. Nú er girðing á merkjum og er girt yfir Grafarhól sem er lítill hóll alveg á árbakkanum við Tungufljót. Hóllinn er um 1,9 km vestan við bæ 001. Hóllinn er vaxinn grasi og mosa og er aðeins um 6 m í þvermál. Hann er beint sunnan við suðvesturhorn sléttaðs túns. Mikill víðir vex á hólnum og allt í kring nema að norðan þar sem taka við sléttuð tún sem fyrr segir. Til suðurs eða SSV tekur við talsverður bratti niður að Tungufljóti.

Hóllinn er mosavaxinn og á honum er þúst í toppinn, ólöguleg þó og í raun er vafasamt að tala um að það sjáist til vörðu á þessum stað þótt ekki virðist ósennilegt að ummerki um hana mætti greina undir sverði. Vírgirðing er nú (2015) á merkjum.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 1

SF-176:014 *Gvendarlind* lind brunnur 63°42.269N 18°29.115V



Gvendarlind SF-176:014. Horft til ANA

"Í því [Gvendargili] er Gvendarlind, vígð af Guðmundi hinum góða...og í gilinu [Gvendargili] er foss, sem heitir Gvendarfoss, einnig kenndur við heilagan Guðmund," segir í örnefnalýsingu. Lindin er um 100 m beint vestur af gamla bænum 001, rétt austan við Gvendarlæk. Lindin er í grasi grónu gili, austan lækjar.

Lindin var innan við 20 m austan við Gvendarlæk og var hlaðið niður á vatnið í brekkurótum og gerður tréstokkur. Á þessum stað var rjóminn kældur allt fram á sjöunda áratuginn. Göturnar að lindinni lágu skáhalt niður brekkuna sjá 076. Lítil ummerki sjást nú um lindina en þó er enn niðurfall/op þar sem hægt er að greina hvar komið var að henni og þar má einnig sjá glitta í grjóthleðslur þar sem vatnið seytlar fram undir brekkunni. Það er þó næstu yfirgróið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 1

SF-176:015 frásögn útihús 63°42.178N 18°29.574V
Valur Oddsteinsson, heimildamaður, man eftir tveimur tóftum um 130 m vestan við íbúðarhús í Úthlið og eru þær vestari skráðar undir númerinu 015 (en hinar 025). Tóftin var um 500 m vestan við bæ 001. Sléttuð tún í halla til suðurs eru nú (2015) á þessum slóðum.

Ekki sjást skýr ummerki um hvar tóftin var í túninu en svolítil hæð er þó á þeim slóðum sem Valur benti á og er líklegast að húsin hafi verið þar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-176:016 tóft útihús 63°42.197N 18°29.587V






Útihústóft SF-176:016 horft til SSV

Greinileg tóft er í túni vestan Úthlíðar, um 170 m VNV við eldra íbúðarhúsið í Austurhlíð. Tóftin er um 500 m VSV við bæ 001. Tóftin er í sléttuðu túni sem hallar til suðurs. Allt umhverfis eru sléttuð tún og hefur tóftinni greinilega eitthvað verið rutt til.

Tóftin er lítil og einföld og 7 x 5-6 m að stærð. Hún snýr nálega norður-suður og virðist hafa verið grafin inn í brekkuna til norðurs. Veggir hennar eru mest 0,3-0,4 m á hæð, úr torfi og grjóti. Tóftin er líklega ung.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-176:017 *Tappakofatorfa* tóft fjós 63°42.233N 18°28.581V
"...þar Mið-Lambhústorfa [054]. Austur af henni er Tappakofatorfa (Tappakofi: nautakofi)," segir í örnefnalýsingu. Lítil tóft er austarlega í Tappakofatorfu í gamla heimatúninu, norðan





Tappakofi, SF-176:017, horft til suðvesturs

við þann hluta þess sem enn er sleginn. Tóftin er í landi Austurhlíðar, um 70 m sunnan við tóft 019 sem er efst í torfunni og 320 m austan við bæ 001. Tóftin er í aflíðandi halla til suðurs rétt vestan við vesturbakka gils sem skilur á milli Tappakofatorfu og túns þar austan við. Gamalt girðingarstæði liggur yfir norðausturhorn tóftarinnar.

Tóftin virðist einföld og torfhlaðin og er um 5x7 m að stærð. Hún snýr nálega norður-suður og er norðurendi hennar grafinn inn í brekkuna. Suðurendi tóftarinnar er útflattur. Þar hefur verið op á tóftinni. Mesta hleðsluhæð er 0,3 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en auk þessarar tóftar eru tóftir 019 og 036 í torfunni og heimild um útihús 037 að auki. Eitthvert þessara útihúsa hefur að líkindum haft hlutverkið nautakofi en ekki er ljóst hvert þeirra það var.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 1

SF-176:018 *Vestra-Stekkartún* örnefni stekkur 63°42.147N 18°28.277V

"Þá er komið heim að bæ í Austurhlíð, sem stendur í Vestra-Stekkartúni. Þá er Eystra-Stekkartún. Milli þeirra [Eystra- og Vestra- Stekkartúns] er nafnlaust gil," segir í örnefnaskrá. Vestra-Stekkatún er um 600 m austan við bæ 001. Þar er nýbýlið Austurbær, íbúðarhús og útihús. Útihús eru einnig í Eystra-Stekkatúni. Mikið umrót vegna bygginga og túnasléttun hefur átt sér stað í báðum Stekkatúnum.

Ekki er vitað hvar stekkur hefur verið í Stekkatúni en líklegt er að hann hafi horfið undir byggingar sem tilheyra Austurhlíð eða verið sléttaður í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 1

SF-176:019 tóft útihús 63°42.269N 18°28.604V

Tóft efst í Tappakofatorfu 017 er um 70 m austan við meint lambhús 054 og um 300 m austan við bæ 001. Tóftin er efst í torfunni þar sem hún mjókkar í totu. Beggja vegna við hana eru brött og djúp gil. Girðing á merkjum Austurhlíðar liggur yfir austurvegg tóftarinnar.

Tóftin er einföld og torfhlaðin. Hún er um 6x10 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Op er á henni til suðurs. Norðurendi tóftarinnar virðist hafa verið grafinn inn í mjög aflíðandi




Útihústóft SF-176:019. Á ljósmynd er horft til suðurs

halla og þar eru veggjahleðslur útflattar. Mesta hleðsluhæð veggja er 0,4 m. Austurveggurinn er að brotna í gil. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en þar sem hún er í túni eru miklar líkur á því að hún sé af útihúsi.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 1


SF-176:020 *Borg* tóftir fjárhús 63°42.157N 18°27.995V
"Upp af Eystra-Stekkartúni [sjá 018] er Borgartún. Á því standa fjárhús sem nefnd eru Borg," segir í örnefnaskrá. Tvær tóftir eru í Borgartúni og er önnur þeirra fremur ungleg fjárhústóft sem virðist byggð ofan í eldri fjárborg. Hin tóftin virðist eldri og kann einnig að hafa gegnt hlutverki fjárhúsa en það er ekki augljóst af lögun hennar. Minjarnar eru 240 m austan við Vestra-Stekkatún 018 og 820 m austan við bæ 001. Tóftirnar eru í gömlu túni sem nýtt er til beitar. Það er fremur slétt. Tóftirnar eru í aflíðandi halla til suðurs neðan og sunnan við bratta brekku.



Borg SF-176:020. Á ljósmynd er horft til suðurs

Tóftirnar eru á svæði sem er um 21x21 m að stærð. Báðar snúa þær norður-suður. Tóft A er vestar á svæðinu og virðist hún vera byggð ofan í hringlaga fjárborg/afgerandi hól sem er 18x14 m að stærð. Tóftin skiptist í hlöðu og fjárhús með garða í miðju. Hún er um 15x11 m að stærð. Fjárhúshlutinn, hólf I, er í suðurhluta tóftarinnar. Það er um 9x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er hlaðinn veggur fyrir suðurhlið tóftarinnar þar sem var þil með dyrum. Garðinn eftir endilöngum fjárhúsunum er 0,6 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hann er torf- og grjóthlaðinn en ekki sést fjöldi umfara. Ekki er hlaðinn veggur á milli fjárhúsa og hlöðu (hólf II) en hlaðan er niðurgrafin og er litlu dýpri en fjárhúsin. Hlaðan er 2x4 m að innanmáli og snýr þvert á fjárhúsin í norðurenda tóftarinnar. Grjóthleðslur sjást í innanverðum veggjum hlöðunnar en ekki í fjárhúsunum. Mesta hæð veggja er 1 m. Tóft B er um 4 m austan við tóft A. Hún virðist að mestu torfhlaðin og er að hluta niðurgrafin. Tóftin er um 10x5 m að stærð og er einföld. Mesta hæð veggja er 0,7 m í suðurenda. Í þeim enda er op inn í tóftina. Framan við tóftina til suðurs er stallur sem gæti gefið til kynna að eldra mannvirki sé undir tóftinni. Óljós veggur liggur til norðurs út frá miðjum norðurgafli.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 1

SF-176:021 *Kumli* örnefni legstaður 63°41.847N 18°29.641V
"Vestur af giljunum er sandhryggur, sem nær alveg niður að Tungufljóti og heitir Kumli. Austan í honum er brekka, sem heitir Kumlatorfa. Ekki er vitað, hvernig nöfn þessi eru tilkomin. Hugsazt gæti, að hér væri grafreitur fornmanna, eða hryggurinn hefði nafn af lögun sinni," segir í örnefnalýsingu. Kumli er mikill malarhryggur sem snýr nálega norður-suður og er um 730 m suðvestan við bæ 001, við Tungufljót. Mikið malarnám hefur verið í Kumla norðanverðum og hefur það skemmt hann talsvert. Kumlatorfa er aflöng grastorfa (sjá hnit A) sem liggur til austurs frá suðurenda Kumla og að þjóðvegi og snýr austur-vestur. Af þessum tveimur örnefnum sem gætu bent til heiðins legstaðar verður Kumlatorfa að teljast líklegri staðsetning. Kumli er hár og brattur malarhryggur en Kumlatorfa er grasi vaxin hæð eða hryggur.


Varða á Kumla SF-176:021. Horft til norðurs

Á Kumla er varða sem er um 1,5 x 1 m stór en 0,5 m á hæð. Kumlatorfa er grasi- og mosavaxið, stakstætt holt. Norðurhlið þess er alveg rofin en engar leifar kumla sjást. Á torfunni er nýlegur niðurgröftur eða skurður sem er 5 x 2 m að stærð og skammt frá honum er hringlaga þúst sem er 1,5-2 m í þvermál og umhverfis sést hringlaga rof sem þó er nú uppgróið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 2

SF-176:022 *Matarholt* frásögn áfangastaður 63°41.542N 18°28.020V
"Sunnan við mýrina eru Hestholt. Þjóðvegurinn liggur þar um. Upp við Hestholt er Matarholt. Þar var borðað," segir í örnefnaskrá. Matarholt var samkvæmt Vali Oddsteinssyni 1,5 km SSA við bæ 001, nyrst í Hlöðumýri sem nú hefur verið ræst fram. Matarholt er lágt holt, flatt í toppinn. Það er vaxið grasi og mosa.

Engin ummerki sjást nú um hvar menn mötuðust en samkvæmt Vali Oddsteinssyni, heimildamanni var tjaldað þarna þegar menn höfðust þar við við engjasláttu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 2

SF-176:023 *Merkjagarður* garðlag landamerki 63°41.768N 18°26.483V
Í Fornbréfasafni hefur varðveist lýsing á merkjum Eystri -Ása og Hlíðar frá 1387: "að norðan norður ifir floamyrarkrok..." Í neðanmálsgrein kemur eftirfarandi fram: "það [flóamýri] mun vera sama sem Hlöðumýri eða Blautamýri, sem er fyrir norðan merkjagarð þann, er skilr Ása og Hlíðarland; úr því að hér er talið, að Ásar eigi land norðr yfir Hlöðumýrarkrók, þá er þessi

forni merkjagarðr yngri en 1387 og hefur því verið gert út um þessi norðrlandamerki Ása síðar." Garðurinn liggur frá Grófará til suðvesturs 2,2 km suðaustan við bæ 001 og sést á löngum köflum. Garðurinn er í smáþýfðum flatlendum móa sem er grasi og mosa vaxinn. Hann er horfinn á köflum þar sem rofsár eru eða tún hafa verið ræktuð.

Garðurinn sést nokkuð samfellt á tveimur stöðum. Annars vegar á 730 m löngum kafla frá Grófará til suðvesturs. Næst ánni liggur vegarslóði yfir hann og þá tekur við girðing sem liggur eftir honum á 370 m löngum kafla. Garðurinn sést aftur 830 m suðvestar, suðvestan við veg 208, á 200 m löngum kafla sem liggur norðaustur-suðvestur. Götur á leið 661:010 liggja meðfram þessum hluta garðsins að norðvestanverðu. Á miðjum þessum hluta garðsins er varða. Hún er sigin og gróin en þó sést í grjót efst í henni. Varðan er 1,2x1 m að grunnfleti og snýr suðvestur-norðaustur. Hún er 0,2 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara. Garðurinn er fornlegur og siginn, líklega torfhlaðinn. Hann er 2-3 m á breidd og 0,3 m á hæð.



SF-176:023 garðlag, horft til suðvesturs


Hættumat: hætta

Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 3, DI II, 402.

SF-176:024 þúst 63°42.177N 18°29.153V

Tvær þústir, afar óljósar eru um 200 m suðvestan við bæ 001á lágum tanga við Gvendarlæk. Grasigróinn, flatur tangi myndaður af Gvendarlæk sem rennur í lítinn sveig á þessum slóðum.

Valur Oddsteinsson heimildamaður benti á þústirnar. Norðvestari þústin gengur undan brekkunni og snýr norðvestur-suðvestur. Hún hefur líklega verið einföld tóft en ekki er lengur hægt að greina innra lag hennar. Suðaustari þústin er fast



Þúst SF-176:024 horft til VSV


suðaustan við þá fyrrnefndu og er á hól eða hæðarnibbu. Hún er 10 x 8 m stór og afar óljós.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 3

SF-176:025 frásögn útihús 63°42.166N 18°29.501V
Valur Oddsteinsson, heimildamaður, man eftir tóftum í túninu vestan við Úthlíð og um 450 m VSV við bæ 001 (sjá einnig 015). Sléttuð tún í halla til suðurs eru nú (2015) á þessum slóðum. Engin ummerki sjást um tóftirnar í sléttuðu túninu en hnúta er á svipuðum slóðum og það hefur staðið.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-176:026 frásögn bústaður 63°42.138N 18°29.340V
Valur Oddsteinsson man eftir talsvert stórri tóft samansettri úr mörgum hólfum sem var skammt suðaustan við núverandi íbúðarhús í Úthlíð, sunnan við þar sem heimreiðin að húsinu beygir upp á hlaðið. Valur telur að rústin hafi verið bæjarrúst en hún var sléttuð um 1950. Tóftin var um 360 m suðvestan við gamla bæinn 001. Þar hjá var fagurgrænn hóll sem hann taldi mögulegt að hafi verið öskuhaugur. Tóftin var við raflínustaur, fast sunnan við hlaðið.
Neðan við bæjarhlaðið taka við tún í halla til suðurs. Valur Oddsteinsson, heimildamaður telur að ekki hafi verið ýtt út úr minjum á þessum stað að nokkru ráði heldur hafi bara verið sléttað yfir. Engin ummerki um sjást hins vegar á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-176:027 frásögn útihús 63°42.151N 18°29.415V
Valur Oddsteinsson, heimildamaður man eftir tóftum á svipuðum slóðum og fjárhúsin í Úthlíð stand nú (2015), rúma 400 m vestan við bæ 001. Tóftin var fast sunnan við núverandi útihús og var leifunum þess rutt út þegar yngri húsin voru byggð. Fjárhús og hlaða standa nú (2015) þar sem tóftin var áður, eða fast sunnan hennar. Engin ummerki sjást nú um tóftina sem líklegast hefur verið e.k. útihús
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-176:028 *Torfgil* náma mógrafir 63°42.045N 18°28.276V
"Þetta gil, Þorsteinsgil, er upphaf að gili, sem heitir Torfgil," segir í örnefnalýsingu. Mógrafir eru sýnilegar á nokkrum stöðum ofarlega í Torfgili en ekki var allt gilið gengið og kunna þær að leynast víðar í því. Mógrafirnar eru um 700 m suðaustan við bæ 001. Gilið er í miðju mýrlendi og er grasi gróið í kring og nokkur kjarrgróður. Skurðir hafa verið grafnir út frá því til framræslu og rennur vatn úr þeim í gilið.


Mógrafir við Torfagil SF-176:028, horft til austurs

Mógrafirnar eru á svæði sem er um 80x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Stærsta og yngsta gröfin er suðvestast á svæðinu. Þar eru 3-4 m niður af bakka á

botninn. Þessi gröf er votlend í botninn en hinar eru þurrar og grónar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð, 2

SF-176:029 heimild um vað 63°41.274N 18°29.431V
"Vaðið á Hellisnesi, sem svo var nefnt (ég fór yfir á Hellisnesi), var á kirkjuleið [661:022] frá Hemru," segir í örnefnalýsingu Hemru. Vað hefur verið á Tungufljóti nálega þar sem brú er yfir fljótið nú (2015) en það er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1905. Engin ummerki sjást lengur um vaðið. Götur 661:022 lágu að vaðinu. Sendinn og flatur árbakki er við Tungufljót þar sem vaðið var. Brúin og uppbyggður vegur hefur hins vegar breytt umhverfi á þessum slóðum mikið.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hemra 6; Herforingjaráðskort frá 1905 - kort 68 SA Skaptártunga-Ásar

SF-176:030 *Miðmorgunsvarða* þúst eyktamark 63°42.402N 18°27.236V


Miðmorgunsvarða SF-176:030 horft til suðausturs


"Vestan við hana [Stökutorfu, sjá 055] er Miðmorgunsbotnar og Miðmorgunsvarða," segir í örnefnalýsingu. Miðmorgunsvarða er líklega undir hundaþúfu uppi á nokkuð strýtulöguðum, mosavöxnum hól sem rís hátt. Hún er um 1,4 km austan við bæ 001 og um 300 m norðan við tóftir 055. Blástursmoldir eru víða í kringum hólinn. Hann er í brattlendi til suðurs og suðvesturs.

Ekki sést í grjót í vörðunni og því ekki hægt að sjá stærð hennar og hæð en undir hundaþúfunni er gróin þúst sem er um 1,5 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Ekki sést heim að bæ frá vörðunni og því mögulegt að Miðmorgunsvarða sé á öðrum stað en ekki sáust ummerki um aðra vörðu á svæðinu í kring.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 3

SF-176:031 *Húsadalur* tóftir fjárborg 63°42.601N 18°29.359V
"Fyrir vestan og ofan brúnina [Hlíðarbrún] er Húsadalur, sem nær austur að Svarthömrum, vestur að Hlíðarnúp og að Húsafelli," segir í örnefnalýsingu. Tóftir eru enn merkjanlegar efst í Húsadal vestanverðum, undir hamri. Þær eru um 740 m NNV við bæ 001. Tóftirnar eru í grasi grónum hvammi eða engjasvæði í góðu skjóli norðan og vestan.

Á þessum stað er mjög greinileg tóft sem virðist af fjárborg, A, og um 20 m vestan við hana má greina ummerki sem líklega hefur verið önnur tóft B. Samtals er því tóftasvæðið um 50 x 15 m stórt og snýr h.u.b. austur-vestur. Tóft A er 12 x 11 m stór og er næstum alveg hringlaga. Veggir hennar eru allt að 2,5 m að þykkt og mest um 1 m á hæð. Innanmál

borgarinnar er um 7 x 6,5 m. Svo virðist sem op hafi verið suðaustarlega á borginni. Tóft B er



Tóftir í Húsadal SF-176:031. Á ljósmynd er horft til norðurs

sem fyrr segir um 20 m vestan við tóft A. Tóft B er mjög illa farin og í raun illgreinanleg. Ástæðan er sú að gil hefur grafið sig í gegnum hana og skemmt að mestu. Aðeins sést nú eftir norðausturhornið sem er 9 x 3 m að stærð. Vísbendingar sem hornið gefur er að veggir þessarar tóftar hafi ekki verið jafn veigamiklir og tóftar A. Mögulegt er að þarna hafi verið beitarhús, þótt í raun sé það aðallega örnefni svæðisins sem bendir til að þarna hafi verið beitarhús.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 3


SF-176:032 frásögn útihús 63°42.180N 18°29.230V
Valur Oddsteinsson, heimildamaður, man eftir tveimur tóftum (sjá einnig 033) um 250 m suðvestan við bæ 001. Tóftirnar voru á Litlabóli þar sem nú hafa verið gerð tún. Í sléttuðu túni í halla til suðurs.Vestari tóftin er skráð undir þessi númeri (sjá 033 fyrir austari tóft). Engin ummerki sjást um hana í sléttu túninu sem er vestan við Gvendargil.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-176:033 frásögn útihús 63°42.173N 19°29.202V
Valur Oddsteinsson, heimildamaður, man eftir tveimur tóftum (sjá einnig 032) um 250 m suðvestan við bæ 001. Tóftirnar voru á Litlabóli þar sem nú hafa verið gerð tún. Í sléttuðu túni í halla til suðurs. Suðaustari tóftin er skráð undir þessi númeri (sjá 032 fyrir vestari tóft). Engin ummerki sjást um hana í sléttu túninu vestan við Gvendargil.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-176:034 *Grafarvað* heimild um vað 63°42.255N 18°30.548V
"Grafarvað er austur af miðri Mörk," segir í örnefnalýsingu Hemru og í örnefnalýsingu Hlíðar segir: "Skammt þar neðar [en Festarfor í Tungufljóti] er Grafarvað." Grafarvað er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1905 og hefur það verið um 1,3 km vestan við bæ 001 á Tungufljóti. Vaðið var á leið 661:012 sem lá frá Hemru og tengist leið 661:016 norðan við vaðið sem lá að Gröf. Sléttuð tún eru fram á árbakka Tungufljóts á þessum slóðum og ekki sjást greinileg ummerki um vað eða leið. Áin virðist sæmilega yfirferðar á þessum stað, a.m.k. nærri árbakkanum þar sem miklar áreyrar eru en .þó nokkuð straumhörð um miðbik árinnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hemra 6; Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð, 4; Herforingjaráðskort frá 1905 - kort 68 SA Skaptártunga-Ásar,

SF-176:035 *Hlíðarvað* heimild um vað 63°41.900N 18°29.846V
"Norðan við Hemruhól í Hemrulandi er Hlíðarvað," segir í örnefnalýsingu. Vaðið var á leið 661:008 sem lá norðaustur-suðvestur yfir grónar eyrar í Tungufljóti á milli Hlíðar og Hemru. Vaðið var um 980 m suðvestan við bæ 001. Vaðið var þar sem áin rennur í nokkrum kvíslum og eru grónar áreyrar á milli þeirra. Bakkarnir í landi Hemru og Hlíðar eru lágir og grónir.
Ekki sjást ummerki um vað í landi Hlíðar þar sem það var skoðað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 4

SF-176:036 tóft útihús 63°42.235N 18°28.628V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 og bæjarteikningum Dana frá 1904 var útihús í Tappakofatorfu (sjá 017) um 280 m austan við bæ 001. Enn sést móta fyrir tóft þess. Tóftin er í norðurjaðri



Útihústóft SF-176:031. Á ljósmynd er horft til NNV

þess hluta túnsins sem enn er sleginn, í halla mót suðri. Tóftin er grafin inn í brekku og er hún orðin ógreinileg. Hún er um 3x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggjahleðslur eru útflattar og eru hæstar 0,2 m á austurhlið. Suðurveggur hennar er mjög ógreinilegur. Tóftin

mjókkar til austurs. Líklega var op á tóftinni til suðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920, Bæjarteikning Dana 1904

SF-176:037 heimild um útihús 63°42.228N 18°28.615V
Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu Dana frá 1904 er útihús í túni í Tappakofatorfu sem er um 300 m austan við bæ 001. Engin ummerki um það sjást lengur. Útihúsið var í sléttuðu túni sem enn er slegið, í aflíðandi halla til suðvesturs. Girðing á merkjum er fast austan við hana. Ætla má að útihúsið hafi horfið vegna túnasléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920; Bæjarteikning Dana frá 1904

SF-176:038 renna áveita 63°42.237N 18°28.868V
Á túnakorti frá 1920 er sýndur breiður skurður í Rassgili á milli Fjögrateigatúns og Heimatorfu, um 70 m austan við bæ 001. Skurðurinn veitti vatni úr gilinu á áveituengjar sunnan við túnið. Neðsti hluti skurðarins sést enn og hleðsla fyrir náttúrulegan farveg lækjarins. Minjarnar er neðst í gilinu þar sem það er í mjög aflíðandi halla til suðurs. Tún er austan við hann og vestan við hann er flatlend lítil torfa innan beitarhólfs.


Áveita SF-176:038, horft til NNV

Áveituminjarnar sjást á svæði sem er um 55x5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Skurðurinn er um 50 m á lengd og liggur NNV-SSA. Hann er 2-3 m á breidd og 1-1,5 m á dýpt. Vatn rennur eftir honum. Norðan við NNV-enda skurðarins er hlaðið fyrir náttúrulegan farveg lækjarins sem stefnir til suðvesturs. Hleðslan er 10 m á lengd og snýr norður-suður. Hún virðist vera að mestu úr torfi, er 3-4 m á breidd og 1 m á hæð. Rof er í henni miðri en ekkert vatn rennur um farveginn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-176:039 heimild um traðir 63°42.231N 18°28.929V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir að bæ 001 á sama stað og malarvegur liggur nú (2015) heim að Hlíð. Traðirnar voru í aflíðandi halla til suðurs á milli túna. Skurður er meðfram vegi að austanverðu. Ekki sjást lengur ummerki um traðir og hafa þær líklega horfið vegna vegagerðar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-176:040 tóft útihús 63°42.276N 18°29.177V
Útihús er merkt inn á Bæjarteikningu Dana frá 1904 um 160 m vestan við bæ 001, á



Útihúsatóft SF-176:040. Á ljósmynd er horft til suðurs

Borgartorfu, vestan við Gvendargil. Á sama stað er merkt X á túnakort frá 1920 sem líklega merkir að þá hafi húsið verið komið úr notkun og orðið að tóft. Fjárhúsin eru á grasi gróinni torfu í halla til suðurs. Torfan er afmörkuð af lækjargiljum til norðausturs og suðvesturs og er tóft 040 á vesturbrún Gvendargils sem markar torfuna af til norðvesturs. Á Borgartorfu eru fjórar tóftir (sjá einnig 003-005).

Svolítil hólmyndun er undir tóftinni sem er signari en útihúsatóftir 003 og 004. Tóftin er 16-17 x 6-7 m stór og snýr norður-suður. Tóftin skiptist í tvennt og virðist hlaða hafa verið norðar en skepnuhús sunnar. Veggir eru algrónir og talsvert hrundir inn í tóftina. Norðurhluti tóftarinnar er grafinn inn í brekkuna. Suðurhólfið er 9 x 2 m að innanmáli og er op á miðjum suðurvegg þess. Norðurhólfið er 2 x 1,5 m stórt. Hæð veggja er mest 0,7 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904 og Túnakort 1920

SF-176:041 heimild um rétt 63°42.260N 18°28.836V
Ófylltur reitur, líklega lítil rétt, er á bæjarteikningu Dana frá 1904 um 110 m austan við bæ 001, 60-70 m sunnan við útihús 010 og um 50 m vestan við útihús 011. Ætla má að mannvirkið hafi verið á dálitlum flata í horni þess hluta túnsins sem enn er sleginn. Það svæði er innan túngirðingar en er ekki slegið. Allmikill afgerandi hryggur er í túninu 10-15 m sunnar, fast við gilið. Ekki er vitað um mannvirki þar. Ekkert sést til mannvirkisins og hefur það horfið vegna túnasléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-176:042 heimild um túngarð/kálgarð 63°42.224N 18°28.806V
Á bæjarteikningu Dana frá 1904 er lítill kálgarður um 100 m ASA við bæ 001, fast norðan við malarveg sem liggur í brekkurótum til ASA. Kálgarðurinn er sambyggður túngarði sem afmarkaði suðurhlið túnsins austan við bæinn. Annar mun stærri kálgarður var einnig sambyggður túngarði um 150 m ASA við bæ 001. Minjarnar eru skráðar saman undir einu númeri. Túngarðurinn og kálgarðarnir voru neðst í allbröttum brekkum þar sem enn eru ræktuð tún. Öll þessi mannvirki eru horfin vegna sléttunar og einnig hefur vegagerð mögulega raskað minjunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-176:043 *Mið-Lambhústorfa* heimild um útihús 63°42.214N 18°28.676V
Á bæjarteikningu Dana frá 1904 er útihús um 250 m austan við bæ 001 og 40-50 m suðvestan við útihús 037, í Mið-Lambhústorfu, sjá 054. Útihúsið var á brún í túni sem er enn slegið. Lægð er í túninu þar fast austan við. Ekki sjást minjar um útihúsið á yfirborði vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-176:044 heimild um traðir 63°42.222N 18°29.013V
Á bæjarteikningu Dana frá 1904 sjást liggja traðir frá bæ 001 til suðvesturs, í gegnum kálgarð, líklega kálgarð 008 og áfram að lækjargili. Traðirnar breikka til suðurs eða suðvesturs og mynda trekt. Eru fast austan við útihús 006. Horfin í tún en þó má óljóst greina dæld í túnið efst þar sem traðirnar voru.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904


Dæld eftir traðir SF-176:044 sést óljóst á mynd. Horft til NNA

SF-176:045 heimild um áveitu
63°42.183N 18°28.755V
Á Bæjarteikningu Dana frá 1904 eru áveituskurðir sýndir á allstóru svæði sunnan við tún og austan við traðir 039. Áveitan var í aflíðandi halla til suðvesturs. Þar er búið að rækta tún og grafa nýja skurði til framræslu. Engin ummerki um áveituskurðina sjást lengur vegna sléttunar og framræslu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-176:046 heimild um kálgarð 63°42.238N 18°28.786V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var stór kálgarður um 140 m austan við bæ 001. Kálgarðurinn var í gömlu túni sem enn er slegið, í bratta mót suðvestri. Ekki sjást ummerki um kálgarðinn vegna sléttunar en óvíst er að hlaðið gerði hafi verið í kringum hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-176:047 heimild um kálgarð 63°42.236N 18°28.746V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var stór kálgarður, langur og mjór um 180 m austan við bæ 001. Kálgarðurinn var í gömlu túni sem enn er slegið, í bratta mót suðri. Ekki sjást ummerki um kálgarðinn í túninu vegna sléttunar en óvíst er að hlaðið gerði hafi verið í kringum hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-176:048 heimild um kálgarð 63°42.208N 18°28.699V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður niður við túngarð 042 um 220 m ASA við bæ 001. Kálgarðurinn var í sléttuðu túni ofan við veg sem liggur að Austurhlíð, í aflíðandi halla til suðurs. Ekki sjást ummerki um kálgarðinn í túninu vegna sléttunar en óvíst er að hlaðið

gerði hafi verið í kringum hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-176:049 tóft fjárborg 63°41.004N 18°28.355V
Hringlaga og sigin tóft er um 2,3 km SSA við bæ 001 ekki langt norðvestan við merki við Ytri-Ása og skammt sunnan við Harðskafa. Tóftin er í jaðri framræstra túna og hallar landi til suðvesturs niður í deiglendan flóa. Tóftin er algróin og sigin og er hringlaga. Hún er um 8,5 m í þvermál en um 5 m að innanmáli. Veggir hennar eru 1,5-2 m á breidd en 0,2 m á hæð, grónir



Tóft SF-176:049, horft til vesturs

og signir. Ekki er greinilegt op á henni. Hryggur sem gæti verið sigið garðlag liggur frá tóftinni til suðurs í 8 m áður en hann verður ógreinilegur og hverfur í tún. Tóftin er gróflega hringlaga en ekki er greinilegt op á henni. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi en útlit hennar bendir til að hún gæti hafa verið fjárborg/fjárskýli.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-176:050 tóft beitarhús 63°41.368N 18°29.080V
Signar og fornlegar tóftir eru um 1,6 km sunnan við bæ 001, í Hesthólum, fast vestan við veg



Tóftir SF-176:050 sjást óljóst fyrir miðri mynd. Horft til norðausturs

sem liggur frá þjóðvegi og að sumarbústað í kvosinni norðan við Stóra Hest en vestan við Hlöðumýri. Tóftirnar eru um 110 m vestan við beitarhúsatóftir 070. Tóftirnar eru á eins konar barði eða hólasvæði og til vesturs frá þeim er bratt niður á eyrar sem ná að Tungufljóti. Fast austan við þær er sem fyrr segir vegaslóði að nýlegum sumarbústað og þá deiglendi að þjóðvegi.

Tvær þústir eru á þessum stað á svæði sem er um 30 x 16 m stórt og snýr NNA-SSV. Þústirnar eru mjög signar og ógreinilegar, vaxnar mosa og grasi. Veggir þeirra eru aðeins 0,2 m á hæð en víða 1,5-2 m á breidd. Nyrðri tóftin, A, er 4-5 m NNA við þá syðri, B. Það sem hér er nefnt nyrðri tóftin er í raun og veru tvenns konar ummerki. Annars vegar hringlaga gerði sem er um 16 x 12 m að utanmáli og snýr nálega austur-vestur. Innanmál gerðisins er 8 x 7 m og eru veggir þess signir og grónir. Ekki sést op á því og ekki virðist því hafa verið skipt niður. Til norðvesturs frá gerðinu er svo hægt að greina litla, einfalda tóft sem gæti verið yngri en sjálft gerðið. Tóftin er byggð ofan á vegg þess og er 5-6 x 4-5 m að stærð. Hún er einföld og opin til suðurs. Um 3 m suðvestan við enda tóftar er svo tóft/þúst B. Hún er 12 x 8 m stór og snýr NNA-SSV. Ekki er lengur hægt að greina innri brún veggja en þústin er greinilega 0,2-0,3 m hærri en umhverfið. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftirnar þjónuðu útlit þeirra og staðsetning bendir helst til að þarna hafi fé verið haldið. Því hefur líklega verið fjárborg/fjárskýli á staðnum og mögulega beitarhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-176:051 mannvirki 63°42.281N 18°29.139V
"Rafstöð fyrir Hlíðarbæi var byggð 1928 en var lögð niður 1977. Stöðin var 10 kW, reist af Sigfúsi á Geirlandi," segir í Sunnlenskum byggðum. Rafstöðvarhús er vestan í Gvendargili, um 150 m VNV við bæ 001. Hún telst ekki til fornleifa í laganna skilningi en er höfð með á fornleifaskrá þar sem hún telst mikilvægur minnisvarði um framfaraskeið í sögu sveitar.



Rafstöð SF-176:051, horft til norðurs

Húsið er í bröttu og grasi grónu gili. Gvendarlækur rennur á sléttri klöpp á þessum slóðum. Stakur raflínustaur er uppi á gilbarminum að austan. Rafstöðvarhúsið er steinsteypt úr grófri steypu og er 3 x 2,5 m að stærð. Dyr hafa verið á það til suðurs. Þak hússins er nú að mestu horfið en hefur verið úr timbri. Framhlið hússins er að talsverðu leyti hrunin. Inni í rafstöðvarhúsinu er túrbína og kassi með rá á vegg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Sunnlenskar Byggðir VI, 279.

SF-176:052 tóft hlutverk óþekkt 63°41.696N 18°29.048V
Valur Oddsteinsson, heimildamaður, benti á stakstæða tóft í Kaplamýri, um 1 km sunnan við

bæ 001. Umhverfis tóftina var mikil mýri en hún hefur nú verið ræst fram og gerð að túnum en tóftinni hefur verið hlíft í framkvæmdunum. Því er tóftin orðin að eins konar eyju í sléttuðum túnunum.

Tóftin er 0,5-0,6 m hærri en umhverfið en er þó nokkuð sigin. Hún er um 10 x 8 m stór og snýr norður-suður. Veggir hennar eru nokkuð tröllslegir en op hefur verið á miðjum suðurvegg. Erfitt er að átta sig á innri skipan tóftar sökum þess hversu mikið veggir hafa hrunið inn. Nú er þó innanmál hennar 5-6 x 1-2 m. Einn stakur steinn er í norðurvegg tóftar en annars er hún algróin og má vera að steinninn hafi borist úr mýrinni. Ekki er vitað hvaða




Tóft með óþekkt hlutverk SF-176:052, horft til suðurs

hlutverki tóftin gegndi.
Hættumat: stórhætta, vegna jarðræktar

SF-176:053 frásögn áveita 63°41.712N 18°29.034V
Í Kaplamýri voru mikil áveitumannvirki áður en mýrin var framræst og gerð að túni. Samkvæmt Vali Oddsteinssyni, heimildamanni voru áveitumannvirkin líklega frá því í upphafi 20. aldar. Í Sunnlenskum byggðum kemur fram að á fyrstu átta árum Búnaðarfélags Skaftártunguhrepps (1901-1909) hafi borið einna hæst áveitu- og vatnsveituframkvæmdir feðganna Jóns Eiríkssonar og Guðjóns Jónssonar í Hlíð. "Á fyrstu 8 árum félagsins unnu þeir við vatnsveituskurði 94.898 ferfet af 103.834 ferfetum, sem unnin voru á vegum félagsins. Auk þessa gerðu þeir geysimikla fyrirhleðslu í Hestlækjargili, sem varð þó að litlum notum því stíflan brast fljótlega eftir að vatni var hleypt á. Var þá gripið til þess ráðs að notavatn úr Torfgili. Sú framkvæmd mun hafa kostað minni vinnu en hin fyrri en vatnið hefur sennilega þótt verra til áveitu."

Nú er Kaplamýrin orðin að framræstum túnum og áveitumannvirki heyra sögunni til. Talsverður skurður var grafinn frá Hestlæk í Kaplamýri og mikil stífla var einnig gerð á lækinn. Hún brast þó og þá var náð í vatn úr Torflæk. Á loftmyndum sem teknar voru áður en svæðið var gert að túnum má sjá talsvert umfangsmikla skurði og garðlög á svæðinu, þótt erfitt sé að meta það hvort þessi mannvirki voru öll frá sama skeiði. Mannvirkin eru á svæði sem er tæplega 700 x 400 m stórt, snýr NNV-SSA og nær langleiðina frá Hestlækjargili í suðri að Torfgili. Svæðið er um 200 m austan við þjóðveg að Hlíð en á loftmyndinni eru tún næst þjóðveginum þannig að vel er mögulegt að áveitumannvirki hafi náð lengra til vesturs. Sjálf stíflan á Hestlækjargili var um 1,4 km sunnan við bæ 001.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Sunnlenskar Byggðir VI, 259 og Loftmynd frá Loftmyndum ehf


SF-176:054 *Mið-Lambhústorfa* tóft lambhús 63°42.274N 18°28.689V
"Þá er komið að túni Austurhlíðar. Vestast er þar Mið-Lambhústorfa," segir í örnefnalýsingu. Greinileg tóft er austan við gil og ofan við tún í Mið-Lambhústorfu. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en þarna hefur mögulega verið lambhús sem torfan dregur nafn sitt af. Tóftin er 240 m ANA við bæ 001 og 110 m norðan við útihús 043. Tóftin er á norðvestanverðum gilbakka ofarlega í torfunni, við jaðar gamla heimatúnsins en töluvert langt fyrir ofan það tún sem enn er slegið.



Lambhústóft SF-176:054. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

Tóftin er einföld og torfhlaðin og er að mestu leyti grafin inn í brekkuna. Tóftin er um 19x6 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og op er á henni í suðvesturenda. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Fast suðaustan við tóftina virðist torf hafa verið rist á svæði sem er um 16x16 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð, 1

SF-176:055 tóft+garðlag 63°42.161N 18°27.109V
Fornlegt garðlag, grónar götur og tóftir eru í Stökutorfu vestan við Grófarárgil á merkjum



Tóftir SF-176:055B (til vinstri) og C til hægri



Tóft B til vinstri (horft til norðvesturs) og gerði E til hægri (horft til norðurs)

milli Svínadals og Hlíðar. Minjarnar eru um 1,5 km austan við bæ 001 og 1,1 km austan við tóftir 056. Minjarnar eru á smáþýfðri tungu á milli gilja sem er vaxin mosa og grasi.

Minjarnar eru á svæði sem er um 330x150 m að stærð og snýr norður-suður. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Garðurinn A er syðst á svæðinu. Hann nær gilja á milli, er um 150 m á lengd og liggur austur-vestur. Garðurinn er víðast 2-3 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Tóft B er um 150 m norðan við garð A. Hún er um 8 m í þvermál, einföld og hringlaga. Veggir tóftarinnar eru 2 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Norðvesturhluti tóftarinnar er alveg útflattur og sést veggurinn þar nánast ekkert. Þar er líklegt að hafi verið op inn í tóftina. Tóft C er á hól 12 m norðvestan við tóft B. Tóftin er einföld og er 18x6 m að stærð, snýr norður-suður. Ytri brún veggja er mjög óskýr og er tóftin útflött en í suðurenda eru veggir hennar hæstir, um 0,3 m. Tóftinni hallar lítillega til suðurs og mögulega var op á henni í þeim enda. Allmiklar en gamlar götur D liggja yfir tóftasvæðið í vestanverðri torfunni. Ekki er ljóst hvaðan þær komu eða hvert þær lágu. Þær eru orðnar ógreinilegar, eru 10-15 saman, 0,1-0,2 m á dýpt og breidd. Göturnar eru grónar en sumar þeirra eru enn farnar af sauðfé. Sigið og ógreinilegt gerði E eða bogadregið garðlag er ofarlega á Stökutorfu, 110 m norðaustan við tóft C. Garðurinn afmarkar svæði sem er 22x20 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er frammi á vesturbrún Grófarárgils. Hleðslur eru útflattar, 1-1,5 m á breidd og 0,1 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftirnar gegndu en líklegt verður að teljast að þær hafi tengst útbeit frekar en að þarna hafi verið lítið býli eða sel.

Hættumat: engin hætta

SF-176:056 tóft+garðlag býli 63°42.071N 18°27.865V

Fornlegar tóftir eru innan gerðis austan við Austurhlíð. Minjarnar eru um 960 m austan við bæ 001 og 190 m suðaustan við fjárhúsin Borg 020. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar minjar hafa gegnt en sennilegt verður að teljast að hér hafi verið lítið býli hvers nafn er grafið og gleymt. Minjarnar eru vestast á allstóru holti. Tóftirnar eru nyrst á svæðinu á flata en gerðið umhverfis tóftirnar afmarkar svæði í miklum halla sunnan við tóftirnar. Skurður og vegur á tún eru í skarði suðvestan við minjarnar. Svæðið er mosa og grasi vaxið. Lítilsháttar vex af lyngi ofan við tóftirnar.

Gerði afmarkar minjasvæðið sem er um 65x48 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Innan gerðisins eru þrjár tóftir og fá þær allar bókstafi til aðgreiningar. Gerði D sem afmarkar svæðið virðist vera torfhlaðið og er 2-2,5 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Það er allgreinilegt að norðaustanverðu en mjög sigið að suðvestanverðu þar sem það er í brattri brekku. Tóft A er sambyggð gerðinu innanverðu á miðri norðausturhlið þess. Hún er einföld og er 22x7,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í suðurhorni og einnig virðist vera op til suðausturs í krók sem kemur á gerðið og myndar lítið og ógreinilegt hólf þar við enda tóftarinnar. Það er um 4x3 m að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru víðast um 2,5 m á



Tóftir SF-176:056. Á ljósmynd er horft til austurs

breidd en 4 m á breidd í norðvesturenda. Mesta hæð veggja er 0,2-0,3 m. Tóftin er líklega torfhlaðin að mestu leyti og hvergi sést í grjót í henni eða öðrum minjum á svæðinu. Tveir óljósir veggir tengja tóft A við tóft B sem er fast suðvestan við norðvesturenda tóftar A. Á milli veggjanna er rými sem er 3x2-3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur.Tóft B er sporöskjulaga, 13x11 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í henni sést eitt hólf en ekki er skýrt op á tóftinni. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Tóft C er mjög óskýr og útflött. Hún er 6 m sunnan við tóft A og 8 m suðaustan við tóft B. Tóftin virðist vera einföld og er um 12x7 m að stærð. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru breiðastir um 2 m og hæstir eru þeir 0,2 m. Suðausturhlið tóftarinnar er greinilegust.
Hættumat: engin hætta

SF-176:057 tóft fjárhús 63°42.158N 18°27.950V
Stök fjárhústóft er á gilbarmi ofan við fjárhúsin Borg 020. Hún er um 20 m austan við tóft



Fjárhústóft SF-176:057. Á ljósmynd er horft til suðurs

020B og um 850 m austan við bæ 001. Tóftin er neðst í brekku í gömlu túni. Girðing liggur yfir hluta hennar á gilbarminum.

Tóftin er torfhlaðin og tvískipt. Hún er um 13x8 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóftin er að mestu leyti niðurgrafin en suðurendi hennar er hlaðinn. Þar eru hleðslur hæstar 0,8 m. Í norðurenda tóftarinnar er hlaða sem er 5x3 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Hlaðið er undir girðingu þvert yfir austurenda hlöðunnar. Ekki er veggur á milli hlöðu og fjárhúsa sem eru í suðurenda tóftarinnar. Fjárhúsin eru 8x1,2 m að innanmáli og snúa eins og tóftin. Op er á hólfinu og tóftinni í SSA-enda. Norðan við tóftina er svæði, flati sem er lítillega niðurgrafinn. Hann er 4x6 m að innanmáli. Mögulega efnistökusvæði eða heystæði.
Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-176:058 gerði rétt 63°42.301N 18°29.125V
Lítið gerði er um 150 m NNV við bæ 001, fast austan við Gvendargil. Gerðið er á grasi gróinni torfu sem hallar að mestu til suðurs en til suðvesturs þar sem gerðið er.




Rétt SF-176:058. Á ljósmynd er horft til suðurs

Gerðið er 11 x 10 m stórt, ferhyrnt og einfalt. Op virðist hafa verið í suðvesturhorni. Gerðið er hlaðið úr torfi og er 0,6 m á stærð. Það minnir við fyrstu sýn mest á kálgarð (vegna hallans sem það er í) en samkvæmt Vali Oddsteinssyni, heimildamanni voru kvíær hafðar á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-176:059 garðlag akur 63°42.264N 18°28.730V
Í efri hluta túnsins í Heimatorfu og Fjögrateigatúns eru útflött garðlög, kantar og stallar sem ætla má að séu leifar af akurgerðum. Minjarnar eru 90 m norðaustan við bæ 001. Akurgerðin eru í halla mót suðri í gömlu túni sem hætt er að slá. Sunnan við þau eru tún sem enn eru í rækt. Rassgil er á milli Heimatorfu og Fjögrateigatúns.

Minjarnar eru á svæði sem er 215x50 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hvert mannvirki fær bókstaf til aðgreiningar í lýsingu. Efst/nyrst á Fjögrateigatúni er stallur A sem er 36 m á lengd og 1-1,5 m á breidd. Hann liggur norðvestur-suðaustur, líkt og önnur mannvirki á svæðinu. 20 m suðvestan við hann er stallur B sem er 68 m á lengd og 2-5 m á breidd. Fram af honum er lítillega aflíðandi kantur sem er 1-2 m á hæð. Í suðausturenda sést móta fyrir innri brún. 15 m suðvestan við suðausturenda á stalli B er útflattur garður C1 sem sést á 25 m löngum kafla og liggur langleiðina að tóft 011. Garðurinn er 3 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Í sömu línu, norðvestan við tóft 011 er líklega framhald af garðinum en sést aðeins sem mjög greinilegur og hár kantur C2. Hann er 64 m á lengd og endar við Rassgil þar



Stallarnir í hlíðinni ofan við Hlíð, SF-176:059. Mynd tekin með dróna: Gísli Pálsson



Einn af stöllunum SF-176:059, horft til norðvesturs

sem hann er hæstur, um 2 m. Í sömu stefnu norðvestan við Rassgil, í Heimatorfu, er garður C3 sem er 68 m að lengd, 3 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Að lokum er svo stuttur útflattur garður D sem er 2 m suðvestan við kant C2 og liggur samsíða honum á 12 m löngum kafla. Hann er 1-1,5 m á breidd og 0,4-0,1 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-176:060 garðlag vörslugarður 63°42.263N 18°29.492V
Mikið garðlag liggur umhverfis túnin í Hlíð og telur Valur Oddsteinsson að hann hafi verið hlaðinn í kringum aldamótin 1900. Í Sunnlenskum byggðum er getið um framkvæmdir feðganna Jóns Eiríkssonar og Guðjóns Jónssonar árin 1901-1909 og segir þar að þeir hafi unnið að garðhleðslu á þessum árum sem líklega er umræddur garður. Garðurinn liggur upp hlíðarnar beggja vegna við Hlíð og svo austur-vestur talsvert ofan við efstu tún á jörðinni. Ofan túna er garðurinn víðast á hæðarbrúninni og markar af móa til suðurs og mýrar til norðurs.




Garðlag SF-176:060. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en til vesturs á mynd til hægri

Garðurinn markar af svæði sem er um 770 x 250 m en á loftmynd má sjá hvar garðurinn hefur legið áfram til suðurs niður núverandi tún og því verið samtals um 500 m langur. Garðurinn virðist hafa verið torfhlaðinn og mjókkar eilítið upp. Skurður eða pæla er víða meðfram honum. Á köflum eru eyður í garðinn, oftast vegna lækjargilja sem skera svæðið en sums staðar virðist hann hafa hrunið og blásið. Garðurinn er víða 0,8-1 m á hæð en 0,8 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Sunnlenskar Byggðir VI, 259

SF-176:061 tóft útihús 63°42.280N 18°28.734V

Lítil tóft er ofarlega í Fjögraálnatúni fast vestan við gilið austan við það, alveg á gilbrúninni. Hún er um 50 m norðaustan við tóft 011 og um 200 m austan við bæ 001. Tóftin er í gömlu túni sem hætt er að slá, í brattri brekku mót suðri.Tóftin er um 4x4 m að stærð og er einföld. Hleðslur hennar eru að mestu útflattar en mesta hæð veggja er 0,3 m. Óljóst op er á tóftinni í SSV-horni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en ætla má að hún sé af útihúsi af því að hún er í heimatúni.






Útihústóft SF-176:061. Á ljósmynd er horft til NNV

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

SF-176:062 tóftir hlutverk óþekkt 63°42.232N 18°29.702V

Þrjár fremur signar og fornlegar tóftir eru um 600 m vestan við gamla bæinn í Hlíð 001. Þær eru fast vestan við gil sem þarna hefur grafið sig í gegnum hlíðina og tæpum 90 m vestan við vörslugarð 060. Tóftirnar eru á grasi gróinni torfu sem markast af giljum til austurs og vesturs. Torfan er í halla til suðurs en skammt neðan við hana er skurður og þá slegin tún.

Á þessum stað eru þrjár tóftir (A, B og C). Þær eru á svæði sem er um 40 x 25 m stórt og snýr h.u.b. norður-suður. Tóftirnar eru á austurbakka gilbarms og hefur gilrofið þegar étið sig inn í eina þeirra (C). Tóft A er efst (nyrst) á svæðinu og um 15 m norðan við B. Tóft A er 8 x 4 m stór og snýr norður-suður. Hún er einföld og virðist hafa verið opin til suðurs. Veggir tóftarinnar eru signir og grónir og um 1,5-2 m á breidd en 0,1-0,2 m á hæð. Tóftin er vaxin mosa og grasi. Um 15 m neðan við (sunnan við) tóft A er tóft B. Hún er 8 x 7 m stór og snýr austur-vestur. Austurhluti tóftar er skýrari en vesturhluti hennar en almennt er erfitt að ráða í innri lögun hennar. Ekki virðist þó ólíklegt að tóftinni hafi verið skipt í tvennt. Mögulegt er að op hafi verið á suðurvegg. Veggir hennar eru 1,5 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð. Tóftin er algróin. Um 1 m sunnan við tóft B er tóft C. Hún er að hluta til fallin



Tóftir SF-176:062



Tóft SF-176:061. Á mynd til vinsri er tóft A, horft til suðurs en á hægri mynd tóft B, horft til austurs

ofan í gilið austan við og sést því aðeins vesturhluti hennar. Hann er um 8 x 2,5 m að stærð og myndar norðvesturhorn tóftar sem ómögulegt er að segja til um hversu stór hefur verið upprunalega eða hvernig hún hefur litið út. Veggir eru líkt og á hinum tóftunum tveimur algrónir og 1,5 m á breidd en um 0,2 m á hæð. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftirnar hafa gegnt en þær eru fremur fornlegar.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs

SF-176:063 gata leið 63°41.595N 18°28.249V




Götur SF-176:063, horft til vesturs

Götur virðast hafa legið frá Hlíð og til suðurs og suðvesturs, yfir Torfgil og áfram til suðvesturs að Hlöðumýri. Þar hverfa göturnar í framræst tún og ekki er ljóst hvort þær hafa aðeins legið að mýrinni og verið engjagötur eða hvort þær hafa legið áfram til suðvesturs, til að mynda að Ásabæjunum.

Göturnar voru raktar að Hlöðumýri, yfir grösuga og mosivaxna hóla og að mýrlendi.
Göturnar eru víða 4-8 samsíða slóðar. Þær voru raktar á um 800 m löngum kafla en hafa a.m.k. verið um 1,6 km langar og mögulega talsvert lengri.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-176:064 þúst 63°42.524N 18°28.558V

Möguleg þúst er um 600 m norðaustan við bæ 001, á milli hóla og um 440 m suðaustan við Svarthamra. Ljóst er að svæðið hefur blásið en það er nú vaxið mosa og grasi.




Meint þúst 176:064. Á ljósmynd er horft til norðurs

Í uppgrónum uppblæstri er það sem líkist einna helst þúst. Ekki er þó hægt að útiloka að hin meinta þúst sé náttúrusmíði og einungis hæð sem eftir stendur í hringlaga uppblæstri. Þústin virðist þó helst of regluleg til að þetta sé líklegt og var því ákveðið að taka hana á skrá með fornleifum þótt frekari rannsókna væri þörf til að skera úr um eðli hennar. Þústin er 18 x 12-13 m stór og snýr norður-suður. Hún rís afgerandi upp úr umhverfinu og er 0,2-0,4 m hærri en nánasta umhverfi hennar en ekki er greinileg innri brún veggja. Norðurhluti þústar er alveg ógreinilegur.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

SF-176:065 tóft útihús 63°42.185N 18°28.499V



Útihús og tóft SF-176:065. Á ljósmynd er horft til norðurs


Ein tóft og hlaðið hús undir þaki eru um 400 m ASA við bæ 001, fast austan við

sumarhúsalóð norðvestan við læk sem kemur úr gili milli Kjóa og Stórhóls. Minjarnar eru í jaðri gamals túns sem ekki er lengur slegið, á vesturbrún grunns gils. Kartöflugarður er ofan við þær.

Minjarnar eru á svæði sem er 12x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðvestast á svæðinu er tóft A. Hún er 4,5x4,5 m að stærð. Greinilegt dyraop með viðarramma er á henni á miðri suðvesturhlið. Mesta hæð veggja er 1,3 m. Tóftin er torf- og grjóthlaðin. Hraungrýti er í hleðslum. Þakið á tóftinni er fallið ofan í hana og vegna þess og vegna gróðurs í tóftinni er ekki hægt að sjá fjölda umfara í innanverðum veggjum. Fast suðaustan við tóftina er torf- og grjóthlaðið hús sem er enn undir þaki. Það er 9x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Norðausturendi hússins er grafinn inn í aflíðandi halla. Veggir eru 1,3 m á hæð og í hleðslum sjást 9 umför. Hellugrjót er í hleðslum í veggjum hússins. Ekki er vitað hvaða hlutverki minjarnar gegndu en sennilega voru þetta útihús. Þakhellum hefur verið safnað saman aftan við minjarnar.
Hættumat: hætta, vegna rasks

SF-176:066 heimild um myllu 63°42.219N 18°29.072V
"Kornmylla var í Hlíð fram yfir aldamótin 1900," segir í Sunnlenskum byggðum. Myllan var í Gvendargili þar sem gróin lægð eða krókur er upp af læknum, austan hans. Myllan var um 100 m suðaustan við bæ 001. Grasi gróin dæld eða lægð er inn í gilbakkann þar sem myllan var. Lítil kvísl frá læknum liggur inn í krókinn. Engin ummerki sjást um mylluna lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Sunnlenskar Byggðir VI, 279.

SF-176:067 þúst hlutverk óþekkt 63°42.135N 18°28.113V
Þúst er á gilbarmi um 735 m austan við bæ 001, 135 m austan við Vestra-Stekkatún 018 og 110 m suðvestan við fjárhús 020 sem heita Borg. Hún virðist vera manngerð. Þústin er í halla til suðurs. Sunnan við hana er girðing og innan hennar eru fjárhús og fleiri útihús frá nýbýlinu Austurhlíð. Fjárgötur liggja yfir þústina og hafa aflagað hana.




Þúst SF-176:067. Á ljósmynd er horft til SSV

Þústin er 6x3 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er hæst í suðurenda þar sem hún er 0,5 m á hæð. Norðurendi hennar er að brotna í gilið. Lægð er í þústinni að norðanverðu og virðist hún vera gróið rof.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-176:068 tóft hlutverk óþekkt 63°42.107N 18°29.177V

Lítil tóft sem gæti hafa verið af kartöflukofa, er byggð inn í brekkuna vestanvert við Gvendargil og um 320 m suðvestan við bæ 001. Niður af tóftinni er bratt og mýrlent er við






Tóft SF-176:068. Á ljósmynd er horft til vesturs

lækinn á þessum slóðum. Tóftin snýr nálega austur-vestur og er einföld. Hún er sem fyrr segir bygg inn í brekkuna en er 2 x 1,5 m að innanmáli. Op er á miðjum vesturvegg hennar. Veggir eru mest 0,8 m á hæð og bárujárnsleifar sjást víða. Tóftin er án efa ung.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-176:069 garðlag áveita 63°42.047N 18°28.243V






Hluti af áveitu SF-176:069. Á teikningu er garðlag B og ljósmynd sést garðlag B og er á myndinni horft til NNV

Brotakenndir áveitugarðar eru í mýrlendi við Torfgil 028 suðaustan við nýbýlið Austurhlíð og 720 m suðaustan við bæ 001. Minjarnar eru á flatlendu og mýrlendu svæði sem hefur verið framræst að miklu leyti og búið er að rækta tún á hluta þess.


Garðar sjást á tveimur stöðum á svæði sem er um 140x110 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garður A er norðan við Torfgil og sunnan við malarveg. Hann er um 115 m að lengd og eru tveir hlykkir á honum þannig að hann myndar boga og afmarkar svæði

sem er 105x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Garðurinn er torfhlaðinn og er 1 m á breidd og 0,6 m á hæð. Garður B er 115 m norðaustan við garð A, á bakka Torfgils, norðaustan við það. Hann liggur í L og afmarkar svæði sem er um 9x3 m að stærð, snýr NNA-SSV. Garðurinn er torfhlaðinn og er 0,5 m á breidd og 0,6 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-176:070 *Holtahús* tóft beitarhús 63°41.364N 18°28.922V
Fjárhús voru í Holtunum í Hesthólum í tíð Vals Oddsteinssonar heimildamanns. Yngstu húsin voru alveg við veginn, og viku þau þegar nýr vegur var lagður á þessum slóðum. Tóftir eldri húsa sjást hins vegar enn skammt frá og um 1,6 km sunnan við bæ 001. Valur hirti um fé sem var í yngstu húsum þegar hann var barn/unglingur. Grasi gróið hólasvæði. Yngstu fjárhúsin eru sem fyrr segir horfin en eldri tóftir sjást. Um 5 m sunnan við þær er girðing sem markar svæðið af frá þjóðvegi. Norðan við tóftirnar er djúpt gil sem hefur líklega brotið af tóft A.


Holtahús SF-176:070. Á ljósmynd til vinstri er tóft A, horft til NNA en tóft B á mynd til hægri (horft til ASA)

Á svæðinu eru tvær tóftir (A og B) og er sú vestari (B) að nokkru horfin í rof. Tóftirnar eru á svæði sem er 35 x 20 m og snýr ANA-VSV. Tóft A er um 15 m austan við tóft B. Hún virðist einföld og er 8-9 x 7 m að stærð. Tóftin snýr nálega austur-vestur og op hefur líklega verið á suðurvegg hennar austarlega. Fast norðan við tóftina er gil og virðist það verið að byrja að éta sig inn í hana. Um 50 m vestan við tóft A er enn óljósara brot, tóft B. Af því sést nú bara suður- og vesturveggur, samtals 6 x 5 m stórt. Að norðan og vestan hefur rof skemmt tóftina. Ekkert er hægt að segja til um innri lögun eða lag tóftar vegna þess hversu lítið er orðið eftir af henni. Báðar tóftir eru grónar og signar.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs




Tóftir SF-176:070

SF-176:071 tóft+garðlag 63°42.088N 18°27.910V
Um 920 m austan við bæ 001 og 40 m norðvestan við tóft 056 A er fornleg tóft áföst garðlagi. Minjarnar eru við endann á sama holti og býli 056 og virðast álíka fornlegar. Holtið sem minjarnar eru á er mosa og grasi vaxið. Netagirðing liggur yfir minjarnar. Dálítið skarð skilur á milli 056 og 071og liggur garðurinn eftir brún þess.

Garðurinn er 62 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur en beygir lítillega til vesturs

í suðvesturenda. Hann er gróinn og útflattur, 2-3 m á breidd og 0,2 m á hæð en sést nánast



Garðlag SF-176:071 og tóft við það. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

ekkert í brekkunni neðan við tóftina. Tóftin er einföld og er sambyggð miðjum garðinum að norðvestanverðu. Hún er 13x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru útflattir og eru 0,2 m á hæð. Ekki sést op á tóftinni. Tóftin og norðausturendi garðsins eru frammi á brún djúps gils sem gengur upp með holtinu til norðausturs. Minjunum stafar mikil hætta vegna rofs og er hluti þeirra horfinn af þeirri ástæðu. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar gegndu.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs


SF-176:072 garðlag 63°42.263N 18°29.493V
Samkvæmt Vali Oddsteinssyni girti afi hans, Guðjón Jónsson, af reit í hlíðinni rúma 400 m vestan við bæ 001 og afhenti ungmennafélaginu til eignar svo að það gæti hafið þar skógrækt. Reiturinn var hins vegar aldrei notaður í slíkt. Hann var girtur hlöðnum garði en nú sést aðeins norðurhlið hans. Garðurinn hefur líklega verið byggður snemma á 20. öld. Garðurinn er 65-70 m langur og torfhlaðinn. Hann er enn reisulegur þótt rof sé í hann á stöku stað. Pæla er ofan við garðinn.



Garðlag SF-172:072, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-176:073 tóft hlutverk óþekkt 63°42.142N 18°27.896V
Ógreinileg tóft er á langri og fremur mjórri torfu um 900 m austan við bæ 007 og 100 m norðan við tóft 071. Hún er á suðausturbrún gilsins sem skilur á milli þessarar torfu og þeirrar sem fjárhúsin 020 Borg er á. Torfan er smáþýfð og mosa og grasi gróin. Götur 077 frá Hlíð (Austurhlíð?) yfir að Svínadal liggja yfir svæðið. Mögulega eru fleiri minjar á þessu svæði.




Tóft SF-176:073. Á ljósmynd er horft til norðausturs

Meint tóft er 20x12 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Í henni er eitt greinanlegt hólf sem er 8x3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Ekki sést skýrt op á því. Báðir endar tóftarinnar eru ógreinilegir. Hæð veggja er 0,2-0,3 m utanmáls en 0,4-0,5 m innanmáls. Stórt svæði austan við tóftina er þýft og þar virðast einnig leynast mannvistarleifar en þó er ekki hægt að greina þær skýrt vegna gatna og þýfis.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs

SF-176:074 heimild um gerði 63°42.235N 18°29.349V
Inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 er merkt stór afgirtur reitur tæpum 300 m austan við bæ 001. Reiturinn var markaður með garði samkvæmt Vali Oddsteinssyni og var beint ofan við bæinn í Úthlíð. Á þeim slóðum sem reiturinn var eru nú sléttuð tún í halla til suðurs.
Engin ummerki sjást nú um reitinn.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-176:075 hleðsla 63°42.260N 18°28.971V
"Um 1907 var byggt þar samkomuhús og var það síðan notað fram undir 1950 fyrir samkomur innan sveitar, " segir í Sunnlenskum byggðum. Samkomuhúsið var byggt samkomuhús í Hlíð á bæjarhlaðinu. Það er merkt inn á túnakort frá 1920. Grunnur hússins sést enn beint sunnan við austurenda á útihúsasamstæðu sem er í austurjaðri bæjarhóls. Hleðsluleifar samkomuhússins eru enn greinilegar á hlaðinu framan við fjárhúsin. Umhverfis er talsvert traðk enda sauðfé að beit innan hólfs að vori. Hlaðni grunnurinn er 8 x 6 m stór og snýr nálega norður-suður. Hleðsluleifar eru mest 0,9 m á hæð og sést 5-6 umför. Talsverðar bárujárnsleifar eru í tóftinni. Að baki hleðslnanna er óljóst svæði, 6 x 4-5 m þar sem einhverjar byggingar hafa verið.




Leifar samkomuhúss SF-176:075. Á ljósmynd er horft til norðurs

Fyrir framan samkomuhúsið var garður. Í húsinu var fyrst stúka en svo ungmannafélagsfundir og böll. Mynd af húsinu er í Sunnlensum byggðum, bls. 279.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Sunnlenskar Byggðir VI, 279 og Túnakort 1920

SF-176:076 gata leið 63°42.272N 18°29.096V
"Í því [Gvendargili] er Gvendarlind [014], vígð af Guðmundi hinum góða...og í gilinu [Gvendargili] er foss, sem heitir Gvendarfoss, einnig kenndur við heilagan Guðmund," segir í örnefnalýsingu. Lindin 014 er um 100 m beint vestur af gamla bænum 001, rétt austan við Gvendarlæk en að henni lá gata frá bæ sem sést best sem sneiðingur niður brekkuna að Gvendarlæk. Aðeins eru um 100 m að Gvendarlind 014 en hluti leiðarinnar lá þar sem nú eru sléttuð tún milli bæjar og Gvendargils. Helst er að sjá ummerki um leiðina í brekkunni niður að gilinu en þar sjást sneiðingar á nokkrum stöðum.

Lindin var innan við 20 m austan við Gvendarlæk og var hlaðið niður á vatnið í brekkurótum og gerður tréstokkur. Göturnar að lindinni lágu skáhalt niður brekkuna. Lítil ummerki sjást nú um lindina en þó er enn niðurfall/op þar sem hægt er að greina hvar komið var að henni og þar má einnig sjá glitta í grjóthleðslur þar sem vatnið seytlar fram undir brekkunni.
Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð 1

SF-176:077 gata leið 63°42.161N 18°27.832V



Götur SF-176:077, horft til suðvesturs

Ógreinilegar götur eru ofarlega í mjórri tungu um 50 m norðaustan við tóft 073 og 960 m austan við bæ 001. Ekki er vitað með vissu hvert þessi leið lá en líklegt er að hún hafi legið að Svínafelli. Betur þekkt leið 661:005 er litlu austan við þessa leið og liggur hún einnig að Svínafelli. Leiðin liggur upp bratta og smáþýfða brekku upp á heiðlendi þar sem víða eru blástursmoldir.


Leiðinni var fylgt á 40 m löngum kafla þar sem hún liggur upp á heiðarbrún. Ógreinilegir og ójafnir skorningar eru á svæði sem er 3-6 m á breidd. Göturnar eru grónar og ógreinilegar.

Hættumat: engin hætta

SF-182 Borgarfell

1847: 12 hdr. Flögujörð. Konungseign.

Túnakort fyrir Borgarfell



1340: Fyrst er getið um jörðina "Borgarfell ij. merkur"í Íslensku fornbréfi frá 1340, í máldaga Þykkvabæjarklausturs í Álftaveri. DI II, 739.

1343: Kemur fram í fornbréfasafni, í máldaga Maríukirkju á Eystri-Ásum að kirkjan á hálft Borgarferll og þriðjung í heimalandi," DI II, 784.

1523: Jarðarinnar er getið í máldaga Þykkvabæjarklausturs. DI IX, 189.

1570 og síðar: er jarðarinnar getið í Gíslamáldaga með jörðum sem eiga sókn í Búlandskirkju. DI XV, 705
1848: Ný Jarðabók fyrir Ísland segir forna hundraðatölu vera 12 en nýja ver 12.2.
"Borgarfell var tvíbýlisjörð til 1868 og frá 1921-1966. Árið 1954 var bærinn færður vestur fyrir gilið þar sem hann er nú." Sunnlenskar Byggðir VI, 271.
Tún 2.2 ha 1920. Matjurtagarðar 695 m2.
"Jörðin er ekki talin landstór. Gróður skiptist þar nokkuð að jöfnu í mýrlendi og þurrlendi. Útslægjur voru þar nokkuð víðáttumiklar mýrarslægjur en frekar snöggar. Hagar skjólgóðir. Ræktunarskilyrði nokkuð góð en þó hefur þurft að þurrka þar töluvert land til ræktunar." Sunnlenskar Byggðir VI, 271.
"...skógarlaus, en að heyskap og útigangi lík síðastnefndum." segir í Sýslu- og sóknarlýsingum, 204. Til er kort af heimatúninu sem danir gerði snemma á 20. öld. Það er að talsverðu leyti svipað túnakorti frá 1920 en þó ber í nokkrum atriðum eitthvað á milli.



Horft heim að Borgafelli SF-182. Myndin er tekin með dróna, horft til norðvesturs. Gísli Pálsson

SF-182:001 *Borgarfell* bæjarhóll bústaður 63°43.723N 18°33.140V
"Borgarfell var tvíbýlisjörð til 1868 og frá 1921 - 1966. Árið 1954 var bærinn fluttur vestur fyrir gilið þar sem hann er nú," segir í Sunnlenskum byggðum. Samkvæmt Sigfúsi Sigurjónssyni, heimildamanni, var gamli bærinn rifinn 1957-1958. Tvíbýlt var á jörðinni eins og kemur fram í Sunnlenskum byggðum og voru þá báðir bæir á svipuðum slóðum og ýmist undir sama þaki eða ekki. Nýtt íbúðarhús var byggt á gamla bæjarstæðinu um 1940 en gamli bærinn stóð þá enn og stóð hann allt þar til yngsta íbúðarhúsið á jörðinni var byggt vestan við læk og um 110 m VSV við það eldra, um 1954. Svolítil hæð sést enn (2015) þar sem gamli bærinn stóð. Neðan við (sunnar) eru ræktuð tún en ofar er meiri brekka og þar eru ekki lengur slegin tún en þau voru nýtt þegar túnakort var gert fyrir jörðina 1920.

Á þessum stað stendur enn íbúðarhúsið frá 1940 sem er nýuppgert og snyrtilegt. Í

kringum það er afgirt og vel hirt lóð. Íbúðarhúsið er á einni hæð og ekki er niðurgrafinn kjallari í því. Því er líklegt að talsvert af minjum kunni að vera óraskaðar undir sverði. Bæjarhóll er greinilegur til suðurs þar sem hann stendur vel upp úr aflíðandi brekkunni en aðrar hliðar hans eru meira aflíðandi og ógreinilegar. Þar sem hóllinn er greinilegastur er hann 2-2,5 m á hæð. Erfitt er að áætla stærð hans en gróflega mætti ætla að hann næði yfir svæði sem væri 50 x 30-35 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Samkvæmt Sigfúsi Sigurjónssyni var gamli bærinn vestan við íbúðarhúsið sem byggt var 1940. Samkvæmt uppmælingu dana frá 1904 var bærinn þá löng bygging sem snéri nálega austur vestur en að húsabaki vestast var talsverð viðbygging. Í bæjarröðinni stóð gamli bærinn austast, þá fjós, hesthús og fjárhús var vestast í samstæðunni. Samkvæmt honum er til teikning af gamla bænum.



Bæjarhóll SF-182:001, horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920; Sunnlenskar Byggðir VI, 271, bæjarteikningar Dana 1904

SF-182:002 heimild um kálgarð 63°43.683N 18°33.241V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu Dana frá 1904 var kálgarður við utanverðan túngarð 022 um 150 m suðvestan við bæ 001. Líklega var kálgarðurinn rétt vestan við þar sem kartöflugarður ábúenda er í dag (2015), fast vestan við vegarslóða sem liggur til suðurs og greinist í ýmsar áttir við túnjaðar. Kálgarðurinn var í aflíðandi halla til suðurs í vesturjaðri gamla heimatúnsins.

Engin ummerki um hlaðið gerði umhverfis kálgarð sjást á yfirborði. Túngarður 022 hefur afmarkað kálgarðinn til austurs þar sem hann er útflattur og sést aðeins sem hryggur í landinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920; Bæjarteikning Dana frá 1904


SF-182:003 heimild um útihús 63°43.683N 18°33.241V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu Dana frá 1904 var útihús áfast utanverðum túngarði 022 um 100 m suðvestan við bæ 001. Útihúsið var að líkindum við núverandi íbúðarhús, eða mögulega á malarplaninu fyrir norðan það. Við húshornið og framan við húsið er jarðvegsstallur sem hefur líklega verið gerður þegar húsið var byggt.

Engin ummerki um útihúsið sjást á vettvangi og hefur það horfið vegna sléttunar eða byggingaframkvæmda.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920; Bæjarteikning Dana frá 1904

SF-182:004 heimild um útihús 63°43.686N 18°33.217V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús við innanverðan túngarð 022, um 90 m suðvestan við bæ 001, efst á brekkubrún. Útihúsið var líklega innan húsagarðs sem er í kringum núverandi íbúðarhús og er þar mikill trjágróður. Útihúsið var að líkindum í horni húsagarðsins, næst vegi að bænum þar sem hann stendur nú (2015). Ekki sjást nein ummerki um útihúsið og hefur það líklega horfið vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-182:005 tóft útihús 63°43.765N 18°33.223V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu Dana frá 1904 var útihús í Litlukinn um 100 m fyrir ofan (NNA) við bæ 001. Tóftin er efst í tungu á milli tveggja gilja. Traktorsslóði er fast vestan hennar og ofan við hana taka við sléttuð tún. Tóftin er talsvert röskuð en er þó enn (2015) greinileg. Úr henni hefur væntanlega verið rutt á einhverjum tímapunkti. Hún er 9 x 6 m stór og snýr norður-suður. Veggir eru mest 0,4 m á hæð. Að baki henni (norðan hennar) er talsvert raskað svæði og má vera að hún hafi áður náð talsvert lengra til norðurs og gæti hafa verið annað hólf þar eða heystæði/heytóft. Ekki er hægt að greina vegg að sunnan og hefur líklega verið timburþil fyrir suðurhliðinni. Talsvert timbur og bárujárn hefur verið í því húsi





Tóft SF-182:005. Á ljósmynd er horft til norðurs

sem síðast stóð á þessum stað. Ekki er vitað hvaða hlutverki útihúsið gegndi og ekki er þekkt nafn á því.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920, Bæjarteikningar Dana 1904

SF-182:006 þúst útihús 63°43.779N 18°33.134V
Samkvæmt bæjarteikningum Dana frá 1904 og túnakorti frá 1920 var útihús um 110 m ofan við bæ 001, efst (nyrst) í heimatúninu, við túngarð. Þar sem húsið stóð sést enn (2015) þúst.


Þúst SF-182:006, horft til ASA

Útihúsið var efst í gamla túninu, eins og það var sýnt á túnakorti frá 1920. Þessi hluti túnsins var í talsverðum bratta og er ekki lengur sleginn. Stór tún hafa hins vegar verið ræktuð norðan við gamla túnið og taka þau við fast norðan við þústina. Þústin er regluleg og aflíðandi en ekkert innra birgði er lengur greinilegt. Þústin er 7 x 4 m á stærð og snýr austur-vestur (eða ASA-VNV). Hún er um 0,3 m á hæð. Ekki er vitað hvaða hlutverkið útihúsið gegndi nákvæmlega.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1920, Bæjarteikningar Dana 1904

SF-182:007 þúst útihús 63°43.776N 18°33.117V
Útihús var um 100 m ofan NNA við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakorti frá 1920. Húsið stóð á milli útihúsa 006 og 011, allra efst í túninu.


Útihúsþúst SF-182:007 sést óljóst á miðri mynd. Horft til VNV

Útihúsið var efst í gamla túninu, eins og það var sýnt á túnakorti frá 1920. Þessi hluti túnsins var í talsverðum bratta og er ekki lengur sleginn. Stór tún hafa hins vegar verið ræktuð norðan við gamla túnið og taka þau við fast norðan við þústina. Þar sem útihús stóð er nú (2015) ógreinileg dæld í túninu og þar er meiri gróska (grænka) í túninu. Svæðið þar sem húsið hefur staðið er 9 x 6 m stórt og snýr nálega norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1920, Bæjarteikningar Dana 1904

SF-182:008 *Búlandstangi* gata leið 63°43.819N 18°33.000V



Götur SF-182:008. Á báðum myndum er horft til suðurs


Inn á Bæjarteikningu Dana frá 1904 eru merktar götur sem greinst hafa frá heimreið 027 um 130 m austan við bæ 001 og legið til norðurs fast austan við túnjaðar. Göturnar lágu á leiðina til Búlandskirkju (661:025). Sundurskorið svæði í nokkrum bratta.

Göturnar hafa legið til norðurs með túnjaðri og sjást fast norðan við kálgarð 022. Þar má greina göturnar þar sem þær liggja upp nokkuð brattar brekkur til norðurs í 80-100 m áður en þær hafa líklegast greinst í tvennt, annars vegar í götur sem hafa legið til norðvesturs á svipuðum slóðum og þjóðvegur (sjá 661:017) og hins vegar Búlandskirkjugötur (661:025). Hér er skráður sá hluti leiðarinnar sem lá frá heimreið og á Búlandskirkjugöturnar. Þær eru greinilegar að þjóðvegi en sjást óljósar austan hans í Torfmýri og Torfholti. Þar sem fyrst má greina göturnar ofan við trjáreit eru þær fremur ógreinilegar upp bratta brekkuna en eftir því sem ofar dregur verða göturnar greinilegri og rétt áður en komið er upp á brúnina greinast þær í tvennt en leiðin sem liggur vestar verður fljótt ógreinileg. Austari leiðin, sú sem hér er skráð, er greinileg og sjást ofan á brúninni talsverður fjöldi slóða, eða allt að 10-15 samsíða slóðar uns þeir hverfa undir þjóðveg. Göturnar eru illgreinanlegar í Torfmýri, að merkjum við Gröf. Göturnar voru raktar á um 180 km kafla en gera má ráð fyrir að einhver merki þeirra sjáist víðar enda hefur umrædd leið verið 6-7 km löng.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-182:009 *Ketilborgartorfa* tóftir fjárskýli 63°43.004N 18°32.836V "Vestur úr Nesinu ofan við mýrina er Gatnatorfa, þá Ketilborgartorfa. Þar eru gamlar fjárborgir," segir í örnefnalýsingu. Um 1,4 km sunnan við bæ 001 eru nokkrar tóftir í túnjaðri á Ketilborgartorfu. Tóftirnar eru í móa sem er vaxinn grasi og mosa og hallar til norðausturs



Tóftir á Ketilborgartorfu SF-182:009

að sléttuðum túninu og að gili til suðvesturs.Tóftir A, D og B eru aðþrengdar að ræktuðu túni að norðaustan og girðingu að suðvestan en tóftir E og C eru suðvestan við umrædda girðingu, á milli hennar og gils.

Á þessum stað sjást a.m.k. 4-5 tóftir/þústir, á svæði sem er 110 x 45 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í lýsingunni hér á eftir verður hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar. Skammt sunnan við tóft A tekur við mikil hæð sem snýr norður-suður og virðist líkleg til að geyma mikla mannvist undir sverði. Litlar leifar eru þó merkjanlegar á yfirborði en óljóst gerði D var á því norðvestarlega og allra syðst var ein tóft, B. Af tóftunum sem voru skráð á þessu svæði voru tóftir A og C lang skýrastar. Tóft A er nyrst á svæðinu, á svolitlum hól/uppsöfnun. Sjálfur hóllinn er 15 x 12 m stór og endar um 1,5 m norðaustan við girðingu. Hann nær fast að túnjaðri. Hóllinn er um 70 cm hár. Á honum er tóft A sem er 7 x 7 m stór og virðist næstum sexhyrnd. Veggir hennar eru 1-1,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Tóftin er algróin og engar grjóthleðslur sjást í henni. Hún er einföld og opin til vesturs. Þúst B er tæpum 70 m suðaustan við tóft A og er einnig fast suðvestan við túnjaðar. Á milli tófta A og B er þúst D. Þúst B er sem fyrr segir á svolítilli hæð eða hrygg í landinu sem gæti að hluta til

verið uppsafnaðar mannvistarleifar. Þústin er óskýr og 7-8 x 6 m stór en 0,3 m á hæð. Hún snýr NNV-SSA. Þústin sker sig frá umhverfi sínu á afgerandi hátt en innra birgði veggja er ógreinilegt. Austurhluti hennar hefur líklega aðeins laskast við túnrækt. Tóft C er um 25 m beint sunnan við tóft A en girðing liggur þarna á milli. Tóftin er um 12 m vestan við girðinguna og 10 m austan við óljósan bílslóða. Líklega hefur austurhluti hennar brotnað í rof og uppblástur. Tóftin er á háum stalli/uppsöfnun og frá toppi veggja og niður á jafnsléttu eru allt að 1 m. Tóftin er því mjög afgerandi í landslaginu. Sjálfur hóllinn/stallurinn sem tóftin er á er 12-13 m í þvermál en tóftin er 8 x 8 m að stærð en aðeins um 4 m í þvermál að innanverðu og ekki er að sjá hólfaskiptingu í henni. Sem fyrr segir er tóftin talsvert röskuð og austurhlið hennar gæti hafa blásið en gróið upp aftur. Tóftin virðist opin til suðvesturs. Gerði D er rúmum 20 m suðaustan við tóft A, á milli A og B. Gerðið er í raun bara óljós þúst og á



Yfirlitsmynd yfir tóftir SF-182:009 horft til suðausturs

mörkum þess að geta talist greinilegt mannaverk. Þústin er um 17 x 9 m stór og óljósir hryggir mynda það sem gæti verið suðaustur-skammhlið og suðvestur-langhlið eða suðurhorn á mögulegu gerði. Aðrir hlutar þess hafa þá horfið í tún. Hæð hryggjar er aðeins 0,1 m. Þúst E er um 17 m ofar eða vestan við tóft A og 1 m vestan við girðinguna sem skiptir tóftasvæðinu í tvennt. Þústin er 7 x 6 m stór og 0,2 m á hæð en ekki er hægt að greina innra birgði veggja. Ekki er greinilegt op á henni.
Hættumat: stórhætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Borgarfell, 1.

SF-182:010 *Torfmýri* örnefni rista 63°44.239N 18°33.526V
"Þá eru holt hér upp af Kverkunum, Torfmýrarholt og mýri, sem heitir Torfmýri," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Sigfúsi Sigurjónssyni, heimildamanni var mótekja í Torfmýri. Torfmýri er fast norðaustan við þjóðveg og 600-1000 m norðan við bæ 001. Nú er nýlega (þetta ritað 2015) búið að umbylta svæðinu mikið og gera tún að mestu þar sem Torfmýri og Torfholt voru áður. Þarna eru því sléttuð tún á kafla en á milli eru holt sem vaxin eru mosa og grasi. Nyrst á þessu svæði er talsvert deiglendi og var hnit tekið þar þó að líklegt sé að torf kunni að hafa verið rist víða á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Borgarfell, 2.

SF-182:011 þúst útihús 63°43.772N 18°33.091V

Útihús er merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920. Það var um 100 m ofan (NNA) við bæ 001, efst í túni. Útihúsið var efst í gamla túninu, eins og það var sýnt á túnakorti frá 1920. Þessi hluti túnsins var í talsverðum bratta og er ekki lengur sleginn. Stór tón hafa hins vegar verið ræktuð norðan við gamla túnið og taka þau við fast norðan við þústina. Á þessum stað sést enn þúst eða ójafna í túninu. Hún er 9-10 x 4-5 m stór ef allt er talið og snýr norður-suður. Í raun væri eðlilegast að kalla þessi ummerki dæld og hún er 8 x 2,5 m stór. Ekki er að sjá tóftarlag á þessum leifum en greinilegt er að þarna hefur hús staðið.



Útihúsþúst SF-182:011, horft til suðausturs

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-182:012 heimild um traðir 63°43.714N 18°33.178V

Traðir lágu frá gamla bænum í Borgarfelli 001 og til norðvesturs, yfir Bæjargil og áfram til norðvesturs samkvæmt Bæjarteikningu Dana frá 1904. Umhverfis gamla bæjarstæðið er nú sléttuð og afgirt húsalóð en svolítil dæld er í grasið þar sem leiðin hefur líklega legið til norðvesturs. Ekki sáust greinileg ummerki eftir leiðina í beinu framhaldi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-182:013 *Gatnatorfa* gata leið 63°43.177N 18°33.066V

"Vestur úr Nesinu ofan við mýrina er Gatnatorfa," segir í örnefnalýsingu. Gatnatorfa er rúmum 1 km sunnan við bæ 001. Hún er nú innan afgirtrar sumarbústaðalóðar. Göturnar liggja eftir grasi- og mosavaxinni hæð en sunnan við er gil og norðan ræktuð tún.

Á þessum slóðum má enn rekja götur en ekki er hægt að fylgja þeim á mjög löngum kafla. Göturnar liggja upp/niður teigana fast norðaustan við bílslóða sem liggur að bústað. Göturnar má greina áfram til suðausturs niður hlíðina innan sumarbústaðalóðarinnar og áfram suðaustan hennar. Þar liggja göturnar niður alla brekkuna en hverfa þar sem tún taka við til suðausturs. Ekki er vitað á hvaða leið þessar götur



Götur SF-182:013 horft til suðausturs

voru. Þær voru samtals raktar á um 270 m löngum kafla.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Borgarfell, 1.

SF-182:014 *Helluvað* heimild um vað 63°42.589N 18°33.241V


Vað SF-176:015 horft til suðvesturs

"Helluvað er hér á ánni útsuður frá bænum," segir í örnefnalýsingu. Helluvað er á Tungufljóti, um 2,1 km sunnan við bæ 001. Bakkarnir beggja vegna árinnar eru háir og brattir. Eins og aðstæður eru í dag (2015) virðist eina leiðin að vaðinu af bakkanum í landi Borgarfells liggja um djúpt skarð inn í bakkann sem lækjarsytra rennur um út í ána.

Vaðið liggur yfir grynningar í ánni þar sem hún breiðir úr sér. Það er 150-200 m breidd og stefnir norðaustur-suðvestur í skarð á hinum bakkanum í landi Hemru SF-186. Stórir klettar eru beggja vegna við það, næst ánni. Farið er ofan (norðvestan) við klett úti í ánni. Ekki er ljóst á hvaða leið vaðið var en mögulega var það á leið 038.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Borgarfell, 2.

SF-182:015 *Veita* renna áveita 63°43.705N 18°33.118V


Renna SF-176:015 horft til suðurs á mynd vinstri en til norðurs á mynd til hægri

"Neðan við túnið, sem upphaflega var lítið, var mýri sem hét Veita, nú orðin að túni," segir í

örnefnaskrá. Á þessum slóðum má enn sjá ógreinilega rás þvert yfir svæðið sem nú er orðið að sléttum túnum. Sléttuð tún í halla til suðausturs.

Sigfús Sigurjónsson heimildamaður telur að einu ummerkin sem greina megi um Veituna séu ummerki skurðar sem má greina sem dæld þvert í gegnum túnið norður-suður, á um 60 m löngum kafla fast sunnan við bæjarhól 001. Dældin er um 0,5 m á breidd en 0,1-0,2 m á dýpt. Túnin eru talsvert deiglend á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-182:016 *Réttargil* örnefni rétt 63°43.697N 18°32.845V

"Sunnan við Búlandstangagil er Hlaupbrekka, og sunnan við hana er gil, sem nefnist Réttargil," segir í örnefnalýsingu. Réttargil er um 250 m austan við bæ 001. Það er grasi gróið og lítil lækjarspræna virðist hafa komið upp í því en ekkert vatn er þar nú. Á þessum slóðum eru grasi grónar hæðir með gildrögum en vestar eru slétt tún.

Engar leifar af rétt finnast á þessum slóðum nú. Við minni gilsins eru nú sléttuð tún ofan þeirra og nær gili lá lengi vegur milli Borgarfells og Grafar. Verið getur að meint rétt hafi vikið í einhverjum þessara framkvæmda. Staðsetning Réttargils bendir til að réttin þar hafi verið heimarétt af einhverri tegund.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Borgarfell, 4.

SF-182:017 *Bótólfsþúfa* þjóðsaga 63°43.710N 18°32.840V




Bótólfsþúfa SF-182:017, horft til austurs

Getið er um Bótólfsþúfu í Íslenskum þjóðsögum og sögnum en þar kemur fram að á milli bæjanna er þúfa er Bótólfsþúfa sem eigi að draga nafn sitt af bónda sem Bótólfur hét og eitt sinn bjó að Borgarfelli. Samkvæmt sögunni bjó þá Jón nokkur í Gröf og voru þeir nágrannar svarnir óvinir. Segir sagan að eitt sinn þegar Bótólfur var staddur í Gröf hafi Jón hafi byrlað honum eitur og Bótólfur hafi dáið á heimleiðinni á þessum stað sem síðar var við hann kenndur. Aðrir segja að hann hafi verið stunginn. Í örnefnaskrá segir: "Neðan við Réttargil er Bótólfsþúfa, kennd við Bótólf Vigfússon, bónda í Borgarfelli um 1800 [1803]. Fannst hann dauður við þúfuna, af mannavöldum, ". Samkvæmt Sigfúsi Sigurjónssyni heimildamanni var það bóndinn í Gröf sem átti að hafa orðið Bótólfi að bana með kjálkabeisli. Bótólfsþúfa er um 250 m austan við bæ 001 í Réttargili. Við talsmynnið að norðan er strýtulaga hóll sem er líklega umrædd þúfa.

Á þessum slóðum eru grasi grónar hæðir með gildrögum en vestar eru slétt tún. Umræddur hóll er 6 x 3-4 m stór og strýtulaga. Hæð að ofan er 0,7 m en 4 m að neðan. Ekki sjást aðrir staðir líklegri en þessi á þessum slóðum nú en rétt að geta þess að vel er mögulegt að þúfan hafi verið vestar og þá horfið í túnið.

Heimildir: Einar Guðmundsson, Íslenskar þjóðsögur, 5 bindi. 2. útgáfa (Reykjavík: Leiftur, 1932), I, 64-65, Borgarfell, 4.

SF-182:018 *Heybandslág* gata leið 63°43.405N 18°34.687V
Heybandsleið lá um Heybandslág frá bæ 001 í Titjufossmýri og sjást götur fyrst á leiðinni um 1 km suðvestan við bæ 001 en þar sjást líka fyrst götur á leið 035. Leiðin liggur yfir mosa- og grasivaxnar torfur. Bílslóði liggur meðfram þeim og yfir þær á kafla. Uppblástur og rof vestan við bæinn hefur afmáð göturnar á löngum kafla.



Heybandsleið SF-182:018, horft til austurs á báðum myndum. Á mynd til hægri sést vel hvar göturnar hverfa í uppblástur

Hægt var að fylgja leiðinni á um 500 m löngum kafla þar sem þær liggja VSV-ANA. Skýrar grónar götur sjást 15-18 saman á 12 m breiðu svæði. Þær eru mjög þétt saman, eru 0,1-0,2, m á dýpt og 0,2 m á breidd. Þar sem lækur rennur um Hámýrargilin enda göturnar skyndilega við háan rofbakka og sjást ekki á kafla þar sem brotnað hefur af gilbakkanum. Göturnar hverfa í Titjufossmýri þar sem eru allmiklar slægjur og hefur heybandsleiðin legið frá mýrinni og heim að bæ.
Hættumat: engin hætta

SF-182:019 garðlag akur 63°43.663N 18°33.230V
Sigfús Sigurjónsson, heimildamaður, greindi frá fornlegum garðlögum í túni sunnan við núverandi bæjarstæði. Hluti þeirra sést enn um 100 m suðvestan við bæ 001 í túni sem hallar til suðurs, fast austan við túngarð 022. Þar voru að öllum líkindum forn akurgerði. Minjarnar eru í túni norðan við ný og stór fjárhús, á milli heimreiðar að bæ í austri og túnslóða í vestri. Þær eru í aflíðandi halla mót suðri. Sigfús man eftir þremur þvergörðum sem lágu austur-vestur út frá langgarði sem lá norður-



Stallar SF-182:019, horft til ASA

suður. Langgarðurinn er hluti af túngarði 022 og skráður undir því númeri. Aðeins sést einn af þvergörðunum og að auki garðbrot eða tóftarbrot. Um 5 m austan við suðurenda þess hluta túngarðs 022 sem enn sést þarna er garður A sem byrjar í dálitlum sveig í vesturenda og liggur svo til ANA. Hann nær óslitið að vegi heim að bæ en er eitthvað raskaður í austurenda og er skarð komið í hann þar. Garðurinn er 40 m á lengd. Hann er útflattur, 3-4 m á breidd og um 0,4 m á hæð þar sem hann er hæstur. Um 2 m sunnan við vesturenda garðs A er stuttur garður eða tóftarveggur B sem er um 8 m að lengd og snýr austur-vestur. Ytri (syðri) brún hans er um 0,4 m á hæð en innri (nyrðri) brún hans hefur samlagast brekkunni. Efsti þvergarðurinn var þar sem núverandi bæjarstæði er og líklega á sama stað og túngarður 022 lá. Neðsti þvergarðurinn var á þeim slóðum þar sem nýlega hafa verið byggð stór fjárhús. Þegar fjárhúsin voru byggð kom upp aska við SSV-horn þeirra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-182:020 *Lambabyrgisgil* örnefni fjárskýli 63°43.782N 18°35.520V
Lambabyrgisgil er um 2 km vestan við bæ 001. Örnefnið er í örnefnasjá Landmælinga Íslands og bendir það til þess að í eða við gilið hafi verið fjárskýli. Mikið rof hefur orðið ofan við gilið til austurs en bakkar gilsins eru grónir, sérstaklega norðurbakkinn. Ekki sést til minja um fjárskýli á þessum slóðum. Ekki er útilokað að þær hafi horfið vegna rofs. Óvíst er að þarna hafi verið mannvirki enda ágætt skjól í gilinu sjálfu.

SF-182:021 *Hrútakofatorfa* tóft útihús 63°43.744N 18°33.296V
Útihús er merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 130 m VNV við bæ 001. Tóft útihússins sést enn og er hún ofarlega í Hrútakofatorfu og ætla má að hún sé af hrútakofa. Tóftin er í



Hrútakofi SF-182:021. Á ljósmynd er horft til suðurs

gömlu túni sem komið er í órækt. Torfan er mjó og hálend á milli tveggja gilja. Suður af tóftinni er snarbrött brekka ofan í syðra gilið. Tóftin er torf- og grjóthlaðin. Hún er einföld og snýr norður-suður. Tóftin er um 4x6 m að stærð. Op er á henni til suðurs. Veggir eru 0,4-0,6 m á hæð. Tóftin er ekki fornleg en hún er gróin. Það sést í grjót í innanverðum veggjum hennar en ekki sést fjöldi umfara í hleðslum.
Hættumat:, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-182:022 garðlag túngarður 63°43.786N 18°33.162V
Túngarður hefur legið umhverfis stóran hluta túna Borgarfells og sést hann bæði á bæjarteikningu Dana frá 1904 og á túnakorti frá 1920. Garðurinn sést á kafla ágætlega, t.d. norðan við gömlu heimatúnin. Túngarðurinn er vel greinilegur milli Litlu- og Stórukinna.

Í Stórukinn má greina hrygg eða öllu heldur mætti segja að gömlu túnin endi til norðurs og niður af þeim sé bratt niður á flatlend túnin fyrir ofan. Því sést brún að norðan þar sem túngarðurinn hefur legið en suðurbrún hans er ógreinileg og liggur í raun saman við gömlu túnin. Á þessu skeiði má rekja hrygginn á um 125 m kafla til norðvesturs. Þar er hryggurinn mest um 1 m á breidd en 0,8 m á hæð og er algróinn. til vesturs hverfur hann í tún á um 40 m kafla en norðvestan túnanna má aftur greina um 10 m hrygg. Þar sem garðinum sleppir til austurs er um kafli þar sem erfitt er að greina hrygginn en í norðausturhorni túnsins er gerði sem enn er afmarkað. Gerðið er um 25 x 20 m stórt og inni í því vaxa greinitré,



Túngarður SF-182:022 (til vinstri horft til VNV) og kálgarður við hann til hægri (horft til norðausturs)

rabarbari og fleira. Hleðslan umhverfis svæðið er greinileg og áreiðanlega ekki mjög forn. Í vestanverðu túninu sést túngarðurinn á köflum. Fast vestan við tóft 021 í Hrútakofatorfu eru unglegir, torfhlaðnir garðar sem girt hefur verið ofan á. Um 4 m vestan við hrútakofatóftina er garður sem er 74 m á lengd og liggur norður-suður. Hann er beggja vegna við lækjargil sem afmarkar Hrútakofatorfu að suðvestanverðu. Garðurinn er 0,4-0,6 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Rof er komið í hann á stöku stað. Annar garður er 6 m vestan við þennan garð og liggur samsíða honum á 15 m löngum kafla þar sem hann liggur niður bratta torfuna ofan í lækjargilið. Hann er einnig torfhlaðinn og er 0,2-0,3 m á hæð og um 1 m á breidd. Stuttur bútur af túngarðinum sést svo í lækjargilinu á milli nýja bæjarstæðisins og þess gamla 001. Þar liggur hann til norðurs ofan í gilið af suðvesturbakkanum og sést á 14 m löngum kafla. Hann er 1-1,5 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Að lokum sést túngarðurinn vestast í miðju túni á milli útihúss 003 og kálgarðs 002. Þar er búið að slétta yfir garðinn en hann sést sem afgerandi hryggur í landinu sem liggur NNV-SSA. Þessi hluti garðsins er 22 m á lengd, 2-3 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Akurgerði 019 eru fast austan við þennan hluta garðsins og hafa að öllum líkindum tengst honum.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-182:023 heimild um kálgarð 63°43.783N 18°33.162V
Kálgarður er sýndur á bæjarteikningu Dana frá 1904 um 30 m norðaustan við útihús 006, efst (nyrst) í heimatúninu, við innanverðan túngarð 022. Þessi hluti túnsins var í talsverðum bratta og er ekki lengur sleginn. Stór tún hafa hins vegar verið ræktuð norðan við gamla túnið.
Ekki sjást eiginleg ummerki um kálgarð á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-182:024 heimild um útihús 63°43.678N 18°33.209V
Á bæjarteikningu Dana frá 1904 er útihús um 100 m suðvestan við bæ 001 og 30 m suðvestan við útihús 003. Það var í suðvesturhorni húsagarðs sunnan við núverandi íbúðarhús. Aflíðandi brekka er til suðurs frá íbúðarhúsinu og innan húsagarðsins er trjágróður. Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði og hefur það líklega horfið vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-182:025 mannabein legstaður 63°43.701N 18°33.160V
Afi Sigfúsar Sigurjónssonar heimildamanns kom niður á mannabein þegar hann var að grafa fyrir súrheysturni um 1940 eða fyrr. Hún var á gilbarmi Bæjargils 40-50 m sunnan við bæ 001. Sigfúsi minnti að þau hefðu verið send í rannsókn. Umrædd heygryfja er nú horfin.
Samkvæmt Sigfúsi var fundarstaðurinn um 10 m ofan eða norðan við þar sem sést hringlaga dæld inn í gilbrúnina og er hún opin til vesturs. Gilið er talsvert stórt og bratt og talsvert rof er í því á köflum. Greinilegt er að rusli hefur verið hent ofan í gilið langt fram eftir 20. öldinni og sjást þar leifar af alls kyns nýlegu rusli. Engin sérstök ummerki er að finna þar nú. Ekki er vitað hvers eðlis mannabeinin voru en fjarlægð frá bæ 001 gætu bent til þess að þar hafi verið hálfkirkja eða bænhús.


Svæðið sem mannabein SF-182:025 fundust á. Horft til suðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-182:026 vegur leið 63°45.644N 18°32.742V
Samkvæmt bæjarteikningu Dana frá 1904 lá heimreiðin 027 þá mun austar en hún gerir nú (2015), undir rótum brekkunnar og lá hún þar allt til loka 20. aldar. Frá umræddri heimreið lá önnur leið til suðausturs upp brekkuna á þessum slóðum og kom hún beint á gömlu heimreiðina að Gröf. Umrædd leið var farin upp brekkuna austan við Borgarfell þegar farið var til Grafar. Leiðin greindist frá heimreið og lá upp brekkuna í beina átt að heimreið Grafar. Á þessum stað er mikill skorningur í brekkuna og er hann 2,5 m á breidd og sést á um 160 m kafla. Líklega hefur þessi vegur verið bílfær og notaður lengi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-182:027 vegur leið 63°43.616N 18°32.739V



Vegur SF-182:027, horft til norðurs


Samkvæmt bæjarteikningu Dana frá 1904 lá heimreiðin 1904 mun austar en hún gerir nú (2015), undir rótum brekkunnar og lá hún þar allt til loka 20. aldar. Umrædd leið var farin upp til austurs frá bæ og síðan í brekkurótum Kinnanna til suðausturs þar til farið var upp á þær í námunda við Gröf. Heimreiðin lá frá bæ og í um 160 m til austurs en beygði þá til suðausturs og lá meðfram brekkurótum á um 400 m kafla og því sem næst upp brekkuna til móts við Gröf. Frá heimreiðinni greindist leið 026 nokkru norðar og lá hún frá vegi og að gömlu Grafarheimreiðinni. Mikil ummerki um yngsta veginn á þessum slóðum sjást enn. Hann er 2,5-4 m á breidd en 0,6 m á hæð og var notaður fram eftir allri 20. öld og því ekinn af bílum um áratugaskeið. Hann er nú algróinn

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-182:028 tóft+garðlag rétt 63°43.590N 18°33.427V






Tóft SF-182:028. Á ljósmynd er horft til norðvestur

Réttartóft og sambyggt garðlag (ungur túngarður) eru um 180 m norðan við tóft í Stekkjartúni 032 og um 330 m suðvestan við bæ 001. Minjarnar eru í lítilli óræktaðri kvos á milli Fjárhústúns og Oddatúns í halla mót norðaustri. Réttin og garðlagið eru á svæði sem er um 55x19 m að stærð og snýr ANA-VSV. Í VSV-enda svæðisins er réttartóftin og er hún 19x14

m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóftin er þrískipt og er torf- og grjóthlaðin. Mesta hleðsluhæð er 0,8 m á ANA-hlið en þar eru hleðslur hrundar. VSV-hliðin er að mestu leyti grafin inn í aflíðandi halla. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum því tóftin er vel gróin. Hólf I er í SSA-enda og er 6x10 m að innanmáli. Hólfið snýr NNV-SSA. Hólf III er NNV við hólf I og er ógreinilegur veggur að hálfu á milli hólfanna. Hólf III er 6,5x6 m að innanmáli, snýr ANA-VSV. Op er á því í austurhorni, út úr tóftinni. Hólf II er VSV við hólf III og er ekki hlaðinn veggur á milli hólfanna. Hólf II er 4x2,5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Op er á því til VSV. Garðurinn liggur til ANA frá austurhorni tóftarinnar. Hann er um 44 m á lengd og er víðast 1 m á hæð. Hæstur er garðurinn um 1 m á 12 m löngum kafla á milli tveggja kanta sem liggja þvert á garðinn NNV við hann. Hvor kantur er um 3 m á lengd og kann einhvers konar mannvirki hafa verið á milli þeirra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-182:029 *Fjárhústún* tóft fjárhús 68°43.623N 18°33.943V
Fjárhústóft er um 340 m ASA við bæ 001 í svokölluðu Fjárhústúni. Á þessum stað eru þrjár tóftir í hnapp (sjá einnig 031 og 033) og er sú tóft sem skráð er númer 029 sú sem er unglegust þeirra. Tóftirnar eru efst og vestast í túninu sem er í svolitlum halla. Lækjargil er suðaustar.




Fjárhústóft SF-182:029. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

Tóftin er úr blönduðu efni. Hún er samtals 21 x 10 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóftinni má skipta upp í fimm hólf eða einingar. Allra syðst er hólf A. Það er um 5 x 2-3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Enginn veggur er fyrir suðurvegg og hefur þar verið timburþil. Norðurhluti hólfs A er markaður af timburkofa B, sem er byggður inn í tóftina. Kofi B er um 2-2,5 m á kant og er hann undir þaki. Norðan hans er svo hólf C en það er fullt af bárujárni og öðru rusli. Það er um 6 x 2 m að stærð og snýr eins og tóftin. Hólf A-C hefur áður verið eitt og sama hólfið, þ.e. áður en timburkofinn var byggður inn í tóftina. Til suðurs nær það að kofa B en til norðurs er torfveggur sem þó er mjög lágur. Til norður dýpkar tóftin hins vegar mikið. Allra nyrst er svo hólf D. Það er 7 x 2,5 m að innanmáli og er 2 m á dýpt. Veggir þess eru að mestu hlaðnir grjóti og er greinilegt að þarna hefur verið hlaða. Allra nyrst er hlöðuveggurinn nær alveg niðurgrafinn og má þar sjá allt að 14 umför í hleðslu. Vesturveggurinn er einnig mjög stæðilegur (allt að 2,5 m hár) en brekkan hefur hrunið yfir austurvegg að hluta. Austan við hólf C er svo hólf E en ekki hefur verið opið á milli. Hólf E er 3,5 x 1,8 m stórt og hólfið er opið til austurs (op á miðjum austurvegg). Fyrir framan (sunnan tóftina er lág en gróin hæð, líklega hefur þar verið hrúgað upp því sem stungið hefur verið út úr húsinu.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-182:030 þúst 63°43.674N 18°33.251V




Þúst SF-182:030, horft til norðurs

Nokkuð afgerandi þúst eða hóll er í húsagarði nýja bæjarins í Borgarfelli sem hefur verið í eða fast við gamla heimatúnið. Hóllinn er um 115 m suðvestan við bæ 001 og 5 m NNV við útflattar leifar af túngarði 022 vestast í túninu. Hóllinn er í aflíðandi halla mót suðri. Meðfram honum eru birkitré sem mynda hring í kringum hann. Syðst í hólnum eru litlir stuðlabergsdrangar til skrauts.
Hóllinn er fremur flatur að ofan, vaxinn grasi og mosa. Hann er um 7 m í þvermál og 0,5-0,6 m á hæð. Líklegt er að mannvistarleifar leynist í hólnum og þá sennilegast að það séu leifar af útihúsi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-182:031 tóft 63°43.621N 18°33.508V


Tóft er um 340 m ASA við bæ 001 í svokölluðu Fjárhústúni. Á þessum stað eru þrjár tóftir í hnapp (sjá einnig 029 og 033) og er sú tóft sem skráð er númer 031 vestust af tóftunum þremur. Tóftirnar eru efst og vestast í túninu sem er í svolitlum halla. Lækjargil er suðaustar.



Tóft SF-182:031. Á ljósmynd er horft til NNA

Tóftin er fremur sigin og líklega hefur hún verið einföld. Hún er 7 x 6 m stór og snýr nálega norður-suður. Op hefur líklega verið vestarlega á suðurvegg en það er nú óskýrt. Veggjarhæð tóftar er mest 0,4 m.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-182:032 *Stekkatún* tóft fjárhús 63°43.497N 18°33.345V
Að sögn Sigfúsar Sigurjónssonar, heimildarmanns, voru fjárhús í Stekkatúni. Stekkatún er ekki nefnt í örnefnaskrá fyrir Borgarfell. Eins og nafnið gefur til kynna er búið að rækta tún á svæðinu og ekki er vitað hvar stekkurinn var sem túnið dregur nafn sitt af en leifar af tóft eru





Tóft SF-182:032 horf til norðausturs

um 440 m sunnan við bæ og um 170 m NNA við rétt 028. Ætla má að sú tóft sé niðurgrafin hlaða, hluti af fjárhúsum sem fuku 1963. Tóftin er við suðurjaðar túnsins, nærri gilbrún sem skilur á milli túna. Girt er yfir suðurhlið hennar.

Tóftin er 7x7 m að utanmáli. Tóftin er að mestu leyti niðurgrafin og er 1,3 m á dýpt. Hlaðnir veggir eru óverulegir á norðvestur- og suðvesturhliðum en mesta hleðsluhæð veggja er 0,2-0,3 m á suðausturhlið. Ekki sjást skýr ummerki um aðra hluta fjárhúsanna en þó er óræktaður blettur í lægð suðvestan við tóftina sem gefur ef til vill staðsetningu þeirra til kynna.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-182:033 tóft 63°43.619N 18°33.477V




Tóft SF-182:033. Á ljósmynd er horft til ANA

Tóft er um 340 m ASA við bæ 001 í svokölluðu Fjárhústúni. Á þessum stað eru þrjár tóftir í hnapp (sjá einnig 029 og 031) og er sú tóft sem skráð er númer 031 austust af tóftunum þremur. Tóftirnar eru efst og vestast í túninu sem er í svolitlum halla. Lækjargil er suðaustar. Tóftin er mun fornlegri en tóft 029. Hún er 10 x 7 m stór og er einföld. Tóftin snýr NNA-SSV. Op er á suðurvegg hennar. Tóftin er algróin og eru veggir mest 0,4 m á hæð. Innanmál tóftar er 4,5 x 2,5 m. Lag tóftarinnar er talsvert sérkennilegt og í raun réttri mætti kalla hana sexhyrnda.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-182:034 tóft fjárskýli 63°42.697N 18°32.326V
Tóft er austast á Sauðatorfu syðri. Tóftin er um 780 m austan við Helluvað 014 og um 2 km sunnan við bæ 001. Tóftin er á óræktuðum tanga á bakka Tungnaár. Djúpt gil gengur upp frá ánni norðaustan við tangann. Ræktað tún er norðvestan við hann. Snarbratt er af tanganum ofan í árgilið.

Tóftin er einföld og torfhlaðin og er um 5x5 m að stærð. Austurhlið hennar er grafin inn í lága hæð á tanganum. Veggir hennar eru 1-1,5 m á breidd og 0,4 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Óljóst op er í suðvesturhorni tóftarinnar. Innanmál er enn nokkuð skýrt og virðist



Tóft SF-182:034. Á ljósmynd er horft til austurs

tóftin ekki mjög gömul. Staðsetning tóftarinnar og lögun hennar benda helst til þess að þarna hafi verið fjárskýli.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-182:035 gata leið 63°43.303N 18°34.273V
Fornar, grónar götur eru vestan við Borgarfell og sjást fyrst um 1 km suðvestan við bæ 001, á sama stað og götur á heybandsleið 018 sjást fyrst. Göturnar liggja um mosavaxna, hálenda torfu og eru gil beggja vegna við hana.

Leiðin sést fyrst efst á gróinni torfu en austan við hana er gróið rof þar sem öll ummerki um leiðina eru horfin. Leiðin liggur í sveig frá suðvestri til suðurs og sést á 460 m löngum kafla. Neðst og syðst í torfunni hverfa göturnar á 44 m löngum kafla og sjást svo aftur á 13 m löngum kafla. Er þá komið niður að Tungnaá og hverfur hún þar á bakkanum. Mest sjást 14 götur á 10 m breiðu svæði. Göturnar eru grónar og eru mest 0,2 m á breidd og dýpt. Vestast í götunum er ein gata sem farin er af fé og er greinilegust. Ekki er ljóst hvert þessi leið



Leið SF-182:035. Á mynd til vinstri er Klifið, horft til austurs en á mynd til hægri er horft til suðurs

lá en ætla má að hún hafi legið frá Borgarfelli 001 og yfir í land Snæbýlis, mögulega skógargata. Land Borgarfells er skóglaust og ekki ósennilegt að jörðin hafi átt skógarítak í landi Snæbýlis undir Stóruskriðuhömrum.
Hættumat: engin hætta

SF-182:036 gata leið 63°43.660N 18°35.841V
Ógreinilegar götur á óþekktri leið eru frá Lambabyrgisgili 020 fram á bakka Tungnaár á Hafurártanga þar Hafurá í landi Snæbýlis rennur í Tungnaá. Göturnar sjást fyrst um 2 km vestan við bæ 001. Leiðin liggur yfir mosagróið holt þar sem einnig vex gras.



Götur SF-182:036 horft til norðausturs


Leiðin sést á um 360 m löngum kafla og liggur hún norðaustur-suðvestur. 5-6 hlykkjóttar götur sjást á 6 m breiðu svæði. Göturnar eru grónar og eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt. Allbratt er fram af árbakkanum á Hafurártanga en vel fært. Göturnar sameinast rétt áður en komið er í Lambabyrgisgil og upp úr því sést ein gata

sem sýnilega er farin af sauðfé. Ekki ljóst hvert leiðin lá eða hvort hún var farin af öðrum en búfénaði.
Hættumat: engin hætta

SF-182:037 tóftir beitarhús 63°44.663N 18°35.410V

Sauðahús afa Sigfúsar Sigurjónssonar heimildamanns voru í Fífutorfum, um 2,5 km norðvestan við bæ 001. Tóftin er í brún Fífutorfa og er lækjardrag á milli brúnarinnar og næstu hæðar sunnan við.

Á þessum stað voru bæði fjárhús A og kálgarður B og er svæðið samtals 30 x 13 m stórt. Tóft A er á sjálfri hæðinni en kálgarðurinn er fast



Beitarhús SF-182:037 og kálgarður


Beitarhús og kálgarður SF-182:037. Á ljósmynd til vinstri er horft til austurs en til NNA á hægri mynd

vestan við í talsverðum halla niður í gilið. Víða umhverfis má sjá hvar torf hefur verið rist. Sauðahúsið (tóft A) er 15 x 7 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Veggir þess eru hlaðnir úr torfi og grjóti og eru mest 0,7 m á hæð (5 umför). Tóftin skiptist í tvö hólf. Sjálf fjárhúsin (hólf I) eru vestar og er samtals 8 x 3 m að innanmáli. Þau er með opi á miðjum vesturvegg og hefur mögulega skipst í tvö minni hólf en skiptingin er þá of óljós til að hægt sé að segja það með vissu í dag. Austar er hólf II og er ekki op á milli. Hólf II er opið til austurs og er 2 x 1,5 m að innanmáli. Líklega hefur það verið heytóft. Fast vesta við tóft A er svo kálgarður í brekkunni sem tekur þar við til austurs. Kálgarðurinn er 14 x 12 m stór og snýr nálega norður-suður. Veggir eru að mestu úr torfi og mest 0,9 m háir. Ekki er greinilegur suðurveggur neðst í gilinu en aðrir veggir eru greinilegir. Op virðist hafa verið á gerðinu í norðausturhorni, að tóft A.
Hættumat: engin hætta

SF-182:038 gata leið 63°43.142N 18°33.223V
Götur sjást á stuttum spotta um 1 km sunnan við bæ 001, suðaustan við Borgarfell og suðvestan við malarslóða sem liggur niður á Ketilborgartorfu 009. Göturnar eru í smáþýfðri mýri. Neðan við þær til suðausturs er stuttur skurður og sunnan við þær er gróið rofsvæði þar sem göturnar sjást ekki. Götur á leiðinni sjást á um 55 m löngum kafla og liggja nálega norður-suður.


Götur SF-182:038, horft til norðurs

Þær eru 15 saman á um 15 m breiðu svæði og eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt. Vatn stendur í sumum þeirra en þær eru grónar. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru en þær kunna að hafa legið að Helluvaði 014 yfir Tungufljót í land Hemru. Þar kann Borgarfell að hafa átt skógarítak en land Borgarfells er skóglaust.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SF-183 Snæbýli

1847: 5 hdr. Bændaeign. "Snæbýli segir sýslumaður (1844) að fyrir einu ári sé orðið bændaeign, en áður hafi það heyrt undir þykkvabæjar klaustur. 1769 er þar gjörð 15 al. lsk.
1756: Samkvæmt Ferðabók Eggerts og Bjarna (II. bindi útg. 1943, bls. 112) voru allir bæir í Skaftártungu vestan Kúðafljóts nema Ljótarstaðir í eyði 1756, ári eftir Kötlugosið, þ.m.t. líklega Snæbýli.
1848: Í Nýrri Jarðabók fyrir Ísland segir að forn hundraðatala sé 5 en ný 6.1.
Jörðin var í eyði árin 1903-1904 og aftur árin 1919 og 1926.
1965: Í Sunnlenskum byggðum IV, bls 272, kemur fram að jörðinni hafi verið skipt í tvær jafnar jarðir árið 1965. Sunnlenskar byggðir VI, 272.
Hvorki er til túnakort af jörðinni frá árinu 1904 eða 1920. 1980 var túnið 28.6 ha.
"Snæbýli er stór jörð en slægjur voru þar lélegar. ... Skóglendi er þar töluvert vestam á móti við Hólmsá. Þar er jarðhitalind en lítið heitt vatn. Hagar skjólgóðir. Nægjanlegt þurrt land til ræktunar." Sunnlenskar byggðir VI, 272.
"Á þessari jörð er sárlítill heyskapur, vetrarríki hið mesta, en á sumrin og góðum vetrum sauðjörð góð og gott undir bú. Hún hefur töluverðan skóg." segir í Sýslu- og sóknarlýsingum, 205.

SF-183:001 *Snæbýli* bæjarhóll bústaður 63°44.132N 18°36.968V
"Bærinn Snæbýli stendur vestan Tungufljóts, í hlíðinni austan Snæbýlisfjalls og ber hátt," segir í örnefnaskrá. Bæjarstæði Snæbýlis er um 270 m vestan við fjárhús 015. Þar er nú fjós og hlaða. Bærinn stóð á brún í landslaginu og þaðan hefur verið víðsýnt. Líklega hefur ekki verið eins snjóþungt frammi á brúninni og ofar í hlíðinni til vesturs og undir Snæbýlisfjalli. Aflíðandi brekka er austur af bæjarstæðinu niður að Tungufljóti.

Að sögn heimildarmanna var torfbær þar og fjós. Flutt var úr gamla bænum árið 1963. Fjósið stóð lengur en bærinn en var svo rifið. Engin ummerki um gamla bæinn, bæjarhólinn eða gamla fjósið sjást á bæjarstæðinu. Á því er nýleg fjósbygging og austan við hana er 2 m hár kantur sem myndast hefur við það að eldri byggingum var ýtt út og er ef til vill líka að hluta til gamall fjóshaugur. Í kantinum má sjá leifar af steypuveggjum og grjóti sem er að gróa yfir. Norðaustan við kantinn er skarð og svo tekur við tún. Líklegt er að uppsöfnuð mannvistarlög leynist undir byggingum á bæjarstæðinu en sennilegt er að þær hafi orðið fyrir talsverðu raski vegna niðurrifs og byggingarframkvæmda.



Bæjarhóllinn á Snæbýli SF-183:001. Á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en til suðausturs á mynd til hægri

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Snæbýli, 1.

SF-183:002 *Snævillsleiði* þjóðsaga legstaður
"Snævills Leidi - adrir seigia Snækolls Leidi - liggur til útnordurs, fyrir nedann Bæinn Snæbÿli - þad er 22 álnir á Leingd 12 ál: þickt ad nedanverdu - herum 4 al: hátt. - Eptir almæli er þar heÿgdur Snævill, sem fyrstur skal hafa buid á Snæbÿli, segir í Frásögum af fornaldarleifum. Örnefnið Snævillsleiði er nú alveg týnt en líklega er leiðið hið sama og nú gengur undir nafninu Einarshaugur, sjá 005. Um það verður þó ekki fullyrt með fullri vissu.
Varðveist hefur upptaka af Vigfúsi Gestsyni (f. 1896) og er hægt að hlusta á hana á vef Ísmus. Þar segir hann frá fornmannahaug á Snæbýli þar sem Snækollur eigi að vera heygður sem fyrstur bjó á Snæbýli. Hann segir hauginn fyrir neðan bæinn. Hann segir að talið hafi verið að eitthvað hefði verið sett í hauginn með honum og að einhverjir hafi ákveðið að grafa í hauginn en þá hafi þeim sýnst bærinn standa í björtu báli og þess vegna hætt við. Samkvæmt Vigfúsi á hólinn að bera þess merki að grafið hafi verið í hann þó Vigfús bendi á að sögnin um bærinn í björtu báli sé líklega ekki sönn því að bærinn sést ekki frá hólnum. Samkvæmt Vigfúsi var ekki aftur grafið í hólinn vegna sögunnar um bæjarbrunann.
Heimildir: FF, 97 og Ísmus, http://www.ismus.is/i/audio/id-1012440

SF-183:003 *Slóðamýri* gata leið 63°43.596N 18°36.596V
"'Austur af Borgarholti er Slóðamýri, sem nær niður að Tungufljóti...," segir í örnefnaskrá. Götur sjást við túnjaðar í Slóðamýri sem liggja niður í Hafursárgljúfur, upp úr því hinum megin og áfram til suðausturs þar til þær hverfa í gamalt tún á Hvítholti. Göturnar sjást fyrst um 1 km suðaustan við bæ 001. Göturnar liggja um gróinn móa norðan við Hafursgljúfur en sunnan við það er svæði sem er harðlendra og rýrara.



Götur SF-183:003. Á mynd vinstri er horft til norðausturs en til suðvesturs á mynd til vinstri


Götur voru raktar á um 780 m löngum kafla sem liggur norðvestur-suðaustur. Þar sem göturnar sjást fyrst næst girðingu við tún í Slóðamýri eru þær 5-6 saman og eru um 0,1 m á dýpt og 0,2 m á breidd. Þær verða fljótlega óskýrar og leiðin heldur áfram í skorningum niður í Hafursárgljúfur. Hinum megin við gljúfrið eru 10-12 götur saman en eru fremur ógreinilegar og grunnar. Gamall bílslóði er á svipuðum slóðum og göturnar og er hann greinilegur suðaustan við ána þar sem farið er upp úr gilinu.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Snæbýli, 1.

SF-183:004 garðlag 63°44.045N 18°36.984V
Sunnan Bæjargils og um 130 m sunnan eða suðvestan við bæ 001 er garðlag sem liggur norðaustur-suðvestur eftir hæð í landinu. Grasi vaxinn höfði eða hæð milli gilja. Höfðinn er flatur í toppinn og vaxinn snöggu grasi.



Garðlag SF-183:004, á mynd til vinstri er horft til vesturs, á hægri mynd til suðvesturs

Á þessum stað er langt garðlag, samsíða gili 35-50 m sunnan við brún þess og afmarkar þess vegna 140 x 40 m stórt svæði nyrst á höfðanum. Það liggur hins vegar niður af höfðanum bæði að austan og vestan og það er mögulegt að það hafi verið hluti af túngarði. Ef ekki verður að teljast líklegast að það hafi verið nátthagi. Garðlagið liggur nálega austur-vestur en beygir þó til norðurs til beggja enda og liggur niður af hæðinni. Það er samtals um 230 m langt en á köflum er erfitt að rekja það. Við garðlagið eru dældir á nokkrum stöðum og á einum stað eru leifar af lítilli kofatóft. Samkvæmt Jóhanni Siggeirssyni heimildamanni höfðu krakkarnir á Snæbýli bú á þessum stað og þess vegna var svæðið þar í kring eins sundurgrafið og raun ber vitni. Garðlagið sjálft sem liggur yfir höfðann er 1-1,5 m á breidd en víða um 0,4 m á hæð. Það er úr torfi. Kofinn er 2 x 1,5 m stór og snýr austur-vestur. Hann er opinn til norðurs og timburleifar sjást í honum. Um 30 m vestan við kofann er greinileg dæld við garðinn. Hún er 2,5 x 2,5 m stór og 0,2 m á dýpt.



Kofatóft SF-182:004

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Snæbýli, 1

SF-183:005 *Einarshaugur* álagablettur legstaður 63°44.258N 18°36.761V
"Í brekkunni neðan við bæinn, fast norðan við veginn og við laut, er gróinn hóll sem heitir Einarshaugur (álagablettur)," segir í örnefnaskrá. Það var trú heimamanna að miklar gersemar væru í Einarshaugi en ekki mætti grafa í hann því að þá myndi bærinn brenna. Einarshóll er sýnilegur hóll fast norðan við heimreið að Snæbýli og 280 m NNV við bæ 001. Hóllinn er um 65 m SSV við fjárhús úr bárujárni. Hóllinn er afar reisulegur og sker sig úr umhverfinu. Hann er fast sunnan við gróið lækjargil og hefur uppblástur frá því aðeins étið inn í norðurhlið

hólsins þó allt sé þetta gróið nú (2015). Grunnt gil er einnig austan hóls og er hann því á



Einarshaugur SF-183:005, horft til suðurs

hálfgerðri gróður totu.

Hóllinn er um 9 x 4 m stór og nálega 2 m á hæð. Hann er uppmjór og í toppinn er þúfa. Hann er afar afgerandi í landinu og gæti hugsanlega verið manngerður að hluta. Ekki er greinilegt að grafið hafi verið í toppinn en sem fyrr segir er hóllinn raskaður að norðan og norðvestan. Reiðgötur liggja við hólinn, samsíða bílvegi að sunnan. Ekki er ólíklegt að Einarshaugur sé í raun sami haugur og var þekktur á fyrri öldum sem Snævillsleiði, sjá 002.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Snæbýli, 1

SF-183:006 garðlag vörslugarður 63°44.219N 18°36.594V
Ungleg garðlög eru á stóru svæði um 225 m ANA við bæ 001. Garðlögin liggja um beitarhólf á milli vegar að Snæbýli og brekkna neðan við tún.

Greinileg garðlög á svæðinu byrjar skammt frá vegi að bænum og liggur til suðausturs langleiðina að grunnu gili. Greinilegt garðlag A er um 43 m á lengd, liggur norðvestur-suðaustur, þá beygir það til austurs á um 7 m kafla. Þar sameinast það lágri hleðslu undir girðingu sem ekki er skráð. Garðurinn er um 0,6 m á breidd og 0,3 m á hæð. Pæluför sjást norðaustan við hann. Þessi garður tengist mögulega garðlagi 023 en þó er það samband óljóst.



Garðlög SF-183:006. Á báðurm myndum er hroft til VNV

Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-183:007 gata leið 63°44.111N 18°37.839V
"Milli þess [Melrakkaskers] og [Snæbýlis-] fjallsins heitir Skarð. Þar var farið með skóg í skógarferðum," segir í örnefnaskrá. Leiðin sést í Skarðinu um 150 m vestan við bæ 001. Rétt áður en komið er í Skarðið að suðaustanverðu sjást götur á leiðinni í grónum móa og áfram til norðvesturs í Skarðinu sunnan við Fjallabaksleið syðri. Brattar grónar brekkur eru sunnan við Skarðið en malarbrekkur norðan við það í Melrakkaskeri.



Götur SF-183:007. Á mynd til vinstri er horft til austurs en til VNV á mynd til hægri

Leiðin sést á um 240 m löngum kafla og liggur hún í suðaustri til vesturs. Frá suðausturenda er um 50 m langur kafli á leiðinni þar sem reiðgötur sjást á leiðinni. Þar sjást 8 götur saman á um 12 m breiðu svæði. Þær eru grónar og grunnar en greinanlegar. Þar sem götur enda er um 90 m langur kafli þar sem er leiðin virðist vera rudd. Leiðin er gróin á þessum kafla og allt að 1 m á breidd að innanmáli. Í vesturenda hverfur leiðin í skriður í Skarðinu og í suðausturenda hverfa þær í gamalt tún.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SF-183:008 *Strengvað* örnefni vað 63°44.209N 18°36.345V
"Norðvestur af mýrinni móti Snæbýli er vað, sem heitir Strengvað," segir í örnefnalýsingu Borgarfells. Samkvæmt örnefnasjá Landmælinga Íslands var Strengvað austan við Tanga, norðan við tún í Slóðamýri. Vaðið er um 150 m austan við réttarbrot 014 og um 530 m ANA við bæ 001. Leið 661:021 liggur frá Borgarfelli að Snæbýli og lá ýmist um Strengsvað, Tjávað eða Klaufarvað (sjá líka 009 og 010). Vaðið er við suðvesturenda gróinnar eyrar í ánni áður en áin fer inn í mjórri farveg í gljúfri. Lítið undirlendi er á áðum bökkum og auðvelt að komast upp á hann. Áin er allstraumhörð og djúp og er um 30 m á milli bakka.



Vað SF-183:008, horft til austurs

Mjög bratt er upp á brekkubrún austan árinnar en þar sjást götur sem virðast vera fjárgötur. Ekki sjást greinilegar götur liggja að vaðinu í landi Snæbýlis. Engin skýr ummerki eru um vaðið.
Heimildir: Ö-Borgarfell, 2, http://atlas.lmi.is/ornefnasja/

SF-183:009 *Klauf* örnefni vað 63°44.320N 18°36.222V
"Klauf nefnist vað á Tungufljóti á leið að Snæbýli. Venjulega var talað um "að fara yfir á Klaufinni"," segir í örnefnalýsingu Borgarfells.Samkvæmt örnefnasjá Landmælinga Íslands var Klaufarvað á milli Strengvaðs 008 og Miðár yfir norðanverða eyri í Tungufljóti. Klaufarvað var líklega um 230 m norðaustan við Strengvað og um 705 m norðaustan við bæ 001. Vöðin voru á leið sem lá frá þjóðleið 661:019 að Snæbýli en tvær leiðir voru á þeim slóðum (sjá 661:019 sem var sunnar og 661:024 sem var norðar). Líklegra er að vöð 009 og 010 hafi verið notuð þegar nyrðri leiðin var farin. Úr landi Snæbýlis var farið yfir stóra, gróna eyri á ánni til austurs móts við klauf í bakkanum hinum megin. Í henni rennur lækur í ána.


Klauf SF-183:009, horft til austurs

Áin er ekki mjög straumhörð en er breið þar sem Klaufarvað er eða 50-60 m á breidd. Ekki sést vel hversu djúp áin er á þessum stað en virðist vera alldjúp. Brattar brekkur eru á bakkann austan vegin og erfitt virðist að komast þar upp. Löng og mjó malareyri er í nálega miðri ánni, nær norðvesturbakkanum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Borgarfell, 4, http://atlas.lmi.is/ornefnasja/

SF-183:010 *Trjávað* örnefni vað 63°44.350N 18°36.136V
Á örnefnasjá Landmælinga Íslands er merkt örnefnið Trjávað um 1 km norðaustan við bæ 001, við ármót Tungufljóts og Miðár. Vaðið var á sömu leið og vöð 008-009 en var nyrst þeirra vaða sem farin voru á leiðinni. Vöðin voru á leið sem lá frá þjóðleið 661:019 að Snæbýli en tvær leiðir voru á þeim slóðum (sjá 661:019 sem var sunnar og 661:024 sem var norðar). Líklegra er að vöð 009 og 010 hafi verið notuð þegar nyrðri leiðin var farin. Þar sem vaðið var er malareyri við ána. Eyri er einnig í ánni um það leyti sem farið var yfir hana á Trjávaði.


Trjávað SF-183:010 horft til norðausturs

Engar götur sjást að eða frá ánni á þessum slóðum. Áin er um 80 m breið á þessum stað og rennur í tveimur kvíslum umhverfis áreyrina. Hún er harla straumhörð og þó að

bakkinn Snæbýlismegin sé flatur og þægilegur er fremur brattir bakkar norðan ár.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnasjá Landmælinga Íslands

SF-183:011 *Borgarholt* örnefni fjárskýli 63°43.899N 18°36.770V
"Skammt sunnan við bæinn er gil, sem heitir Bæjargil. Sunnan þess er nýræktartún, sem heitir Borgartún. Sunnan við það er Borgargil og þar suður af er Borgarholt," segir í örnefnaskrá. Borgarholt er um 450 m sunnan við bæ 001. Mikil tún eru nú bæði sunnan og norðan við Borgargil en engin merki fjárborgar sjást á þessum slóðum lengur. Nokkrir ávalir hólar eru efst í sunnanverðu túninu og er líklegast að þar hafi verið hið áðurnefnda Borgarholt.
Engar vísbendingar er nú að sjá um mannvirki á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Snæbýli, 1

SF-183:012 *Kaldiskúti* hellir skemma 63°44.106N 18°38.019V
"Í norðurenda Snæbýlisfjalls er smáskúti, sem heitir Kaldiskúti. Nokkru framar, á brúninni, er smálækjarskorningur og lækur, er myndar smáfoss í litlu gljúfri, er heitir Svartagljúfur," segir í örnefnaskrá. Kaldiskúti er um 860 m beint austan við bæ 001, hátt í klettabelti sem þar er. Hann er rúmum 70 m suðvestan við Fjallabaksleið. Skútinn er í Melrakkaskeri og er nokkuð hátt í klettabeltið. Nokkur bratti er upp að honum og möl inni í hellisskútanum.



Útsýnið úr Kaldaskúta SF-183:012 horft til norðausturs

Í Kaldaskúta voru m.a. geymd reiðtygi. Kaldiskúti er skúti á milli klettabeltis Melrakkaskers og stórs klettastranga eða -beltis sem er framan við. Skútinn er á milli og er geysistórt bjarg ofan á klettunum og lokar skútanum að hluta. Engin mannaverk sjást nú í skútanum en í hellinum eru mörg innskot og syllur. Innst úr hellinum hallar mjög til norðurs. Hellirinn er gróflega áætlað 20-30 x 8-10 m stór og um 8 m hár. Op skútans er vítt og ekki virðist hann sérlega góður geymslustaður nú.
Hættumat: engin hætta

SF-183:013 tóft beitarhús 63°43.446N 18°35.406V
Sauðahús voru á Hvítholti og tóft þess sést enn um 1,8 km SSA við bæ 001. Húsið er á sléttuðum túnbala sem vaxinn er snöggu grasi og ekki er lengur sleginn. Á svæðinu sem er 130 x 36 m stórt og snýr nálega austur-vestur eru stór fjárhús, garðlag og þrjár hæðir. Húsin eru gríðarstór eða 22 x 13 m og snúa norðvestur-suðaustur. Greinilegt er að þau hafa verið notuð fram eftir 20. öld. Í þeim sést bárujárn og timbur á stöku stað. Tóftin skiptist í fjárhús að framan (sunnan) og hlöðu að baki. Sjálf fjárhúsin eru 12 x 5-6 m að innanmáli og snúa eins og tóftin og eftir þeim ganga tveir garðar og eru um 2 m á milli þeirra. Op er á miðjum suðurgafli



Beitarhús SF-183:013. Á mynd til vinstri er horft til norðausturs en á mynd til hægri til suðausturs



Beitarhús SF-183:013

fjárhúsanna. Hlaðan er að baki og er hún 0,3-0,4 m dýpri en fjárhúsin en ekki er veggur á milli. Hlaðan er 7 x 5 m að innanmáli og snýr þvert á fjárhúsin. Hlaðan er byggð talsvert inn í brekkuna sunnan við og eru um 3 m frá botni hennar og upp á veggjartopp. Veggir eru talvert byrjaðir að hrynja inn. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og sjást mest um 6 umför af hleðslu í fjárhúsunum. Garðlag liggur með húsunum að norðvestan í um 20 m norður fyrir húshornið og beygir þá til vesturs og liggur í um 70 m. Svæðið umhverfis garðinn er blásið og það ýkir svolítið hæð hans en ekki er ólíklegt að hleðslan hafi einvörðungu verið girðingaundirstaða. Þrjár fagurgrænar hæðir eru skammt frá fjárhúsinu í túninu umhverfis. Hæðirnar eru ekki náttúrulegar en vel er mögulegt að þær séu einungis vitnisburður um útmokstur úr fjárhúsunum. Hæð A er 5 m norðvestan við fjárhúsin og er greinilegust af hæðunum. Hún snýr þvert á húsin og er 7 x 4 m stór en 0,2 m á hæð. Í henni sést grjót á stöku stað en sjálf hæðin er fagurgræn. Hæð B er um 30 m suðvestan við fjárhúsin og snýr þvert á þau. Hún er um 4 x 3 m stór og 0,3 m á hæð, fagurgræn og grónari en túnið umhverfis. Hæð C er um 15 m suðvestan við suðvesturhorn tóftar. Hún er ógreinilegust hæðanna og er aðeins 0,1 m á hæð en 7 x 5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-183:014 hleðsla rétt 63°44.225N 18°36.521V
Hluti af réttartóft og garðlag eru um 80 m neðan (sunnan) við veginn að Snæbýli og um 130 m norðaustan við fjárhús 015. Minjarnar eru á flatlendu, grasi grónu svæði á milli brekkubrúnar og vegar.

Minjarnar eru á svæði sem er um 120x20 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Þær



Hleðsla SF-183:014. Á mynd til vinstri er horft til ASA en til norðausturs á mynd til hægri


fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Það sem sést af réttinni A er hlaðinn veggur sem er um 17 m á lengd, snýr austur-vestur. Hann er um 1,5 m á breidd og 1,1 m á hæð. Norðurbrún veggjarins er gróin en á suðurhlið sjást 5 umför hleðslu. Veggurinn er torf- og grjóthlaðinn. Aðrir hlutar réttarinnar hafa verið rifnir. Ógreinileg lína er í sömu stefnu um 4 m sunnan við vegg og kann hún að marka staðsetningu hins langveggjarins. Garðlag B er um 10 m sunnan við vesturenda réttarinnar, liggur 8 m til suðurs að brekku og beygir svo til austurs og liggur meðfram brekkurótum til austurs á um 55 m löngum kafla að árgili Tungufljóts. Mögulega var garðurinn tengdur réttinni. Hann er um 1 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Garðurinn er gróinn og líklega torfhlaðinn. Um 60 m VNV við garðendann og hinum vestanmegin við lækjargil er enn annað garðlag sem gæti tengst áðurnefndum görðum. Þetta garðlag virkar þó sérlega nýlegt. Það er um 100 m langt, snýr VNV-ASA og enda við heimreiðina að Snæbýli.
Hættumat: engin hætta

SF-183:015 tóft fjárhús 63°44.180N 18°36.650V
Fjárhústóft er um 140 m sunnan við heimreið að Snæbýli og um 275 m austan við bæ 001. Tóftin er í norðausturenda túns á milli tveggja gilja. Tóftin er úr torfi og grjóti og skiptist í tvö



Fjárhústóft SF-183:015, á mynd til vinstri er horft til norðausturs en til norðvesturs á mynd til hægri


hólf. Hún er um 9,5x17 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í suðausturenda er hólf I, fjárhús, sem er um 11x4,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Steyptur garði skiptir því í tvennt eftir endilöngu. Króin norðaustan við garðann er um 2 m á breidd og króin suðvestan við garðann er um 1,5 m á breidd. Garðinn er um 1 m á breidd og um 10 m á lengd.



SF183:015

Í suðausturenda hans er fjárbað sem er um 2 m á lengd. Hólf II, hlaða, og hluti af hólfi I er
grafið niður og inn í lágan hól. Hólf II er um 8,5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf II er um 1 m dýpra en hólf I. Hleðslur eru grónar og sjást mest 3 umför í hleðslum Ekki er veggur í suðausturenda tóftar þar sem hefur verð timbur- eða bárujárnsþil. Brotajárn er í hólfi II.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-183:016 hleðsla fjárhús 63°44.323N 18°36.801V
Hleðsluleifar af fjárhúsi er um 150 m norðan við heimreið að Snæbýli og um 360 m NNV við bæ 001. Hleðslan er um 45 m norðaustan við fjárhús í notkun. Hleðslan er í grasi grónum slakka milli hólaraðar og lækjar.



Hleðsla SF-183:016. Á ljósmynd er horft til ANA

Á þessum slóðum voru fjárhús en ummerkin sem sjást eru bæði óveruleg og óvenjuleg og líklegast hefur tóftinni verið rutt út. Ummerkin sem eftir standa eru L-laga hleðsla 10 x 5 m stór og um 1 m breið dokk í yfirborðið frá henni. Hleðslan er úr stóru grjóti og mest sjást 2 umför. Hleðslan snýr NNV-SSA.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-183:017 þúst kartöflugeymsla 63°44.311N 18°36.812V

Kartöflugeymsla úr torfi og grjóti var í brekkurótum um 350 m NNA við bæ 001 en um 50 m ANA við fjárhús sem enn eru í notkun. Húsið var um 15 m sunnan við hleðslu 016. Kartöflugeymslan var í brekkurótun grasi gróinnar hólaraðar.

Þarna sést nú bara þúst sem er 9 x 7 m stór og snýr NNV-SSA. Þústin er alveg yfirgróin en gat er í gróðurþekjuna á einum stað og þar sést í bárujárn og var lengi hægt að komast inn í kartöflugeymsluna þar. Þústin er um 0,8 m á hæð. Ekki er hægt að sjá tóftarlag á henni.



Kartöflugeymsla SF-183:017, horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-183:018 *Grashóll* álagablettur huldufólksbústaður 63°44.660N 18°36.895V

"Seljadalsá er í mörkum fram að Grashól. Við Grashól skiptist áin, og heitir sú syðri Miðá," segir í örnefnaskrá. Þegar átti að gera túnskika í órækt á þessum slóðum, um 1 km norðan við bæ 001 varaði eldri maður á bænum ungu ábúendurnar við því og sagði að þá myndu vondir hlutir gerast en vildi ekki frekar skýra það. Þegar hafist var handa við framkvæmdir gekk þetta svo eftir, tæki biluðu og allt gekk á afturfótunum. Á endanum var verkið þó klárað en túnið var ekki notað þar sem það gaf aldrei neitt af sér.

Tún sem ekki er slegið. Túnið hefur verið plægt en aldrei hefur náð að vaxa þar kjarngott gras. Ofarlega í túninu er aflangur hóll sem snýr norðvestur-suðaustur og er mögulegt að þar sem sjálfur Grashóllinn. Engar mannvistarleifar fundust á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Snæbýli, 2

SF-183:019 garðlag túngarður 63°44.089N 18°37.592V

Garðlag eða gerði er fast norðan við Fjallabaksleið og gæti garðlagið hafa verið hluti af túngarði um túnið. Garðlagið sem hér var skráð var á grasi vöxnum túnskika við Fjallabaksleið. Svæðið er vaxið snöggu og þurru grasi.

Garðlagið er fast norðan við Fjallabaksleið. Það er um 130 m langt, 1,2 m á breidd en 0,3 m á hæð. Það virkar fremur nýlegt en endar um 20 m ofan við þar



Garðlag SF-183:019. Á mynd til vinstri er horft til norðausturs en til norðvesturs á mynd til hægri

sem ristahlið er á Fjallabaksleið. Meðfram garðinum er pæla að norðan. Hún er mjög greinileg eða 1,5 m á breidd en 0,1-0,2 m á dýpt.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SF-183:020 tóft fjárhús 63°44.150N 18°37.096V
Lítil tóft er um 100 m vestan við bæ 001 og um 30 m sunnan við Fjallabaksleið syðri eins og hún liggur í dag. Tóftin er fast norðan við dýjalæk. Óvíst er hvort hann sé til kominn vegna þess að skurður ofar í túninu veiti vatni í hann eða hvort hann runnið lengur í þessum farvegi. Tún er svo sunnan lækjar en tóftin er í óræktarstykki sem hefur verið í túni í eina tíð.



Tóft SF-183:021. Á ljósmynd er horft til austurs


Tóftin er gróin og sigin. Hún er einföld og virðist torfhlaðin. Tóftin er um 5x4,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Mesta hæð veggja er um 1,4 m. Op er á tóftinni til norðurs. Hlutverk tóftarinnar er óljóst.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-183:021 *Seljadalsá* tóft sel 63°45.177N 18°38.864V
Meintar minjar um sel eru fast sunnan við Dýjalæki sem renna til austurs í Seljadalsá, um 2,5 km norðvestan við bæ 001 og litlu norðan við nyrstu tún. Bjarni F. Einarsson skráði tóft sem hann taldi vera seltóft á þessum stað við úttekt á áhrifum háspennulínu Hólmsárvirkjunar árið 2011. Engar heimildir eru um sel á þessu svæði en fjarlægð minjanna frá bæ og nálægð við Seljadalsá (sjá einnig sel 184:026 í Seljadal sem áin dregur nafn sitt af) styrkir þá tilgátu að


Tóftir við Seljadalsá SF-183:021. Á mynd til vinstri er horft til SSA en til norðurs á mynd til hægri

sel hafi verið á þessum stað. Minjarnar eru á flatlendi frammi á lækjarbakka. Austan við þær er dýjadrag og þar austan við er holmói. Uppblásturssvæði er norðan við minjarnar og lækinn.

Á svæði sem er um 62x18 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, er ein tóft og tvær þústir sem kunna að hafa tilheyrt seli frá Snæbýli. Minjarnar eru mjög signar og ógreinilegar. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er í norðausturenda svæðisins. Hún er um 10x7 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóftin kann að hafa náð litlu lengra til SSA en þar er lynggróður. Vesturhlið tóftarinnar er allgreinileg en austurhliðin er óljós. Tóftin virðist vera einföld og sést móta fyrir hólfi í henni miðri. Það er bogadregið, er 7x2 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Tóftin er vaxin grasi og mosa og eru veggir hennar 0,1-0,4 m á hæð. Hvergi sést í grjóthleðslur í tóftinni. Norðurendi hennar er að brotna ofan í lækjargilið. Þúst B er um 40 m suðvestan við tóft A, á lækjarbakkanum. Hún er um 6x8 m að stærð og snýr norður-suður. Þústin er víðast 5 m á breidd en hún bungar út á miðri austurhlið og er þar 6 m á breidd. Mesta hæð þústarinnar er 0,2-0,3 m. Þúst C er um 3 m suðvestan við þúst B. Hún er um 7x3 m að stærð og snýr norður-suður. Þústin er 0,2 m á hæð. Þústirnar eru báðar mosavaxnar og hvergi sést í grjót.




SF-183:022

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Bjarni F. Einarsson.2011, 39

SF-183:022 þúst fjárskýli 63°43.287N 18°35.666V

Um 1,9 km suðaustan við bæ 001 og um 350 m suðvestan við beitarhús 013 er hár hóll í hlíð suðvestan við Hvítholt, líklega leifar af fjárskýli. Hóllinn er í mosa- og lyngivaxinni hlíð á milli gilskorninga. Hallar undan honum til NNA.






Þúst SF-183:022. Á ljósmynd er horft til NNA

Hóllinn er um 20x15 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hann er hæstur í SSV-enda þar sem hann er um 2 m á hæð en virðist hafa sigið undan hallanum til NNA. Skál er ofan í hólinn sem er um 17x9 m að innanmáli og snýr NNA-SSV en ekki er skýr innri brún í NNA-enda. Skálin er að mestu gróin en rof er í gróðrinum í SSV-enda skálarinnar.
Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-184 Ljótarstaðir



Inn á kortið eru færðar allar þekktar fornleifar en sjálft kortið byggir á túnakorti sem teiknað var 1920



Horft yfir tóftir gamla bæjarins á Ljótarstöðum SF-184:001 og til suðurs að yngri bæ

1847: Flögujörð. Konungseign.
1570 og síðar: er jarðarinnar fyrst getið, í Gíslamáldaga með jörðum sem eiga sókn til Búlandskirkju. DI XV, 705
1756: Samkvæmt Ferðabók Eggerts og Bjarna (II. bindi útg. 1943, bls. 112) voru allir bæir í Skaftártungu vestan Kúðafljóts nema Ljótarstaðir í eyði 1756, ári eftir Kötlugosið.
1848: Í Nýrri Jarðabók fyrir Ísland 1848 kemur fram að forn hundraðatala sé 6 en ný sé 10.4.
1907: "Ljótarstaðir voru tvíbýlisjörð til 1907. ...og hefur að öllum líkindum upphaflega heitið Einnig nefnt Fljótastaðir eins og segir í gamalli vísu um Skaftártungu." SB VI, 274.
Stærð túns árið 1920 2.2 ha. Matjurtagarðar 840 m2.
Í Ferðabók Eggerts og Bjarna segir ennfremur í lýsingu þeirra frá árinu 1756 (bindi II, 112): "Fólkið á bænum bjó við eymdarkjör. Graslendi var allt hulið ösku og engan heyskap að fá. Tvær kýr voru á bænum, en þær mjólkuðu sáralítið, því að haginn var næstum enginn, nema þar sem vatn hafði skolað öskunni burt. Alls voru 7 manns á bænum, sem ekkert höfðu sér til viðurværis nema nytina úr þessum tveimur kúm og hvannarætur."
"Jörðin er landstór, næststærsta jörð sveitarinnar. Mýrarslægjur víðlendar en snöggar. Hagar skjólgóðir. ...gjaldfelldasta jörð sveitarinnar vegna snjóþyngsla." Sunnlenskar byggðir VI, 274.
"Uppblástur er töluverður í landinu. Þar er þörf aðgerða." Sunnlenskar byggðir VI, 274.
"...útigangur verri en víðast hvar annars staðar í sóknunum sökum vetrarríkis, en kjarngóð á sumrin." segir í Sýslu- og sóknarlýsingum, 205.

SF-184:001 *Ljótarstaðir* bæjarhóll bústaður 63°45.342N 18°35.897V
"Bærinn stendur skammt vestur frá fljótinu, hefur nýlega verið fluttur þangað sem heitir Rani og síðar getur," segir í örnefnaskrá. Gamli bærinn á Ljótarstöðum stóð nyrst í gamla túninu, um 340 m til sunnan við íbúðarhúsið sem byggt var 1961. Gamli bærinn brann í ársbyrjun 1960. Bærinn stóð á stæðilegum bæjarhól þar sem tún byrja að hækka. Bærinn stóð á vesturbarmi Bæjargilslækjar, efst í grasi grónu túni.

Tóftir gamla bæjarins eru enn vel greinilegar. Hann var byggður úr blönduðu efni, torfi, grjóti, timbri og steypu og standa veggir hans vel. Bæjarrústin er á stæðilegum bæjarhól sem er um 60 x 40 m að stærð og snýr austur-vestur. Bæjarhóllinn lætur lítið yfir sér en rís þó sæmilega upp úr sléttu túninu í kring nema helst að norðan þar sem hann fellur saman við brekkuna sem þar tekur við. Hóllinn er mest um 1 m á hæð og er líklega að mestu óraskaður. Austast á bæjarhólnum er rof í hann út í Bæjargilið sem er þverhnípt þar fyrir vestan. Árið 2013 var rof í bæjarhólinn hreinsað upp og teiknað. Rannsókn á mannvistarlögum og gjóskulögum leiddi í ljós að elstu mannvistarleifar á svæðinu virðast beint ofan á Eldgjárgjósku frá 934. Þar virðist niðurgröftur eða rof í gegnum mikið magn uppsafnaðra gjóskulaga og ofan í það hefur verið hent eða farið leifar af byggingartorfi og eitthvað rusl. Talsverð uppsöfnun var á staðnum allt fram til 1477 en á milli gjóskulags frá því ári og gjóskulags frá 1845 sáust engin merki um mannvistarlög þó að jörðin hafi klárlega verið í byggð a.m.k. hluta af tímabilinu. Eftir 1845 varð aftur mikil uppsöfnun mannvistarleifa á þessum stað og þar einkennast þau fyrst og fremst af öskulögum, beinarusli og almennu rusli. Svo virðist sem rusli hafi verið hent á þennan stað allt þar til bærinn var færður upp úr miðri 20. öld. Í rofsárinu og niður eftir öllu gilinu má sjá leifar af ruslalögum og gripum frá 19. og þó aðallega 20. öld enda brotnar talsvert af hólnum niður í gil reglulega að sögn Heiðu Guðnýjar Ásgeirsdóttur, heimildamanns. Bæjartóft síðasta bæjarins á bæjarhólnum er um 50 x 22 m stór og snýr austur-vestur. Hún er þó víðast aðeins 7-11 m breið. Tóftin er byggð inn í brekkuna til norðurs. Frá botni tóftar og upp á veggjarbrún þar sem veggir standa hvað hæst



Gamli bærinn á Ljótarstöðum SF-184:001, horft til norðurs

eru allt að 2,8 m og almennt eru veggir mun hærri inn í brekkuna. Tóftinni hefur að einhverju leyti verið rutt út, sérstaklega hólfi D, E og F. Greinilegt er að hlut bæjarins var steinsteyptur og eins hefur mikið timbur verið í honum sem allt hefur brunnið eða verið fjarlægt. Þeir veggir sem eftir standa eru að mestu úr torfi og grjóti og eru sumir þeirra talsvert hrundir.


Hér hefst lýsingin á hólfaskipa austast í tóftinni og verður hverju hólfi gefinn bókstafur til aðgreiningar. Austast er hólf A. Það er um 5 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Talsvert af sementsblokkum er inni í hólfinu, þar á meðal stór vegghluti úr grófu sementi sem liggur yfir norðurvegg tóftar. Austur- og norðurveggur hólfsins er úr torfi og grjóti og eru um 1,2 m á hæð. Ekki er veggur fyrir suðurgafli og hefur hann líklega verið úr timbri. Talsvert rof er í austurveggnum. Til austurs er ekki greinilegur eiginlegur veggur en

þar gæti hafa verið steinsteypur veggir milli hólfa A og B. Gólfbotn hólfs B er um 0,8 m lægri en A. Hólf B er L-laga og snýr austur-vestur og er 5 x 3,5 m að stærð en að auki gengur rani út úr því til vesturs og er hann 5,5 x 7 m að innanmáli. Frá gólfi og upp á topp veggjar að norðan eru um 3 m og þaðan og til suðurs liggur steinsteypur strompur inni í tóftinni. Suðurveggur hólfsins er steinsteyptur en aðrir veggir að mestu úr torfi og grjóti. Hólf B og C eru raunar ekki samtengd en þess í stað er í raun mjór gangvegur á milli og upp fyrir (norður fyrir) bæjartóft. Hólf C er vestan við B. Það er 7 x 3 m stórt og er opið til suðurs eins og önnur



Á mynd til vinstri má sjá rofið í bæjarhól SF-184:001 sem hreinsað var upp 2013 (horft til suðurs) og á mynd til hægri er eitt af hólfum bæjartóftarinnar, horft til suðurs

hólf í bæjarröðinni. Ekki sést veggur fyrir suðurhliðinni en líklega hefur verið timburþil þar áður. Aðrir veggir hólfsins eru úr torfi og grjóti. Nyrst í hólfinu er stallur sem er um 0,8 m á breidd og er um 1 m hærri en gólf hólfsins. Á þessum stað er veggur hólfsins 2,8 m á hæð.



Bæjartóft Ljótarstaða SF-184:001

Hólf D er 8-9 x 7 m stórt og snýr norður-suður. Enginn veggur er fyrir suðurhlið en aðrir veggir eru úr torfi og grjóti og eru mest um 2 m á hæð. Traðir 009 heim að bænum enda við hólf D. Hólf E er um 1 m hærra en hólf D og virðist talsvert raskað enda eru mikil traktoraför inni í því. Hæð veggja er 0,8 m og þeir eru alveg grónir en grjótdreif er á stöku stað innan tóftar. Enginn veggur er fyrir suðurhlið. Hólf F er allra vestast í tóftinni. Það er 8-9 x 2-3 m að innanmáli og er opið til suðurs eins og önnur hólf. Veggir eru víða um 1,2 m háir en allt að 6-7 umför af grjóti sjást í hleðslu. Rof er víða í veggjum t.d. í norðausturhorni og í austurvegg. Að húsabaki bæjarins eru nokkur mannvirki sem hér eru skráð með bænum. Greinilegast er stakstæði tóft sem gengt er í um húsasund milli hólfa B og C. Húsasundið eða gögnin eru um 6 m löng og 0,8-0,9 m djúp en 0,5 m á breidd.Tóft G er rúmum 1 m norðan við bæjartóftina. Hún er 6 x 4,5 m stór og snýr norður-suður. Op er á miðjum suðurvegg og er tóftin einföld. Vegghleðslur eru stæðilegar, úr torfi og grjóti. Um 6 m austan við tóft G og rúmum 2 m norðan við sjálfa bæjartóftina er stampur H. Hann er upphlaðinn úr torfi og grjót í 0,6 m hæð og er sléttur að ofan. Stampurinn er 3,5 x 2 m stór. Svolítil dæld, J, er fast ofan við tóft G. Hún er 6 x 5 m stór og snýr austur-vestur. Dældin er mest 1 m á dýpt en ekki er hægt að tala um eiginlega veggi í henni. Fyrir framan eða sunnan bæ er hæð, L. Hún er 5 x 4 m að stærð og 0,4 m á hæð. Hæðin er grasi gróin en á henni er nú geymt margs konar drasl og úrgangur.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Ljótarstaðir, 1.

SF-184:002 þúst útihús 63°45.309N 18°35.855V
Um 70 m SSA við bæ 001 er merkt útihús í túnjaðri inn á túnakort frá um 1920. Óljós þúst sést á grasi gróinni hæð á þessum stað. Grasi gróinn flati ofan (vestan) við Bæjarlækjargil en í raun austan við það tún sem nú er slegið. Þústin er 8 x 5 m stór og snýr nálega norður-suður. Þústin er um 0,4-0,5 m á hæð. Ekki er hægt að sjá tóftalögun innan þústar. Líklega hefur op verið á miðjum suðurvegg hennar en það er nú erfitt að greina það með vissu. Um 2 m sunnan við þústina er hryggur í túninu sem liggur í boga og hefur líklega verið garðlag. Garðlagið er skráð með tóftinni. Það er um 25 m langt, 2 m á breidd og 0,3 m á hæð.


Útihúsþúst SF-184:002, horft í vestur

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-184:003 þúst útihús 63°45.304N 18°35.994V
Um 60 m SSV við bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1920. Í sléttuðu túni sem enn er slegið og hallar til ASA. Þúst er í túninu þar sem húsið hefur staðið en það er um 85 m SSV við bæ. Þústin er 10-11 m í þvermál og 0,8 m á hæð en vesturhlið hennar er alveg óskýr.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920

SF-184:004 *Ennishús* þúst fjárhús 63°45.334N 18°36.026V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús beint vestan við bæ 001 og nálægt vesturjaðri túns. Samkvæmt Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur, heimildamanni var umrætt hús líklega Ennishús en rústir þess eru enn merkjanlegar í vesturjaðri túna. Samkvæmt túnakorti ætti húsið að vera um 90 m vestan við bæ en umrætt hús er um 135 m vestan við bæ og munar því nokkru á vegalengdinni. Engar vísbendingar eru um hús eða þúst í túninu um 90 m vestan við bæ og verður að teljast líklegast að fjarlægðir á túnakortinu hafi einfaldlega verið vanreiknaðar enda virðist það sama gilda um fleiri hús í túninu. Húsið var á hæð eða í brekku vestarlega í sléttuðu túni.


SF-184:004 Ennishús, horft til norðurs

Á þessum stað er nú þúst eftir fjárhús sem stóðu lagt fram eftir 20. öld. Húsið er um 20 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Grjótraðir sjást í veggjum og ná hleðslur mest 0,4 m á hæð en húsið hefur verið rifið og úr því rutt að mestu. Samkvæmt Heiðu Ásgeirsdóttur, heimildamanni voru tveir garðar í húsinu og hlaða á bakvið. Eftir að húsin fóru úr notkun var hent í þau rusli og þau urðu brátt hættuleg skepnum og voru þá rifin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-184:005 þúst útihús 63°45.361N 18°36.071V


Ummerki sem virðast eftir útihús SF-184:005, horft til VNV

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús beint vestan við bæ 001, nálægt vesturjaðri túns og um 35 m norðan við 004. Samkvæmt túnakorti ætti húsið að vera um 110 m vestan við bæ en óljós ummerki sem líklega eru eftir húsið eru 140-150 m vestan við bæ og munar því nokkru á vegalengdinni. Engar vísbendingar eru um hús eða þúst í túninu um 110 m vestan við bæ og verður að teljast líklegast að fjarlægðir á túnakortinu hafi einfaldlega verið vanreiknaðar enda virðist það sama gilda um fleiri hús í túninu. Húsið stendur á hæð

eða í brekku rétt utan þess túns sem nú er slegið.

Ummerkin eftir húsið eru 7-8 x 2 m stór dæld sem snýr austur-vestur. Ekki er önnur ummerki um meint hús að sjá á yfirborði og ekki er vitað nákvæmlega hvaða hlutverki húsið gegndi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-184:006 hús fjárhús 63°45.368N 18°35.960V

Inn á túnakort frá 1920 er merkt útihús um 50 m norðvestan við bæ 001. Húsið var fjárhús en á tímabili var það einnig lambhús. Í kringum 1970 var húsið stækkað og járnklætt og því breytt umtalsvert og stendur það einn lítið breytt. Húsið er ríflega 70 m frá bæ 001. Húsið er á hólbrún og þverhnípt er frá því til suðurs ofan í Bæjarlækjargilið.



Hús sem að hluta til er sama hús og hús sem merkt var inn á túnakort frá 1920 (SF-184:006). Horft til ASA

Húsið sem nú stendur á þessum stað er 18 x 10 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Það er byggt inn í brekku til norðurs. Húsið er bárujárnsklætt og undir þaki. Veggir þess eru að hluta úr torfi og grjóti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-184:007 heimild um kálgarð 63°45.303N 18°36.017V

Lítið mannvirki, líklega kálgarður er merkt inn á túnakort frá 1920 um 70 m og fast utan (sunnan) gamla túnjaðarsins. Í sléttuðu túni sem enn er slegið og hallar til ASA. Engin ummerki um kálgarðinn sjást nú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-184:008 *[Ljótarhaugur]* þúst legstaður 63°45.371N 18°35.913V

"I Túninu fyrir ofann Bæinn á Ljótarstödum er ávalur Hóll. - seigja gamlir menn ad í Hól þessum eigi ad liggja Ljótur er fyrstur hafi átt ad búa á Ljótarstödum. - Stígji madur fast á Hólinn, má merkja ad hann er holur innan. Ofan á honum eru Smá Lautir, glúmpnar unir Fæti. - Á sidst lidnum 13 árum, hefur sú stærsta af þeim tluvert vaxid - Eirnin skuli í Hólnum endur og sinnum heÿrst hafa Dínkjir sem jeg vil meina komi af því, ad úr Hólnum innan sjeu ad falla Klettar, sem undir eins orsakji ad Lágin ofaná Hólnum stækkar. á útanverdum Hólnum moti austri, er Lítil Lág, grasi vaxin. Sÿnist mér Liklegt ad þar hafi Inngangur verid í Hólinn," segir í Frásögum af fornaldarleifum. Í örnefnaskrá er svipuð sögn þó að kyn fyrsta ábúenda jarðarinnar hafi þar tekið breytingum: "Sagan segir, að kona að nafni Ljótunn hafi fyrst byggt á Ljótarstöðum og hafi verð heygð þar í tröðunum,". Einhver vitneskja hefur



Hinn meinti Ljótarhaugur SF-184:008 horft til suðurs

varðveist um viðkomandi stað og er bent á óljós ummerki um 40 m norðan við bæ 001. Þar gengur einhvers konar renna eða dæld þvert í gegnum bæjarhóllinn og um 25 m til norðurs að hólbrún við gil Bæjargilslækjar.

Ofan við bæjarhól er talsverð hæð að Bæjargilslæk og er umrædd ummerki á þessu svæði. Ummerkin minna að sumu leyti á samanfallnar og grónar traðir þótt brekkan í framhaldi til norðurs niður gilið sé ekkert sérstaklega árennileg. Óljósa dæld má þó sjá í framhaldi niður brekkuna. Greinilegast hluti rennunnar er tæplega 25 m löng og þráðbein en að norðan endar hún í 90°horni og beygir til austurs í um 10 m áður en hún fjarar alveg út. Milli barma hennar eru um 2 m og dældin er mest um 0,3 m á dýpt. Greinilegt er að rennan er mannaverk en erfitt er að fullyrða um hvaða hlutverki hún þjónaði og ekki sjást nein ummerki um meintan legstað á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: FF, 97-8; Ö-Ljótarstaðir, 6.

SF-184:009 renna traðir 63°45.314N 18°35.891V



SF-184:009, horft til norðurs

Suðurtraðir gamla bæjarins eru merktar inn á túnakort frá um 1920. Þær liggja úr suðri og í um 120 m til norðurs, heim að bæ 001 í gegnum túnið. Umhverfis traðirnar eru sléttuð tún. Vestan við traðir er enn slegið en ekki austan þeirra. Traðirnar eru enn sæmilega bílfærar. Þær eru 2,5-3 m á breidd en 0,3-0,6 m á dýpt. Sem fyrr segir eru þær um 120 m á lengd og liggja nokkuð beinar norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

SF-184:010 *Stöðull* örnefni kvíar 63°45.374N 18°35.691V
"...og niður af torfunni er Stöðull, norður af Sléttunum," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt örnefnaskrá og Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur, heimildamanni, má ætla að Stöðull sé um 180 m austan við bæ 001 og um 390 m suðaustan við fjárhús í Stekkatúni 012. Í stórþýfðum móa á milli túns á Sléttum og Stekkatúns. Engin ummerki sjást um kvíar á þessum stað en óvíst er að hér hafi verið hlaðið mannvirki ef kýr voru mjólkaðar á Stöðlinum.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 1

SF-184:011 *Sortulágar* náma 63°46.298N 18°35.780V
"Nyrzt úr Steinkápu austur í fljót heita Sortulágar, þar var tekin sorta," segir í örnefnalýsingu. Sortulágar eru um 750 m norðvestan við tóftir 022 og um 1,8 km norðan við bæ 001. Sortulágar eru grunn og gróin gil austan við Steinkápu. Í þeim rennur mýrarlækur og þær eru mjög mýrlendar. Sunnan við þær eru mosaþembur.


Sortulágar SF-184:011, horft til vesturs


Á um 28 löngum kafla í giljunum má sjá merki þess að sorta hafi verið stungin í lækjarfarveginum.
Ummerkin sjást sem grunn vik inn í lága bakka lækjarins, 0,5-1x0,5-,1 m að innanmáli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 2

SF-184:012 *Stekkatún* tóft+garðlag stekkur 63°45.485N 18°36.092V
"Vestur af mýrinni er Stekkatún, og Stekkatúnsholt, sem nær inn að Fremstagili," segir í örnefnaskrá. Stekkatún er stórt ræktað tún norðan við Bæjargil. Norðvestast í því eða norðvestan við það eru gömul fjárhús undir þaki, lítil tóft og ungleg garðlög. Líklegt er að stekkur sem túnið dregur nafn sitt af hafi verið á sama eða svipuðum stað og þessar minjar, um 300 m norðvestan við bæ 001. Túnið var nýplægt þegar skrásetjari var á vettvangi (2015) og má segja að garðlagi stafi hætta af ábúð og mögulega einnig tóft og fjárhúsum. Minjarnar standa nokkuð hátt en lágt leiti er norðvestan við þær. Til norðurs er sléttlendur hagi.

Fjárhús, lítil tóft og garðlög sem hafa girt af lítið tún sunnan við fjárhúsin eru á svæði sem er um 65x38 m að stærð og snýr norður-suður. Ungleg garðlög liggja til norðurs og suðurs frá þeim mannvirkjum sem þegar hafa verið nefnd en þau eru ekki fornleifar og verður ekki lýst ítarlega. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Fjárhús A eru norðan við mitt svæðið. Þau eru 14x10 m að stærð og snúa norður-suður. Bárujárnsþil eru á báðum göflum og dyr á suðurgafli. Langveggir eru torf- og grjóthlaðnir og er mesta hæð þeirra innanmáls um 1,5 m í og þeim sjást mest 5-6 umför. Tveir garðar eru í húsunum og eru þeir grjóthlaðnir með steyptum plötum ofan á. Báðir garðarnir eru um 8 m á lengd og 1 m á breidd. Austari garðinn er 0,6-0,7 m á hæð og í honum sjást 3-4 umför hleðslu. Þar er fjárbað.



Hús A og tóft B, SF-184:013. Á mynd til vinstri er horft til suðausturs en til SSV á mynd til hægri



SF-184:012

Vestari garðinn er 0,5 m á hæð og í honum sjást 2-3 umför hleðslu. Fast norðan við fjárhúsin eru ummerki um hlöðu sem hefur verið rifin eða heystæði. Frá austurhlið fjárhúsanna liggur 20 m langur torfhlaðinn garður C til austurs að tóft B. Garðurinn er allgreinilegur, er 1-1,5 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð. Einnig er garður D um 5 m vestan við suðvesturhorn fjárhúsanna. Hann er nokkuð voldugur á um 35 m löngum kafla þar sem hann liggur til suðurs. Þar er hann 1-1,5 m á breidd og 0,7 m á hæð. Samhliða honum að vestanverðu er djúp, gróin renna. Svo tekur við lítilfjörlegri garður og heldur hann áfram niður í Bæjargil. Það og önnur garðlög sem ekki hafa verið nefnd eru > en 0,5 m á breidd og hæð. Tóft B er 16 m ANA við fjárhús A. Hún er um 5x8 m að stærð og snýr norður-suður. Óljóst op er á henni til vesturs. Hún virðist vera að mestu torfhlaðin og er 0,6 m á hæð. Tóftin virðist vera einföld. Unglegur garður hefur verið hlaðinn ofan á tóftina og liggur hann áfram til norðurs. Austurveggur tóftarinnar er óskýr og hefur eitthvað raskast. Hlutverk tóftarinnar er ekki ljóst en útlit hennar bendir ekki til þess að hún sé af stekk, þó að ekki sé hægt að útiloka það.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar


Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 1.

SF-184:013 *Kvíatorfa* tóftir kvíar 63°45.076N 18°36.158V

"Vestur af moldum austan Hvanngils er Kvíatorfa," segir í örnefnalýsingu. Tvær tóftir eru á Kvíatorfu h.u.b. 500 m suðvestan við bæ 001. Grasi og mosavaxin rani eða tunga í mjög aflíðandi halla til austurs. Gil eru beggja vegna við ranann og handa við þau eru ræktuð tún til



Tóftir SF-184:013. Til vinstri er tóft A (horft til suðausturs) og tóft B til hægri (horft til NNA)



Tóftir SF-184:013

beggja handa. Tóftirnar tvær eru á svæði sem er 55 x 14 m stórt og snýr NNV-SSA. Vestan við tóftirnar er afgirt svæði og eru tóftirnar sem sagt báðar utan þess. Tóft A er sunnar. Hún er tvískipt og 11 x 4,5 m að stærð. Austara hólfið er nærri hringlaga og stendur hærra en það vestara og er með verulegri veggi. Það er 2 x 1 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Vestara hólfið er sem fyrr segir lægra og er 3,5 x 1,5 að stærð og op er á því vestast. Hæð veggja er 0,5 m en breidd allt að 1,3 m. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni sem er sigin og nokkuð fornleg. Tóft B er ríflega 30 m NNV við tóft A. Hún er einföld og 9 x 6 m stór en mest 15 x 4 m að innanmáli. Veggir eru 1,5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Þeir eru vaxnir mosa og grasi og eru talsvert fornlegir.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 2


SF-184:014 tóft+garðlag beitarhús 63°45.503N 18°36.466V

Um 550 m VNV af bæ 001 eru sauðhúsatóftir og garðlag í kring á suðurbarmi Bæjargilslækjar. Allt í kring eru grasi- og mosavaxnar sléttur en við norðausturhorn garðlagsins er þó talsvert rof sem er byrjað að éta sig inn í garðinn.

Garðlagið girðir af ferhyrnt svæði sem er um 45 m að lengd norður-suður en 20 m á



Beitarhús SF-184:014. Á mynd til vinstri sést yfir svæðið (horft til norðurs) en á hægri mynd er tóft A (horft til suðurs)



Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 3

breidd syðst en tæpir 45 m breitt nyrst. Sauðhúsin eru byggð við miðja norðurhlið og mætti jafnvel segja að þar væri horn á garðlagi og því að um fimmhyrnt en ekki ferhyrnt gerði væri að ræða. Sjálft gerðið er mis stæðilegt en víðast mjög óverulegt eða 0,8 m á breidd en 0,4-0,6 m á hæð. Það er hlaðið úr torfi. Tóftin er byggð upp við norðanvert gerðið og hallar frá henni til suðurs. Tóftin er tvískipt og er 13 x 6-7 m stór. Sjálf fjárhúsin eru sunnar. Þau standa mun hærra en hlaðan að baki og í þeim má sjá talsvert grjót þótt sumt sé fremur smátt. Fjárhúsin eru 7 x 2,5 m að innanmáli og hefur verið op á suðurgafli þeirra. Hvorki er hægt að greina garða eða jötur í húsinu. Inn af tóftinni var hlaðan. Hún er um 1 m dýpri en fjárhúsin en ekki sjást eiginlegir veggir heldur í raun bara niðurgröftur sem er um 3 m í þvermál. Engin merki sjást um grjóthleðslur í hlöðu. Op er á norðvesturhorni gerðis og annað vestarlega á suðurvegg. Líklega hafa Sauðhúsin verið í notkun fram á 20. öld.

SF-184:015 frásögn huldufólksbústaður 63°45.389N 18°35.932V

Nef skagar út í Bæjargilið um 80 m norðan við bæ 001. Þarna var trú á að huldufólk byggi samkvæmt Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur heimildamanni. Gilið er nokkuð bratt en gróið á þessum slóðum og Staðurinn er eins konar berggangur út í það.

Hættumat: engin hætta



Huldufólksbústaður SF-184:015, horft til NNA

SF-184:016 *Traðirnar* renna traðir 63°45.328N 18°35.861V

"Traðirnar voru austan við Sléttatún og Austurtún austan við þær," segir í örnefnaskrá. Aðaltraðirnar að gamla bænum 001 voru um 30 m sunnan við bæ 001 og lágu til austurs að læk. Traðirnar liggja í gegnum hæðina sem bærinn stendur á og eru því mjög djúpar að sjálfum læknum. Austan lækjar liggja þær að hluta í ræktuðum túnum en þó fara þær í gegnum aðra hæð og eru þar nokkuð djúpar. Líklega hafa traðirnar verið kerrufærar (og bílfærar).

Traðirnar sjást enn og liggja til austurs (eða ANA) frá suðurtröðum 009. Þær liggja að bæjarlæknum og yfir hann á ágætu vaði og svo áfram til austurs og sjást á um 180 m löngum kafla áður en þær hverfa í nýrækt en vafalaust hefur framhald þeirra legið áfram að Tungufljóti og svo áfram til austurs til bæja í austanverðri Skaftártungu s.s. Hvamms og Búlands.



Traðir SF-184:016, á mynd til vinstri er horft til VSV en til ANA á mynd til hægri

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 6.

SF-184:017 *Hvanngilsvað* heimild um vað 63°44.942N 18°35.847V
"Syðst er Hvanngilsvað, rétt ofar er Bæjarvað [018], Engidalsvað [019] var beint austur af gamla bænum, ofan við það er Birgutóttarvað [020], kennt við Birgutóft [Byrgutóft 178:018] í Hvammslandi. Selvað [021] er skammt innar," segir í örnefnaskrá. Hvanngilsvað er á Tungufljóti, um 740 m sunnan við bæ 001, fast norðan við lækjargil. Bílslóði liggur af afleggjara að Ljótarstöðum til austur að vaðinu og hefur það verið farið á bílum en það hefur eflaust einnig verið reiðvað.

Farið er af austurbakkanum yfir mjóa kvísl og þaðan yfir hálfgrónar eyrar. Lágir bakkar eru á vesturbakkanum. Engar reiðgötur sjást liggja að vaðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 6.

SF-184:018 *Bæjarvað* heimild um vað 63°45.008N 18°35.753V
"Syðst er Hvanngilsvað [017], rétt ofar er Bæjarvað, Engidalsvað [019] var beint austur af gamla bænum, ofan við það er Birgutóttarvað [020], kennt við Birgutóft [Byrgutóft 178:018] í Hvammslandi. Selvað [021] er skammt innar," segir í örnefnaskrá. Bæjarvað er á Tungufljóti um 630 m suður af bæ 001. Vaðið liggur yfir ána þar sem hún breiðir úr sér og miklar malareyrar eru í henni.

Dæld eða lág liggur að ánni á þessum slóðum, norðan við móbergsklett. Áin virðist ekkert sérstaklega þægileg yfirferðar á þessum slóðum og ekki sjást skýrir slóðar að eða frá ánni þarna. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var en komið var yfir Tunguá rétt sunnan við merki Borgarfells og Grafar og ekki er ólíklegt að leiðin hafi legið til suðausturs að umræddum bæjum og fleiri bæjum suðaustar í Skaftártungu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 6.

SF-184:019 *Engidalsvað* heimild um vað 63°45.266N 18°35.462V
"Syðst er Hvanngilsvað [017], rétt ofar er Bæjarvað [018], Engidalsvað [019] var beint austur af gamla bænum, ofan við það er Birgutóttarvað [020], kennt við Birgutóft [Byrgutóft 178:018] í Hvammslandi. Selvað [021] er skammt innar," segir í örnefnaskrá. Engidalsvað er á Tungufljóti um 380 m austan við bæ 001. Allháir bakkar eru beggja vegna árinnar. Þeir eru grónir og nokkuð aflíðandi. Næst ánni er stutt niður af bökkunum að henni.

Frá Ljótarstöðum var farið yfir mjóa kvísl í ánni, svo yfir sand- og grjóteyri og nokkuð breiða kvísl austan við hana. Áin er ekki mjög djúp á þessum stað en vestari kvíslin er straumharðari er sú austari. Ekki sjást götur upp frá vaðinu í landi Ljótarstaða. Uppi á bakkanum vestan við vaðið er tún á flatlendi og þar sjást engar götur lengur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 6.

SF-184:020 *Birgutóttarvað* heimild um vað 63°45.520N 18°35.285V
"Syðst er Hvanngilsvað [017], rétt ofar er Bæjarvað [018], Engidalsvað [019] var beint austur af gamla bænum, ofan við það er Birgutóttarvað [020], kennt við Birgutóft [Byrgutóft 178:018] í Hvammslandi. Selvað [021] er skammt innar," segir í örnefnaskrá. Birgutóttarvað er á Tungufljóti, um 600 m norðaustan við bæ 001. Háir bakkar eru báðum megin við ána, allbrattir og grónir. Stór sandeyri er neðan við bakkann í landi Ljótarstaða.
Engin ummerki sjást um leið við vaðið en líklega hefur leið 034 legið að því.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 6.

SF-184:021 *Selvað* heimild um vað 63°45.735N 18°35.005V
"Syðst er Hvanngilsvað [017], rétt ofar er Bæjarvað [018], Engidalsvað [019] var beint austur af gamla bænum, ofan við það er Birgutóttarvað [020], kennt við Birgutóft [Byrgutóft 178:018] í Hvammslandi. Selvað er skammt innar," segir í örnefnaskrá. Selvað er á Tunguflóti, á leið austur að Búlandsseli og Búlandi. Líklegast var farið yfir ána af norðurenda grjóteyrar meðfram vesturbakka í Ljótarstaðalandi, um 460 m norðaustan við Birgutóttarvað 020 og um 1 km norðaustan við bæ 001. Háir bakkar eru báðu megin við ána, allbrattir og grónir. Beint austur af vaðinu, í landi Búlands er Selgil sem er stórskorið. Engin ummerki eða götur sjást Ljótarstaðamegin en í landi Búlandssels eru götur 180:017 sem liggja upp frá Selvaði, sjá lýsingu þar.


Selvað SF-184:021, horft til austurs


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 6.

SF-184:022 *Borgartorfa* tóftir fjárskýli 63°45.912N 18°35.380V
"[...] þá næst Borgartorfa, Borgartorfugil sunnan við hana," segir í örnefnalýsingu. Borgartorfa er um 1,1 km norðan við bæ 001. Í henni er allfornlegar tóftir og þústir. Nafn torfunnar bendir til þess að í henni hafi verið fjárborg. Ein tóftin er sennilega lítil borgartóft en hlutverk annarra tófta er ekki augljóst. Þó er ein þeirra líklega af beitarhúsum. Borgartorfa er aflíðandi gróin torfa sem hallar til austurs niður að Tungufljóti. Gróin gil eru beggja vegna við hana til norðurs og suðurs.


Tóftir SF-184:022. Á mynd til vinstri er tóft A (horft til norðausturs) en tóft E á mynd til hægri (horft til suðausturs)

Þrjár tóftir og þrjár þústir eru á svæði sem er um 90x90 m að stærð og snýr. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Lítil hringlaga tóft A er suðvestast á svæðinu. Hún er um 5 m norðan við brún gils sem afmarkar Borgartorfuna að sunnanverðu. Tóftin er einföld og líklega að mestu torfhlaðin. Hún er um 7x6 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er

mosavaxin og gróin. Út frá suðvesturhorni tóftarinnar gengur 3 m langur veggur til suðvesturs og samskonar veggur gengur til austurs á miðri austurhlið. Tóftin er hæst 0,7-0,8 m en veggir hennar eru 0,2-0,3 m á hæð. Líklegt verður að teljast að þessi tóft sé lítil borgartóft. Tóft B er 38 m norðaustan við tóft A. Hún er 17x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í tóftinni sést eitt skýrt hólf í norðausturenda sem er 8x3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Frá vesturhorni tóftarinnar liggur 5 m langur veggur til suðvesturs að gróinni rás. Ekki er ljóst hvort veggurinn sé hluti af öðru hólfi í tóftinni eða garður. Mesta hæð veggja er 0,3-0,4 m. Þúst C er 3 m norðaustan við tóft B. Hún er 4x4,5 m að stærð og með rúnuð horn. Þústin er 0,2-0,3 m á hæð og ekki sést móta fyrir innanmáli hólfs í henni. Tóft D er fast norðaustan við þúst C. Hún er þrískipt og er 16x16 m að stærð. Tóftin er frammi á brún gils sem afmarkar Borgartorfu að norðanverðu. Suðausturhluti tóftarinnar skiptist í tvö samhliða hólf sem snúa norðvestur-suðaustur. Hólf I er í suðurhorni. Það er 2x3 m að innanmáli. Hólf II er norðaustan við hólf I og er 2x2,5 m að innanmáli. Op er á báðum hólfum til suðausturs. Hólf III er norðvestan við hólf I. Það er um 8x2,5 m að innanmáli og snýr nálega austur-vestur. Op er á því til norðausturs. Ekki er að sjá að opið hafi verið á milli hólfa í tóftinni. Mesta hæð veggja er 0,5 m. Þessi tóft gæti verið beitarhúsatóft. Ógreinilegur veggur liggur frá austurhorni tóftar D á 3-4 m löngum kafla til suðausturs að þúst E sem er líka frammi á gilbrúninni. Hún er um 6x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst mótar fyrir innanmáli hólfs í þústinni. Hún er um 0,4 m á hæð. Svo virðist sem að tún hafi verið sléttað neðan við minjarnar í torfunni en þar er rennislétt svæði. Að lokum er þúst F austast í gilinu norðan við Borgartorfu, 65 m austan við þúst E. Hún er frammi á vesturbakka Tungufljóts, á milli lækjar sem rennur eftir gilinu og lænu sem rennur úr uppsprettu. Óvíst er hvort eða hvernig hún tengist öðrum minjum á svæðinu. Þústin er 4x5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er nokkuð flöt að ofan og 0,2-0,3 m á hæð. Ekki er útlokað að um náttúrumyndun sé að ræða.



Tóftir SF-184:022


Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 2

SF-184:023 garðlag 63°45.278N 18°35.853V

Óljóst garðlag er fast austan við slóða 009 að Ljótarstöðum 001, á bakka Bæjargilsins.

Grasi gróinn flati ofan eða vestan Bæjarlækjargils en austan við það tún sem nú er slegið (2015). Ummerkin eru mjög ógreinileg en það virðist hægt að greina e.k. horn eða L-laga hrygg á svæði sem er um 60 m langt en 20 m breitt. Hryggirnir eru 0,2 m á hæð og hafa líklega myndað einhvers konar horn þó bláhornið vanti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Hluti af garðlagi SF-184:023, horft til norðurs

SF-184:024 garðlag vörslugarður 63°45.423N 18°35.431V

Torfhlaðið hestagerði er um 400 m ANA við bæ 001. Gerðið er unglegt og er líklega á mörkum þess að teljast til fornleifa af þeim sökum. Gerðið er í smáþýfðu haglendi. Grónir skorningar liggja í gegnum svæðið sem er nokkuð flatlent en hallar lítillega til austurs í átt að ánni.



Garðlag SF-184:024, horft til suðurs

Gerðið afmarkar svæði sem er um 300x220 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Víða er komið rof í garðinn, t.d. þar sem hann liggur yfir skörð. Hann er einnig mjög siginn þar sem hann liggur yfir mýrlendi. Hleðslur eru 0,3-0,4 m á breidd og 0,2,-0,3 m á hæð. Girt hefur verið ofan á garðhleðslurnar.

Hættumat: engin hætta

SF-184:025 *Miðvegur* gata leið 63°45.124N 18°37.754V


"Sunnan við mynni Illagils er alllangt sker, Lestarsker, sem liggur frá Seljadalsá að Tungufljóti. Þegar svonefndur Miðvegur var farinn, Fjallabaksleið [Nyrðri sjá 661:001], var farið um Lestasker," segir í örnefnalýsingu og á öðrum stað segir: "Útnorður frá Kvalningshnjúkum er Ferðamannasker," og þeim þriðja: "Upp af þeim til norðvesturs af Seljadalsá heita Kvalningshnjúkar, og draga þeir nafn af, hve gatan er brött upp á þá er erfitt fyrir hesta að fara hér upp," en allar eiga lýsingarnar við sömu leiðina. Greinilegar götur sjást enn á þessum slóðum við Lestarsker um 1,6 km VSV við bæ 001. Göturnar sjást um 50 m ofan við tún þar sem er mói vaxinn mosa og grasi í aflíðandi halla til austurs. Göturnar sjást fast suðvestan við talsverða mýri.



Götur SF-184:025. Á ljósmynd til vinstri er horft norðvesturs en á mynd til hægri til suðausturs

Í mosaþembu á þessum slóðum sjást 10-15 slóðar sem liggja til norðvesturs. Slóðarnir sjást vel í brekkunni og liggja upp á brekkubrún en verða þá óljósari þar sem deiglendi tekur við þó að þeir hafi greinilega haldið áfram til norðurs. Göturnar sjást á svæði sem er 12-15 m breitt. Göturnar voru raktar á um 500 m löngum kafla. Að suðaustan hverfa þær í tún en til norðurs mætti sjálfsagt finna þær aftur þar sem deiglendum mýrum sleppir.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 2 og 3

SF-184:026 *Seljadalur* tóftir sel 63°45.661N 18°38.681V
"Þar inn af tekur svo Seljadalur við," segir í örnefnalýsingu. Tvær óljósar tóftir eru um 2,4 km vestan við bæ 001 og um 50 m austan við Seljadalsá. Bjarni F. Einarsson skráði tóftirnar fyrst við úttekt á áhrifum háspennulína Hólmsárvirkjunar árið 2011. Tóftirnar eru í hvammi við árbakka. Hvammurinn er markaður af hólum til austurs, norðurs og suðurs en Seljadalsá markar svæðið til vesturs. Sjálfur hvammurinn er vaxinn mosa og grasi. Hólarnir ofan við hann er grónir en ofan við þá (austan) eru mikil rofabörð.



Tóftir í Seljadal SF-184:026. Á ljósmynd (af tóft A) er horft til suðvesturs

Á þessum stað er tóft, ein greinileg þúst og önnur óljósari sem gæti verið náttúrumyndun. Svæðið er um 32 x 18 m stórt og snýr NNV-SSA. Hér verður hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er langgreinilegasta mannvirki svæðisins. Hún er 11 x 7 m að stærð, er einföld og snýr NNA-SSV. Tóftin er sigin og veggir hennar eru allt að 2 m á breidd en 0,2 m á hæð. Innanmál hennar er 8 x 2,5 m. Suðurhluti tóftarinnar er


mjög óskýr en norðurhlutinn greinilegri. Mögulegt er að op hafi verið sunnarlega á austurvegg en það er nú nærri því alveg óljóst. Annars er ekki hægt að greina op á tóftinni. Engar grjóthleðslur eru greinilegar í henni frekar en öðrum tóftum á svæðinu. Um 6 m sunnan við tóft A er óljós þúst B. Hún er óregluleg og virðist nokkuð úr lagi gengi og er í raun hvorki hægt að sjá gott tóftarlag á ytra eða innra birgði hennar. Þústin er um 0,1-0,2 m hærri en umhverfið og er ca 4,5 m í þvermál, þó örlítið lengri norðvestur-suðaustur. Ekki er fullvíst að mannvistarleifar sé hér að finna undir sverði en aðeins uppgröftur gæti gengið úr skugga um það. Fast norðvestan við tóft A eru óljós ummerki C. Ekki er víst hvort um mannvistarleifar eða náttúrumyndun er að ræða. Hliðin sem snýr að tóft A virðist sæmilega regluleg og er um 5 m löng. Út frá henni gengur svo hryggur til norðvesturs í um 11 m áður en hann fjarar út. Ekki er óhugsandi að stórt tóft gæti hafa verið á þessum slóðum en þá suðurveggur hennar og hluti af vesturvegg alveg horfinn. Hinn möguleikinn er að þarna hafi einfaldlega blásið upp rof í hóllinn, gróið aftur og myndað reglulega brún. Úr því verður ekki skorið nema með uppgreftri.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 2, Bjarni F. Einarsson.2011, 40-42

SF-184:027 lind vatnsból 63°45.399N 18°35.845V
Gamla vatnslindin sem notuð var fram gamla bænum 001 var norðan við Bæjargilslæk í brekkurótum við gilið. Hún var um 90 m norðaustan við bæ 001. Grasi gróin brekka sem hallar til suðurs að bæjarlæknum. Norðan við er nokkurt flag þar sem tún hafa verið ræktuð.

Á þessum slóðum er torfhlaðið gerði 035 og var vatnslindin við það. Líklega hefur hún verið ríflega 20 m norðvestan við þar sem skorningur er í brekkunna og greinilegt er að vatn seytlar fram en ekki var mikið vatn á þessum slóðum þegar staðurinn var skrásettur að vorlagi 2015.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 2-3

SF-184:028 *Tjaldgil* heimild um tjaldstæði 63°48.496N 18°43.895V
"Innan við þetta gil, með Hólmsá, eru mikil gil sem heita Tjaldgil, og efst í þeim Tjaldgilsbotnar,"segir í örnefnalýsingu. Tjaldgil var staðsett út frá kortum og loftmyndum en staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi. Tjaldgil er um 9 km norðvestan við bæ 001 á Ljótarstöðum. Tjaldgil er við Fjallabaksleið syðri 663:015 (einnig skráð í Rangárvallasýslu RA-661:021).
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 3


SF-184:029 tóft hrútakofi 63°45.370N 18°35.889V
Um 35 m norðan við bæ 001 er tóft af hrútakofa. Tóftin er enn vel stæðileg, á brún Bæjargilsins og er aðeins 1-2 m þar til snarbratt gilið tekur við ofan í læk. Tóftin er í hálfgerðri skál utan í brekkunni þannig að austan við hana er þverbrött hlíð niður í Bæjargilið en í allar aðrar áttir hækkar land upp frá tóftinni.

Hrútakofatóft SF-184:029. Á ljósmynd er horft til norðausturs

Tóftin er 6,5 x 5 m að stær og snýr NNV-SSA. Hún er einföld og veggir hennar eru að mestu grjóthlaðnir en grónir að utan. Að innan sjást mest um 5 umför af hleðslu og eru veggir 1,2 m á hæð, grjóthlaðnir að innan en grónir að utan. Tóftin er 4,5 x 2,5 m að innanmáli. Inni í henni er talsvert af grjóti og timbri og einstaka þakhella. Tóftin var lengi hrútakofi en var einnig notuð sem reykkofi á tímabili. Ofan við tóftina virðist hafa verið lítill brunnur sem nú hefur verið byrgður með bárujárnsplötum og steinum.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 3

SF-184:030 heimild um útihús 63°45.344N 18°36.052V
Tóft er merkt inn á túnakort frá 1920 um 90 m vestan við bæ 001 á milli útihúsa 004 og 005. Fjarlægðir á túnakortinu virðast misreiknaðar en ef miðað er við staðsetningu húsanna tveggja (þ.e. 004 og 005) mætti ætla að húsið hefði verið nokkru nær 004 en 005. Vel má vera að




Þúst SF-184:030. Á ljósmynd er horft til norðausturs

síðustu leifar þess hafi horfið þegar 004 var stækkað en einnig er mögulegt að staðsetningin á túnakortinu sé ekki alveg nákvæm og að húsið hafi staðið þar sem nú sést óljós þúst 10-15 m ANA við Ennishús 004. Þústin er austan í hæð í sléttuðu túni.

Grófin þúst í túnjaðri. Helst er að giska á að austurhluti hennar hafi alveg horfið í túnrækt. Sá hluti sem sést er 7,5 x 5 m stór og snýr austur-vestur. Ekki er að sjá skiptingu í hólf í tóftinni eða op á henni sökum þess hversu skemmd hún er en innanmál hennar er 3 x 2 m.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-184:031 heimild um útihús 63°45.323N 18°36.061V

Inn á túnakort frá 1920 er merkt tóft um 100 m suðvestan við bæ 001 en innan við 10 m sunnan við Ennishús 004. Húsin voru í halla í sléttuðu túni. Húsin virðast hafa verið komin úr notkun þegar túnakortið var gert og engin ummerki sjást um þau í túninu nú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

SF-184:032 þúst útihús 63°45.320N 18°35.855V

Þúst þar sem greinilega virðist hafa staðið mannvirki er um 30 m sunnan við bæ 001 beint sunnan við gömlu traðirnar 016. Grasi gróinn flati ofan eða vestan Bæjarlækjargils en austan við það tún sem nú er slegið (2015).



Þúst SF-184:032, horft til suðurs

Ekki er greinileg mikil uppsöfnun á svæðinu (aðeins um 0,1 m) en það er fagurgrænt og talsvert af byggingarusli er þar enn. Svæðið er um 9 x 8 m stórt og um 4 m til viðbótar liggja í halla til norðurs. Á einum stað má svo greina litla dæld í þústina en annars eru engin skýr ummerki eða hólfaskipan að sjá í þústina. Ekki er ólíklegt að útihús gæti hafa staðið á þessum slóðum fram eftir 20. öld en þá hefur verið vandlega rutt úr því.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-184:033 garðlag 63°45.375N 18°35.854V

Við Bæjarlækinn, tæpum 50 m norðaustan við bæ 001, er garðlag á flötum lækjarbakkanum. Garðlagið myndar gleitt horn með odd til austurs. Endar þess eru upp við brekkurætur en liggja svo á flötum árbakkanum vestan lækjar. Þarna er lítið svæði sem er afmarkað með garðlagi sem liggur í gleitt horn upp við brekkurætur. Syðri hluti garðlagsins er um 20 m langur og sá niðri aðeins styttri eða um 19 m. Vesturhlið svæðisins er afmörkuð af brekkunni sjálfri. Samanlagt mynda brekka og garðar lítið hólf sem er um 30 x 9 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Garðlagið er torfhlaðið, mest 0,8 m á breidd en 0,4 m á hæð. Það er líklega frá fyrri hluta 20. aldar. Ekki er vitað hvaða tilgangi garðlagið þjónaði en þó virðist augljóst að það hafi átt að afmarka svæði á tanganum í einhverjum tilgangi.



Garðlag SF-184:033, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-184:034 gata leið 63°45.448N 18°35.466V

Margar götur sjást saman um 300 m norðaustan við bæ 001. Þær eru líklega á leið að Búlandsseli SF-180:001 og liggja á leið 180:017 austan við Tungufljót. Leiðin liggur um smáþýfðan móa í haglendi.

Innan hestagerðis 024 sjást allt að 30 grónar götur saman á um 20 m breiðu svæði. Þeim var fylgt á 85 m löngum kafla þar sem þær stefna norðaustur-suðvestur í átt að Birgutóttarvaði 020 og Selvaði 021. Göturnar eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt.




Götur SF-184:034, horft til SSV

Hættumat: engin hætta

SF-184:035 gerði kálgarður 63°45.389N 18°35.824V

Lítið, ferhyrnt gerði er austan við Bæjarlækjargil og tæpa 100 m NNA við bæ 001. Norðaustan við gerðið er nýrækt en fast suðvestan við brattur bakki niður að bæjarlæknum.



Gerði SF-184:035. Á ljósmynd er horft til NNA

Gerðið er 6 x 4,2 m stórt og snýr NNV-SSA. Gerðið er torfhlaðið og í raun eru veggir umfangslitlir og gerðið markast mest af niðurgreftri innan þess. Þó má sjá kraga í kringum gerðið hér og þar. Hæð veggja frá frá ytri brún er 0,2 m en frá innri brún og niður í botn gerðis eru um 0,4 m. Veggir eru mest 0,6-0,8 m á breidd. Ekki er greinilegur veggur fyrir VSV-hlið en þar er þverhnípt brekka ofan í læk og er þar talsvert rofabarð. Líklega hefur þessi hlið brotnað ofan í gilið. Rof er í NNV-vegg gerðis. Gerðið er líklega lítill kálgarður frá fyrri hluta 20. aldar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-184:036 þúst útihús 63°45.296N 18°36.920V

Um 90 m suður af bæ 001 er afgerandi þúst í túninu. Umhverfis þústina er sléttað tún sem enn er slegið. Þústin er 14 x 6 m stór og snýr norður-suður. Þústin er regluleg og afgerandi og stendur mest 0,5 m upp úr túninu umhverfis. Hún er með skarpar ytri brúnir en ekki er að sjá neitt tóftarlag innan þústar. Líklega hefur útihús staðið á þessum stað en þá er vafalítið talsvert langt um liðið frá því að úr því var rutt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Þúst SF-184:036, horft til VNV

SF-184:037 tóft útihús 63°45.334N 18°35.853V

Lítil kofatóft er byggð í hólbrún um 20 m ASA við bæ 001 og fast ofan (norðan) við traðir 016. Tóftin er byggð efst í brún hæðarinnar sem bæjartóftin 001 er á, þar sem dæld er milli





Tóft SF-184:037. Á ljósmynd er horft til ANA

hennar og annarrar hæðar sunnar.

Tóftin er 4,5 x 3 m og snýr h.u.b. norður-suður. Hún er einföld, byggð inn í brekkuna að norðan og með opi á miðjum suðurvegg. Innanmál tóftar er 2,5 x 1,5 m. Þak tóftar hefur verið úr bárujárni en er nú hrunið inn í tóftina og að talsverðu leyti yfirgróið. Því er nokkuð erfitt að áætla innanmál. Engar grjóthleðslur sjást sökum þessa. Um 8 m eru frá suðurenda tóftar og niður á botn traða fyrir neðan. Tóftin hefur að líkindum verið í notkun fram á miðja 20. öld.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-184:038 þúst útihús 63°45.278N 18°35.844V



Útihúsþúst SF-184:038, horft til suðurs

Ógreinileg þúst er um 120 m sunnan við bæ 001 og fast austan garðlags 023 og nær alveg austur á brún Bæjarlækjargils. Grasi gróinn flati ofan eða vestan Bæjarlækjargils en austan við það tún sem nú er slegið (2015).

Þústin er um 8 x 8 m stór og er fremur óregluleg í laginu. Hún er um 0,4 m hærri en umhverfið. Ekkert tóftarlag er að sjá á henni en hún er þó þessleg að líklegt virðist að mannvistarleifar leynist undir sverði á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-184:039 garðlag túngarður 63°45.302N 18°35.801V
Garðar hafa greinilega girt af túnin á Ljótarstöðum á einhverjum tíma. Ekki er alveg augljóst hvaða hryggir og garðaleifar í túninu eiga saman og má kalla túngarð en hér eru skráðir saman annars vegar leifar garðlags á vesturbakka Bæjarlækjargils, 80-90 m suðaustan við bæ 001 og hins vegar óljósir hryggir sem líklega eru leifar túngarðs sem markað hefur suðurhlið túnisins. Garðlagið sem best sést er á grösugum lækjarbakka í halla til austurs. Garðlögin sem markað hafa af suðurhlið túna eru sléttuð og sjást nú sem hryggir í túninu. Garðlagið sem er á lækjarbakkanum er beint, um 30 m langt og snýr norður-suður. Það er vaxið grasi og mosa og er mest um 1,5 m á breidd en 0,8 m á hæð. Austurbrún þess er meira afgerandi en vesturbrúnin. Norðurendi þess hefur brotnað ofan í lækinn fyrir neðan. Garðlagið girðir af litla totu eða tanga við bæjarlækinn. Dæld er norðarlega í garðlagið og gæti verið op á honum. Þau garðlög sem líklega hafa markað af suðurhluta túnsins eru sem fyrr segir sléttuð og sjást aðeins sem hryggur í túniu á samtals um 180 m kafla, frá Bæjarlækjargili og til vesturs (og VNV) eftir túninu langleiðina að útihúsi 004.
Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-184:040 þúst útihús 63°45.320N 18°35.855V
Þúst er um 10 m austan við þúst 002 og rúmum 50 m SSA við bæ 001. Grasi gróinn flati ofan eða vestan Bæjarlækjargils en austan við það tún sem nú er slegið (2015). Þústin er á hæðarbrún en gilbakkinn að Bæjargili er þó ekki brattur við hana.


Þústin er um 8 m í þvermál. Hún er sigin og vaxin mosa og grasi. Hæð hennar er mest 0,2-0,3 m en ekki er hægt að sjá mikið tóftarlag á henni þó líklegt þyki að mannvistarleifar leynist undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Útihúsþúst SF-184:040, horft til austurs

SF-185 Gröf



Inn á kortið eru færðar allar þekktar fornleifar en sjálft kortið byggir á túnakorti sem teiknað var 1920



Túnakort Dana frá 1904. Öll mannvirki sem eru sýnd á kortinu teljast til fornleifa og voru skráð (sjá minjakort aftast í skýrslu og túnakort á síðunni á undan). Kortið er fengið á vef LMÍ



Gröf, SF-185. Myndin er tekin með dróna og horft er til NNV

1847: 12 hdr. Flögujörð. Konungseign

1523: Jarðarinnar er getið í máldaga Þykkvabæjarklausturs. DI IX, 189.
1848: Ný Jarðabók fyrir Ísland segir forna hundraðatölu 12 en nýja 13.8.
1898: "Árið 1898 var reist sóknarkirkja fyrir Ásaprestakall í Grafarlandi. Þar er einnig skilarétt sveitarinnar." Sunnlenskar byggðir VI, 270.
Tún 4,3 ha 1920. Matjurtagarðar 790 m2.
"Jörðin er ekki talin landstór. Þar er skógarkjarr töluvert í svokölluðu Giljalandi. Gróður skiptist í mýrlendi og þurrlendi nokkuð að jöfnu. Hagar skjólgóðir og frekar grasgefnir. Vetrarbeit góð á meðan notuð var. Mýrarslægjur voru víðlendar en frekar snöggar. Þurrlendi til ræktunar nægjanlegt. Gröf er talin frekar góð bújörð." Sunnlenskar byggðir VI,270.

SF-185:001 *Gröf* bæjarhóll bústaður 63°43.549N 18°32.372V
"Gamli bærinn var nyrst í Lágatúni, niður við Grafará...," segir í örnefnaskrá. Bæjarhóllinn á Gröf er um 85 m neðan (austan) við núverandi íbúðarhús á jörðinni en bærinn var fluttur um miðja 19. öld. Staðsetning gamla bæjarins er nokkuð sérstök ofan í árgili Grafarár og varð mjög snjóþungt á þessum stað. Á svipuðum slóðum er merkt útihús inn á bæjarteikningu Dana frá 1904. Þjóðleiðin um svæðið lá áður á þessum slóðum, ofan í gilið og fram hjá bænum. Ólafur Björnsson heimildamaður telur helst að bænum hafi verið valin staðsetning þarna sökum þess hversu gott aðgengi er að vatni þar.

Til suðurs frá bæjarhólnum eru gömul tún sem eru mörkuð af brekku til vesturs og




Bæjarhóllinn í Gröf SF-185:001. Mynd til vinstri er tekin með dróna og ofan á hana eru gróflega merkt fyrir jaðri hólsins og staðsetning könnunarskurða merkt með X. Á mynd til hægri er horft til austurs yfir bæjarhólinn.

Grafará til austurs og nú (2015) af þjóðvegi til suðurs. Líklega hefur brekkan ofan við (austan við) líka verið slegin á sínum tíma.

Bæjarhóllinn er um 50 m langur austur-vestur og á bilinu 30-50 m breiður eftir því hversu langt hann er talinn ná til suðurs. Milli bæjarhóls og þjóðvegar sunnar, í túnbletti eru nokkrar hæðir/þústir þar sem ætla má að útihús hafi staðið en þar hafa ekki verið tættur svo langt sem Ólafur Björnsson man. Bæjarhóllinn er mjög myndarlegur, sérstaklega til norðausturs þar sem hann skagar út í lækjargilið og er um 2 m hár. Suðurhluti bæjarhólsins er skorinn af tröðum sem liggja í gegnum hann og eru mest 1,2 m á dýpt (sjá nánar 032). Engar leifar yngsta bæjarins á bæjarhólnum sjást en á honum er ein tóft sem byggð var eftir að bærinn var fluttur. Tóftin er fast vestan við þar sem bæjarröðin var en þar sem bærinn var er svolítil dæld í hólinn. Tóftin er 9-10 x 7,5 m stór og er einföld. Hún snýr norður-suður og er opin til suðurs. Veggir eru úr torfi og grjóti, mest 1,5 m á hæð og í þeim sjást 4-5 umför af hleðslu. Innanmál tóftar er 8 x 3,5 m. Húsið er merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904.

Traðir 032 eru fast sunnan við tóftina. Í tröðunum fann Ólafur Björnsson nokkra hluti þegar var verið að vinna á svæðinu fyrir nokkrum árum, m.a. kolu. Sunnan við traðir má í raun greina framhald bæjarhóls en girðing markar nú af túnið sem þar er og enn er slegið. Á því svæði kom Ólafur niður á talsvert af dýrabeinum (m.a. talsvert safn af fiskibeinum) þegar hann lagði vatnsleiðslu þar yfir. Sumrin 2013-2014 var leitað að umræddum beinum með borkjarnasýnatöku og litlum skurði en ekki fundust ummerki um öskuhauginn þar. Teknir voru tveir skurðir í sjálfan bæjarhólinn árið 2013, annar í austurenda hans og hinn til suðurs, niður að tröðum. Skurðirnir voru teknir til að reyna að staðsetja öskuhaug eftir að farið hafði verið yfir svæðið og borkjarnasýni tekin. Í báðum skurðum fundust talsverðar leifar öskuhaugs (bein og gripir) en meira magn í skurðinum sem snéri að Grafargili en þar fundust meðal annars brot af leirkerum, brýnum og járngripum sem líklega eru frá 18. og 19. öld. Skurðirnir náðu þó aftur á 16. öld en svo virtist sem að lögin yrðu vatnskenndari og gripir og bein verr farin eftir því sem neðar dró. Árið 2014 var opnaður stærri skurður á milli skurðanna tveggja frá 2013. Þá var grafið upp stærra safn að dýrabeinum en áður og lítið gripasafn sem m.a. innihélt lítið brot af fornlegum kambi og talsvert safn brýna. Í þetta sinn var farið niður á 17. öld en neðstu lögin virtust sem fyrr talsvert vatnsósa. Ýmsir gripir komu í ljós við uppgröftinn (t.d. brýni, gler, leirker og járngripir) en einnig talsvert safn dýrabeina. Athygli vakti mikið magn hvalbeina í safninu. Kirkjujarðir í Skaftártungu virðast flestar hafa átt fjörurétt en hvorki er vitað um kirkju á Gröf, né slíkan rétt. Magn hvalbeina gæti þó bent til að jörðin hafi einhvers staðar átt fjörurétt. Nánari upplýsingar um uppgröft á bæjarhólnum er að finna í uppgraftarskýrslum frá 2013 og 2014.



Eina tóftin sem enn er á bæjarhól SF-185:001

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Gröf, 1, Bæjarteikningar Dana frá 1904, Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2014, Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2015

SF-185:002 *Gröf (yngri bær)* bæjarstæði bústaður 63°43.571N 18°32.490V

"...en [bærinn] var fluttur á annan stað um 1850. Þar stendur nú reisulegt steinhús," segir í örnefnaskrá. Þegar bærinn í Gröf var fluttur úr Grafarárgilinu og upp á hæðina vestan þess. Bærinn sem þar var byggður um miðja 19. öld var úr blönduðu efni. Sjálf bæjarhúsin voru úr timbri og bárujárni en sambyggt þeim voru sex burstir úr torfi, grjóti og timbri (fjórar til austurs og tvær til vesturs). Umræddur bær var rifinn milli 1960-1970. Bærinn stóð á svipuðum stað og steinsteypt íbúðarhús í Gröf gerir nú en núverandi hús er þó um 10 m sunnar en eldri bær. Þar sem eldri bærinn var eru enn nokkrir kofar úr timbri. Samkvæmt bæjarteikningu Dana frá 1940 voru nokkur hús á bæjartorfunni þá og í raun mætti tala um tvær raðir af húsum og hlað á milli. Sunnan við syðri röðina var svo kálgarður samkvæmt kortinu en öll umrædd mannvirki eru hér skráð undir eina og sama númerinu. Stæði eldri bæjar á hæðinni hefur nokkuð verið raskað. Þó standa þar enn tvær burstir sem greinilega hafa nýlega verið byggðar/endurbyggðar. Að baki þeim er fagurgræn hæð þar sem svo virðist sem efni hafi verið hrúgað saman, líklega þegar hreinsað var til á bæjarstæðinu. Í hæðinni leynast því án efa miklar en mikið raskaðar mannvistarleifar og leifar af dýrabeinum og leirkerum má sjá víða í kring.

Ólafur Björnsson, heimildamaður, þekkti eldri bæjarhús mjög vel. Þau voru burstabyggð og voru sjálf bæjarhúsin í miðjunni. Fast austan við bæinn var útieldhús og austan við það fjós. Vestan við bæinn, næst honum var skemma, þá hesthús, hænsnakofi og



Yngra bæjarstæði í Gröf SF-185:002. Mynd til vinstri er tekin með dróna (Gísli Pálsson), horft til norðvesturs en á mynd til hægri er horft til norðurs


vestast smiðja. Skemman sem þarna stóð og var byggð 1840 var flutt í safnið á Skógum á 9. áratug 20. aldar og stendur þar enn og er friðuð. Skemman var óvenjuleg þar sem framhluti hennar var þiljaður og á loftinu var skarsúð. Hún var byggð úr rekavið. Skemman gegndi hlutverki gestastofu. Ábúendur hafa ekki hreyft við fiskistein sem var á bæjarhlaðinu og er enn á sínum stað. Hann er um 80 x 50 cm stór og um 0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920; Bæjarteikning Dana, Ö-Gröf, 1.

SF-185:003 *Kirkjuholt* hús kirkja 63°43.346N 18°32.208V
"Kirkjan var reist á holti, sem hét Stekkjartúnsholt [014]. Blasir hún þar vel við, vönduð og vel við haldið. Nú er holt þetta kennt við kirkjuna og kallað Kirkjuholt," segir í örnefnaskrá. Kirkja á Kirkjuholti er um 400 m sunnan við bæ 001 og um 470 m suðaustan við yngri bæ 002. Hún stendur hátt á holtinu. Vestan við kirkjuna er malbikað bílastæði. Kirkjan er í miðjum kirkjugarði og er vandlega hlaðinn garður umhverfis hann. Smáþýfður mói er allt í kringum kirkjugarðinn nema vestan við túnið þar sem búið er að rækta tún.

"Árið 1896 var reist sóknarkirkja fyrir Ásaprestkall í Grafarlandi." (Sunnlenskar



Kirkjan í Grafarlandi SF-185:003. Á mynd til vinstri er horft til austurs en til norðvesturs á mynd til hægri




Kirkjan í Grafarlandi SF-185:003. Drónamynd Gísli Pálsson

Byggðir VI, 270). Á upplýsingaskilti við kirkju kemur fram að kirkjan sé frá 1898 en þá voru kirkjurnar að Búlandi 179:002 og Eystri-Ásum 175:003 rifnar. Kirkjan var endurbyggð frá grunni 1931. Í henni eru m.a. tvær kirkjuklukkur frá 1727 og 1744. Elsta gröfin í garðinum er frá 1899. Kirkjan er á steyptum grunni, bárujárnsklædd timburkirkja. Hún er um 9x6 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Kirkjugarðurinn er ósléttaður. Hann virðist hafa verið stækkaður til allra átta nema til vesturs. Í kirkjunni er fallegur skírnarfontur. Lokið var við að hlaða garðinn í kringum kirkjugarðinn árið 1982 og er hann 50x40 m að stærð, snýr NNV-SSA. Hann er hlaðinn úr hraungrýti, er 1,3 m á breidd og er hæstur 1,7 m á austurhlið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Sunnlenskar Byggðir VI, 270; Ö-Gröf, 1.

SF-185:004 *Lambhús* heimild um lambhús 63°43.645N 18°32.587V
Lambhús er merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920. Á þessum stað stóðu lengi leifar af Lambhúsum samkvæmt Ólafi Björnssyni heimildamanni. Húsið var um 150 m norðan við bæ 002 og um 20 m vestan við kálgarð 005. Nú eru rennislétt tún þar sem lambhúsið stóð og sjást engin ummerki um húsið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920 og Bæjarteikning Dana 1904

SF-185:005 gerði kálgarður 63°43.646N 18°32.548V
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1920 rúmum 100 m norðan við bæ 002. Kálgarðurinn er ekki merktur inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og má vera að hann hafi verið gerður á árunum 1905-1919. Kálgarðurinn er í halla til austurs, ofan í gili Grafarár. Fast vestan við hann taka við mikil tún.




Kálgarður SF-185:005, á ljósmynd er horft til norðurs

Kálgarðurinn er um 20 x 13 m stór og snýr eins og gilið, norður-suður. Litlar, eiginlegar hleðslur eru í honum heldur hefur verið stungið upp úr honum og því hrúgað upp í eins konar veggi. Víða sést um 20 cm hár kragi að utanverðu. Botn kálgarðsins er fremur sléttur og að innanverðu má næstum segja að hann sé þríhyrndur en um miðjan kálgarð er um 4 m löng hleðsla sem skiptir honum í tvennt. Hleðslan er 0,8 m á breidd en 0,4 m á hæð. Í norðausturhorni kálgarðsins er niðurgröftur sem er 1,5 x 1 m að stærð. Frá norðvesturhorni er steinahrúga eða -dreif.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-185:006 *Barðkofi* heimild um hrútakofa 63°43.597N 18°32.513V
Hrútakofi er merktur inn á túnakort frá 1920 um 50 m norðan við bæ 002. Kofinn er ekki merktur inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og gæti verið byggður á tímabilinu 1905-1919. Kofinn var 5-10 m austan við grunn að skemmu og 20-25 m austan við núverandi skemmubyggingu. Kofinn stóð samkvæmt Ólafi Björnssyni, heimildamanni, allt fram á allra síðustu ár og sést vel á loftmynd sem tekin var eftir 2000. Kofinn var á flata en fast austan við tekur við brött brekka að Grafarlæk.


Grjót úr útihúsum SF-185:006 raða snyrtilega upp nálægt þeim stað þar sem húsin stóðu

Engin merki um kofann sjást nú en fast norðan við þar sem hann hefur staðið sést snyrtilega uppröðuð hrúga af hellugrjóti sem líklega er úr kofanum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

SF-185:007 heimild um útihús 63°43.534N 18°32.528V
Útihús er merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 um 70 m sunnan við bæ 002. Þar sem húsið stóð eru nú rennislétt tún. Örlitla hæð má greina í túninu þar sem húsið stóð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920, Bæjarteikning Dana 1904

SF-185:008 heimild um kálgarð 63°43.529N 18°32.526V
Kálgarður er teiknaður inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 um 80 m sunnan við bæ 002. Hann var fast suðaustan við útihús 007. Þar sem kálgarðurinn var eru nú (2015) rennislétt tún. Þar sem hann var er eilítill halli til suðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana, Túnakort 1920


SF-185:009 *Austurlambhús* heimild um útihús 63°43.512N 18°32.461V
Inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 eru merkt útihús sunnarlega í túni og um 100 m sunnan við bæ 002. Þarna stóðu s.k. Austurlambhús samkvæmt Ólafi Björnssyni bónda en hlaða var við þau. Engin ummerki sjást um húsið nú (2015). Þar sem þau hafa staðið er hæð í túni og hallar því til suðurs. Efst í hæðinni er raflínustaur. Einhver ummerki virðist hægt að greina á loftmynd sem tekin var eftir 2000 en ekki er að sjá neinar mannvistarleifar í sléttuðu túninu nú. Samkvæmt túnakortinu og bæjarteikningunni sneri húsið nálega norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904, Túnakort 1920

SF-185:010 *Vesturlambhús* heimild um lambhús 63°43.500N 18°32.484V
Inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 eru merkt útihús sunnarlega í túni og um 130 m sunnan við bæ 002. Húsin voru um 20 m norðan við suðurhlið túngarðs 037.
Húsin hafa verið nálega þar sem girðing sem girðir af tún umhverfis íbúðarhúsið á Gröf er nú. Þar sem húsið hefur staðið er ávöl hæð í túninu. Samkvæmt Ólafi Björnssyni bónda voru lambhús á þessum stað, oftast nefnd Vesturlambhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904, Túnakort 1920

SF-185:011 heimild um traðir 63°43.586N 18°32.619V
Traðir lágu að bænum á Gröf 002 úr norðvestri samkvæmt túnakorti frá um 1920. Túngarðurinn er enn greinilegur á þessum slóðum og í hann er um 8 m langt skarð þar sem traðirnar hafa legið. Bæjarhlað og sléttað tún eru nú þar sem traðirnar lágu. Engin ummerki sjást nú um traðirnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-185:012 gerði kálgarður 63°43.577N 18°32.329V
Kálgarður og þrjár litlar kofatóftir eru ofan við Kvíar 013 í Kvíabrekku, um 60 m norðaustan við eldra bæjarstæði 001 og 130 m austan við yngra bæjarstæði 002. Kálgarðurinn er í grunnu skarði í brekku í lækjargili. Sléttað tún er ofan við kálgarðinn til austurs.

Minjarnar eru á svæði sem er 30x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá






Kálgarður SF-185:012, horft til norðausturs

bókstafi til aðgreiningar. Kálgarður A er tvískiptur og er að hluta grafinn inn í skarðið í brekkunni og að hluta afmarkaður af torfhlöðnum veggjum. Kálgarðurinn er 30x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf I er í norðausturhluta. Það er um 6x10 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðnir veggir eru meðfram norðausturenda og norðvesturhlið hólfsins. Hár stallur er fram af því hólfi til suðvesturs, 1,2 m á hæð. Suðvestan við hólf I er hólf II sem er um 16x10 m að innanmáli og snýr eins en mjókkar í norðausturenda. Óljós útflattur veggur er á suðvesturhlið í hólfi II en hlaðnir veggir eru að hluta á norðvestur- og suðausturhliðum. Suðaustan við hólf I í kálgarðinum eru þrjár litlar torfhlaðnar tóftir, líklega af kofum sem geymt hafa uppskeru úr kálgarði. Norðaustasta tóftin B er minnst, 1,5x1,5 m að stærð og veggir hennar 0,2 m á hæð. Sunnan við hana eru tvær áþekkar tóftir C og D sem eru hvor um sig 2x3 m að stærð og snúa austur-vestur. Veggir þeirra eru 0,3 m á hæð. Veggirnir í tóftunum eru ekki breiðari en 0,5 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-185:013 *Kvíabrekka* örnefni kvíar 63°43.569N 18°32.356V
"Vestur af Bólinu, niður að ánni, heitir Kvíabrekka," segir í örnefnalýsingu. Kvíabrekka er brött og slétt brekka í árgili Grafarár, um 40 m norðaustur af bæ 001 og um 110 m austan við bæ 002. Kvíabrekka er gróin og austur og upp af henni er grunnt skarð í árbakkanum þar sem kálgarður 012 er.

Engin ummerki eru um hlaðna kvíatóft í brekkunni eða neðan við hana en ekki er ólíklegt að kvíar hafi verið þar sem kálgarðurinn er nú og virðist það ákjósanlegur staður því þar er náttúrulegt aðhald.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Gröf, 1

SF-185:014 *Stekkjartúnsholt* tóft+garðlag stekkur 63°43.312N 18°32.226V
"Kirkjan var reist á holti, sem hét Stekkjartúnsholt," segir í örnefnalýsingu. Stekkjartúnsholt



Tóftir á Stekkjarholti SF-185:014. A myndina er könnunarskurður í vallargarð merktur með rauðu



Á mynd til vinstri er tóft A (horft til vesturs) en á mynd til hægri tóft B (horft til suðurs)

er nærri því hringlaga gerði með allt að átta þústum og tóftum innangarðs. Stekkjartúnið er

um 40 m sunnan við suðvesturhorn kirkjugarðs 003 og um 430 m sunnan við bæ 001. Gerðið er fast suðaustan við bílastæði við kirkjuna.

Gerðið er byggt í brekku sem hallar til suðausturs. Efstu tóftirnar (þær nyrstu, A-C) eru í raun uppi á holtinu en mest af gerðinu og tóftunum/þústunum er í halla auk þess sem þær neðstu eru næstum í jafnsléttu þar sem holtið fjarar út til suðausturs og mýri tekur við.



Tóft C er á mynd til vinstri (horft til SSV) en tóft D á mynd til hægri (horft til suðvesturs)



Tóftirnar á Stekkjarholti SF-185:014. Prufuskurður í garðlag er merktur með rauðu.
Myndin er tekin með dróna. Gísli Pálsson.

Á þessum stað er stór vallargarður sem markar af svæði sem er um 95 x 90 m stórt og

snýr norðvestur-suðaustur. Garðurinn er næstum hringlaga og innan hans og við hann eru sem fyrr segir átta þústir/gerði/tóftir. Verður hverju þeirra gefinn bókstafur í lýsingunni hér á eftir til aðgreiningar. Sjálfur vallargarðurinn er frekar greinilegur víðast hvar, nema allra efst, við bílastæði kirkjugarðs þar sem hann er raskaður á kafla. Garðurinn er grasi gróinn og víða um 2 m á breidd (1,5-2 m) og 0,7 m hár að utanverðu en 0,3 m að innanverðu. Garðurinn er sigin og nokkuð fornlegur. Tóftir A-C eru efst (nyrst) við vallargarðinn og þær eru stæðilegri og grænni en önnur mannvirki á þessum slóðum og virðast hafa verið notaðar lengur, sérstaklega A. Tóft A er mest áberandi af öllum tóftum á svæðinu og hefur greinilega verið í notkun lengur. Hún er á hólbrún og er 11 x 5 m stór. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er í raun L-laga þó hún sé í raun fremur óregluleg í laginu. Vallargarður sést lítið sem ekkert á þessum slóðum. Tóftin er opin til norðurs. Veggir hennar eru víða 0,8-0,9 m á hæð en 1,2 m á breidd. Engar grjóthleðslur sjást í henni. Undan tóftinni til suðausturs gengur hæð þar sem óljóst virðist mega sjá móta fyrir vegg/gerði. Hæðin er 12 x 6 m stór og ekki er ólíklegt að þar sé að finna eldra byggingarstig þessarar tóftar. Mögulegt er að tóft A hafi verið notuð sem stekkur enda ljóst að á svæðinu var stekkur á seinni öldum samanber nafnið Stekkjartún. Umfang rústa á svæðinu bendir þó eindregið til að svæðið hafi haft annan tilgang í upphafi og mögulega verið lítið býli. Tóft B er um 14 m austan við A. Hún er byggð ofan á vallargarðinn. Hún er gróin og græn og veggir standa í meira en 0,6 m hæð. Undir tóftinni er talsverð uppsöfnun sem að hluta er túngarðurinn sjálfur eins og fyrr segir en aðeins hefur safnast upp að honum undir tóft. Samtals er hæðarsvæðið um 9 x 8 m stórt. Sjálf tóftin er fremur regluleg að sjá að innanverðu en rúnuð og óreglulegri að utanverðu. Hún er 6 x 6 m að stærð. Op hefur verið vestarlega á norðurvegg hennar og mögulegt að op hafi einnig verið á suðurvegg hennar, þar er veggur a.m.k. mun óverulegri en annars staðar. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni frekar en öðrum tóftum í Stekkjartúni en hún er sem fyrr segir talsvert stæðilegri en tóftir D-G og hefur sjálfsagt verið í notkun lengur en þær. Tóft C er um 13 m vestan við tóft A. Vallargarðurinn gengur niður brekkuna til suðvesturs frá miðri tóft C og ógreinilegan hrygg má einnig greina til austurs frá henni í um 10 m í átt að tóft A. Séu þetta leifar vallargarðsins þá er tóft A að mestu utan hans. Tóft C er mjög óskýr. Hún er gróin og græn líkt og A og B en varla er hægt að sjá tóftarlag á henni að innanverðu. Í raun væri e.t.v. réttara að tala um þúst á þessum stað. Þústin er 9 x 6 m stór og snýr nálega norður-suður. Norðarlega í þústinni er dæld sem er um 1 m í þvermál og gæti verið síðustu ummerki um lítið hólf. Ekki er önnur veggjamerki að sjá. Þústin er þýfð og ógreinileg en ytra birgði hennar er þó greinilegt og 0,5-0,7 m hærra en umhverfið. Norðan við tóftina eru sléttuð tún og gætu þau hafa raskað henni eitthvað. Tóft D er rúmum 20 m neðan (sunnan) við tóft C og er inni í vallargarðinum. Tóftin er nú inni í afgirtu hólfi og matjurtagarðar hafa verið ræktaðir fast norðan tóftar. Tóftin er einföld og 5,5 x 3,5 m að stærð. Hún snýr norðvestur-suðaustur og op hefur verið á miðjum suðaustur skammvegg. Veggir tóftarinnar eru signir og innri brún þeirra er ógreinileg. Hæð þeirra að utan er 0,7 m en að innan aðeins 0,3 m. Til suðausturs frá tóftinni má greina ógreinileg ummerki þess sem gæti verið eldra byggingarstig tóftarinnar. Þar sjást veggir, eins og í framhaldi af þeim veggjum sem best sjást í um 3 m til suðausturs. Þessi ummerki eru í raun mjög ógreinileg en þó virðist klárlega mega greina eldra byggingarstig á þessum slóðum. Þúst E virðist hafa verið gerði sem byggt er við innanverðan vallargarðinn um 55 m suðaustan við tóft A. Gerðið er ferhyrnt og 8 x 3 m stórt. Það snýr norðaustur-suðvestur og mjókkar svolítið til suðvesturs þar sem það er einungis 2 m á breidd. Ekkert innra birgði er greinilegt innangerðis en hæð ytri brúnar gerðis er um 0,5 m. Ekkert op sést á gerðinu og ekki virðist því hafa verið skipt niður. Tóft F er umfangsmikil en að sama mjög óljós. Veggir hennar virðast nokkuð tröllslegir og allt að 4 m breiðir. Því er ekki gott að átta sig á lagi hennar. Samtals má þó sjá mannvistarleifar á svæði sem er gróflega áætlað 20 x 12 m stórt og snýr nálega austur-vestur. Gróflega mætti skipta svæðinu í tvö hólf. Hólf I er austar og um 6 x 5 m að innanmáli. Það virðist opið að túngarði en einnig til norðurs. Hólf II er vestar og um 5 x 5 m að

innanmáli. Ekki er hægt að greina suðurvegg fyrir því. Á milli hólfanna er mjög óljós þúst sem er um 3,5 x 3 m stórt og virðist byggð ofan í gerðið síðar. Ekki er að sjá tóftarlag á þústinni en hún stendur hærra en gerðið umhverfis. Tóft F gæti hafa tengst bæði tóftum H og G. Tóft G er sambyggð vallargarði en snýr þvert á hann. Hún er tæpum 70 m sunnan við tóft A. Tóft G hefur líklega verið einföld og u-laga og snúið norður-suður. Hún er um 6,5 x 5 m stór og er nú opin til suðurs. Austurhlið tóftar er að mestu varðveitt en vesturhlið hennar er fremur ógreinileg. Frá norðurenda austurveggjar og að tóft F eru aðeins um 2 m. Veggir tóftarinnar eru sigir og ógreinilegir og mest 0,2 m á hæð en 1,2 m á breidd. Gerði eða tóft H er byggt upp við eða ofan á túngarði, fast sunnan við tóft F. Það er nokkur óljóst en virðist gróflega áætlað vera um 3,5 x 10 m stórt en þó er um 7 m hæð áfram frá því til norðurs. Gerðið hefur líklega skipst í nokkur hólf en þau eru nú alveg orðin gróin og óskýr. Gerðið er um 0,3 m hærra en umhverfið. Hæð I er græn og ræktarleg. Hún er utan túngarðs og gæti mögulega verið náttúruleg en þar sem ekki var hægt að skera úr því með vissu var hæðin mæld og er hún um 30 m löng og mest um 6 m á breidd. Sumarið 2014 var tekinn skurður í vallargarðinn í Stekkjartúni. Skurðurinn sýndi að garðurinn er byggður fast ofan á gjósku úr Eldgjá sem féll um 934 og virðist engin uppsöfnun hafa náð að myndast ofan á öskulaginu áður en garðurinn var byggður. Í sniði mátti sjá hvernig foklög höfðu safnast upp að garðinum og talsvert var byrjað að hrynja úr honum þegar það gýs í Heklu 1206 og áfram má sjá hrunlög úr honum undir og yfir 13. aldar gjóskur. Síðar virðist hafa verið gerð tilraun til að endurbyggja garðinn eða gera við hann. Viðgerðin hefur átt sér stað eftir 1389 (er yfir gjóskulagi frá því ári) en fyrir 1477 en öskulag frá því ári liggur yfir yngsta hluta garðsins. Nánari upplýsingar um könnunarskurði í Stekkjartúni er að finna í uppgraftarskýrslu fyrir sumarið 2014.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gröf, 1 og Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2015

SF-185:015 þúst útihús 63°43.532N 18°32.359V

Þúst er beint suður af bæjarhólnum 001 og eru aðeins traðirnar 032 á milli. Fagurgrænt og sléttað tún er sunnan traðar sem liggur sunnan við gamla bæinn 001 í Gröf. Hluti túnanna er í halla frá núverandi íbúðarhúsi á Gröf og til austurs í átt að árbakka Grafarár. Túnið var kallað Lágatún og þar eru nokkrar þústir sem eru þesslegar að líklegt verður að teljast að mannvist leynist þar undir sverði (sjá einnig 035, 055 og 061). Ekki eru þó þekktar heimildir um hús á þessum stöðum og ekki kannast Ólafur Björnsson heimildamaður við að hafa heyrt af því að hús hafi staðið þarna. Líklegast er að byggingar á þessum stað hefðu verið af e.k. útihúsum sem tilheyrðu gamla bænum á Gröf.




Þúst SF-184:015 sést óljóst í forgrunni en horft er yfir prufuskurði á bæharhól 001, til norðurs

Hóllinn er um 18 x15 m stór og snýr norður-suður en minni hæðir eru til vesturs á milli hólsins og þústar 061 og

einnig ójöfnur á milli hans og þústar 063.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-185:016 *Réttarholt* tóft rétt 63°42.879N 18°31.668V
"Suður af Slóðamýri [661:016] er Réttarholt," segir í örnefnalýsingu. Þrískipt tóft er á suðaustanverðu Réttarholti, um 1,4 km suðaustan við bæ 001. Tóftin er á í SSV-enda holts sem er vaxið mosa og grasi og eru víðirunnar hér og hvar. Réttarmýri er til suðvesturs og lækjargil er til austurs.

Tóftin er 11x7 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Í henni sjást þrjú hólf og virðist hún að mestu torfhlaðin. Hólf I er í vesturhelmingi tóftarinnar. Það er um 2x7 m að



Réttartóft SF-185:016. Á ljósmynd er horft til suðurs

innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til suðurs en á þeirri hlið er ekki sýnilegur veggur. Hólf II er í norðausturhorni tóftar og er 2x1,5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Óljóst op er á því til austurs. Hólf III er sunnan við hólf II. Það er um 3x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Óljóst op er á því til suðurs en einnig var mögulega op á því til austurs á og milli hólfa II og III. Mesta hæð tóftar er 0,3-0,4 m. Örnefnið Réttarmýri bendir til þess að rétt hafi verið í nágrenninu og ekki er ósennilegt að tóftin sé af rétt en ekki er útilokað að hún hafi haft annað hlutverk.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gröf, 1.

SF-185:017 *Dagmálavarða* varða landamerki 63°44.713N 18°34.643V

Varða er nálega á merkjum milli Grafar og Borgarfells. Hún er um 30 m frá merkjagirðingu, 1,5 km frá Borgarfelli 184:001 og 2,9 km norðvestan við Gröf 001. Varðan er á Dagmálaskeri og lágu merkin úr Berjafelli í Dagmálasker. Varðan sést ekki frá Gröf en gæti hafa verið dagmálavarða úr Búlandsseli eða Ljótarstöðum. Varðan er á suðausturenda mosaholts. Varðan er vel hlaðin. Hún er um 1,2 m í þvermál en 0,5 m á hæð og samtals sjást um 5 umför í henni.
Hættumat: engin hætta



Varða SF-185:017 horft til SSV

SF-185:018 tóft beitarhús 63°44.542N 18°33.175V

"Um [Gatnatorfu] liggja hestagötur [661:017] til eyðibýlanna Búlandssels [SF-180] og Svartanúps [SF-181]. Í Gatnatorfu var áður beitarhús, og sjást tætturnar enn," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin eru um 300 m sunnan við rétt 028 og 2 km norðan við bæ 001. Tóftin er ofarlega í sléttlendri, grasi vaxinni torfu sem hallar til suðurs. Litlu neðan við tóftina er breitt rofskarð þvert á torfuna sem skiptir henni í tvennt.




Beitarhúsatóft SF-185:018. Á ljósmynd er horft til norðurs

Tóftin er um 11x13 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og skiptist í tvö hólf, fjárhús og heykuml. Fjárhúshlutinn, hólf I, er um 3x9 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á fjárhúsunum til suðurs. Hvorki er garði né ummerki um hleðslur undir jötur meðfram veggjum í fjárhúsum. Heykuml, hólf II, er við utanvert suðvesturhorn á hólfi I. Það er um 3x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Óljóst op er í suðvesturhorni


þess. Mesta hæð tóftar er um 1 m og mest sjást 3-4 umför í hleðslum. Meira er af torfi í veggjahleðslum í heykumli en í fjárhúsum og eru þær signari. Veggir þess eru aðeins 0,3-0,4 m á hæð. Ummerki um efnistöku má greina í kringum tóftina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gröf, 3.

SF-185:019 *Gamlatóft* örnefni 63°43.482N 18°32.049V
"Norðan við og neðan við Ásinn er lítill hóll, sem heitir Gamlatóft," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Ólafs Björnssonar, heimildamanns er hóllinn Gamlatóft í hólaröð um 300 m suðaustan við bæ 001 og mundi hann eftir tóft þar. Suðausturendi hólsins er kominn í tún en utan túnsins er hóllinn smáþýfður. Eftir hólnum til VNV í átt að bæ er renna sem er um 0,2 m á dýpt og um 1 m á breidd, mögulega leið að bæ. Engin ummerki voru sýnileg um tóft á þessum stað. Ætla má að hún hafi horfið við túnrækt.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Gröf, 3

SF-185:020 tóftir 63°44.404N 18°33.490V
Þrjár fornlegar tóftir og garðlag eru fast vestan við Þinggil, um 350 m suðvestan við beitarhús 018, 520 m SSA við meintar þingminjar



Tóftir SF-185:020


SF-185:020 yfirlit yfir tóftasvæðið, horft til suðausturs


SF-185:020 tóft C, horft til suðaustri

062 og um 1,8 km norðvestan við bæ 001. Minjarnar eru suðaustast á lítilli og brattri tungu sem teygir sig til suðausturs að Þinggilinu. Skörð eru inn í brúnir Þinggils beggja vegna við minjarnar og hátt er fram af tungunni sem þær eru á, sér í lagi til suðvesturs ofan í gilið. Tungan er að mestu þakin grámosa og lítillega vex af grasi á svæðinu. Rof ógnar minjunum

því stöðugt brotnar af tungunni ofan í gilið.

Minjarnar eru á svæði sem er um 68x30 m að stærð og snýr NNV-SSA. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er nyrst á svæðinu. Austurhluti hennar hefur hrunið ofan í gilið en sá hluti hennar sem enn sést er um 10x7 m að stærð og snýr norður-suður. Í tóftinni sést eitt hólf að hluta. Ekki sést op á henni. Veggir tóftarinnar eru 3 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hvergi sést í grjót í veggjum. Tóft B er 18 m sunnan við tóft A. Hún er hringlaga og er einföld. Tóftin er 8 m í þvermál og veggir hennar eru 2-3 m á breidd. Hæstir eru veggirnir syðst í tóftinni þar sem þeir eru 0,6-0,7 m á hæð. Ekki sést op á henni. Tóft C er 14 m ASA við tóft B og 26 m suðaustan við tóft A. Tóftin er um 9x7 m að stærð og er einföld. Ekki sést op á tóftinni og norðurveggur hennar eru útflattur frammi á gilbrún. Mesta hæð veggja er 0,2-0,3 m. Svo virðist sem tóftin sé byggð ofan á eldra mannvirki og saman eru þessar minjar 11x11 m að stærð. Af eldra mannvirkinu sjást tveir veggir, annars vegar gengur óljós veggur 4 m til suðurs úr suðvesturhorni tóftarinnar. Hins vegar liggur annar óljós veggur frá norðausturhorni tóftarinnar í sveig meðfram austurhlið tóftar og beygir til vesturs móts við hinn óljósa vegginn. 4 m breitt bil er á milli þessara veggja sunnan við tóftina. Garður D er vestan við tóftirnar. Hann er 72 m á lengd. Uppi á torfunni er hann 40 m á lengd þar sem hann liggur nálega norður-suður en svo beygir hann niður af torfunni og liggur til suðausturs á 32 m löngum kafla. Uppi á torfunni er garðurinn mjög óskýr, hann er 1,5-2 m á breidd og 0,2 m á hæð. Þar sem garðurinn liggur niður af torfunni er hann 4 m á breidd og 1 m á hæð. Hann hverfur á áreyrum neðan við torfuna en norðurendinn er á gilbrúninni. Hlutverk þessara minja er ekki þekkt og ekki gott að ráða í það af útliti þeirra. Nálægð þeirra við Þinggil og Þinggilstorfu 062 vekur spurningar um það hvort þær gætu tengst þinghaldi en aðstæður virðast heldur þröngar til þess að það geti talist líklegt.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

SF-185:021 *Miðhús* heimild um fjárhús 63°43.552N 18°32.230V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 115 m ASA við yngra bæjarstæði Grafar 002. Þarna voru fjárhús sem hétu Miðhús. Þau voru 70 kinda hús og að sögn Ólafs Björnssonar, heimildamanns, og voru þau notuð fram yfir 1970 en þá voru þau rifin.

Fjárhúsin voru á afgerandi hæð við austurjaðar gamla heimatúnsins. Það hefur verið fært út lengra til austurs. Ójöfnur sjást í túninu þar sem útihúsið var en að öðru leyti eru ummerki um það horfin af yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

SF-185:022 heimild um kálgarð 63°43.483N 18°32.153V

Á túnakorti frá 1920 er gerði í suðausturenda heimatúnsins og kálgarður í vesturhorni þess. Kálgarðurinn er einnig sýndur á bæjarteikningu Dana frá 1904. Óræktað var innan gerðisins.

Það var 310 m suðaustan við bæ 002 og 80 m austan við fjárhús 023. Ekki er vitað hvaða hlutverki gerðið gegndi en Ólafur Björnsson, heimildamaður, man eftir hestagerði á þessu svæði. Minjarnar voru í aflíðandi halla í sléttuðu túni. Engin ummerki um gerði eða kálgarð sjást á yfirborði og hafa minjarnar verið sléttaðar í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Bæjarteikning Dana frá 1904

SF-185:023 *Borgarhóll* heimild um útihús 63°43.464N 18°32.248V

"Túnið austan við hana heitir fremst Borgarhóll. Ofanvið hann heitir Ból," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús í þeim hluta túnsins sem heitir Borgarhóll, um 280 m suðaustan við bæ 002. Þar voru fjárhús sem hétu Syðstuhús. Þau tóku 70 kindur og voru í notkun fram til 1970 að sögn Ólafs Björnssonar, heimildamanns.


Örnefnið Borgarhóll bendir til þess að fjárborg hafi verið í túninu áður en fjárhúsin voru reist. Fjárhúsin voru á háum og löngum hrygg í túninu, þar sem hann er hæstur og er sennilegt að fjárborg hafi verið á sama stað. Minjarnar voru í sléttuðu túni suðaustan við Grafará. Engin ummerki sjást um minjarnar á yfirborði vegna niðurrifs og sléttunar en þó má greina litlar dældir í túninu þar sem þau voru.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Gröf, 1; Túnakort 1920

SF-185:024 tóftir 63°45.193N 18°34.971V



Tóftir SF-185:024. Á mynd til vinstri er tóft B, horft til austurs en tóft A á mynd til hægri, horft til NNV

Bjarni F. Einarsson skráði tvær tóftir beint suður af Engidal þegar hann kannaði línustæði vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína Hólmsárvirkjunar, árið 2011. Tóftirnar tvær eru fast sunnan við Engjadalsskurð sem er á merkjum Grafar og Hvamms. Þær eru um 60 m sunnan við tóftir gamla bæjarins í Engjadal og einna eðlilegast væri að telja að þær tengdust búskap þar þó að nú sé djúpt og bratt gil á milli sem markar landamerki milli jarða. Tóftirnar eru um 3,7 km norðvestan við bæinn í Gröf. Um 70 m austan við austari tóftina (tóft A) eru miklar götur 038 sem liggja niður brekkurnar og hafa líklega legið að Engjadal og mögulega áfram til Ljótarstaða.



Tóftir SF-185:020

Tóftirnar tvær eru alveg frammi á brún Engidalsskurðar að sunnan en þær eru þó 10 m norðan við merkjagirðinguna þar sem hún liggur nú. Tóftirnar eru nyrst á grasi vöxnum flata. Frá tóftunum og niður í botn skurðar/gilsins norðan þeirra eru um 10-15 m.
Tóftirnar eru á svæði sem er 65 x 10 m stórt og snýr h.u.b. austur-vetur. Tóft A er um 50 m austan við B og er alveg frammi á gilbrúninni. Ljóst er að talsvert hefur þegar brotnað af henni. Tóftin er nú 6,5 x 5 m stór en a.m.k. þriðjungur hennar hlýtur að hafa brotnað ofan í gilið. Tóftin er einföld og veggir hennar eru signir eða mest 0,4 m á hæð. Hún er vaxin mosa og grasi. Tóft B er um 50 vestan við A. Hún er einnig frammi á gilbarminum og í raun hefur stærstur hluti hennar þegar brotnað og hrunið ofan í gilið. Það eina sem sést af tóftinni er suðurveggur hennar sem er um 6 m langur en 1,5 m breiður. Talsverð grjótdreif sést í

rofsárinu hjá gilinu.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Bjarni F. Einarsson. 2011, 32-33 (fornleifar númer 31-32)

SF-185:025 *Hálsagarðar* örnefni 63°43.613N 18°31.001V
"Ofan við Grafarhólm og vestur við Miðá heita Hálsagarðar. Ekki er vitað um tildrög þess nafns. [...] Næst fyrir innan Hálsagarða er Hálsagarðamýri," segir í örnefnalýsingu. Hálsagarðar eru 1,2 m austan við bæ 002 og liggur vegarslóði upp eftir austanverðum Hálsagörðum á leið að útvarpssendi sem er við landamerkjavörðu 177:062 sem merki Hvamms, Grafar, Svíndals og Hlíðar koma saman. Miklar götur á leið 661:015 liggja um Hálsagarða. Hálsagarðar er hár og fremur mjór háls sem liggur norður-suður á milli Sléttugils og Vestra-Flögumýrargils. Hálsinn er flatur að ofan og er vaxinn mosa og lyngi.

Engir þekktir garðar eru á Hálsagörðum og engin garðlög sáust á loftmyndum eða við vettvangskönnun. Örnefnið kann að vera dregið af þeim miklu götupöldrum sem eru á hálsinum og líkjast heyi sem búið er að garða.
Heimildir: Ö-Gröf, 2

SF-185:026 varða 63°43.683N 18°31.243V
Varða er við Sláttugil vestanvert, um 950 m austan við bæ 001. Varðan er á lágu holti sem er vaxið mosa og kjarri. Eitthvað virðist hafa brotnað af hæðinni ofan í árgilið en það er nú gróið.

Varðan er mosavaxin. Hún er tæplega 1 m í þvermál en 0,3-0,4 m á hæð. Í henni sjást mest 3 umför af hleðslu. Líklega hefur eitthvað brotnað af vörðunni ofan í gilið. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: hætta, vegna rofs



Varða SF-185:026, horft til NNA

SF-185:027 *Grænaborg* tóft+garðlag fjárskýli 63°43.422N 18°31.010V
"Neðst, vestanvert við Sláttugilið, heitir Borgartangi. Ofan við tangann voru sauðahús, sem


Grænaborg SF-185:027. Á mynd til vinstri er tóft A (horft til suðurs) en tóft C horft til VSV

nefnd voru Grænaborg," segir í örnefnalýsingu. Grænaborg er um 1,1 km austan við bæ 001 en fast vestan við Sláttugil. Vegarslóði liggur til norðurs um 70 m austan við Grænuborg, á vesturbarmi Flögumýrargils vestara. Grænaborg er suðaustarlega á eins konar tanga. Fast austan við tekur við brekka niður að læk en fast suðaustan við mýi og liggur suðurveggur vallargarðs í raun yfir hana. Í aðrar áttir er hæð/tanginn.

Á þessum stað er fimmhyrnt gerði sem er 72 x 48 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Svæðið er girt af með vallargarði sem er úr torfi. Innan hans er beitarhúsatóft sem er fremur nýleg, tóft A, og 3 mun eldri tóftir sem líklega eru eftir fjárborgir (tóftir B, C og D). Nokkuð stæðilegur vallargarður (E) umlykur tóftirnar. Hann er sem fyrr segir fimmhyrndur og nokkuð heillegur þó 1-4 m langt rof sé í hann á 2-3 stöðum. Garðurinn virðist alveg torfhlaðinn og er mest 1,8 m á breidd en 0,8 m á hæð. Hann er líklega samtíða beitarhúsum A á þessum stað en þó er yngsta byggingarstig beitarhúsanna sjálfsagt eitthvað yngri en garðurinn. Op virðist hafa verið á túngarðinum beint suðvestan frá opi beitarhúsanna og þar má sjá pælu þar sem torf hefur verið skorið í garðinn, utan hans. Það má reyndar sjá víða utan



Grænaborg SF-185:027

garðs, þó sérstaklega suðvestan við suðvesturhlið hans. Beitarhús A eru sem fyrr segir greinilega yngsta byggingarstig svæðisins, mun yngri en aðrar minjar. Í tóftinni sést bárujárn á einum stað enda voru húsin notuð allt fram á miðja 20. öld. Ólafur Björnsson, heimildamaður man eftir því að hafa stundum verið sendur í beitarhúsin til að gefa sauðum. Greinilegt er að allt timbur hefur verið fjarlægt úr tóftinni og því gætu hún við fyrstu sýn virst eldri en raun ber vitni. Tóftin er tvískipt, samtals 16-17 x 6 m á stærð og veggir eru mest um 1 m á hæð.


Hún snýr NNA-SSV. Suðvesturhluti tóftar eru sjálf fjárhúsin. Þau hafa verið um 10 x 2,5-3 m að innanmáli og op hefur verið á þeim á miðjum suðurútvegg. Líklega hefur líka verið op á norðurvegg yfir í hlöðu en það er nú óskýrt. Grjóthleðslur sjást bæði í fjárhúsum og hlöðu. Hlaða er um 4 x 2 m að innanmáli. Hún er byggð uppvið túngarð. Beitarhús A eru nálægt norðvesturhorni túngarðs. Undir þeim má greina svolitla hæð eða uppsöfnun og frá þeim og að horninu er talsverð hæð innan túns þar sem ekki er ólíklegt að mannvistarleifar leynist undir sverði. Ekki er ólíklegt að beitarhúsin hafi verið byggð þar sem áður mannvirki og þau að mestu horfið við byggingu þeirra. Um 10 m ASA við tóft A er tóft eða þúst B sem er mun signari en A. Tóft B er 8-9 x 7 m að stærð, sporöskjulaga og ávöl, sigin og vaxin grasi og mosa. Hún er um 4 m frá túngarði. Ytri brún tóftarinnar er skýr og um 0,4 m hærri en umhverfið en innri brún veggja er fremur óljós og í raun vart annað en óskýr dæld í þústina. Í miðri tóftinni eru nokkrir steinar sem augljóslega eru miklu yngri en tóftin. Mögulegt er að þarna hafi smalar gert sér hlóðir eða tínt saman steina í öðrum tilgangi. Hleðslan er um 30 cm löng og 20 cm breið. Lítil hæð er um 10 m SSA við tóft B. Hún er um 4 m í þvermál og ekki er ljóst hvort hún er gerð af mannahöndum. Tóft C er 6-7 m vestar en tóft B. Tóft C er í raun að flestu leyti nokkuð áþekk tóft B og líklega eru þær hluti af elsta sýnilega byggingarstigi svæðisins. Tóftin er um 10 m í þvermál, þó mögulega aðeins lengri norður-suður en austur-vestur. Að innanmáli er tóftin 3 x 4 m stór. Veggir hennar eru 0,4 m á hæð Mögulegt er að op hafi verið á suðurvegg tóftarinnar en það er nú yfirgróið og illgreinanlegt. Frá meintu opi og að túngarði eru um 10 m. Þúst D er í raun dæld eða niðurgrafinn hringur. Hann er um 9 m í þvermál og er um 1 m frá túngarði. Ekki er hægt að sjá eiginlega veggi á dældinni en hún er mest 1,5 m á dýpt. Verið getur að þarna hafi verið gerð heygryfja.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gröf, 2

SF-185:028 tóft rétt 63°44.707N 18°33.118V
"Neðst við Illagilið að vestanverðu er Illagilsholt. Þar stendur Lögréttin nú," segir í örnefnalýsingu. Lögréttin við Illagil er ekki gömul en hún leysti af hólmi eldri skilarétt sem er á merkjum Hvamms og Grafar og var í notkun fram yfir 1960. Tóft þeirrar réttar er á lágu holti sunnan við Hvammsfell, um 2,2 km norðan við bæ 001 og 370 m norðan við vörðu 058.
Tóftin er á grónu svæði og er blaut mýri fast norðaustan við hana. Rafmagnsgirðing á merkjum liggur í gegnum tóftina. Girðingarstæðið var rutt í gegnum tóftina og hefur þessi framkvæmd skemmt hana mikið.


Rétt SF-185:028. Á mynd til vinstri er horft til suðvesturs, en til vesturs á hægri mynd

Réttartóftin er sporöskjulaga og er um 40x30 m að stærð, snýr austur-vestur. Suðurhluti tóftarinnar sem er í landi Grafar er illa raskaður eftir að girðingastæði var rutt í gegnum tóftina en norðurhlutinn sem er í landi Hvamms er enn nokkuð greinilegur. Tóftin skiptist gróflega í 13 hólf og er almenningur í miðri tóftinni stærsta hólfið, 16x12 m að stærð.

Tóftin er grjóthlaðin en hleðslur eru víðast hrundar. Stórgrýti er sumstaðar í tóftinni, m.a. við inngang í hólf I, vestan við almenninginn. Lítið sem ekkert sést af timbri í réttinni. Veggir í réttinni eru hæstir 1 m en víðast eru þeir 0,5-0,6 m á hæð. Mest sjást 3-4 umför í hleðslum.



Rétt SF-185:028

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gröf, 2

SF-185:029 *Setuholt* örnefni áfangastaður 63°43.956N 18°31.553V



Selholt SF-185:029, horft til vesturs

"Í henni [Markamýri] er lítið holt, sem heitir Setuholt. Þar mun hafa verið setið að snæðingu, þegar verið var við heyvinnu í mýrinni," segir í örnefnalýsingu. Setuholt er lítið holt um 1 km NNA við bæ 001 og um 40 m vestan við Sláttugil. Raflína liggur um 30 m norðvestan við holtið sem er sunnarlega í Markamýrinni. Lítill hóll eða holt í mýrlendi.

Holtið er vaxið grasi og mosa og á því miðju er frekar stæðileg hundaþúfa. Engin mannaverk sjást á eða við hólinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gröf, 2

SF-185:030 álagablettur 63°43.228N 18°39.777V
"Vestan megin í Vestara-Flögumýrargili er smáblettur sem ekki mátti slá," segir í örnefnalýsingu. Seint á 20. öld var býlinu Giljalandi skipt út úr landareign Grafar en Giljaland er skógræktarbýli. Merkin milli Grafar og Giljalands eru á slóðaum heim að Giljalandi, á vesturbrún Vestara-Flögumýrargils þar sem áður var þekktur smáblettur sem ekki mátti slá. Staðurinn er um 1,4 km ASA við bæ 001. Austan merkjagirðingar og vegarslóða er skógrækt, austan og vestan við Vestara-Flögumýrargil.

Ólafur Björnsson, heimildamaður hafði aldrei heyrt um álagablett á þessum slóðum og nákvæm staðsetning er því ókunn þótt talið væri gróflega hægt að staðsetja staðinn með ásættanlegri óvissu.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Gröf, 5

SF-185:031 *Efstahús* heimild um fjárhús 63°43.601N 18°32.277V
Á bæjarteikningu Dana frá 1904 er sýnt útihús við austurjaðar gamla heimatúnsins, um 90 m norðan við Miðhús 021 og 180 m austan við bæ 002. Þar voru fjárhús sem hétu Efstuhús. Að sögn Ólafs Björnssonar, heimildamanns, voru húsin í notkun til 1970 og tóku þau um 70 kindur. Fjárhúsin stóðu hátt í sléttuðu túni um 30 m sunnan við gil sem gengur til austurs úr árgili Grafarár. Ekki sjást önnur ummerki um fjárhúsin en ójöfnur í túninu þar sem þau voru.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-185:032 renna traðir 63°43.539N 18°32.332V
Traðir eru merktar inn á túnakort frá 1920 frá bæ 002 og niður brekkuna að Grafarárgili. Traðirnar eru enn vel greinilegar. Þær liggja í raun frá yngra bæjarstæðinu og niður gilið að Grafará, fast sunnan við gamla bæjarstæðið 001. Áframhald á tröðunum (sem ekki er merkt inn á túnakortið) er svo að finna austan ár þar sem þær liggja upp gilið austan Grafarár.



Traðir SF-184:032. Á mynd til vinstri er horft heim að íbúðarhúsinu, til norðvesturs en til austurs á mynd til hægri

Traðirnar eru dýpstar þar sem þær liggja að Grafarárgili, beggja vegna ár. Traðirnar eru víða 2,5-3 m á breidd en 1,5-2 m á dýpt. Þær má samtals greina á um 220 m löngum kafla en má í raun greina enn lengra til austurs þar sem dæld er í túninu í framhaldi af þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-185:033 tóft 63°45.184N 18°35.169V
Einföld tóft er um 40 m sunnan við Engidalsskurð og 20 m sunnan við merkjagirðingu Grafar og Hvamms. Tóftin er um 100 m vestan við tóft 024B og gæti hafa tengst þeim tóftum. Tóftin er rúmum 100 m suðvestan við rústir bæjarins í Engidal og gæti hafa tengst bænum þótt raunar séu landamerki á milli. Tóftin er um 3,7 km norðvestan við bæinn í Gröf 001. Bjarni F. Einarsson skráði tóftina fyrst þegar hann vann fornleifaskráningu vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína Hólmsárvirkjunar, árið 2011. Tóftin er efst í aflíðandi brekku. Sunnan tekur við grasgefin slétta.




Tóft SF-185:033. Á ljósmynd er horft til vesturs

Tóftin er einföld og torfhlaðin. Hún er 5,5 x 5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er aðeins um 2 x 1,5 m að innanmáli. Op virðist hafa verið á suðurvegg hennar. Svolítið rof er í tóftinni að suðvestanverðu. Veggir hennar eru mest 0,3 m á hæð og er tóftin vaxin mosa og grasi. Ekki er vitað hvaða hlutverki hún gegndi.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Bjarni F. Einarsson. 2011, 32 (fornleif 31-1)

SF-185:034 tóftir sel 63°45.063N 18°34.898V
Sjö til átta tóftir/þústir eru undir Kirkjubrekkum, um 240 m sunnan við merki við Hvamm og um 3,5 km norðvestan við bæ 001. Bjarni F. Einarsson skráði tóftirnar fyrst þegar hann vann fornleifaskráningu vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína Hólmsárvirkjunar, árið 2011. Tóftir eru á þremur stöðum á þessum slóðum. Þær sem eru austast eru í brekkurótum (sjá E-


Tóftir SF-185:034. Á mynd til vinstri er tóft E (horft til vesturs) en tóftir E-G á hægri mynd (horft til vesturs)

G) þar sem hlíðin tekur að hækka og á suðurbrún gils. Um 25 m vestar er önnur þyrping (sjá A-D) sem einnig er á gilbrúninni en á miðjum flatanum er svo tóft H sem er stök.



Tóftir SF-185:034

Rústasvæðið er um 60 x 40 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Á því eru sem fyrr segir átta tóftir á svæðinu og verður hverri gefinn bókstafur í lýsingu þessari til aðgreiningar. Hefst lýsingin norðvestast á svæðinu þar sem eru 3-4 þústir í hnappi. Mannvirkin á þessu svæði eru raunar svo óljós að erfitt er að ákvarða með nokkurri vissu hvað er klárleg mannvirki og hvað mögulega náttúrumyndun/þúfur. Stærsta þústin á svæðinu, A er aflöng og einföld. Hún snýr svolítið skáhallt á brekkuna eða NNV-SSA en suðvestan við hana eru svo þrjár dældir/þústir (B-D). Þúst A er mjög óskýr. Eini greinilegi veggur hennar er suðvesturveggurinn en aðrir veggir eru afar óljósir. Gróflega má sjá útlínur þústar sem er 11-12 x 5-6 m að stærð og þá 10 x 3 m að innanmáli. Norðurveggur tóftarinnar er 2 m breiður og 0,2 m hár en óljósa hryggi má sjá í framhaldi og gæti verið að þarna hefði verið e.k. gerði sem þá nær alveg að gilbarmi. Þúst C er um 3 m sunnan við þúst A. Hún er einnig mjög ólós. Hún er aflöng og samsíða A og er 5 x 3,5 m að stærð. Hún virðist hafa verið einföld en ekki er auðvelt að greina innra birgði veggja og í raun bara eins og dæld ofan í þústina. Hæð veggja er 0,2 m. Þúst B er óregluleg og óljós og um 5 m í þvermál. Hún er um 8 m sunnan við A og 2 m sunnan við C. Þústin virðist einföld en líkt og með rúst C er aðeins dæld í miðju hennar. Hæð veggja er um 0,2 m. Ekkert op er merkjanlegt á tóft. Um 2 m norðan við tóft A eru óljósar mannvistarleifar D, alveg fram á brún gilsins. Þær eru um 3,5 x 3,5 m að stærð og hafi verið rúst þarna er ljóst að stærstur hluti hennar hefur fallið ofan í gilið norðan við. Um 25 m suðaustan við þyrpingu A-D eru þrjár greinilegar tóftir í hnapp, fast sunna við sama gil og þústir A-D eru við. Tóftir E-G eru í brekkurótum þar sem brekkan tekur að hækka til austurs.

Tóftirnar eru byggðar nálægt hvor annarri og eru í raun á einum og sama rústahólnum. Þær virðast yngri en þústir A-D og hafa skýrt tóftalag. Stærsta tóftin á þessum stað er tóft E. Tóft E er 9 x 7,5 m stór og skiptist í tvö hólf (I og II). Hólf I er sunnar og er 6 x 1 m að stærð en hólf II norðar og er 4 x 1 m að innanmáli. Bæði hólfin eru opin til vesturs. Veggir tóftarinnar eru 0,8 m á hæð og í þeim er bæði torf og grjót. Austurhluti tóftar er byggður inn í brekkuna. Efst við brekkuræturnar og um 1 m ofan (austan) við E er tóft F. Hún er lítil og einföld og er einnig sunnan við gilbarm. Tóftin er 6 x 5,5 m á stærð og snýr svolítið skáhalt á E, með op á miðjum suðurvegg. Veggir hennar eru svolítið lægri en tóftar E og ekkert grjót sést í þeim. Veggir eru mest 0,4 m á hæð. Tóft G er um 2 m sunnan við tóft a og í raun hluti af sömu hæðinni. Tóft G er 5 x 5 m að utanmáli og er byggð inni í hæðina sem rústaþyrpingin myndar saman. Brekkan ofan við hefur sigið svolítið ofan í tóftina en innanmál hennar er 3 x 1,5 m. Engar grjóthleðslur sjást í veggjum sem eru mest 0,5 m á hæð. Op er á tóftinni á miðjum vesturvegg. Lítil, tvískipt tóft H er um 20 m suðvestan við tóftir E-G. Tóft H er nokkuð frábrugðin báðum tóftaþyrpingunum og er án efa talsvert yngri en þyrping A-D en eldri en tóftir E-G. Tóft H er aflöng og skiptist í tvö hólf. Hún er 9 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Gengið er inn í tóftina um miðjan suðurlangvegg hennar og er þar innangengt í hólf I sem er austar og um 1,8 m á kant. Til vesturs er svo hólf II sem er 2,2, x 1,8 m að innanmáli. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftirnar gegndu en þær gætu t.d. hafa verið sel eða beitarhús.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Bjarni F. Einarsson. 2011, 33 (fornleif 31-1)

SF-185:035 þúst útihús 63°43.510N 18°32.403V



Þúst SF-185:035, horft til austurs

Þústahóll er í Lágatúni um 50 m sunnan við bæ 001 og fast ofan (VSV) við þúst 063 og er aðeins dæld á milli. Fagurgrænt og sléttað tún er sunnan traðar sem liggur sunnan við gamla bæinn 001 í Gröf. Hluti túnanna er í halla frá núverandi íbúðarhúsi á Gröf og til austurs í átt að árbakka Grafarár. Túnið var kallað Lágatún og þar eru nokkrar þústir sem eru þesslegar að líklegt verður að teljast að mannvist leynist þar undir sverði (sjá einnig 054, 055, 061 og 015). Ekki eru þó þekktar heimildir um hús á þessum stöðum og ekki kannast Ólafur Björnsson heimildamaður við að hafa heyrt af því að hús hafi staðið þarna. Líklegast er að byggingar á þessum stað hefðu verið af e.k. útihúsum sem tilheyrðu gamla bænum á Gröf.

Þústahóllinn er um 30 m í þvermál. Hann er mjög afgerandi í túninu. Þarna hefur líklega verið náttúrulegur hóll sem hús hafa síðar verið byggð á en langt er þá síðan rutt var úr öllum minjum enda er hóllinn rennisléttur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-185:036 tóftir 63°44.952N 18°35.272V
Þrjár tóftir eru fast norðan við merki við Borgarfell og um 3,4 km norðvestan við bæ 001. Bjarni F. Einarsson skráði þær fyrst þegar hann vann fornleifaskráningu vegna mats á

umhverfisáhrifum háspennulína Hólmsárvirkjunar, árið 2011. Tóftirnar flata fast norðan við Varðagil. Flatinn sem tóftirnar eru á er mosavaxinn en svolítill lynggróður vex þar líka. Þó að svæðið sé flatt eru víða lágar hæðir á því og þó að þrjár þústir/tóftir hafi fundist má vera að fleiri gætu leynst á svæðinu ef betur væri leitað enda eru tóftirnar afskaplega signar og fornlegar.



Tóftir SF-185:036. Á ljósmynd er tóft A, horft til norðurs

Rústasvæðið er um 43 x 17 m stórt og snýr nálega austur-vestur. Tóft A er skýrust. Hún er um 6,5 x 6 m stór og snýr nálega norður-suður. Tóftin er einföld og ekki er greinilegt op á henni. Innanmál hennar er um 3,8 x 2,2 m og veggir hennar eru víða allt að 2 m á breidd en 0,2 m á hæð. Veggir eru vaxnir mosa og örlitlu lyngi og tóftin er, eins og hinar tóftirnar tvær á svæðinu, mjög fornleg. Tóft eða gerði B er um 10 m austan við tóft A. Hún er 10 x 8,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Innanmál gerðisins er 4-5 m en suðurveggur þess er alveg rofin og horfinn ofan í gilið sunnan við. Veggir eru annars 1,5-2,5 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð. Engin skipting sést í gerðinu. Gerði C er um 8 m suðvestan við tóft A. Gerðið er að talsverðu leyti hrunið ofan í gilið sunnan við en rofið er nú uppgróið. Gerðið er nú 7,5 x 6,5 m að stærð en ekki er ólíklegt að það hafi verið allt að því helmingi stærra áður. Veggir eru 1,5-2 m á breidd en 0,2 m á hæð. Ekki er vitað hvaða tilgangi tóftirnar þjónuðu en þær virðast mjög fornlegar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Bjarni F. Einarsson. 2011, 25-30

SF-185:037 garðlag túngarður 63°43.586N 18°32.619V
Túngarður lá umhverfis túnin í Gröf þegar túnakort voru teiknuð upp í upphafi 20. aldar. Hann markað af tún sem var um 550 x 310 m stórt og sneri NNV-SSA. Túngarðurinn hefur líklega verið gerður eftir að bærinn var fluttur upp á hæðina um miðbik 19. aldar þótt ekki sé hægt að útiloka að einhver hluti hans gæti átt sér eldri rætur. Garðurinn liggur í jaðri og innan heimatúna Grafar, beggja vegna Grafarár.

Túngarðurinn er að hluta horfinn í túnasléttun. Hann má þó greina á einhverjum parti á svæði sem er um 450 x 300 m stórt þó víða séu eyður í hann og víða sjáist hann aðeins sem hryggur í túninu. Hann stendur þó ágætlega á nokkrum stöðum, en greinilegastur er hann að vestanverðu. Þar er hann allt að því 1,5-2 m hár en 1,2-1,5 m breiður í botninn. Garðurinn virðist alveg byggður úr torfi. Nálægt suðvesturhorni er mjög hátt frá ytri brún garðs og niður á mýrarsvæði utan túna, þar má segja að túngarðsbrúnin að utanverðu sé um 2 m há. Þar sem heimreiðin hefur legið í gegnum túngarðinn að vestan er um 8 m breitt skarð í garðinn. Að austanverðu, austan við Grafará má víðast einungis greina garðinn sem hrygg í sléttuðu



Garðlag SF-185:037. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en til suðausturs á mynd til hægri

túninu. Óljóst má greina lítið gerði eða tóft áfast innanverðri austurhlið túngarðsins, fast austan við Efstuhús 031. Mannvirkið er 3x5 m að innanmáli og 8x11 m að utanmáli ef túngarðurinn er talinn með. Það snýr norður-suður og ekki sést op á því. Veggir þess eru útflattir eins og túngarðurinn. Hluti af norðurhlið sást við Grafará aðeins fundust mjög óskýr merki um suðurhlið garðsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920, Bæjarteikning Dana 1904

SF-185:038 gata leið 63°44.690N 18°33.750V
Miklar götur eru greinilegar allra norðvestast í landi Grafar, við Engjadalsskurðinn. Göturnar voru ekki kannaðar í landi Hvamms en gætu hafa lengið frá Engidal (eða jafnvel Ljótarstöðum) og til suðausturs. Göturnar liggja fram hjá tóftum sem eru til móts við Engidal (024 og 057) og áfram upp hlíðina (upp Kirkjubrekkur) og sem leið liggur til suðvesturs yfir holtið. Þegar þangað er komið liggja göturnar nærri samsíða Grafará að sunnanverðu, fram hjá Þinggilsbotnum (og fornleifum 059 og 062) en verða óljósari um það leyti. Ekki var leitað kerfisbundið eftir götunum suðaustar og ekki er vitað á hvaða leið þær voru en sem fyrr segir



Götur SF-185:038. Á mynd til vinstri er horft til NNA en til S á mynd til hægri

gætu þær hafa verið frá Ljótarstöðum/Engidal og legið að Gröf/Borgarfelli og jafnvel áfram til suðausturs. Göturnar liggja um mosa- og lyngivaxin holt en hverfa öðru hvoru í rof. Götuslóðarnir eru mjög greinilegir og víða allt að 20 slóðar saman. Göturnar voru raktar á um

1,5 km kafla.
Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-185:039 frásögn rétt 63°43.463N 18°32.193V
Ólafur Björnsson, heimildamaður, man eftir fjárrétt sem var við suðurenda túns á milli Syðstuhúsa 023 og gerðis og kálgarðs 022, um 350 m suðaustan við bæ 002. Réttin var austan við hrygg í suðurenda sléttaðs túns. Engin ummerki um réttina sjást lengur og hefur hún líklega verið sléttuð í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-185:040 heimild um kálgarð 63°43.491N 18°32.494V
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1920 og bæjarteikningu Dana frá 1904 um 125 m sunnan við bæ 002 og tæpum 20 m norðan við suðurhlið túngarðs 037. Garðurinn hefur verið nálega þar sem girðing sem markar af heimatúnið er nú. Hann hefur verið í suðvesturhorni á túngarðinum.

Kálgarðurinn hefur verið sléttaður í tún en óljós ummerki má þó sjá um hann nálægt suðurhlið túngarðs, milli túngarðs og Vesturlambhúsa 010. Suðurveggur kálgarðs hefur verið myndaður af túngarði en óljós ummerki um vesturvegginn sjást. Hann teygir sig frá túngarði og á vettvangi má greina hann 5-10 m sem hrygg í túninu. Á loftmynd má allt að 25 m og hefur hann náð allt að útihúsi 010. Önnur ummerki eru óljósari.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904, Túnakort 1920

SF-185:041 þúst þvottastaður 63°43.526N 18°32.320V
Ólafur Björnsson, heimildamaður, benti á ullarþvottastað sem var niður við Grafará. Hvammurinn var beint suðaustan við gamla bæ 001 en um 150 m suðaustan við yngra bæjarstæði 002. Á þessum stað er flatur og nokkuð langur árbakki við Grafará, grasi gróinn. Til vesturs við hann hækkar land um 1,5 m og taka þar við tún.



Yfirgrónar hlóðir á þvottastað SF-185:041, horft til norðurs

Ekki sjást lengur mikil ummerki um þvottastaðinn. Þó er þúst í hvamminum sem er 2 x 1,5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Í hana er dæld í toppinn en ekki sést lengur hella sem þar var yfir og Ólafur Björnsson man eftir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-185:042 tóft útihús 43°63.485N 18°32.326V
Sigin tóft er í gamla heimatúninu suðaustan við Grafará, um 210 m suðaustan við bæ 002 og um 125 m sunnan við bæ 001. Tóftin er frammi á háum og bröttum árbakkanum, í jaðri þess svæðis í túninu sem er slegið.

Tóftin er um 6x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í þrjú hólf en suðurhorn hennar er raskað og mjókkar tóftin af þeim sökum í suðvesturenda. Hólf I er í norðausturenda tóftarinnar. Það er um 1x5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til suðausturs. Hólf II er í vesturhorni tóftarinnar og er óljóst. Það er 2x2 m að innanmáli. Óljóst op er úr því til suðausturs í hólf III. Það er 1,5x0,5 m að innanmáli og snýr





Tóft SF-185:042. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

norðaustur-suðvestur. Op er á því til suðausturs út úr tóftinni. Tóftin virðist vera torfhlaðin og er gróin. Mesta hæð veggja er 0,4 m en víðast eru veggir 0,2-0,3 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en þar sem hún er í gamla heimatúninu má ætla að hún hafi verið útihús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-185:043 frásögn smiðja 63°43.565N 18°32.477V
Um 20 m sunnan við framhlið skúranna sem standa á svipuðum stað og íbúðarhúsið á Gröf 002 gerði áður er nú grasflöt þar sem áður stóð lítill kofi. Ólafur Björnsson heimildamaður man eftir kofanum sem var 3-4 m sunnan við lítið runnabeð og 8 m suðaustan við snúrustaur sem nú eru á svæðinu. Hann var um 30 m ANA við núverandi íbúðarhús. Dæld er í slétta grasflötina á þessum stað.

Ekki sjást lengur greinileg ummerki um kofann. Á þessum stað var smiðja samkvæmt Ólafi Björnssyni sem hafði þær upplýsingar frá Páli Jóhannessyni móðurbróður sínum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-185:044 þúst 63°43.477N 18°32.364V
Þúst er í gamla heimatúninu suðaustan við Grafará, um 225 SSA m bæ 002 og um 30 m suðvestan við tóft 042. Þústin er frammi á háum og bröttum árbakkanum, í jaðri þess svæðis í túninu sem er slegið. Þústin er um 4x3 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er hæst 0,4 m í norðvesturhorni. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki þetta er en líklegt er að það sé leifar af litlu útihúsi.



Þúst SF-185:044. Á ljósmynd er horft til norðurs, heima að bænum í Gröf

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-185:045 *Búlandsgata* frásögn vað 63°43.914N 18°32.803V
Samkvæmt Ólafi Björnssyni, heimildamanni, var vað yfir Grafará á leið Borgarfellinga að Búlandi 182:008. Vaðið var á ánni í framhaldi af götunum sem sjást að vestan, vestur undir þjóðveg en óljósa slóða má einnig sjá að og frá ánni á þessum slóðum. Grafaráin er ekki mikill farartálmi og er ágætlega þægileg yfirferðar á þessum slóðum, um 7 m breið og fremur lygn. Slóðar sjást að og frá á á þessum slóðum
Hættumat: engin hætta

SF-185:046 tóft útihús 63°43.495N 18°32.281V
Sigin tóft er í gamla heimatúninu suðaustan við Grafará, um 220 m suðaustan við bæ 002, 120



Útihústóft SF-185:046. Á ljósmynd er horft til NNV

m suðaustan við bæ 001 og 35 m norðaustan við tóft 042. Tóftin er á hæð á litlum tanga sem gengur út í árgil Grafarár til norðvesturs. Tóftin hefur aflagast vegna rasks við túnræktun og sléttun. Hún virðist vera 7x4 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Greinilegust er hún í norðurenda þar sem eitt hólf er greinanlegt. Það er um 2x1 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er á því til suðurs. Sunnan við hólfið verður tóftin mjög óskýr. Sunnan við tóftina er hæð í túninu sem kann að hafa verið hluti af tóftinni sem búið er að slétta yfir. Tóftin virðist vera torfhlaðin og eru mesta hæð veggja 0,4 m. Þar sem tóftin er í gamla heimatúninu er líklegast að hún sé af útihúsi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-185:047 *Veita* örnefni áveita 63°43.576N 18°32.594V
"Vestur af bænum var mýri, sem hét Veita. Nú hefur hún verið þurrkuð upp og gerð að túni, en heldur þó sama nafni," segir í örnefnaskrá. Veita er vestan við bæ 002, fast austan við vesturhlið túngarðs 037. Þar sem Veitan var áður eru nú ræktuð tún sem enn eru slegin.
Sléttað tún. Ekki sér til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Gröf, 1

SF-185:048 garðlag 63°43.495N 18°32.256V
Austan við Grafará, í túni á árbakkanum og í árgilinu er útflatt garðlag. Það er fast suðaustan við tóft 046 og 230 m suðaustan við bæ 002. Garðurinn er að hluta í flatlendu, sléttuðu túni og að hluta í grónu árgili. Torfhlaðinn garðurinn sést sem hryggur í túninu sem liggur í sveig frá norðvestri til norðausturs. Hann afmarkar svæði sem er um 20x20 m að stærð. Til norðausturs endar garðurinn við traðir 032 til norðausturs og við jaðar slegna hluta túnsins til norðvesturs en í gilinu þar norðvestan við er þýfð tunga sem liggur ofan í gilið og virðist vera framhald




Garðlag og tóft SF-185:048. Á mynd til vinstri má óljóst sjá móta fyrir garðlagi (horft til ANA) en á mynd til hægri er horft yfir tóft (til norðvesturs)

garðsins. Þar er garðurinn útflattur, um 2 m á breidd og hæstur um 0,5 m. Í túninu er garðurinn útflattur og er 2-3 m á breidd og 0,3 m á hæð þar sem hann er hæstur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn gegndi en hann kann að vera hluti af litlu gerði, ef til vill rétt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-185:049 heimild um brunn 63°43.575N 18°32.605V
Brunnur fyrir bæ 002 var í Veitunni um 80 m vestan við bæ 001, fast austan við vesturhlið túngarðs 037. Þar sem Veitan var áður eru nú ræktuð tún sem enn eru slegin. Engin merki um brunninn sjást nú (2015).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-185:050 tóft útihús 63°43.502N 18°32.270V

Tvískipt tóft er í túnjaðri á suðausturbakka Grafarár. Hún er 10 m norðaustan við tóft 046, 220 m suðaustan við bæ 002. Tóftin er í flatlendu túni en utan þess hluta sem sleginn er.





Útihústóft SF-185:050. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

Tóftin er um 5x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er torfhlaðin og mesta hæð veggja er á norðvesturhlið þar sem þeir eru 0,4 m á hæð en suðausturhliðin er útflött og er 0,2 m á hæð. Hólf I er í norðausturenda og er innanmál þess skýrt. Það er 1,2x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést op á því. Hólf II er suðvestan við hólf I og er 3x3 m að innanmáli og er síður greinilegt en hólf I. Op er á hólfi II á suðvesturhlið. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en sennilegast er hún útihúsatóft þar sem hún er í gamla heimatúninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-185:051 varða 63°45.122N 18°34.316V

Landamerkjavarða er á merkjum milli Grafar og Hvamms um 3,3 km norðaustan við bæ 001 samkvæmt Ólafi Björnssyni, heimildamanni. Varðan er á mosavöxnu og smágrýttu holti.

Afar óljós merki sjást á þessum stað og líkist nibban mest hundaþúfu. Greinilegt er þó að grjót er undir gróðri en varðan er nú mosavaxin steinhrúga. Hún er um 2 x 1 m að stærð.

Hættumat: engin hætta



Varða SF-185:051, horft til norðausturs

SF-185:052 heimild um nátthaga 63°43.501N 18°32.187V

Á túnakorti frá 1920 er gerði norðaustan við gerði og kálgarð 022 í suðausturenda heimatúnsins. Það var um 280 m suðaustan við bæ 002 og 80 m SSA við Miðhús 021. Gerðið var í sléttuðu túni norðvestan undir allbrattri brekku. Ekki sjást skýr ummerki um gerðið í túninu. Þar eru óljósar og óreglulegar mishæðir en búið er að slétta yfir svæðið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

SF-185:053 tóft 63°43.157N 18°31.716V
Einföld tóft er frammi á brún í Slóðamýri um 1 km suðaustan við bæ 002 og um 520 m norðan við tóft 016 í Réttarmýri. Slóðamýri er gróin og fremur blaut mýri. Víðirunnar eru hér og hvar á svæðinu. Bílslóði er fast norðvestan við tóftina.



Tóft SF-185:053. Á ljósmynd er horft til norðurs

Tóftin er torfhlaðin og er um 8x8 m að stærð. Hún er einföld og er mesta hæð veggja 0,3 m. Óljóst op er á miðjum suðurvegg en það getur líka verið rof. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en staðsetning hennar og lögun gefur helst til kynna að hún sé heytóft.
Hættumat: engin hætta

SF-185:054 hleðsla refagildra 63°45.069N 18°34.367V
Einhvers konar mannvirki, nokkrir steinar sem safnað hefur verið saman, eru á hæð um 160 m sunnan við merki Grafar og Hvamms og um 3,3 km norðaustan við bæ 001. Mosavaxin hæð.


Hleðsla SF-185:054 sem gæti verið fallin refagildra. Á mynd til vinstri er horft til SSA en til suðurs á mynd til hægri

Krossgötur eru fast sunnan við hæðina en þar krossast leiðir 661:002 og 038. Ummerkin á hólnum láta lítið yfir sér en minna mest á refagildru. Þar hefur 3-4 steinum verið raðað í tvær raðir (samtals 6-8 steinar) og þung hella lögð ofan á en hún er nú hrunin niður.
Hættumat: engin hætta

SF-185:055 þúst hlutverk óþekkt 63°43.537N 18°32.389V
Milli þústa 061 og 015 er lá þúst í Lágatúni fast sunnan við bæ 001. Fagurgrænt og sléttað tún er sunnan traðar sem liggur sunnan við gamla bæinn 001 í Gröf. Hluti túnanna er í halla frá


núverandi íbúðarhúsi á Gröf og til austurs í átt að árbakka Grafarár. Túnið var kallað Lágatún og þar eru nokkrar þústir sem eru þesslegar að líklegt verður að teljast að mannvist leynist þar undir sverði (sjá einnig 035, 061 og 015). Ekki eru þó þekktar heimildir um hús á þessum stöðum og ekki kannast Ólafur Björnsson heimildamaður við að hafa heyrt af því að hús hafi staðið þarna. Líklegast er að byggingar á þessum stað hefðu verið af e.k. útihúsum sem tilheyrðu gamla bænum á Gröf.



Þúst SF-185:055, horft til suðurs

Þúst 055 hefur meira rústalag heldur en flestar aðrar þústir í Lágatúni (sem eru annars stórir þústahólar). Þúst 055 er 8 x 7 m stór og 0,2-0,3 m há. Dæld er eftir henni miðri en mögulegt er að hún sé eftir vatnslögn. Um 2 m breitt sund er vestan við þústina en þar vestan við tekur svo við mjög óljós hæð sem er 4-5 m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


SF-185:056 varða 63°44.440N 18°32.503V
Stæðileg varða er á háum mosahól um 100 m suðvestan við merki á móti Hvammi, 780 m suðaustan við vörðu 060 og um 1,7 km norðan við bæ 001. Hóllinn sem varðan er á er mosavaxinn og víðsýnt af honum.



Varða SF-185:056. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en til vesturs á mynd til hægri

Varðan er hrunin og vel gróin. Hún er um 2,5 m í þvermál og 0,6-0,7 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en þar sem hún er nærri merkjum á móti Hvammi kann hún að vera landamerkjavarða en einnig er hún 80 m austan við leið 058 og kann að hafa varðað hana.
Hættumat: engin hætta

SF-185:057 þúst 63°45.143N 18°34.891V
Ógreinileg þúst er á hól um 230 m austan við tóft 024 og um 140 m norðan við rústaþyrpingu 034. Tóftin er um 100 m sunnan við merki Grafar og Hvamms og um 3,5 km norðvestan við bæ 001. Þústin er á mosa- og lyngivöxnu holti, ofarlega í hvammi. Norðar er grasgefin slétta.
Þústin er mjög ógreinileg. Hún er um 9 x 5-5,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er aðeins um 0,2 m á hæð. Hún er vaxin mosa og grasi og virðist hafa verið tvískipt þó meint



Tóft SF-185:057. Á ljósmynd er horft til norðurs

hólf hennar séu bara dældir. Austara hólfið, I, er um 3 x 1-1,5 m að innanmáli en það vestara (II) er 2 x 2 m að innanmáli. Ekki er hægt að sjá op á tóftinni. Hún virðist mjög fornleg. Ekki er vitað hvaða hlutverki hún gegndi.
Hættumat: engin hætta

SF-185:058 gata leið 63°44.582N 18°32.766V

Grónar götur sjást á kafla nærri merkjum á móti Hvammi, um 80 m vestan við vörðu 056 og 360 m suðaustan við rétt 028. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru. Leiðin liggur yfir gróin holt og mýrar.

Leiðinni var fylgt á um 650 m löngum kafla þar sem hún sést slitrótt. Hún liggur norðvestur-suðaustur. Á 12 m breiðu svæði sjást 10-12 götur saman. Þær eru 0,2 m á breidd og 0,1-0,2 m á dýpt.
Hættumat: engin hætta


Götur SF-185:058, horft til suðurs

SF-185:059 hleðsla 63°44.595N 18°33.971V


Mjög óræðar minjar eru um 2,3 km norðvestan við bæ 001, við Þinggil. Staðurinn er um 100 m VSV við annan þekkan stað, sjá 062. Mosa- og grasivaxin, aflíðandi hlíð.

Á þessum stað er flennistór hringur sem virðist uppblásturskragi sem aftur hefur gróið upp. Umræddur kragi er um 160 x 110 m að stærð og líkist að sumu leyti tröllauknu mannvirki en líklegast er þó um náttúrufyrirbæri að ræða. Sjálfur kraginn (kragaveggurinn) er víða allt að 10 m breiður. Ofan á kraganum eru dældir á nokkrum stöðum en engin eiginleg mannvirki. Suðaustan við kragann, utan hans er grænt og gróðursælt svæði en engar mannvistarleifar sjást heldur það. Innan kragans er grasivaxið svæði næst kraganum en í því miðju er hringlaga, mosavaxið svæði eða lágt holt. Milli þess og kragans er lítil rúst á einum stað, líklega smalabyrgi enda ágætt aðhald þarna. Auk smalabyrgisins eru steinaleifar á þremur stöðum þar sem mögulegt er að mannshöndin hafi komi nærri þótt ekki sé hægt að útiloka að um náttúruverk sé að ræða. Hið meinta smalabyrgi, A, er suðvestarlega í dældinni.



Mannvirki SF-185:059. Smalakofatóft til vinstri og óljóst mannvirki til hægri. Horft til VNV

Það er 3,5 x 2 m að stærð og hleðslur þess eru yfirgrónar og mest 0,2 m á hæð. Norður-, vestur- og suðurveggir eru sæmilega grónir en í austurvegg má aðeins sjá grjótröð. Um 30 m austan við smalabyrgið er B sem er gróin hæð. Í henni sjást víða steinar. Ekki er ljóst hvort mannvirki hefur verið á þessum stað eða hvort ummerkin eru einfaldlega náttúrumyndun. Tæpum 20 m ANA við B er þúst C. Þúst C er nokkuð stæðileg grjóthrúga sem í eru 25-30 steinar og af þeim eru tveir stórir. Hrúgan er hringlaga og líkist ekki vörðu. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi steinar voru settir saman á þessum stað. Um 20 m austan við C sjást svo enn mannaverk. Þar eru 9 steinar saman í hrúgu hjá stórum jarðföstum steini. Á þeim er ekkert lag að sjá en hrúgan er um 0,8 m í þvermál. Öll ummerki á þessum stað eru sérkennileg og ekki auðvelt að átta sig á mannvistarleifum og náttúrumyndunum. Nálægð við annan sérkennilegan minjastað, 062. vekur einnig athygli.



Tóft SF-185:059

Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-185:060 varða 63°44.703N 18°33.245V

Algróin varða er á mosaholti um 100 m vestan við rétt 028, 780 m norðvestan við vörðu 056 og um 2,2 km NNV við bæ 001. Holtið sem varðan er á er í grónu heiðlendi.

Varðan er um 2 m í þvermál og 0,8 m á hæð. Hundaþúfa er á vörðunni og er hún öll gróin. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en hún er 60 m suðvestan við merkin á móti Hvammi og líklegast er að hún sé gömul landamerkjavarða. Frá henni sést



Varða SF-185:060 horft til VNV

yfir að vörðu 056.
Hættumat: engin hætta

SF-185:061 þúst útihús 63°43.542N 18°32.395V
Þúst 061 er áberandi en lítill þústarhóll í brekkurótum Lágatúns um 20 m ofan við þúst 015. Slóði eða traðir liggja í norðurjaðri þústar. Fagurgrænt og sléttað tún er sunnan traðar sem liggur sunnan við gamla bæinn 001 í Gröf. Hluti túnanna er í halla frá núverandi íbúðarhúsi á Gröf og til austurs í átt að árbakka Grafarár. Túnið var kallað Lágatún og þar eru nokkrar þústir sem eru þesslegar að líklegt verður að teljast að mannvist leynist þar undir sverði (sjá einnig 035, 055 og 015). Ekki eru þó þekktar heimildir um hús á þessum stöðum og ekki kannast Ólafur Björnsson heimildamaður við að hafa heyrt af því að hús hafi staðið þarna. Líklegast er að byggingar á þessum stað hefðu verið af e.k. útihúsum sem tilheyrðu gamla bænum á Gröf.


Þúst SF-185:061 horft til norðurs


Skemmutóft úr torfi og grjóti sem er á bæjarhólnum 001 er í norðurjaðri þústar. Þústin er um 10 m í þvermál. Árið 2013 var tekið borkjarnasýni í þústinni sem sýndi að þar eru mannvistarlög undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-185:062 *Þinggil* tóft+garðlag þingstaður 63°44.642N 18°33.791V
"Austan við mýrina er Þinggilstorfa. Austan við hana er Þinggil," segir í örnefnalýsingu. Fornlegt gerði með sambyggðum tóftum er um 480 m norðvestan við tóftir 020, 100 m norðaustan við óræðar minjar 059 og 2,3 km norðvestan við bæ 001. Minjarnar eru vestan við Þinggil þar sem það beygir til norðvesturs. Suðaustan við þær er mýri, líklega Folaldamýri, sem hallar til suðausturs. Einnig er mýrlent norðvestan við minjarnar.

Gerðið er sporöskjulaga og er 58x44 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Veggir þess eru allt að 10 m á breidd og hæstir eru þeir um 1 m. Innri brúnin er mun greinilegri en sú ytri og í norðvesturenda hefur ytri brúnin nánast samlagast umhverfinu. Greinilegt op er á gerðinu undan halla til ANA, 5 m á breidd. Þrjár tóftir eru sambyggðar gerðinu. Tóft A er norðvestast í því. Hún er tvískipt, er um 14x8 m að stærð og snýr ANA-VSV. Austara hólfið er nokkuð greinilegt en það er 6x4 m að innanmáli. Ekki sést op á því. Vestara hólfið er mjórra en innanmál þess sést ekki. Op kann að hafa verið á gerðinu austan við tóft A en þar er skarð inn í innri brún þess. Tóft B er í suðausturenda gerðisins, norðaustan við opið inn í það. Hún virðist vera einföld og sést sem grunn lægð í vegg gerðisins sem breikkar mikið hér. Innanmál lægðarinnar er 5x5 m. Tóft C er einnig í suðausturenda gerðisins, suðvestan við opið inn í það. Hún er tvískipt og er um 16x12 m að stærð, snýr austur-vestur. Innanmál hólfanna er óljóst, Vestara hólfið er um 5x4 m að innanmáli, snýr NNV-SSA. Austara hólfið er 3x3 m að innanmáli. Ekki sjást skýr op inn í hólfin eða á milli þeirra. Veggir tóftarinnar hafa nánast samlagast gerðinu. Hér er um mjög fornlegar og forvitnilegar minjar að ræða. Þær minna óneitanlega á gerði og tóftir sem skráðar eru á Stekkjatúnsholti 014 og nálægð þeirra



Minjastaður SF-185:062. Á mynd til vinstri er horft til austurs en til vesturs á mynd til hægri



Minjastaður SF-185:062

við óræðar minjar 059 er áhugaverð. Ekki er hægt að útiloka að hér séu minjar um þingstað sem Þinggil dregur nafn sitt af. Hins vegar þarf að gera frekari rannsóknir á þessum stað til að varpa ljósi á aldur og hlutverk þeirra.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gröf, 3.

SF-185:063 þúst útihús 63°43.512N 18°32.360V
Þúst 063 er í raun í framhaldi af þúst 015. Þúst 063 er í raun stór og afgerandi hóll. Líklega hafa útihús einhverju sinni staðið á hólnum þó ekkert sé um það vitað nú og hóltoppurinn hafi verið sléttaður. Fagurgrænt og sléttað tún er sunnan traðar sem liggur sunna við gamla bæinn


001 í Gröf. Hluti túnanna er í halla frá núverandi íbúðarhúsi á gröf og til austurs í átt að árbakka Grafarár. Túnið var kallað Lágatún og þar eru nokkrar þústir sem eru þesslegar að líklegt verður að teljast að mannvist leynist þar undir sverði (sjá einnig 035, 055, 061 og 015). Ekki eru þó þekktar heimildir um hús á þessum stöðum og ekki kannast Ólafur Björnsson heimildamaður við að hafa heyrt af því að hús hafi staðið þarna. Líklegast er að byggingar á þessum stað hefðu verið af e.k. útihúsum sem tilheyrðu gamla bænum á Grund. Hóllinn er 38 x 25 m stór og snýr norður-suður. Hann er frekur flatur í toppinn.




Þúst SF-185:063, horft til SSV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-186 Hemra


Túnakort fyrir Hemru
024 Þerriból
013 útihús
033 útihús
019 túngarður
031 hesthús
029 dæld/þúst
019 túngarður
027 hæsnakofi
003 lambhús
002 bæjarstæði
008 útihús
001 bæjarhóll
026 öskuhaugur
028 kálgarður
004 útihús
005 útihús
006 fjárhús
025 leið
Inn á kortið eru færðar allar þekktar fornleifar en sjálft kortið byggir á túnakorti sem teiknað var 1920
0
50
100
metrar
Skýringar
bæjarhóll
horfinn minjastaður
tóft
gömul bygging sem stendur enn
mörk túns og garða skv. túnakorti
garðlag
traðir
þúst



Túnakort Dana frá 1904. Oll mannvirki sem eru sýnd á kortinu teljast til fornleifa og voru skráð (sjá minjakort aftast í skýrslu og túnakort á síðunni á undan). Kortið er fengið á vef LMÍ



Horft yfir núverandi bæjarstæði Hemru og til suðausturs

1847: 12 hdr. Flögujörð. Konungseign.

1340: Fyrst er getið um jörðina í Íslensku fornbréfi frá 1340, í máldaga Þykkvabæjarklausturs í Álftaveri. DI II, 739.
1523: Jarðarinnar er getið í máldaga Þykkvabæjarklausturs. DI IX, 189.
1756: Samkvæmt Ferðabók Eggerts og Bjarna (II. bindi útg. 1943, bls. 112) voru allir bæir í Skaftártungu vestan Kúðafljóts í eyði 1756 nema Ljótarstaðir, ári eftir Kötlugosið, þ.m.t. Hemra.
1848: Í Nýrri Jarðabók fyrir Ísland er forn hundraðatala 12 en ný 12.2.
Tún 4,1 ha 1920. Matjurtagarðar 1170 m2.
"Jörðin er frekar landstór...er að meirihluta heiðarland og var að stórum hluta skógi vaxið. Slægjulönd voru alltaf mjög léleg en vetrarbeit fyrir sauðfé sérstaklega góð, hagar skjólgóðir og nægjanlegt land til ræktunar." Sunnlenskar byggðir VI, 269
"Þessi jörð hefur engan heyskap annan en lítil tún, vel umgirt með túngarði. Hún er einhvorr hin besta sauð- og skógarjörð, en hrossbeitarlaus á vetrum..." segir í Sýslu- og sóknarlýsingum, 205.

SF-186:001 *Hemra* bæjarhóll bústaður 63°41.274N 18°30.511V
"Hemra stendur vestanvert við Tungufljót uppi undir hlíðinni, í kvos milli Hemrufjalls, sem blasir við fyrir austan Flögu, og Hádegishamars,"
segir í örnefnaskrá og ennfremur: "Bærinn í Hemru hefur verið fluttur, stóð áður austan við Bæjargil, þar sem nú eru útihús." Gamli bærinn í Hemru stóð áður um 110 m VSV við núverandi íbúðarhús á jörðinni, á svipuðum slóðum og steinsteypt útihús er nú (2015) og er plan fyrir heyrúllur aftan við. Svæðinu þar sem gamli bærinn stóð hefur verið talsvert umturnað og er vart hægt að tala um eiginlegan bæjarhól á svæðinu, þó er yfirborð um 0,5 m hærra um miðbik hlöðu og má vera að þar leynist einhver uppsöfnun undir sverði.


Bæjarhóll Hemru SF-186:001, horft til norðausturs

Eins og áður segir er ekki hægt að tala um bæjarhól í hefðbundnum skilningi á Hemru. Örlitla upphækkun má þó greina um það leyti þar sem bærinn hefur staðið. Gróflega áætlað mætti kannski tala um um 50 x 35 m stórt (norður-suður) bæjarstæði á svæðinu, frá bæjarlæknum. Upphækkun er hins vegar hvergi hærri en 0,5 m og víðast mikið minni. Engin ummerki sjást um eldri bæjarhús á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hemra 1, 6

SF-186:002 *Fjósbrekka* bæjarstæði bústaður 63°41.303N 18°30.416V
Bæjarstæðið í Hemru var flutt af eldra bæjarstæði 001 en ekki liggja fyrir upplýsingar um hvenær það var. Ef til vill var það ekki fyrr en undir aldamótin 1900 en þá er nýr bær byggður



Bæjarstæði SF-186:002, á ljósmynd er horft til suðvesturs. Svarthvíta myndin tekin af Hemrubænum árið 1904 og er úr bókinni Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár, bindi II, bls. 334

á Hemru. Í Ferðabók Þorvaldar Thoroddsens segir um húsakost í Hemru rétt eftir aldamótin 1900: "Í Hemru var jafnvel nýbúið að reisa snoturt íveruhús með járnþaki og steinkömpum úr höggnu móbergi." Þetta bæjarstæði er um 15 m vestan við það íbúðarhús sem nú stendur á bænum og var byggt 1933 og um 100 m norðaustan við eldra bæjarstæði 001. Bærinn var líklega fluttur til að fá meira sólskin því eldra bæjarstæðið er í meiri skugga af hlíðunum vestan og sunnan við það. Bærinn var suðaustan undir Fjósbrekku og Hesthúsbrekku 031, í brekkurótum Fjósbrekku. Örnefnið Fjósbrekka bendir til þess að fjósið hafi verið við bæinn og er það skráð með honum en það hefur verið suðvestar en íbúðarhúsið. Búið er að rífa gamla bæinn. Þar sem íbúðarhúsið stóð er malarplan. Á milli malarplans og brekkurótar er jarðvegsstallur sem er um 1,2 m á hæð og eftir honum er vegarslóði. Suðvestan við malarplan eru steypt fjárhús.


Ekki sjást ummerki um bæjarhól, önnur en stallurinn sem þegar er nefndur, en ekki er gott að sjá hvar honum sleppir vegna rasks við byggingar, niðurrif og vegagerð. Í bókinni Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár (bindi II) er ljósmynd af bænum í Hemru frá 1904 og undir myndinni segir: "Þetta er fyrsta bárujárnsklædda húsið í Vestur-Skaftafellssýslu, austan Mýrdalssands. Járnið var flutt á klyfjum um Fjallabaksveg nyrðri frá Eyrarbakka rétt eftir 1890. Höggvið grjót er í veggjum, sem hlaðnir voru af mikilli snilld, og hafa þeir staðið fram undir þetta. Jón Einarsson bóndi og hreppstjóri stendur í varpa. (Herforingjaráðið 1904)." Samkvæmt Sunnlenskum byggðum var húsið byggt 1893 og var smiðurinn Sveinn Ólafsson frá Hvammi í Mýrdal.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen, III. bindi, 154; Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár II, 334; SB VI, 246-247

SF-186:003 *Lambhúsbrekka* tóft lambhús 63°41.304N 18°30.569V
"Austast norður af bæ eru brekkur, Hesthúsbrekka eða Stjarnabrekka [031], þá Fjósbrekka [sjá 002] og vestast Lambhúsbrekka," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1920 er merkt útihús um 125 m vestan við bæ 002 í Lambhúsbrekku. Tóftin er um 20 m austar en hún ætti að vera skv. túnakorti en þó fer vart á milli mála að húsið sem er teiknað á túnakortið er umrætt hús. Húsið er einnig merkt inn á bæjarteikningu af Hemru sem gerð var af Dönum árið 1904. Tóft útihússins sést enn vel. Nafn brekkunnar sem tóftin er í bendir til þess að hún sé af lambhúsi. Tóftin er á hjalla efst í hárri og brattri brekku efst í gamla túninu, fast sunnan við Skógargötur 014.

Tóftin er að mestu hlaðin úr grjóti en einnig er torf í hleðslum. Hún er einföld, um 9x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Dyraop er á tóftinni í suðausturenda. Það er samanfallið og sjást viðarleifar í því. Grjótið í tóftinni er aðallega sandsteinn eða móberg en






Lambhústóft SF-186:003. Á ljósmynd er horft til norðausturs

grágrýti inn á milli. Mest sjást fimm umför hleðslu í innanverðum veggjum. Vesturhorn tóftarinnar er grafið inn í stall ofan við tóftina og sá stallur er upphlaðinn beggja vegna við tóftina og hefur gegnt hlutverki túngarðs, sjá 019. Hæstu veggir í tóftinni eru 1,5 m á hæð í austurhorni þar sem hallar undan henni. Að innanverðu eru þeir víðast 0,8 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hemra, 3; Túnakort 1920; Bæjarteikning Dana 1904

SF-186:004 tóft útihús 63°41.245N 18°30.583V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1920 um 160 m suðvestan við bæ 002. Húsið er ekki merkt inn á bæjarteikningu af Hemru sem gerð var af Dönum árið 1904 og er því líklega byggt á tímabilinu 1940-1920. Í túni sem er í miklum halla til austurs. Túnið er svolítið smáþýft en þó






Tóft SF-186:004. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

slétt og sjálfsagt er enn beitt á þessum slóðum. Þverhnípt er niður af tóftinni til norðvesturs, ofan í gil sem þar er.

Tóftin er vel greinileg. Hún er einföld og 6 x 5 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Op hefur verið á suðausturgafli miðjum en nú er að mestu hrunið fyrir það. Mænisás úr timbri liggur niður í tóftinni. Veggir hafa líklega að mestu verið úr grjóti en eru nú eitthvað hrundir inn og aðeins sést í grjót hér og þar. Líklega hefur þakþekjan verið úr torfi og svo hrunið yfir veggi. Nú er bú barna í tóftinni. eru algrónir og hvergi sér í grjóthleðslur. Tóftin er grafin inn í brekkuna og er hæð veggja að innanverðu 1-1,2 m en 0,7 m að utanverðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920


SF-186:005 tóft útihús 63°41.222N 18°39.600V
Útihús (eða rétt/kvíar) eru merktar inn á túnakort frá 1920 um 195 m suðvestan við bæ 002. Byggingin er ekki merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og gæti því hafa verið reist milli 1904-1920. Húsið er efst í Nóntorfu, í túni sem er í miklum halla til austurs. Túnið er svolítið smáþýft en þó slétt og sjálfsagt er enn beitt á þessum slóðum. Þverhnípt er niður af tóftinni til norðvesturs, ofan í gil sem þar er.



Útihústóft SF-186:005. Á ljósmynd er horft til austurs

Tóftin er vel greinileg. Hún er einföld, 9 x 5 m stór og snýr h.u.b. austur-vestur. Op hefur verið á suðausturgafli miðjum. Veggir eru algrónir og hvergi sér í grjóthleðslur. Tóftin er grafin inn í brekkuna og er hæð veggja að innanverðu 1-1,2 m en 0,7 m að utanverðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-186:006 tóft fjárhús 63°41.222N 18°30.552V
Inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 er merkt útihús um 170 m suðvestan við bæ 002. Þrátt fyrir að vera eina útihúsið í Nóntorfu sem er merkt inn á eldra kortið (þ.e. bæjarteikninguna frá 1904) er tóftin unglegust þeirra tófta sem enn má sjá í Nóntorfu. Í túni sem er í miklum halla til austurs. Túnið er svolítið smáþýft en þó slétt og sjálfsagt er enn beitt á þessum slóðum.



Fjárhústóft SF-186:006, horft til austurs

Tóftin er 18 x 10 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er tvískipt og eru fjárhúsin framar (austar) en hlaðan að baki. Veggjarhæð er mest 1,5-1,8 m og er tóftin talsvert byggð inn í brekkuna. Sá veggur sem byggður er inn í brekkuna er að talsverðu leyti hruninn inn í húsin. Fjárhúsin hafa líklega verið 10-12 x 3-4 m að innanmáli en innanmál hlöðunnar er óljósara vegna hruns. Garði gengur eftir fjárhúsunum endilöngum og er steypt fjárbað austan í honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920 og Bæjarteikning Dana 1904

SF-186:007 tóft útihús 63°41.326N 18°30.464V
"Austast norður af bæ eru brekkur, Hesthúsbrekka eða Stjarnabrekka (sjá 031), þá Fjósbrekka [sjá 002] og vestast Lambhúsbrekka [003]," segir í örnefnaskrá. Hús er sýnt í Hesthúsbrekku á túnakorti frá 1920 og á bæjarteikningu Dana frá 1904, um 60 m norðvestan við bæ 002. Ógreinileg tóft sést á þeim stað fast sunnan við veg á Skógargötum 014. Hún er um 10 m austan við tóft 031 og 60 m norðan við bæ 002. Tóft 031 er líka í Hesthúsbrekku og er hún líklegri til að vera af hesthúsi en sú útihústóft sem hér er skráð þó að ekki sé hægt að útiloka að þær hafi báðar verið hesthús. Tóftin er í túni sem nýtt er til beitar.



Útihústóft SF-186:007. Á ljósmynd er horft til ANA

Tóftin er einföld, um 12x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Norðvesturhlið tóftarinnar er grafin inn í brekkuna og óljós veggur er meðfram suðausturhlið


hennar. Norðausturendi tóftarinnar er óljós. Frá honum liggur hins vegar nokkuð skýr veggur á 4 m löngum kafla niður brekku, meðfram vegi á Skógargötum. Allar veggjahleðslur í tóftinni eru útflattar nema í veggnum sem gengur út frá tóftinni til norðausturs. Þar eru þær 0,3 m á hæð og 1 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hemra, 3; Túnakort 1920; Bæjarteikning Dana 1904

SF-186:008 heimild um útihús 63°41.289N 18°30.482V
Útihús er merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og inn á túnakort frá 1920 um 80 m suðvestur af því íbúðarhúsi sem þá hefur staðið í Hemru 002. Á þeim stað sem útihúsið stóð er nú (2015) steinsteypt hlaða.

Húsið virðist hafa verið á svipuðum slóðum og gamli bærinn 001 var áður og er mögulegt að merkingin eigi raunverulega við hann og hann hafi þá enn staðið og verið nýttur í öðrum tilgangi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920 og Bæjarteikning Dana 1904

SF-186:009 *Stekkatún* tóft stekkur 63°41.174N 18°30.175V
"En flöturinn sunnan við gilið heitir Stekkatún...," segir í örnefnaskrá. Stekkjartóft er enn í Stekkatúni, um 340 m suðaustan við 001. Stekkurinn er byggður upp við mjög stórt, stakstætt bjarg sem fallið hefur úr hamrinum. Stekkurinn er fast ofan við (suðvestan við) slegin tún en neðan hamrabrúnar.

Stekkurinn er byggður norðvestan og norðaustan við norðurenda mjög stórs stakstæðs hamars eða bjargs. Svæðið er um 34 x 19 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Um er að ræða tröllaukið gerði A og stekkjartóft B. Gerðið er austan við bjargið norðanvert. Það er sporöskjulaga og um 17 x 10-11 m stórt. Veggir þess eru allt að 3 m á breidd og 1 m á hæð. Gerðið er algróið. Op er á það þar sem það liggur að bjarginu að norðan (í norðausturhorni). Vestan við bjargið norðanvert er svo stekkurinn. Hann samanstendur af nokkuð skýru hólfi sem er um 14-15 x 6 m stórt en ofan við það hækkar brekkan nokkuð og þar er hringlaga kragi utan í klettinum sem gæti verið lambakvíar. Að innanmáli er svæðið um 5 m. Engar grjóthleðslur sjást.




Tóft SF-186:009



Stekkur SF-186:009. Á mynd til vinstri er horft til ASA, en til suðurs á mynd til hægri

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Hemra, 1

SF-186:010 *Borgartorfa* tóft+garðlag beitarhús 63°41.943N 18°31.619V "Merkurgil er sunnan við Mörkina, og þar sunnar er svo Borgartorfa; þar eru fjárhús frá Hemru, beitarhús," segir í önefnaskrá. Stór beitarhúsatóft og vallargarður eru um 1,5 km norðvestan við Hemru 002.Kjarrið er farið að vaxa á vallargarðinum og innan túnsins sem hann afmarkaði.



Beitarhús SF-186:010


Vallargarðurinn er ferkantað gerði. Það afmarkar tún sem er 60x50 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Beitarhúsatóftin er á miðjum norðvesturvegg vallargarðsins og er að mestu leyti innan gerðisins. Vallargarðurinn virðist að mestu torfhlaðinn og er 1 m á breidd neðst en mjókkar upp. Garðhleðslur eru 0,6-0,7 m á hæð og eru nokkur heillegar. Beitarhúsatóftin er gríðarstór eða 22x6 m og snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist í hlöðu og fjárhús en ekki er hlaðinn garði í þeim og ekki sjást undirstöður jata meðfram langveggjum. Hlaðan er í norðvesturenda tóftarinnar. Hún er 2x3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Hleðslugrjót í veggjum er tekið að hrynja inn í hlöðuna. Mjór veggur er á milli hlöðu og fjárhúsa en hann virðist hafa verið endurhlaðinn nýlega að hluta. Fjárhúshlutinn er 16x2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Ekki er hlaðinn veggur í suðausturenda tóftar þar sem hefur verið timbur- eða bárujárnsþil með dyrum. Lítið af grjóti hefur hrunið úr veggjum inn í fjárhúsin. Mesta hæð veggja utanmáls er 1,5 m og mest sjást 7



Beitarhús SF-186:010. Á mynd til vinstri er horft til suðausturs en til NNA á mynd til hægri

umför í innanverðum hleðslum í hlöðu en 5-6 umför í fjárhúsum. Borgartorfa dregur líklega nafn sitt af fjárborg sem hefur verið á torfunni. Ekki fannst borgartóft á svæðinu og er líklegt að beitarhúsin séu byggð ofan á henni. Dálítil hólmyndun er undir beitarhúsatóftinni og styrkir það þá tilgátu.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Hemra, 2

SF-186:011 tóft beitarhús 63°41.976N 18°31.539V
"Merkurgil er sunnan við Mörkina, og þar sunnar er svo Borgartorfa; þar eru fjárhús frá




Beitarhús SF-186:011. Á ljósmynd er horft til norðurs

Hemru, beitarhús [010]," segir í örnefnaskrá. Sigin tóft er í Borgartorfu, norðaustan við beitarhús 010 en 1,55 km norðvestan við bæ 001. Tóftin er á torfu sem sker sig nokkuð úr hlíðinni. Hún rís hærra en umhverfið og er vaxin sinu. Talsverður runnagróður er í torfunni. Svæðið er í aflíðandi halla til austurs. Mikil skógrækt er allt í kring.

Tóftin er 10 x 6 m stór og snýr NNA-SSV. Tóftin virðist vera einföld og er algróin. Veggir hennar eru 2-2,5 m á breidd en 0,5-0,6 m á hæð. Ekki er greinilegt op á henni en mögulegt er að það mætti greina ef sinuvöxtur væri ekki eins mikill og hann er á svæðinu. Þýfi er norðvestan við tóftin og mögulegt er að þar hafi verið sett upp hey. Tóftin er skammt frá yngri beitarhúsum 010 og mjög líklegt er að þarna hafi verið eldri hús.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Hemra, 2

SF-186:012 tóft útihús 63°41.200N 18°30.430V
Tóft er um 150 m suðaustan við bæ 001 og gengur raflína yfir hana hana. Tóftin er í hæðóttu túni sem ekki er lengur slegið (2015). Greinilegt er að talsverð stórgripabeit er á svæðinu.



Útihústóft SF-186:012. Á ljósmynd er horft til austurs


Tóftin er tvískipt og 8 x 4,5 m að stærð. Veggir hennar eru 0,4 m á hæð og sést í grjóthleðslur á 2-3 stöðum. Bæði hólfin eru áþekk eða um 2 x 1,5 m að innanmáli. Ekkert op er greinilegt á norðvestara hólfið en op er á norðurvegg þess suðvestara. Líklega hefur verið lítill kofi fyrir skepnur á þessum stað og heytóft við hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-186:013 tóft+garðlag útihús 63°41.362N 18°30.425V
Tóft og sambyggt garðlag eru um 100 m norðan við bæ 002. Garðurinn virðist vera yngri en tóftin. Tóftin er neðarlega í brekku sem er upp og vestur af túni á Hemruvelli. Hún er hlaðin í dálitlu skarði upp í brekkuna. Allmikið rof er í norðausturenda tóftarinnar vegna ágangs sauðfjár.


Fornleif SF-186:013. Garðlag (til vinstri horft til norðausturs) og tóft (til hægri horft til suðurs)

Minjarnar eru á svæði sem er 30x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er í norðausturenda svæðisins. Hún er einföld, 6x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er torfhlaðin og er samfallið op á henni í

austurhorni. Í opinu eru viðar- og bárujárnsleifar.
Tóftin er grafin inn í brekkuna að hluta. Mesta hæð veggja er 0,3-0,4 m. Garðurinn liggur frá tóftinni upp brekku til suðvesturs á 24 m löngum kafla. Hann er torfhlaðinn, er 1 m á breidd neðst en mjókkar upp, og 0,4-0,5 m á hæð. Pæla sést ofan (norðvestan) við garðinn. Tóftin er líklega af útihúsi en ekki er nánara hlutverk þekkt. Garðurinn er túngarður en hann er ekki sýndur á túnakorti frá 1920 og er því að öllum líkindum yngri en það og er því ekki skráður með túngarði 019.



Garðlag og tóft SF-186:013

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-186:014 *Skógargata* gata leið 63°41.310N 18°30.568V
"Norðan við gilbotninn er Skógargata. Hún liggur uppá heiði og var farin í Skógarferðum," segir í örnefnaskrá. Skógargata liggur norðvestan við túnið í Hemru, upp brattar brekkur. Búið er að ryðja vegarslóða á sama stað upp á brekkubrún. Í skógarferðum var farið í Dalina en þeir eru um 1 km suðvestan við bæ 002. Í örnefnaskrá Hemru kemur fram að tveggja tíma lestagangur sé úr Skógargötu hjá Hemru vestur að Hólmsá. Þar eru vesturmörk jarðarinnar við Skógaá. Gamall birkiskógur er við Skógaá og ekki ósennilegt að skógur hafi verið sóttur þangað eða að þar hafi verið stunduð kolagerð. Þangað eru hinsvegar tæpir 7 km í beinni loftlínu frá bæ 002. Leiðin liggur um brattar, grónar brekkur sem verða grýttar eftir því sem ofar dregur.



Götur SF-186:014, horft til vesturs

Leiðin var skoðuð þar sem hún liggur ofan við gamla heimatúnið. Þar sjást nánast engar götur vegna þess að búið er að ryðja veg á sama stað og göturnar lágu. Fast norðvestan við

lambhús 003 sést þó móta fyrir götum á stuttum kafla en ekki er augljóst hvort það eru götur eða hjólför. Þar eru fjórar meintar götur á svæði sem er 2 m á breidd. Göturnar eru 0,2 m á breidd og 0,1 m á dýpt.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hemra, 5

SF-186:015 *Klappargata* heimild um leið 63°40.770N 18°29.687V
"Syðst í Arnarhömrum er, eða var, svonefnd Klöpp. Lá um hana einstigi eða gata, sem nefnd var Klappargata. Hún var farin, þegar ekki var fært undir Klöppinni [sjá leið 661:011] vegna Tungufljóts," segir í örnefnaskrá. Klappargata var um 1,2 km suðaustan við bæ 001. Hún hvarf þegar Klöppin var sprengd við vegagerð. Þessi leið var farin á milli bæja vestan við Tungufljót.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hemra, 5

SF-186:016 *Fjárhúsbrekka* tóft beitarhús 63°40.673N 18°29.814V
"Fjallgil er milli Hestastaðatorfu og Fjárhúsbrekku," segir í örnefnaskrá. Beitarhúsatóft er enn efst í Fjárhúsbrekku ofan við veiðihús sem nú (2015) eru í sjálfum hvamminum. Beitarhúsin eru rúmum 1,2 km NNA við bæ 001.Vegarslóði liggur upp hóllinn fyrir ofan. Niðurfallinn vírgirðing er um 2 m ofan við húsin. Fjárhúsin eru á hálfgerðum stalli ofan við hina eiginlegu Fjárhúsbrekku en neðan við klettahól. Enn ofar í landinu er hár klettastapi. Gott útsýni er frá húsunum til suðurs, suðvesturs og vesturs yfir Eldvatn og víðar.



Beitarhús SF-186:016. Á ljósmynd er horft til austurs

Samkvæmt Sigurði Ómari Gíslasyni, heimildamanni voru síðar byggð yngri hús á þessum slóðum, í sjálfum hvamminum en þau hafa nú vikið. Fjárhústóftin, A er á svolítilli upphækkun eða hóli. Hóllinn er 16 x 17 m stór og ógreinilegri þúst B fast norðaustan hennar. Beitarhúsin eru 16 x 8 m stór og snúa norðvestur-suðaustur. Tóftin skiptist í tvennt. Sjálf fjárhúsin eru suðaustar og eftir þeim endilöngum gengur garði. Innanmál þeirra er 8 x 4 m.

Húsin eru opin til suðausturs. Veggir þess eru 0,5 m og víða sést í grjóthleðslur. Hlöðutóftin er að baki og er hún að miklu leyti byggð inn í brekkuna. Hún er 4-5 x 3 m að stærð og er 0,8 m dýpri en fjárhúsið. Óljós tóft, líklega eldra byggingarstig á sama stað er sem fyrr segir norðaustan við tóftina. Þústin er 10 x 3,5 m að stærð og kann að hafa skipst í tvö hólf þótt nú sé erfitt að greina nákvæmt lag.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hemra 5

SF-186:017 *Innri-Selá* örnefni sel
"Suður af Mosabólshömrum heita Stóruskriðuhamrar; undir þeim er Skessuból. Sunnan við Stóruskriðuhamra er Innri-Selá. Þá taka við Fálkabólshamrar, og syðst undir þeim er Fálkaból. Selá rennur í Tungufljót. Vestan undir Fálkabólshömrum eru giljadrög, sem nefnd eru Leyningar. Sunnan við Fálkabólshamra er Fremri-Selá. Fossarnir í henni heita Tvífossar, og milli fossanna er Tvífossanípa," segir í örnefnaskrá. Fremri-Selá er um 3 m norðvestan við bæ 001 og Innri-Selá enn fjær bæ. Sigurður Ómar Gíslason, heimildamaður, hafði það eftir gamalli konu að haft hefði verið í seli í Fálkabóli sem er syðst á svæðinu milli Selánna. Þar var skráð fyrirhleðsla undir hamri, hátt í hlíðinni sjá 018 en ekki minna aðstæður þar á hefðbundið sel. Svæðið undir hamrinum er hins vegar grasgefið og eina svæðið á milli Selánna sem nú er ekki á kafi í kjarri og runnagróðri. Umrætt svæði gæti því talist líklegasta staðsetning sels á þessum slóðum en engar minjar fundust hins vegar á þessum slóðum.
Heimildir: Ö-Hemra, 2


SF-186:018 *Fálkaból* hleðsla beitarhús 63°42.342N 18°33.509V



Fálkaból SF-186:018. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðurs en til vesturs á ljósmynd til hægri

"Sunnan við Stóruskriðuhamra er Innri-Selá [sjá 017]. Þá taka við Fálkabólshamrar, og syðst undir þeim er Fálkaból. Selá rennur í Tungufljót. Vestan undir Fálkabólshömrum eru giljadrög, sem nefnd eru Leyningar. Sunnan við Fálkabólshamra er Fremri-Selá. Fossarnir í henni heita Tvífossar, og milli fossanna er Tvífossanípa," segir í örnefnaskrá. Að sögn Jóhannesar Siggeirsonar, heimildamanns, voru beitarhús í Fálkabóli. Sigurður Ómar Gíslason, heimildamaður, hafði það eftir gamalli konu að haft hefði verið í seli í Fálkabóli, sjá 017. Fálkaból er syðst í samnefndum hömrum, ofan og vestan við torfuna sem er næst Fremri-Selá. Á milli Selánna er um 1 km. Fálkaból er í kverk á milli brattrar hlíðar og snarbrattra hamraveggja en Fálkabólshamrar eru hæstir ofan við bólið. Á torfunni neðan og austan við bólið er svæði sem er grasgefið og þar er eina svæðið á milli Selánna sem ekki er þakið kjarri.

Mannvistarleifar í Fálkaból eru á svæði sem er um 28x10 m að stærð og snýr austur-vestur.



Fálkaból SF-186:018

Litlir hellisskútar eru austast og vestast á svæðinu en á milli þeirra eru grunn hvilft inn í bergveginn og þar má sjá leifar af grjóthleðslu og ummerki í berginu eftir þakstoðir. Þessar minjar fá bókstafinn A. Hleðslan er 3 m langur kantur. Í henni eru 3 umför og hún er 0,6 m á hæð þar sem hún er hæst. Óljóst framhald af hleðslunni er til austurs að gróinni þúst. Svæðið innan við hleðslu og þúst, að bergveggnum er 11x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Það er breiðast í vesturenda en mjókkar til austurs þar sem það er 2 m á breidd. Hellisskúti C í vesturenda svæðisins er um 4x2 m að innanmáli og snýr nánast norður-suður. Opið inn í hann er mjög lágt og fremur þröngt. Utan við opið inn í skútann eru viðarleifar. Hellisskúti B er austast á svæðinu. Hann er allstór, um 6 m á lengd og 4 m á breidd innst/syðst, en 2 m á breidd yst/nyrst. Mikið er af möl inni í skútanum og lágt til lofts. Framan við þessar minjar eru 3ja m breiður stallur og niður af honum er snarbrött brekka. Ekki er því mikið pláss til að athafna sig á þessum stað. Eina færa leiðin upp í Fálkaból er eftir fjárgötu úr austri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hemra, 2

SF-186:019 garðlag túngarður 63°41.231N 18°30.243V
Túngarður lá umhverfis tún í Hemru. Á bæjarteikningu Dana frá 1904 eru sýndir garðar á flatlendinu austan við bæinn og það sama má segja um túnakort frá 1920 en þar er einnig garður kominn meðfram hluta af suðausturhlið túnsins sem ekki er á bæjarteikningu. Hluti af suðausturhlið hans sést enn austan við túnin næst Hemru en einnig eru slitrur af túngarði meðfram norðvesturhlið túnsins í brekku upp af bænum sem ekki er sýndur á gömlum kortum. Túngarðurinn er annars vegar í brattri gróinni brekku utan þess svæðis sem enn er slegið og hins vegar í jaðri sléttaðs og flatts túns, austan við er lækjargil.

Leifar af túngarði sjást á svæði sem er 250x260 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Sá hluti túngarðsins sem sést enn meðfram suðausturhlið túnsins er víða rofinn en hann má greina á rúmlega 100 m löngum kafla um 200 ASA við bæ 001. Garðurinn er 1-1,2 m á breidd í botninn en mjókkar upp og er þar um 60 cm breiður. Hann er torfhlaðinn og mest um 0,8 m á hæð. Með túngarðinum voru skráðar þúfur sem sjást fyrst um 70 m VSV við þar sem túngarðurinn hverfur. Þessar þúfur eru fjórar talsins og hafa verið settar hafa verið hlaðnar og gaddavír strengdur á milli. Norðan við bæ sést túngarðurinn á tveimur stöðum í brekku 70 m norðan við bæ 001. Vestast sést hann sem kantur eða stallur beggja vegna við lambhús 003 og liggur Skógargata 014 ofan (norðan) við hann. Stallurinn er 45 m á lengd og liggur austur-vestur. Hann er torfhlaðinn og er hæstur 1,3 m. Annar hluti af garðinum á norðurhlið túnsins er 55 m norðaustar. Hann er 10 m norðan við tóft 031 og ofan (norðan) við ruddan veg sem liggur á sömu slóðum og Skógargata 014. Garðurinn liggur í hlykkjum á um 40 m löngum kafla frá VSV-ANA. Hann er torfhlaðinn og er 1-1,2 m á breidd. Hann er hæstur 0,6 m þar sem hann er greinilegastur.



Garðlag SF-186:019, horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904 og Túnakort 1920

SF-186:020 *Lambaból* hleðsla fjárskýli 63°40.718N 18°32.795V




Lambaból SF-186:020. Á báðum myndum er horft til NNA

Sigurður Ómar Gíslason, heimildamaður, greindi frá því að hlaðið væri fyrir Lambaból í Lambagljúfri þar sem lömb voru höfð um fráfærur. Bólið er 2,2 km suðvestan við bæ 002 og 320 m ANA við fjárbyrgi 037 sem einnig er í Lambagljúfri. Lambaból er hellisskúti í kverkinni þar sem snarbrattur og hár berghamar mætir grösugri og brattri brekku í gilinu. Allhátt er upp í skútann.

Grjóthleðsla er framan við Lambaból og er skútinn 13x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Þegar komið er inn fyrir munnann er hægt að standa uppréttur inni í skútanum. Gólf skútans er talsvert lægra en hleðslan framan við. Hleðslan er 8x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 1 m á breidd og 0,1-0,3 m á hæð. Grjótið í henni er úr lagi gengið og ekki sést fjöldi umfara.

Hættumat: engin hætta



Lambabyrgi SF-186:020

SF-186:021 varða 63°41.497N 18°33.071V

Hemrustakkur er hæsta fellið í heiðinni vestan við Hemru. Á því er gríðarstór varða sem er líklega mælingavarða. Varðan er 2,2 km norðvestan við bæ 002. Hemrustakkur er mosavaxið fell í gróðurlítilli heiði. Af honum er mjög víðsýnt um Skaftártungu. Fjórhjólaslóði liggur að vörðunni upp bratt fellið.



Varða SF-186:021 á Hemrustakki. Á mynd til vintstri sést Kristborg Þórsdóttir að störfum (horft til VSV) en á mynd til hægri er horft til sveitina til austurs

Varðan er 2,5 m í þvermál og er hlaðin úr móbergi eða sandsteini. Hún er 1,6 m á hæð og í henni sjást 6 umför. Lítillega hefur hrunið úr henni til austurs. Járnhæll með festingu er 2 m norðaustan við vörðuna og járnteinn liggur á hliðinni ofan á vörðunni. Yst í vörðunni er nokkuð stórt grjót en inni í kjarna hennar er grjótið smærra.
Hættumat: engin hætta

SF-186:022 *Nýjavað* örnefni vað 63°40.652N 18°29.498V



Nýjavað SF-186:022 horft til norðausturs

"Nýjavað var á svæðunum austan við Syðri-Hólm í Hemru á Jarðbrúargil [175:022] í Ásalandi." Að sögn Sigurðar Ómars Gíslasonar þótti vaðið ekki gott vegna sandbleytu. Nýjavað er um 1,4 km suðaustan við bæ 002 og um 60 m norðaustan Við Hrífunesveg (209). Af þeim vegi liggur slóði niður á árbakkann fast suðvestan við vaðið.
Vaðið liggur yfir ána af lágum bakka þar sem áin breiðir mikið úr sér neðan við brúna sem er á Hrífunesvegi litlu ofar.
Ekki sjást mikil ummerki þar sem farið var yfir ána á Nýjavaði. Þó er gróið rof á árbakkanum sem gefur staðsetningu vaðsins til kynna. Ekki sjást götur liggja að vaðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hemra, 6

SF-186:023 þúst akurgerði 63°41.545N 18°29.863V
"Milli Hemruvallar og og Hemruhóls, annars vegar og Hellisness hins vegar voru forn garðlög á víð og dreif. Svonefndir Skurðir voru vestan við þau. Menn töldu að þarna væru forn akurgerði," segir í örnefnaskrá. Í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1910 segir: "Gagnvart bænum Hemru er stór hóll austurvið Fljótið. Hann heitir Hemruhóll. Framanundir honum eru allmiklar byggingaleifar, tóftir, garðlög og jafnvel sáðreitir. Það er frá ýmsum tímum. Þóttist ég sjá merki þess, að í fornöld hafi þar verið býli. Á nýjari tóftum er óhægt að átta sig. Þó hygg ég sumar eftir býli, aðrar eftir stekki og fjárhús." Minjarnar við Hemruhól eru 640 m norðaustan við bæ 002. Minjarnar eru að nær öllu leyti komnar í tún sunnan undir Hemruhól.



Mest af friðlýstu minjunum við Hemruhól hafa verið sléttaðar í tún. Þó má óljóst sjá móta fyrir hryggjum og misfellum og voru þau ummerki mæld inn og sjást sem bleikar línur á kortinu. Fornleif SF-186:023.

Í skrá um friðlýstar fornleifar segir: "Hemra. Fornrústir og forn garðlög sunnanundir Hemruhól." Minjasvæðið er um 370x170 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Á því var hægt að greina 12 mannvirki, garðlög, tóftir og þústir, og fá þau bókstafi til aðgreiningar. Nyrst á svæðinu, utan túns og suðaustan í Hemruhól, eru tvö garðlög og ein þúst. Garður A er 45 m á lengd og liggur VSV-ANA. Hann er 1,5-2 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Garðurinn er gróinn og endar frammi á hólbrún við Tungufljót til austurs og framan í Hemruhól, ofan við miðja brekku, til vesturs. Frá miðjum garði A liggur mjög óljós garður B til norðurs. Hann er um 43 m á lengd, er 1,5-2 m á breidd og 0,1 m á hæð. Garðurinn hverfur í rof í norðurenda. Afar óljós þúst C er í brekku vestan við horn sem myndast þar sem garðar A og B mætast. Brekkan er sundurskorin af náttúrulegum pöldrum eða kindagötum. Þústin er 5x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,1-0,2 m á hæð. Nyrst í túninu í sunnanverðum Hemruhól er stór og afgerandi þúst sem gengur út úr brekkunni. Ekki er útlokað að um náttúrumyndum sé að ræða en líklegra er að í þústinni séu mannvistarleifar. Þústin er um 18x15 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún er flöt að ofan og er 0,3 m á hæð. Garður G er sunnan við þúst J. Garðurinn er óljós en hann er um 130 m á lengd og liggur frá bakka Tungufljóts í austri til norðvesturs. Á honum miðjum er afgerandi hlykkur til suðurs. Austurhluti garðsins virðist

vera á brún í landinu. Hann er 3-4 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Garður K er einnig mjög ógreinilegur og útflattur og liggur meðfram austanverðu svæðinu á 130 m löngum kafla. Garður H er norðvestast á svæðinu. Hann er um 116 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Óljóst má greina hringlaga tóft við suðausturenda hans sem er 10x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðvesturendi garðsins er utan túns og þar er garðurinn 3-4 m á breidd og 0,2 m á hæð. Í framhaldi af garði H er garður F í túninu á 145 m löngum kafla. Hann liggur norðvestur-suðaustur og er nokkuð beinn en í suðausturenda hlykkjast hann óreglulega. Garðurinn er 4-5 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Útflött tóft E er 18 m suðvestan við garð F. Hún er um 10 m í þvermál og má óljóst greina innanmál eins hólfs í henni. Mögulega er op á henni til norðausturs. Þúst D er 35 m norðan við tóft E, á milli garða H og G. Hún er um 15 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Tóft I er 25 m austan við þúst D. Hún er um 9x7 m að stærð og snýr norður-suður. Í henni sést eitt hólf sem er 3 m í þvermál. Veggir eru 0,1-0,2 m á hæð. Óljós kragi er sunnan við tóftina. Að lokum eru óljósar minjar K syðst á svæðinu. Þar eru óreglulegir hryggir í túninu á svæði sem er 80x30 m að stærð og snýr ANA-VSV.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Hemra 6; Árbók 1910, 18-19; Skrá um friðlýstar fornleifar, 63

SF-186:024 *Þerriból* mannvirki þvottastaður 63°41.388N 18°30.464V "Þerribólshamar er austan í Guðríðarhamri. Í honum er Þerriból. Þar voru klöppuð göt til að festa í þvottastög," segir í örnefnaskrá. Þerriból er um 160 m norðan við bæ 001. Það er í kverk milli berghamra og brattrar, gróinnar brekku ofan og sunnan við tún. Í Þerribóli er sléttur bergveggur sem er 8-10 m hár og yfir honum slúta hamrar og mynda skjól fyrir regni. Í bólinu er úttroðið svæði eftir sauðfé sem leitar skjóls þar.



Þerriból SF-186:024. Á ljósmynd til vinstri er horft til vesturs en til suðausturs á mynd til hægri

"En framar í brúninni beint upp af bæ er Bæjarhaus, hæsta skerið, en þar til austurs vísar Þerribólshamar, öðru nafni Guðríðarhamar. Þar á að hafa hrapað fram af kona með því nafni. Þó vantar skriflegar heimildir fyrir því," segir í örnefnaskrá. Þrjú heil göt eru í bergveggnum, svokölluð berghöld. Tvö þeirra eru gegnt hvort öðru og hefur lína verið strengd á milli þeirra. Það vestara er 1,6 m frá jörðu en það austara um 1,4 m frá jörðu. Á milli þeirra eru um 3 m. Götin eru mjó, 2-3 sm í þvermál. Rétt fyrir ofan austara gatið sést hvar eldra berghald hefur brotnað. U.þ.b. 0,5 m ofan við austara gatið er svo enn annað berghald sem virðist vera heilt en það var of hátt uppi til að hægt væri að sjá hvort að gatið næði í gegn. Ekki var að sjá að annað gat væri á móti því ofan við vestara gatið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hemra 2, 6

SF-186:025 *Miðmundaskersgata* gata leið 63°41.207N 18°30.552V

"Miðmundaskersgata var austan í Miðmundaskeri," segir í örnefnaskrá. Miðmundarsker sést enn framan í Miðskeri, frá Nóntorfu og til suðausturs. Ummerki um götuna eru einnig merkjanleg um 150 m sunnan við bæ 001. Gatan er skorningur í gróinn klettahamar.

Skorningurinn er víða um 0,5 m breiður og er skorinn í brattan hamarinn. Sigurður Ómar Gíslason heimildamaður vissi ekki á hvaða leið gatan var farin og ekki sást greinilegt framhald hennar.



Miðmundarskersgata SF-186:025 horft til ASA

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hemra, 6

SF-186:026 öskuhaugur 63°41.365N 18°30.482V

Sigurður Ómar Gíslason heimildamaður mundi eftir því að þegar unnið var við girðingavinnu ofan við steinsteypt útihús í Hemru var komið niður á leifar öskuhaugs. Öskuhaugurinn var nálægt þeim stað sem hornstaur var settur niður á girðinguna og um 30 m austan við bæ 001, norðaustarlega á meintum bæjarhól. Þar sem öskuhaugurinn var er flati að baki útihúsum þar sem nú (2015) eru geymdar heyrúllur. Allt umhverfið er talsvert raskað og breytt og engin merki sjást um öskuhauginn




Staðurinn þar sem leifar öskuhaugs komu í ljós (SF-186:026), horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-186:027 tóft hænsnakofi 63°41.310N 18°30.439V


Tóft af hænsnakofa er grafin inn í Hesthúsbrekku (sjá 031) fast norðan við bæ 002. Fast suðvestan við tóftina er gróið gildrag á milli Hesthúsbrekku og Fjósabrekku (sjá 002). Suðaustan við tóftina er girðing og vegarslóði. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og er hún í halla til suðausturs. Hún er um 5x5 m að stærð og er einföld. Ekki er hlaðinn veggur á suðausturhlið. Mesta hæð veggja er 0,6 m og sjást þrjú umför í hleðslum. Grjót hefur hrunið úr veggjum inn í tóftina. Tóftin virðist vera ung en aldur hennar er ekki þekktur.



Hæsnakofatóft SF-186:027. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-186:028 gerði kálgarður 63°41.253N 18°30.525V
Afar óverulegar leifar af gerði eru í halla til suðurs við bæjarlækinn og um 40 m sunnan við bæ 001. Grasi gróin brekka í töluverðum halla að bæjarlæk. Gerðið hefur líklega verið um 10-12 m á kant en aðeins sjást nú litlar leifar þess. Suðurhliðin er reyndar fremur heilleg eða 8-9 m löng en að auki sést um 2,5 m langur bútur af vesturhlið, sunnarlega. Önnur ummerki eru ógreinileg. Garðlagið er algróið og ekki sjást grjóthleðslur í því. Það er óverulegt og 0,8 m á breidd en 0,2 m á hæð. Hleðslurnar eru áreiðanlega ekki mjög fornar. Á þessum stað hefur að öllum líkindum verið kálgarður.



Gerði SF-186:028. Á ljósmynd er horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-186:029 gryfja útihús 63°41.318N 18°30.470V

Nokkuð afgerandi dæld er í gamla heimatúninu í Hesthúsbrekku um 12 m suðaustan við tóft 031. Dældin er í brattri brekku á norðausturbarmi gildrags sem skilur á milli Fjósabrekku (sjá 002) og Hesthúsbrekku 031.

Dældin er um 4x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hún er skýrari í vesturhluta þar sem hún virðist grafin inn í brekkuna. Mögulega er hér um leifar af gömlu útihúsi að ræða en ekki er útilokað að um gróið rof sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Dæld SF-186:029 horft til vesturs


SF-186:030 tóft rafstöð 63°41.163N 18°30.413V

"Árið 1950 reisti Eiríkur í Svínadal rafstöð í Hemru. Stöðin var 5 kW og var í gangi til ársins 1977," segir í Sunnlenskum byggðum. Rafstöð er í gili um 210 m SSA við bæ 001. Hún er hér skráð sem merkur minnisvarði um umbótaskeið í sögu Skaftártungu þótt hún teljist ekki til fornleifa í laganna skilningi. Rafstöðin er vestan við lækjarsprænu í litlum dal eða gili.



Rafstöð SF-186:030. Á ljósmynd til vinstri er horft til SSA en til SSV á mynd til hægri


Rafstöðvartóftin virðist að mestu grjóthlaðin, a.m.k. það sem eftir er af henni. Tóftin er 6 x 4 m að stærð og er byggð inn í brekkuna að baki. Innanmál hennar er 3,5 x 3 m og er hún opin til austurs. Veggir eru hlaðnir úr stóru grjóti, mest 4-5 umför og hæð þeirra er mest 1,6 m. Á einum stað er steypt plata í vegg og í gólfi hússins er túrbína enn á sínum stað. Ofan við



Rafstöð SF-186:030

tóftina og upp hlíðina að baki er gróinn hryggur þar sem vatnslögn hefur legið úr hlíðinni ofan við og er hún um 200 m löng. Tæpum 40 m neðan við tóftina er upphlaðinn stampur (B) sem er um 1,5 m í þvermál en 0,3-0,4 m á hæð og er algróinn. Hann er flatur í toppinn og gæti raflínustaur hafa verið í honum. Annar líkur stampur er um 50 m norðar (C) og hafa þessar hleðslur án efa tengst rafstöðinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Sunnlenskar byggðir VI, 269

SF-186:031 *Hesthúsbrekka* tóft hesthús 63°41.323N 18°30.480V
"Austast norður af bæ eru brekkur, Hesthúsbrekka eða Stjarnabrekka, þá Fjósbrekka [sjá 002] og vestast Lambhúsbrekka [003]," segir í örnefnaskrá. Þar sést óljós lítil tóft sem ætla má að sé af hesthúsi eins og nafn brekkunnar bendir til. Tóftin er efst í Hesthúsbrekku í gamla heimatúninu á svæði sem nýtt er til sauðfjárbeitar. Ruddur vegur á Skógargötu 014 er fast suðvestan við tóftina en hann virðist ekki hafa raskað henni.

Hesthústóft SF-186:031. Á ljósmynd er horft til norðurs

Tóftin er einföld, um 5x4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún virðist að mestu torfhlaðin og er sigin og gróin. Innanmál hennar er óskýrt og eingöngu ASA-langveggur er skýr. Tóftin virðist vera að hluta grafin inn í brekkuna. Óljóst op er á miðjum ASA-langvegg. Mesta hleðsluhæð er 0,3 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hemra, 3

SF-186:032 þúst útihús 63°41.198N 18°30.408V
Mjög sigin og fornleg tóft er um 150 m SSA við bæ 001 og um 10 m suðaustan við 012. Tóftin er í hæðóttu túni sem ekki er lengur slegið (2015). Greinilegt er að talsverð stórgripabeit er á svæðinu.






Útihúsþúst SF-186:032. Á ljósmynd er horft til VNV

Þústin/tóftin er mjög óskýr og fornlegri en 012 að sjá. Hún er 12 x 10-11 m að stærð og virðist hafa skipst í 2-3 hólf. Hólf A snýr nálega austur-vestur og er um 5-6 m langt en um 1 m á breidd. Frá því gengur annað hólf C til norðurs og er það um 6 x 1-1,5 m breitt. Það er opið til norðurs. Saman mynda A og C í raun samfellt, L-laga hólf. Hólf B er norðvestast í tóftinni. Það er lítið eða um 2 x 1 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Ekkert op er á því. Tóftin/þústin er algróin og sigin. Veggir eru mest 0,3 m á hæð en 1,5-2 m á breidd. Á þessum stað hefur líklegast verið e.k. útihús frá Hemru.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-186:033 tóft útihús 63°41.349N 18°30.452V
Lítil tóft er utan gamla heimatúnsins á öxl í brekku mót suðaustri um 85 m norðan við bæ 002 og 5 m vestan við endann á garðlagi sem er sambyggt tóft 013. Ekki er útilokað að þessi tóft hafi einnig tengst garðinum þau tengsl sjást þá ekki lengur. Grasi gróin stöllótt brekka norðan





Útihústóft SF-186:033. Á ljósmynd er horft til VNV


við vegarslóða á Skógargötum 014.

Tóftin er einföld. Ekki sést grjót í henni en líklegt er að grjót sé í veggjum. Tóftin er 4x4 m að stærð og op er á henni til suðausturs. Tóftin er sigin og er 0,1-0,3 m á hæð. Hlutverk hennar er ekki þekkt en ætla má að hún sé af óskilgreindu útihúsi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-186:034 tóft 63°41.207N 18°30.321V

Lítil tóft er norðvestarlega í Stekkatúni og um 200 m suðaustan við bæ 001. Tóftin er upp undir kletti, í horni á gróðurtorfu og sunnan við lækjarsprænu. Samtals er tóftarsvæðið um 10 x 7 m stórt og snýr NNA-SSV. Skýrasti hluti þess er fremur greinileg tóft 6 x 4-4,5 m að stærð.Tóftin er sjálfsagt ekki mjög forn. Tóftin er einföld og snýr nálega norður-suður. Op er á miðjum austurvegg hennar. Lægri torfa gengur út frá tóftinni til norðurs og á henni er





Tóft SF-186:034. Á ljósmynd er horft til NNV

ógreinilegur hryggur sem gæti verið ummerki um eldri tóft. Einnig er dæld fast sunnan við tóftina sem gæti verið ummerki um eldri mannvistarleifar. Frá tóftinni gengur kræklótt og nýlegt garðlag, girðingarundirstaða sem er um 60 m löng og liggur til austurs. Hún er 0,5 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-186:035 varða 63°42.237N 18°32.481V




SF-186:035, horft til austurs

Um 2,4 km norðvestan við bæ 001 er varða, í Hemrumörk, um 30 m austan við bílslóða sem liggur að girðingu sem afmarkar skóglendið. Hemrumörk einkennist af kjarri og runnagróðri ásamt mosa og lyngi. Víða eru fremur lágir ásar.

Varðan er á lágum hól. Hún er nokkuð fornleg, er 1,5 x 1 m að stærð og snýr NNA-SSA. Hún er 0,3 m á hæð og sjást 2-3 umför af hleðslu. Varðan er hlaðin úr fremur stóru grjóti en ekkert grjót er að sjá í nánasta umhverfi hennar. Varðan er vaxin mosa og grasi.

Hættumat: engin hætta

SF-186:036 tóft hlutverk óþekkt 63°41.186N 18°30.219V
Einföld tóft og þúst eru í Stekkatúni um 300 m suðaustan við bæ 001 og 40 m norðvestan við stekk 009. Rétt ofan við túnjaðar en suðaustan við er hamrabelti.



Tóft SF-186:036. Á ljósmynd er horft til NNA

Á þessum stað er nokkuð greinileg tóft A og ógreinileg þúst B á svæði sem er 16 x 11 m stórt. Tóftin er einföld, 10 x 5 m stór og snýr NNA-SSV. Op er á henni til norðausturs. Veggir hennar eru víða um 0,5 m á hæð og innarlega í tóftinni sést í talverðar grjóthleðslur þótt hún sé að mestu gróin. 2-3 m norðaustan við tóftina er þúst sem snýr þvert á hana eða VNV-ASA. Þústin er 8 x 5 m að stærð og sker sig frá umhverfinu þar sem hún er hærri en það en ekki er hægt að sjá neitt tóftalag á henni. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin þjónaði en hún gæti t.d. hafa verið fjárhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-186:037 hleðsla fjárbyrgi 63°40.663N 18°33.162V




Hleðsla SF-186:037. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en til austurs á mynd til hægri

Í Lambagljúfri er hlaðið fyrir hellisskúta um 40 m ofan við ána sem er á merkjum við Flögu og 2,5 km suðvestan við Hemrubæ 001 í beina loftlínu. Stór hraunbogi er inn í klettana á þessum stað en grónar klappir liggja að læknum. Bólið er 2-3 m ofan við læk.

Hellisskúti er í gilinu á þessum stað og hefur verið hlaðið við hann. Inni í hellinum er talsverð hæð (allt að 50 m) en hleðslan liggur meðfram hellinum og er samtals um 9 m löng og snýr nálega austur-vestur. Austurhluti hleðslu er 7,5 m langur en þá kemur 0,5 m op í hana áður en greina má um 0,5-1 m langa hleðslu áfram til vesturs að hellisveggnum. Innan hleðslu er svæði sem er um 10 x 5 m stórt og snýr austur-vestur. Framan (norðan) við hleðsluna er 2-3 m breiður stallur áður en land lækkar ofan í lækjargilið. Austan við hellinn er stallur í berginu, talsvert ofar en hellirinn og er hann 7 x 6 m stór. Hann er grasi gróinn en ekki er ljóst

hvort hann hefur verið nýttur í tengslum við hellinn. Um 40 m frá hellishleðslunni er varða á hól við lækinn. Hún er 0,7 x 0,5 m að stærð og 0,2 m á hæð. Varðan er gróin mosa. Líklega hefur hún vísað á hellinn.
Hættumat: engin hætta



SF-186:037

SF-186:038 varða 63°41.043N 18°32.536V
Varða úr er á stóru bjargi ofan við Stakkagljúfur og þar hjá eru tvær jarðlægar hleðslur. Varðan er á blásnum mel í Hemruheiði.

Minjarnar eru á svæði sem er um 8x1 m að stærð og snýr norður-suður. Varðan er nyrst á svæðinu. Bjargið sem hún er á er 1,2 m á hæð og varðan er 0,6 m á hæð og 0,6 m í þvermál. Hún er hlaðin úr steinum úr móbergi og í henni sjást fjögur umför. Um 3 m sunnan við vörðuna er hrunin hleðsla móbergs sem er um 1 m í þvermál. Ógreinileg jarðlæg hleðsla liggur frá henni til norðausturs. 1 m suðaustan við hana er önnur hrunin hleðsla móbergs sem er 1,1-1,2 m í þvermál. Ekki er ljóst hvaða tilgangi hleðslurnar hafa gengt en ætla má að varðan hafi vísað veginn ofan í Stakkagljúfur á leið inn í Lambagljúfur og Lambaból 020.


Varða SF-186:038, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta

V. Niðurstöður

Sumarið 2015 voru skráðar minjar á sex jörðum í Skaftártungu; í Hlíð, Borgarfelli, Snæbýli, Ljótarstöðum, Gröf og Hemru. Jarðirnar eiga það sameiginlegt að hafa verið flokkaðar sem lögbýli um miðja 19. öld og að þær eru allar enn í byggð (búskapur er enn stundaður á Hemru þótt ekki sé búið þar allt árið um kring). Sumar jarðanna eru mjög stórar en flestar virðast þær þó hafa verið um eða undir meðallagi að dýrleika og gæðum. Ekki eru öll kurl komin til grafar varðandi þróun byggðar og byggðasögu í Skaftártungu en hér verður þó gerð tilraun til að draga upp fyrstu drætti í sögu byggðarþróunar á því svæði sem skráð var sumarið 2015.

Upphaf byggðar og byggðarþróun

Í Landnámabók er fjallað um landnám í Skaftártungu. Þar segir: „Vilbaldr hét maðr, bróðir Áskels hnokkans; hann fór af Írlandi til Íslands ok hafði skip þat, er hann kallaði Kúða, ok kom í Kúðafljótsós; hann nam Tunguland á milli Skaptár ok Hólmsár ok bjó á Búlandi“.[3] Samkvæmt Landnámu kom Ísólfur nokkur síðar að landi á þessum slóðum og skoraði á Vilbald til landa eða hólmgöngu en Vilbrandur vildi ekki berjast „ok fór brutt af Búlandi; hann átti þá land milli Hólmsár ok Kúðafljóts. En Ísólfr fór á Búland og átti þá land milli Kúðafljóts [Tungufljót] ok Skaptár“.[4] Samkvæmt þessu eru Gröf/Borgarfell og Hlíð í landnámi Ísólfs sem tók sér bólstað á Búlandi en Hemra, Snæbýli og Ljótarstaðir innan landnáms þess sem Vilbaldr þurfti að sætta sig við eftir að Ísólfr kom út. Hér verður fyrst fjallað stuttlega um jarðirnar vestan Tungufljóts en því næst um þær jarðir sem skráðar voru austan Tungufljóts sumarið 2015.

Jarðir vestan Tungufljóts

Landnáma getur þess ekki hvaða jörð vestan Tungufljóts átti að vera bústaður Vilbrands eftir að hann flutti frá Búlandi en besta jarðnæðið í Skaftártungu, vestan árinnar var líklega Hrífunes. Þar hefur fundist líklegur landnámsskáli og mikill kumlateigur verið grafinn upp þannig að ljóst er að þar er komin búseta á 10. öld. Afar líklegt verður að teljast að Flaga og líklega Hemra líka, hafi einnig byggist snemma og kuml hefur raunar einnig fundist í Flögu sem styður þá kenningu. Gert er ráð fyrir að skrá Hrífunes og Flögu sumurin 2017-2018 og verður fjallað nánar um þessar jarðir í þeim skýrslum sem gerðar verða um þá skráningu en jörðin Hemra var hins vegar skráð sumarið 2015.

[3] ÍF I, 326.
[4] ÍF I, 328-29.

Hemra er landstór jörð en er heiðarland að talsverðu leyti. Þar var þó talin góð vetrarbeit og mikil skóglendi innan landamerkja sem jók gæði jarðar. Jörðin var metin á 12 hdr eins og flestar af betri jörðunum í Skaftártungu. Hemru er fyrst getið í Þykkvabæjarmáldaga frá 14. öld en sem fyrr segir er líklegt er að hún hafi byggst mun fyrr. Enn hefur ekki verið stungið niður skóflu í landi Hemru til að reyna að aldursgreina mannvirki og byggð. Sjálft bæjarstæðið er talsvert raskað en þó er ekki ólíklegt að þar gætu leynst lítið raskaðar leifar undir sverði. A.m.k. var komið niður á öskuhaug við girðingagerð á bæjarstæðinu nýlega (SF-186:026). Í landi Hemru voru áður talsverðar rústir um 600 m norðaustan við bæ (SF-186:023) þar sem talið var að hefði verið býli. Rústirnar voru friðlýstar en hafa þó horfið í tún þótt ljóst sé að talsverðar minjar leynist enn undir sverði. Ekkert er vitað um býlið, hvort það kann að hafa verið frá fyrstu öldum, er mögulega eldra bæjarstæði Hemrubæjarins, hjáleiga eða sjáfstætt býli. Freistandi væri að reyna að staðsetja rústirnar með öruggari hætti í túninu og mögulega kanna aldur þeirra.[5]

Um hvenær hinar tvær jarðirnar sem skráðar voru vestan Tungufljóts, Snæbýli og Ljótarstaðir (eða Fljótastaðir eins og jörðin var gjarnan nefnd á fyrri öldum) byggjast fyrst er lítið vitað. Jarðirnar tvær eru báðar geysistórar, þó sérstaklega Ljótarstaðir sem er landmesta jörð svæðisins. Þrátt fyrir það eru jarðirnar tvær einna lægst metnar af öllum jörðum Skaftártungu (ásamt Svartanúpi og Búlandsseli sem byggjast seint). Snæbýli var metin á fimm hundruð og Ljótarstaðir á sex. Ástæða þess að Snæbýli og Ljótarstaðir voru lágt metnar þrátt fyrir stærð var sú að þær eru báðar langt inn í landi, hátt yfir sjávarmáli (báðar um um 180 m.y.s.) og voru báðar annálaðar fyrir snjóþyngsli og vetrarríki, eins og nafn Snæbýlis ber reyndar með sér. Vetrarbeit var þar mjög léleg en á móti kom að þar var skjólsælt og góð sumarbeit.

Ekki er vitað um kirkjur eða bænhús á því svæði sem skráð var sumarið 2015 vestan Tungufljóts, né heldur kumlfundi eða annað slíkt sem gæti gefið vísbendingu um aldur. Elsta þekkta ritaða heimild um Ljótarstaði er frá 16. öld og Snæbýli frá 18. öld. Á Ljótarstöðum ógnar rof bæjarhóli og var snið í bæjarhólinn hreinsað upp, gjóskulög rannsökuð og sniðið teiknað. Leiddi rannsóknin í ljós að elsta mannvist á svæðinu virðist hafa verið fljótlega eftir gosið í Eldgjá 934 +/-2. Ekki er þó hægt að fullyrða um eðli þessara elstu mannvistar, hvort minjarnar eru merki um búsetu eða aðra landnýtingu og þá sömuleiðis hvort þar var búseta allt

[5] Það skal tekið fram að ekki er líklegt að leyfi fáist fyrir frekari fornleifarannsóknum (könnunarskurðum) á umræddum minjastað þar sem um friðlýstan minjastað er að ræða.

árið um kring frá upphafi.[6] Sniðið má þó túlka sem vísbendingu um að búseta hafi hafist snemma á Ljótarstöðum og mögulega er svipaða sögu að segja um Snæbýli þótt þar hafi mannvistarleifar enn ekki verið kannaðar með uppgreftri. Báðar þessar jarðir hafa þó líklega byggst á eftir Hemru, þó mögulega muni aðeins fáum árum/áratugum. Til þess benda landgæði, heiti og staðsetning þeirra.

Jarðir austan Tungufljóts

Austan Tungufljóts voru sem áður segir skráðar þrjár jarðir: Gröf, Borgarfell og Hlíð. Jarðirnar voru allar metnar á 12 hdr og eru því í ágætu meðallagi á þessu svæði. Þær eiga það sameiginlegt að vera ekki sérlega stórar en þó ágætar bújarðir. Örstutt er á milli bæjanna í Gröf og Borgarfelli og verður að teljast líklegast að þær hafi í upphafi byggst upp saman eða Borgarfell fljótlega eftir fyrsta landnám út úr Grafarlandi. Hvort Hlíð hefur upphaflega verið partur af sama landsvæði er erfiðara að dæma um og gæti allt eins verið að Gröf/Borgarfell hafi upphaflega byggst úr landi Hvamms. Allt bendir til að allar jarðirnar þrjár hafi byggst upp snemma. Þær eru góðar bújarðir og nöfn jarðanna eru dæmigerð frumbýlisnöfn (stutt og eru lýsing á landsháttum). Vitað er að bænhús var í Hlíð á fyrri öldum og hafa bændur þar komið niður á mannabein skammt frá gamla bænum. Staðsetningar kirkju- og bænhúsa hafa jafnan verið túlkaðar sem staðfesting á að búseta hafi verið á jörðinni frá fyrstu öldum og einnig sem merki um sæmilega stöðu, þ.e. að bænhús og kirkjur risu oftar á jörðum um eða yfir meðallagi að gæðum. Ekki er vitað um kirkju/bænhús í Gröf eða í Borgarfelli á fyrri öldum. Í Grafarlandi er þekkt örnefnið Þinggil og við það fundust áhugaverðar rústir við skráningu sem gætu verið leifar um einhvers konar þinghald. Á svipuðum slóðum var einnig skilarétt á síðari öldum. Ýmislegt bendir því til að Gröf og Hlíð hafi gegnt hlutverki miðstöðva á sínu svæði, miklu fyrr en við aldamótin 1900 þegar samkomuhús var byggt í Hlíð en kirkja í Gröf.

Engin uppgröftur hefur enn verið gerður í Hlíð eða á Borgarfelli en könnunarskurðir voru teknir í bæjarhól Grafar (SF-185:001) og í rústaþyrpingu um 400 m sunnan bæjar, á Stekkjarholti (SF-185:014).

Könnunarskurðir í jaðar bæjarhóls voru teknir í öskuhaug sem þar var að finna. Í einum af skurðunum þar fundust ummerki um mannvist fast ofan á gjóskuslitrum frá 1104 en á öðrum stöðum var komið niður á mun yngri minjar. Umfangsmestur var uppgröftur í mannvistarlög sem safnast höfðu upp milli 1625 og 1918 en þegar komið var fyrir neðan

[6] Hér og annars staðar í kaflanum er bent á útgefnar skýrslur höfundar um prufuskurði og aðrar rannsóknir á svæðinu, sjá Elín Ósk Hreiðarsdótir o.fl. 2014 og 2015.

gjóskulög frá 1625 reyndust mannvistarlög of gegnsósa af grunnvatni til að hægt væri að réttlæta frekari niðurgröft. Úr lögunum ofan við 1625 fundust margvíslegir gripir og dýrabein en sérstaka athygli vakti umfangsmikið safn hvalbeina sem þar kom í ljós, sem er stærra en grafið hefur verið upp annars staðar hér á landi.[7] Vekur þetta talsverða athygli, sér í lagi í ljósi þess að meira en 30 km eru frá Gröf og að sjó og ekki er vitað til þess að Gröf hafi átt fjörurétt á fyrri öldum. Það áttu hins vegar kirkjujarðirnar í Skaftártungu, bæði Búland og Ásar og gætu hvalbeinin því mögulega verið vísbending um að Gröf hafi átt slíkan rétt, þó hvergi sé þess getið í heimildum svo vitað sé. Á Stekkjarholti, um 400 m sunnan við bæinn í Gröf fundust við skráningu talsverðar rústir sem voru afmarkaðar með vallargarði. Ekkert var vitað um aldur eða hlutverk tóftanna og þótt örnefnið Stekkjarholt benti til þess að þar hafi einhvern tíma verið stekkur er ljóst að umfang eldri rústanna á svæðinu bendir ekki til að þær hafi verið byggðar í þeim tilgangi. Staðsetning svo nærri bænum í Gröf útilokar líklega að rústirnar séu af seli og því er e.t.v. líklegast að þarna hafi verið lítið býli eða eldri staðsetning Grafarbæjarins þótt raunar megi benda á að rústirnar virðist ekki dæmigerðar fyrir slík mannvirki heldur. Prufuskurður í gegnum garðinn sem markaði af rústirnar sýndi að garðurinn var byggður strax eftir að gjóska úr Eldgjá fellur 934 +/-2. Garðurinn virðist hafa fallið úr notkun fljótlega en ljóst er að hann var endurbyggður a.m.k. einu sinni á tímabilinu eftir 12./13. öld en fyrir 1410. Eftir það er ekki að sjá á ummerkjum í sniði að garðinum hafi verið viðhaldið.

Eldgos og harðæri hafa í gegnum aldirnar án efa komið hart niður á öllum jörðum í Skaftártungu og er líklegt að flestar þeirra, ef ekki allar, hafi einhvern tíma fallið úr byggð tímabundið vegna þeirra. Líklegast hafa eldgos þó ekki komið eins illa niður á neinum af þeim jörðum á svæðinu sem enn eru í byggð eins og Ljótarstöðum og Snæbýli enda þær jarðir sem næst eru Kötlu. Þessar jarðir voru einnig erfiðar bújarðir og því viðkvæmari fyrir áföllum og án efa oft fallið úr byggð tímabundið, t.d. árin eftir eldgos. Í sniði sem hreinsað var upp í bæjarhól Ljótarstaða fundust lítil ummerki um mannvist milli 1477 og 1847 en ekki er hægt að draga þá ályktun að ekki hafi verið búið á jörðinni þetta tímabil enda þyrfti víðtækari fornleifarannsóknir en rannsókn á einu sniði til að fullyrða um það. Líklega hefur það ráðist af mörgum mismunandi þáttum hversu illa einstakar jarðir urðu úti í einstökum gosum og sem dæmi má nefna að samkvæmt samkvæmt Jarðabók Eggerts og Bjarna voru allar jarðir vestan við Kúðafljót í eyði árið 1756, árið eftir Kötlugos, nema Ljótarstaðir.[8]

[7] Hambrecht, G. 2016. Munnleg heimild.
[8] Ferðabók Eggerts og Bjarna II. bindi. 1943, bls. 112.

Að samanlögðu virðist því ýmislegt benda til að byggð hafi verið komin nokkuð snemma á flestum, ef ekki öllum þeim jörðum sem skráðar voru sumarið 2015. Hlíð, Gröf/Borgarfell og Hemra hafa hafa að öllum líkindum byggst fyrr en Snæbýli og Ljótarstaðir en þó er ekkert sem bendir til að miklu hafi munað. Frekari könnunarskurðir á skráningarsvæðinu gætu varpað betra ljósi á þróun byggðar og aldur hennar.

Vettvangsskráning


Áður en hafist var handa við vettvangsskráningu var safnað heimildum um minjar á svæðinu. Við slíka yfirferð er farið í gegnum ýmsar ritaðar heimildir s.s. fornbréfasafn, örnefnaskrár, túnakort, ferðabækur, fornleifaskýrslur o.s.frv. og leiddi sú heimildaleit í ljós 116 þekkta minjastaði á svæðinu. Við vettvangsvinnu fjölgaði stöðum umtalsvert og á endanum urðu skráðar minjar 278 talsins og varð því meira en tvöföldun á minjastöðum við vettvangsskráningu. Sumir minjastaðanna eru í raun minjaþyrpingar s.s. sel- og býlisrústir með fjölda tófta og garða og því eru skráðar minjaeiningar á þessu svæði mun fleiri eða vel á fjórða hundrað talsins. Áður en verkefnið hófst höfðu um 150 fornleifa verið skráðar á Búlandi, í Búlandsseli og á Svartanúpi (með styrk frá NSF) og hafa því samtals verið skráðar um 428 fornleifar í Skaftártungu og yfir 600 minjaeiningar.

Varðveisla minja á svæðinu verður að teljast yfir meðallagi. Um 29% minjastaða var þó alveg horfinn, en á öðrum stöðum sáust einhverjar leifar. Á vettvangi var lagt mat á þá hættu sem steðjaði að hverjum minjastað og reyndist mikill meirihluti minjastaða í hættu eða stórhættu af ýmsum sökum (samtals yfir 90% - þar af 6% í stórhættu). Algengast var að minjar væru í hættu vegna ábúnaðar og ræktunar (um 60% af þeim stöðum sem töldust í hættu) en önnur algengasta hætta sem steðjar að minjum á svæðinu er rof/uppblástur sem ógnaði um 10% staða á því svæði sem skráð var 2015. Flestir þeirra staða sem töldust í stórhættu voru í landi Hlíðar (8 staðir) en fjórir staðir töldust í stórhættu í landi Ljótarstaða, tveir í Grafarlandi og einn í landi Borgarfells og Hemru. Ef litið er á þá 16 minjastaði sem töldust í stórhættu, voru flestir (13) í stórhættu vegna uppblásturs/rofs, tveir staðir töldust í bráðri og yfirvofandi hættu vegna jarðræktar (SF-182:009 og SF-176:052) og einn minjastaður vegna skógræktar (SF-186:010).

Minjastaðirnir sem skráðir voru 2015 reyndust afar fjölbreytilegir. Sumir voru einfaldar vörður eða tóftir en þeir umfangsmestu voru miklar minjaþyrpingar með vallargörðum og fjölda rústa. Auk útihúsa reyndist algengasti minjaflokkurinn samgönguminjar en slíkar minjar eru t.d. vöð og leiðir en einnig vörður og traðir. Hlutverk 12% staða sem skráður var reyndist óþekkt, þ.e. hvergi var getið um hlutverk þeirra í

heimildum og vettvangsúttekt og viðtöl við heimildamenn leiddu ekki til þess að hægt væri að skera úr um það með óyggjandi hætti. Athygli vakti að minjar um e.k. ræktun, líklegast um forna akra, voru skráðar á þremur jörðum af sex en slíkar minjar eru að öllu jöfnu sjaldséðar.[9] Í Hemru eru friðlýst akurgerði (SF-186:023) sem hafa því miður að mestu horfið í túnasléttun og því ekki mikið hægt um þau að segja. Í Borgarfelli voru líklega akurgarðar þar sem áður mátti greina mikil garðlög, stalla og þvergarða (SF-182:019) en þrátt fyrir að mikið af þeim séu horfin má enn greina hryggi í túninu. Greinilegustu minjarnar um mögulega akra eru hins vegar í Hlíð (SF-176:059) þar sem miklir stallar liggja þvert eftir hlíðinni ofan við bæinn. Áhugavert væri að skoða umræddar minjar nánar, aldursgreina þær og gera tilraun til þess að taka sýni af svæðinu til að skera úr um aldur þeirra og hlutverk.

Sumarið 2015 voru skráð bæjarstæði/bæjarhólar sex lögbýla. Á þremur stöðum voru að auki þekktar vísbendingar um að bærinn hefði fyrr á öldum staðið á öðrum stað en hann gerði í



Yfirlitskort sem sýnir þá minjastaði sem fjallað er um í skýrslunni

[9] Í heimsókn í Svínadal sem stefnt er að því að skrá sumarið 2017 sáust ummerki um svipaða stalla og í landi Hlíðar þannig að svo virðist sem meint akurgerði hafi einnig verið þar.

upphafi 20. aldar og voru þá eldri bæjarstæði skráð líka. Slík bæjarstæði var að finna á Gröf (SF-185:001), Hemru (SF-186:001) og Hlíð (SF-176:026).

Sel eða heimildir um sel voru skráð á þremur stöðum. Í Hemrulandi er talsvert af seljaörnefnum talsvert norðan við bæ (SF-186:017). Svæðið virðist að mörgu leyti heppilegt undir seljabúskap en er kjarrivaxið og ekki fundust þar tóftir við leit. Heimildamaður hafði reyndar heyrt að selið hefði verið í Fálkabóli (SF-186:018) sem er á þessum slóðum og þar var skráð fyrirhleðsla við hellisskúta en þau ummerki geta ekki talist líklegt sel í hefðbundnum skilningi þessa orðs. Tvær til þrjár óljósar þústir/tóftir voru skráðir við Seljadal/Seljadalsá í landi Ljótarstaða (SF-184:026) annars vegar og Snæbýlis (SF-183:021) hins vegar. Auk þessara staða fundust við skráninguna rústaþyrpingar á fimm stöðum sem gætu mögulega verið býli eða sel. Ein þessara þyrpinga (SF-185:034) er í landi Grafar, undir svokölluðum Kirkjubrekkum um 3,5 km norðvestan við bæinn í Gröf. Þar eru samtals um átta tóftir sem þó virðast frá nokkrum tímaskeiðum, en gætu þær sem virðast hvað elstar verið talsvert fornar. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftirnar gegndu en ekki er ólíklegt að þær gætu hafa verið sel (eða býli).[10] Aðrar fornlegar tóftir em gætu hafa verið sel eða býli voru skráðar í landi Hlíðar (SF-176:056) og í landi Ljótarstaða (SF-184:022). Ekki er heldur ólíklegt að haft hafi verið í seli í einhverjum af þeim tóftum sem skráðar voru í Borgartorfu (SF-186:010) en þar voru á einhverjum tímapunkti fjárborgir og beitarhús. Eru þá enn ótalin umfangsmikil garðlög og rústir sem áður voru nefnd og eru í landi Hemru (en hafa nú horfið í tún) og talið var að væri m.a. býli (SF-186:023). Var umræddur staður sá eini sem var friðlýstur á því svæði sem skráð var 2015.

Fornleifaskráning í Skaftártungu sýnir, svo að ekki verður um villst að þar leynist mikill fjöldi spennandi minjastaða sem spanna allt tímabilið frá landnámi og fram á 20. öld. Ástand minja er þar almennt gott þó ýmsar blikur séu á lofti og meirihluti minjastaða sé í einhverri hættu. Mikilvægt er að frekari rannsóknir fari fram á þeim minjastöðum sem teljast í stórhættu og kunna að hverfa á næstum árum.

Vettvangsskráning hefur leitt í ljós gríðarlega aukningu á þekktum minjum en fjöldi þekktra minja hefur hátt í þrefaldast við skráninguna. Niðurstöður könnunarskurða og borkjarnasýna benda til talsverðrar byggðar á svæðinu strax eftir 930 (þ.e. rústirnar eru byggðar fast ofan á gjósku úr Eldgjáargosi frá 934) en engin ummerki fundust undir því gjóskulagi á því svæði sem kannað var. Flestir af þeim stöðum sem voru rannsakaðir virðast fallnir úr notkun um 1104/1206. Þessar fyrstu niðurstöður eru áhugaverðar. Þær gætu bent til

[10] Tóftirnar fann Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur fyrst þegar hann gekk línustæði vegna Hólmsárvirkjunar 2011.

þess að það hafi þegar verið komin umtalsverð byggð á svæðinu fyrir 934 þá hafi hún a.m.k. ekki verið á sömu stöðum og eftir gosið í Eldgjá. Engin ummerki hafa enn fundist um eldri byggð en ennþá hefur aðeins lítill hluti Skaftártungu verið rannsakaður. Fyrstu niðurstöður skráningar og annarra rannsókna á svæðinu benda hins vegar til að mikil eyðing (eða tilfærsla) hafi orðið á byggðinni á svæðinu á 12. og/eða 13. öld. Enn er erfitt að fullyrða nokkuð um hverju þetta sætir en ýmislegt bendir til að svipuð þróun hafi átt sér stað víðar á landinu. Í nýlegum rannsóknum á Norðausturlandi (á svæðum eins og í Mývatnssveit og Reykjahverfi) hefur verið sýnt fram á að orðið hafi allt að 30% fækkun á bæjum í byggð á 12.-13. öld, sem ekki er hægt að skýra með einföldum umhverfisþáttum.[11] Það er eitt af stóru verkefnum fornleifafræðinnar á næstu árum að reyna að skilja þessa þróun betur. Ljóst er að rannsóknir í Skaftártungu geta gegnt mikilvægu hlutverki í þessu efni. Svæðið er ríkt af heillegum minjum frá fyrstu öldum en einnig er þar einstakt tækifæri til nákvæmrar aldursgreiningar minja þar sem gjóskulög eru þar fleiri og betur aldursgreind en víða annars staðar á landinu. Það gefur einstakt tækifæri til þessað skilja afmörkuð tímabil í sögu sveitarinnar betur og sömuleiðis sveiflur sem kunna að hafa verið í búsetumynstri og lífsgæðum íbúa eftir tímabilum. Áframhaldandi rannsóknir í Skaftártungu geta því veitt ómetanlegar upplýsingar um samspil manns og náttúru á svæðinu á fyrri öldum.

Ljóst er að uppblástur og vatnsrof eru gríðarleg ógn við minjar í Skaftártungu. Á þeim jörðum sem skráðar verða í næstu áföngum (s.s. Ásabæirnir, Svíndalur og Hrífunes) eru fjölmörg dæmi um merka minjastaði í stórhættu sem mikilvægt er að skrá áður en þeir hverfa í rof eða vatnsflóð. Sem dæmi um slíkan stað má nefna rústir sem taldar voru fornar en voru órannsakaðar þegar Skaftárhlaup eyddi þeim haustið 2015 og möguleg kuml á sömu jörðu sem líklega hafa einnig eyðst í sama hlaupi (en frægt spjót fannst úr haustið 2016) að ógleymdu merkilegum kumlateig í Hrífunesi sem Hólmsá hefur verið að brjóta á síðustu áratugum. Mikilvægt er því að halda áfram skráningu á minjum á þessum slóðum áður en frekari eyðilegging verður á þeim.

[11] Sjá Birna Lárusdóttir. 2007 og Orri Vésteinsson. 2008.

Heimildaskrá

Árb 1910: Brynjúlfur Jónsson. 1910. "Rannsókn í Vestur Skaftafellssýslu 1909". *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1909*, bls. 3-23.

Birna Lárusdóttir. 2007. "Settlement organization and farm abandonment: The curious landscape of Reykjahverfi, North-East Iceland", í Davies, Wendy, Halsall, Guy & Reynolds Andrew (ed.): *People and Space in the Middle Ages, 300-1300* (Studies in the Early Middle Ages 15). Brepols: Turnhout, bls. 45-63.

Bjarni F. Einarsson. 2011. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína Hólmsárvirkjunar, V-Skaftafellssýslu*. Fjölrit Fornleifafræðistofunnar.

DI: *Diplomatarium Islandicum/Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972.

Einar Guðmundsson. 1932. *Íslenskar þjóðsögur, 5 bindi*. 1932. 2. útgáfa. Reykjavík. Leiftur.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2014. *Fornleifar í Skaftártungu I: Fornleifaskráning á Búlandi, Búlandsseli og Svartanúpi.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS545-13022.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, George Hambrecht, Richard Streeter, Andrew Dugmore and Hildur Gestsdóttir. 2014. *Skaftártunga: Archaeological investigations in 2013*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS535-13021.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2015. *Skaftártunga: Archaeological investigations in Skaftártunga in 2015.* FS559-13023. Fjölrit. Reykjavík.

Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. 1943. II. bindi. Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík.

Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen: Þorvaldur Thoroddsen. 1959. *Ferðabók: Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1889.* 1959. 2. útgáfa. Snæbjörn Jónsson og co. hf.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* II. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar.

Friðlýsingaskrá: Ágúst Ó. Georgsson. 1990. *Fornleifaskrá: skrá um friðlýstar fornleifar.* Reykjavík. Þjóðminjasafn Íslands.

Hambrecht, George. nóvember 2016. Munnleg heimild.

Herforingjaráðskort frá 1905 - kort 68 SA Skaptártunga-Ásar

ÍF I: *Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma.* 1968. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík.

Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár II: Daniel Bruun. 1987. Íslenskt *þjóðlíf í þúsund ár II.bindi.* Örn og Örlygur. Reykavík.

JJ: Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi: með brauðalýsíngum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847.

Orri Vésteinsson (ritstj.). 2008. *Archaeological investigations in Mývatnssveit 2007*. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands.

Ný Jarðabók fyrir Ísland. 1861. Jarðabókaútgáfan. Kaupmannahöfn.

Sturlunga saga. I-II bindi. Reykjavík, 1946.

SSSk: *Skaftafellssýsla: sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. 1997. Reykjavík. Sögufélag.

SB IV: Vigfús Gestsson. 1985. *Sunnlenskar byggðir IV* (Skaftártunguhreppur). Guðmundsson, J., Jónsson, J. og Guðjónsson, O. (ritstj.). Búnaðarsamband Suðurlands.

Óútgefnar heimildir

Bæjarteikningar Dana 1904. Varðveittar á Landmælingum Íslands aðgengilegar á eftirfarandi vefslóð: http://atlas.lmi.is/kortasja/

Ísmus, http://www.ismus.is/i/audio/id-1012440

Örnefnasjá Landmælinga Íslands. Aðgengileg á eftirfarandi vefslóð: http://atlas.lmi.is/ornefnasja/

Loftmyndir af sveitarfélaginu Skaftárhreppi, frá Loftmyndum ehf.

Túnakort: Uppdráttur af túni Búlands frá því um 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Borgarfell: *Örnefnaskrá Borgarfells.* Ari Gíslason skráði eftir Vigfúsi Sæmundssyni. *Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.

Ö-Gröf: *Örnefni í landi Grafar.* Magnús Finnbogason skráði eftir Jóhannesi Árnasyni, konu hans og sonum. *Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.

Ö-Hemra: *Örnefni í landi Hemru.* Magnús Finnbogason skráði eftir Guðjóni Bárðarsyni en Sigurður Árnason fór yfir og lagfærði. *Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.

Ö-Ljótarstaðir: *Örnefnaskrá Ljótarstaða.* Magnús Finnbogason skráði en Vigfús Sæmundsson fór yfir og endurbætti. *Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.

Ö-Snæbýli: *Örnefni í landi Snæbýlis.* Magnús Finnbogason skráði eftir Jóhannesi Björnssyni. Ari Gíslason fór yfir með Jóhannesi árið 1964. Vigfús Gestson frá Ljótarstöðum fór einnig yfir og Siggeir og Árni Jóhannessynir árið 1968. *Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.

Ö-Svínadalur: *Örnefni í landi Svínadals.* Magnús Finnbogason skráði eftir Jóni og Eiríki Björnssonum. Sæmundur Björnsson fór yfir og lagfærði. *Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.

Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð: *Örnefnaskrá Úthlíðar, Hlíðar og Suðurhlíðar.* Örnefni skráði Magnús Finnbogason eftir Sigríði og Guðjóni Guðjónsbörnum. Sigríður Guðjónsdóttir fór yfir 1963 og lagfærði. *Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.

HNITASKRÁ Í LANDSHNITAKERFI (ISN93)

Samtala	X	Y
SF-176:001	525576153	355659389
SF-176:001A	525572183	355655188
SF-176:001B	525588643	355656977
SF-176:002	525565407	355655451
SF-176:003	525332155	355697915
SF-176:004	525393148	355721334
SF-176:005	525416504	355615182
SF-176:006	525476942	355530780
SF-176:007	525534752	355584268
SF-176:008	525517037	355622991
SF-176:009	525649140	355761356
SF-176:010	525703574	355722039
SF-176:011	525738833	355658799
SF-176:012	525039445	357579623
SF-176:013	523701966	355939876
SF-176:014	525457195	355676959
SF-176:015	525080298	355503509
SF-176:016	525069301	355538989
SF-176:017	525897690	355613243
SF-176:018	526150129	355455463
SF-176:019	525878189	355679808
SF-176:020A	526382458	355475386
SF-176:020B	526393659	355471556
SF-176:021A	525189846	354853781
SF-176:021B	525029890	354887682
SF-176:022	526370999	354332192
SF-176:023A	527635120	354764204
SF-176:023B	526647172	353579437
SF-176:023C	526581495	353527375
SF-176:023D	527230261	354179634
SF-176:024	525427103	355505161
SF-176:025	525140255	355481178
SF-176:026	525274062	355430568
SF-176:027	525212184	355455413
SF-176:028A	526152610	355265921
SF-176:028B	526192152	355285102
SF-176:029	525211920	353824597
SF-176:030	527004031	355935938
SF-176:031A	525251506	356290517
SF-176:031B	525217174	356305529
SF-176:032	525364034	355509312
SF-176:033	525387260	355497342
SF-176:034	524275960	355640032
SF-176:035	524860102	354985118
SF-176:036	525859144	355616765
SF-176:037	525870054	355603417
SF-176:038A	525661416	355618846
SF-176:038B	525656247	355646046
SF-176:039	525610844	355605684
SF-176:040	525406369	355688480
SF-176:041	525686962	355661110
SF-176:042	525712593	355593642
SF-176:043	525820151	355577015
SF-176:044	525542346	355590012
SF-176:045	525755218	355518136
SF-176:046	525728928	355620616
SF-176:047	525761721	355616512
SF-176:048	525801412	355566113
SF-176:049	526103506	353330581
SF-176:050A	525499680	354001670
SF-176:050B	525487010	353987811
SF-176:051	525437518	355698770
SF-176:052	525521093	354611364
SF-176:053A	525532687	354640831
SF-176:053B	526133329	354270675
SF-176:054	525808083	355688069
SF-176:055A	527112132	355488628
SF-176:055B	527104244	355637190
SF-176:055C	527089306	355662172
SF-176:055D	527154106	355757160
SF-176:055E	527177247	355741231
SF-176:056A	526490627	355317709
SF-176:056B	526475042	355312829
SF-176:056C	526494115	355295487
SF-176:056D	526472918	355328100
SF-176:057	526419349	355478632
SF-176:058	525448758	355735664
SF-176:059A	525731959	355727833
SF-176:059B	525774405	355668933
SF-176:059C1	525766199	355657183
SF-176:059C2	525729969	355677482
SF-176:059C3	525646119	355716801
SF-176:059D	525726900	355674223
SF-176:060	525500166	355936925
SF-176:061	525770771	355699481
SF-176:062A	524981124	355623336
SF-176:062B	524973654	355603576
SF-176:062C	524978159	355596510


SF-176:063	526181203	354430164
SF-176:064	525912568	356153868
SF-176:065A	525965958	355524608
SF-176:065B	525968592	355522966
SF-176:066	525493044	355583180
SF-176:067	526284827	355434163
SF-176:068	525408515	355375407
SF-176:069A	526274258	355334677
SF-176:069B	526179334	355268621
SF-176:070A	525630451	353994964
SF-176:070B	525609361	353999389
SF-176:071	526453679	355347460
SF-176:072	525146194	355661779
SF-176:073	526463592	355448820
SF-176:074	525264634	355610680
SF-176:075	525619369	355641323
SF-176:076	525472817	355681918
SF-176:077	526516507	355484361
SF-176:078	525115997	358005002
SF-182:001	522120859	358351946
SF-182:002	522013181	358238161
SF-182:003	522027043	358288830
SF-182:004	522048017	358289581
SF-182:005	522051317	358429422
SF-182:006	522124900	358457417
SF-182:007	522139011	358451611
SF-182:008	522234437	358532518
SF-182:009A	522380156	357017368
SF-182:009B	522438733	356968660
SF-182:009C	522377218	356981527
SF-182:009D	522409305	356996307
SF-182:009E	522355598	357021809
SF-182:010	521796330	359308544
SF-182:011	522160592	358443138
SF-182:012	522089437	358335874
SF-182:013A	522188827	357338959
SF-182:013B	522398092	357185376
SF-182:014	522052238	356244610
SF-182:015	522138678	358319195
SF-182:016	522363940	358306044
SF-182:017	522367907	358329837
SF-182:018	520850573	357752728
SF-182:019A	522047309	358240310
SF-182:019B	522046438	358237566
SF-182:020	520159734	358448312
SF-182:021	521991954	358391052
SF-182:022A	522101363	358468511
SF-182:022B	522221910	358453723
SF-182:022C	522041298	358237446
SF-182:022D	522072710	358303916
SF-182:023	522101716	358463140
SF-182:024	522064323	358268569
SF-182:025	522104030	358311745
SF-182:026	522448994	358208715
SF-182:027	522452003	358155487
SF-182:028	521885925	358102846
SF-182:029	521831075	358164889
SF-182:030	522029650	358261016
SF-182:031	521818999	358159824
SF-182:032	521954579	357931768
SF-182:033	521844584	358156965
SF-182:034	522804840	356451822
SF-182:035A	521220182	357353033
SF-182:035B	521192366	357566104
SF-182:036	519897118	358220894
SF-182:037A	520239406	360085998
SF-182:037B	520225890	360082929
SF-182:038	522059455	357273084
SF-183:001	518963505	359091097
SF-183:003A	519579800	358275502
SF-183:003B	519712432	358099721
SF-183:004	518951456	358929922
SF-183:004A	518922330	358928175
SF-183:005	519132383	359326869
SF-183:006	519270279	359254385
SF-183:007	518246431	359048575
SF-183:008	519475174	359237873
SF-183:009	519575524	359445235
SF-183:010	519645840	359501841
SF-183:011	519129117	358660078
SF-183:012	518098014	359037768
SF-183:013	520262365	357825788
SF-183:014	519360788	361642490
SF-183:014A	519330556	359266841
SF-183:014B	519375529	359248570
SF-183:015	519224896	359183381
SF-183:016	519099138	359446630
SF-183:017	519089505	359425432
SF-183:018	519017221	360073248
SF-183:019	518449833	359008493
SF-183:019B	518565162	359067752
SF-183:020	518857833	359125091

SF-183:021A	518926002	359291932
SF-183:021B	517359653	360995022
SF-183:021C	517352327	360990131
SF-183:022	520045431	357528826
SF-183:014C	519177834	359315252
SF-184:001	519830934	361345546
SF-184:002	519865846	361284894
SF-184:003	519751853	361273919
SF-184:004	519695229	361329660
SF-184:005	519687882	361379881
SF-184:006	519773688	361393647
SF-184:007	519732349	361272282
SF-184:008	519818526	361409071
SF-184:009	519835994	361293582
SF-184:010	520000228	361406698
SF-184:011	519915805	363121891
SF-184:012A	519668900	361609914
SF-184:012B	519690160	361623431
SF-184:013A	519619126	360850960
SF-184:013B	519600517	360890065
SF-184:015	519801944	361432908
SF-184:016	519861054	361318861
SF-184:016B	519929578	361353810
SF-184:017	519876433	360602894
SF-184:018	519953674	360726360
SF-184:019	520189812	361206838
SF-184:020	520331945	361680151
SF-184:021	520560105	362079890
SF-184:022A	520249235	362407190
SF-184:022B	520276463	362452149
SF-184:022C	520287049	362456965
SF-184:022D	520292984	362467368
SF-184:022E	520305287	362462635
SF-184:022F	520375051	362457614
SF-184:023	519868043	361226482
SF-184:024	520213348	361498224
SF-184:025	518305111	360931719
SF-184:026A	517536854	361924433
SF-184:026B	517537447	361909456
SF-184:026C	517527234	361926210
SF-184:027A	519872693	361452198
SF-184:027B	519899353	361435798
SF-184:028	513226001	367172000
SF-184:029	519836850	361397693
SF-184:030	519703518	361347889
SF-184:031	519696231	361309191

SF-184:033	519866450	361407815
SF-184:034	520184138	361545237
SF-184:035	519890491	361432424
SF-184:036	519812575	361259940
SF-184:037	519866968	361330992
SF-184:038	519875201	361227313
SF-184:039	519910658	361271068
SF-184:040	519879944	361288890
SF-184:032	519865464	361303946
SF-185:001	522755371	358033708
SF-185:002	522658007	358074147
SF-185:002B	522664518	358065008
SF-185:003	522893405	357657913
SF-185:004	522576719	358209972
SF-185:005	522609166	358213178
SF-185:006	522638809	358122519
SF-185:007	522627416	358004387
SF-185:008	522628893	357996595
SF-185:009	522683124	357964167
SF-185:010	522663877	357942692
SF-185:011	522551784	358100302
SF-185:012A	522790509	358085540
SF-185:012B	522796277	358089208
SF-185:012C	522796064	358089487
SF-185:012D	522795302	358087239
SF-185:013	522767907	358071049
SF-185:014A	522879063	357593905
SF-185:014B	522897187	357582767
SF-185:014C	522856427	357591992
SF-185:014D	522844952	357564732
SF-185:014E	522917479	357548338
SF-185:014F	522865549	357524735
SF-185:014G	522875347	357516882
SF-185:014H	522856398	357522930
SF-185:015	522765944	358002711
SF-185:016	523344147	356792890
SF-185:017	520870172	360183098
SF-185:018	522081175	359874139
SF-185:019	523022533	357910270
SF-185:020A	521825422	359643177
SF-185:020B	521823129	359615863
SF-185:020C	521844785	359611959
SF-185:021	522871875	358040885
SF-185:022	522936359	357911654
SF-185:023	522858782	357876583
SF-185:024a	520594496	361074286

SF-185:024B	520539946	361075982
SF-185:025	523883573	358161992
SF-185:026	523683025	358288907
SF-185:027A	523878829	357806142
SF-185:027B	523892605	357797248
SF-185:027C	523880058	357790087
SF-185:027D	523860508	357793414
SF-185:027E	523921372	357784693
SF-185:028	522125698	360181016
SF-185:029	523423966	358795526
SF-185:030	524073988	357447059
SF-185:031	522832471	358131368
SF-185:032	522788845	358016065
SF-185:033	520431591	361056926
SF-185:034A	520656602	360833011
SF-185:034B	520642178	360825588
SF-185:034C	520642793	360833414
SF-185:034D	520650640	360842784
SF-185:034E	520686980	360819203
SF-185:034F	520692056	360814471
SF-185:034G	520677501	360815047
SF-185:034H	520653157	360802036
SF-185:035	522730633	357960298
SF-185:036A	520350065	360623776
SF-185:036B	520368747	360623272
SF-185:036C	520340300	360611891
SF-185:037	522551629	358101656
SF-185:037B	522641250	357924622
SF-185:037C	522587591	358287430
SF-185:038	521605412	360145953
SF-185:039	522903865	357875530
SF-185:040	522655373	357925482
SF-185:041	522798803	357990597
SF-185:042	522793779	357914966
SF-185:043	522669014	358062545
SF-185:044	522762755	357899778
SF-185:045	522571756	358638203
SF-185:046	522830995	357933199
SF-185:047	522572224	358082199
SF-185:048A	522851606	357933948
SF-185:048B	522830717	357942253
SF-185:049	522562959	358081459
SF-185:050	522839901	357946226
SF-185:051	521134285	360944762
SF-185:052	522908840	357945554
SF-185:053	523301387	357309947
SF-185:054	521093282	360846089
SF-185:055	522741574	358011375
SF-185:056	522635276	359689127
SF-185:057	520661120	360981358
SF-185:058	522416993	359950799
SF-185:059	521424993	359967281
SF-185:059A	521393127	359965287
SF-185:059B	521424218	359964939
SF-185:059C	521441152	359973139
SF-185:059D	521461166	359974520
SF-185:060	522021294	360172540
SF-185:061	522736446	358021000
SF-185:062	521572539	360056254
SF-185:062A	521557177	360076082
SF-185:062B	521591458	360058021
SF-185:062C	521581068	360039978
SF-185:063	522765748	357965992
SF-186:001	524321270	353815508
SF-186:002	524398597	353871790
SF-186:003	524272911	353872523
SF-186:004	524262122	353763415
SF-186:005	524248275	353720123
SF-186:006	524287553	353720717
SF-186:007	524358863	353915096
SF-186:008	524344578	353838296
SF-186:009	524599300	353634381
SF-186:010A	523397870	355053243
SF-186:010B	523405258	355062811
SF-186:011	523463182	355115692
SF-186:012	524388907	353680330
SF-186:013A	524390202	353981309
SF-186:014	524273905	353884922
SF-186:015	525007895	352887741
SF-186:016	524904651	352706298
SF-186:018A	521834919	355784995
SF-186:018B	521848724	355779952
SF-186:018C	521832041	355791563
SF-186:019	524542581	353740183
SF-186:019_A	524407777	353670748
SF-186:019_B	524411961	353671379
SF-186:019_C	524422390	353681899
SF-186:019_D	524458284	353710038
SF-186:019_E	524359742	353924158
SF-186:020	522444595	352770431
SF-186:021	522206524	354216024
SF-186:022	525165724	352669220

SF-186:023A	524856573	354403487
SF-186:023B	524868651	354454983
SF-186:023C	524868326	354417636
SF-186:023D	524851308	354325439
SF-186:023E	524850817	354280334
SF-186:023F	524858083	354308512
SF-186:023G	524874139	354353638
SF-186:023H	524761190	354373414
SF-186:023I	524888096	354328974
SF-186:023J	524858468	354381587
SF-186:023K	524930678	354299576
SF-186:023L	524927008	354105910
SF-186:024	524357949	354030374
SF-186:025	524288324	353694098
SF-186:026	524345031	353800890
SF-186:027	524379847	353884671
SF-186:028	524309919	353779431
SF-186:029	524354516	353899081
SF-186:030A	524403777	353611766
SF-186:030B	524409303	353652742
SF-186:030C	524410181	353704439
SF-186:031	524345777	353909695
SF-186:032	524407479	353676998
SF-186:033	524368918	353957088
SF-186:034	524478718	353695694
SF-186:035	522683578	355595561
SF-186:036A	524562834	353655897
SF-186:036B	524570653	353659715
SF-186:037	522142236	352666179
SF-186:037B	522143832	352685666
SF-186:038A	522653732	353376735
SF-186:038B	522654795	353372080
SF-186:038C	522655036	353369109



Yfirlitskort yfir þær jarðir sem skráðar voru sumarið 2015
N
Ljótarstaðir
Snæbýli
Borgarfell
Gröf
Hlíð
Hemra
Skýring (ítarleg - á við öll kortin)
Landamerki samkvæmt upplýsingum frá RALA
Ónákvæmt, má ekki nota sem heimild um merki
Minjastaðir (hnitapunktur)
Línulegar fornleifar og afmörkun annarra fornleifa
Fornar götur skráðar af herforingjaráðskorti frá upphafi 20. aldar
0 1 2 3 4 km


Minjakort 1: Hlíð - yfirlitskort
N
661004B
661014E
176012
176031B
176031A
661006
176064
176013
Sjá minjakort 2
176030
176055D
176055E
176055C
176055B
176055A
176034
176077
176073
176071
176056A-D
661005
176035
176021B
176021A
176023A
176053A
176052
176063
176022
176053B
661009B
176023D
661007
176050A
176070B
176050B
176070A
176029
661022
176023B661010
176023C
176049
Skýring
Landamerki
Minjastaðir
Línulegar fornleifar
Götur af herforingjaráðskorti
0
250
500
750
1000 m


Minjakort 2: Hlíð - heimatún
N
176060
176009
176004
176058
176010
176059A
176059
176003
176051
176061
176040
176076
176059
176054
176014
176001
176019
176072
176041
176011
176008
176075
176038
176046
176036
176017
176062A-C
176074
176005
176047
176037
176039
176042
176066
176044
176007
176043
176048
176016
176006
176045
176065A
176015
176032
176024
176065B
176033
176025
176057
176018
176020A-B
176027
176067
176026
176068
661009A
176069A
176028B
176028A
176069B
Skýring
Minjastaðir
Línulegar fornleifar
Götur af herforingjaráðskorti
0
100
200
300
400 m



Minjakort 3: Borgarfell - yfirlitskort
N
661020
661019C
182037B
182037A
661017
661024
182010
661019B
661021
182008
182020
Sjá minjakort 4
182017
182016
182026
182027
182036
182032
182018
661016
182035B
182035A
182013A
182038
182013B
182009A-E
182034
182014
Skýring
Landamerki
Minjastaðir
Línulegar fornleifar
Götur af herforingjaráðskorti
0
250
500
750
1000 m


Minjakort 4: Borgarfell - heimatún
N
182022A
182023
182006
182007
182022B
182011
182005
182021
661019A
182001
182012
182015
182025
182022D
182003
182004
182024
182030
182019A
182002
182022
182019B
182029
182031
182033
182028
Skýring
Minjastaðir
Línulegar fornleifar
Götur af herforingjaráðskorti
0
50
100
150
200 m


Minjakort 5: Snæbýli - yfirlitskort
N
183021A-C
661020
183018
661019C
661024
183017
183016
183010
183009
183008
Sjá minjakort 6
183007
183012
661019B
661021
183011
183003A
183003B
183013
183022
Skýring
Landamerki
Minjastaðir
Línulegar fornleifar
Götur af herforingjaráðskorti
0
750
1500
2250
3000 m


Minjakort 6: Snæbýli - heimatún
183016
183017
N
183005
183014C
183021A
183014A
183006
183014B
183015
183020
183001
183019B
183019
183004A
183004
Skýring
Minjastaðir
Línulegar fornleifar
0
100
200
300
400 m


Minjakort 7: Ljótarstaðir - yfirlitskort
N
641004
641005
184028
184011
184022A-F
184021
184026A-C
184012A-B
184014
184020
184034
184024
sjá minjkort 8
184019
184025
184013B
184013A
184018
184017
661019C
661024
661019B
661021
0
1
2
3
4 km
Skýring
Landamerki
Minjastaðir
Línulegar fornleifar
Götur af herforingjaráðskorti


Minjakort 8: Ljótarstaðir - heimatún
N
184027A
184027B
184035
184015
184008
184033
184010
184029
184006
184005
184030
184016B
184001
184004
184037
184016
184031
184032
184009
184040
184002
184007
184003
184039
184036
184023
184038
Skýring
Minjastaðir
Línulegar fornleifar
Götur af herforingjaráðskorti
0
25
50
75
100 m


Minjakort 9: Gröf - yfirlitskort
N
185024B
185024a
185033
185057
185051
185034A-F
185054
185036A-C
661020
185062A-D
185017
185038
185060
185028
661019C
185062A
185059A-D
185058
185018
661017
185056
185020A-C
661019B
661021
185029
185045
sjá minjakort 10
185026
661014A-D
661015
185025
661016
185027A-E
185003
185014A-H
185030
185053
185016
Skýring
Landamerki
Minjastaðir
Línulegar fornleifar
Götur af herforingjaráðskorti
0
250
500
750
1000 m


Minjakort 10: Gröf - heimatún
N
182017
182016
185037C
182026
185004
185005
182027
185006
185011
185037
185047
185049
185002
185002B
185043
185031
185012A-D
185013
185021
185001
185061
185032
185055
185007
185008
185015
185041
185009
185035
185063
185010
185048B
185050
185052
185046
185048A
185037B
185040
185042
185022
185019
185044
185023
185039
0
50
100
150
200 m
Skýring
Landamerki
Minjastaðir
Línulegar fornleifar
Götur af herforingjaráðskorti


Minjakort 11: Hemra yfirlitskort
N
186018A-B
186035
186010B
186011
186010A
661012
661008
186:023A-B
186021
Sjá Minjakort 12
186038A-C
186:037A-B
186016
186022
Skýring
Landamerki
Minjastaðir
Línulegar fornleifar
Götur af herforingjaráðskorti
0
750
1500
2250
3000 m


Minjakort 12: Hemra - heimatún
N
186024
186013A
186033
186019_E
186031
186007
186029
186014
186027
186003
186002
186008
186001
186026
186028
186004
186019
661011
186005
186006
186030C
186019_D
186034
186025
186012
186019_C
186019_A
186019_B
186036A
186036B
186030B
186009
186030A
Skýring
Minjastaðir
Línulegar fornleifar
Götur af herforingjaráðskorti
0
50
100
150
200 m